

**SVERRIR TORFASON**

*Í góðum félagsskap á þjóðvegum landsins*

Bílar Ferðir Tíska

**allt** **Í MIÐJU BLAÐSINS**



**HEIMILIÐ**

*Ævintýraheimur fólks og engla við Esjurætur*

Sérblað um hús og heimili

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**

**ÓSKAR MAGNÚSSON**

*Forstjóri á daginn og smásagnahöfundur á kvöldin*

Sendir frá sér sína fyrstu bók.

**VIÐTAL 38**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. nóvember 2006 — 302. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## LAUGARDAGUR

### Spessi sýnir í Hafnarborg



Einn okkar allra sérstæðasti ljósmyndari er Spessi. Svo sérstæður að tala má um „spessaðan“ stíl.

**VIÐTAL 78**

### Í guðanna bænum, vaknið

„Við eigum ekki að líða ójöfnuð. Né sætta okkur við hann. Né láta hann danka. Þess vegna þarf á nýjum frelsisræðum að halda,“ segir Ellert B. Schram.

**Í DAG 20**

### Stuðningur úr óvæntri átt



Leikarinn Russell Crowe dúkkar upp í prófkjörsauglýsingu Árna Johnsen.

**FÓLK 74**

### Margir samningslausir



Fjöldamargir leikmenn eru utan félags á íslenska leikmannamarkaðnum eða er haldið í óvissu af eigin félagi.

**ÍÞRÓTTIR 68**

## VEÐRIÐ Í DAG




**HVASST EYSTRA -** Fram yfir hádegi verður hvöss norðvestaátt austan til á landinu, annars minnkandi norðanátt og lægir. Éljagangur á Norðaustur- og Austurlandi en bjart með köflum sunnan og vestan til. Frost 0-10 stig, kaldast til landsins.

**VEÐUR 4**



**ÍSLENSKUR VERULEIKI** Fimm Slóvakar voru kappklæddir að helluleggja á Hverfisgötu milli Alþjóðahússins og Þjóðleikhússins í hráslagalegu vetrarveðri í gær. Þeir létu umræðu undanfarinna daga um innflytjendamál ekki hafa áhrif á sig. Þeir hafa unnið fram til ellefu undanfarin kvöld til að ljúka verki sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Greiðslan ofmetin um 3,5 milljarða

**Lífeyrissjóður Reykjavíkurborgar vill að borgarstjórn endurskoði söluna á eignarhlutnum í Landsvirkjun. Alfreð Þorsteinsson segir erfitt að átta sig á hvernig greiðslan var metin. Borgarstjóri telur álit lífeyrissjóðsins byggjast á misskilningi.**

**STJÓRNMÁL** Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar (LSR) vill að samningnum sem var gerður við íslenska ríkið um söluna á hlut borgarinnar í Landsvirkjun verði breytt.

Ástæðan er sú að greiðslan sem Reykjavíkurborg fær fyrir hlutinn sé ofmetin um 3,5 milljarða. Þetta kemur fram í áliti frá LSR dagsettu 6. nóvember.

„Í álitinu eru leidd rök að því að greiðslan sem Reykjavíkurborg fær fyrir eignarhlutinn í Landsvirkjun sé innan við 23 milljarðar en ekki um 27,“ segir Alfreð Þorsteinsson, stjórnarformaður LSR. „Þetta mál var rætt á síðasta stjórnarfundi. Síðan var framkvæmdastjóra sjóðsins falið að senda frá sér athugasemdir. Við viljum að samningnum verði breytt, að hann verði gerður á öðrum forsendum því ekki er hægt að átta sig á því hvert raunverulegt mat á bréfunum er þegar vextirnir eru breytilegir,“ segir Alfreð.

Gagnrýni LSR er byggð á því að íslenska ríkið greiðir fyrir eignarhlut borgarinnar í Landsvirkjun með skuldabréfum sem bera breytilega en ekki fasta vexti. Í þessu felst að vextir bréfanna geta breyst út frá breytum sem eru óþekktar. Í áliti LSR kemur fram að greiningaraðilar telji mun meiri líkur á að vextir bréfanna verði lægri en þrjú prósent eftir fimm ár en að þeir verði yfir fjögur prósent. Í áliti er nefnt sem dæmi að ef vextir bréfanna verða þrjú prósent eftir fimm ár verður verðið á bréfunum tveimur milljörðum lægra en ef bréfin hefðu haft fasta vexti.



**ALFREÐ ÞORSTEINSSON**



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON**

> Í álitinu eru leidd rök að því að greiðslan sem Reykjavíkurborg fær fyrir eignarhlutinn í Landsvirkjun sé um 23 milljarðar en ekki um 27.
>
> **ALFREÐ ÞORSTEINSSON**
> STJÓRNARFORMAÐUR LSR

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn. segir að þessi niðurstaða, ásamt öðrum atriðum sem hafa komið upp á yfirborðið í þessu máli, sýni að það þjóni hagsmunum Reykjavíkurborgar að sest verði aftur við samningaborðið. „Samningurinn um sölu á eignarhlut borgarinnar í Landsvirkjun hefur enn ekki verið samþykktur í borgarráði og borgarstjórn,“ segir Dagur.

Í athugasemdum Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarstjóra við álit LSR, sem lagðar verða fram á fundi borgarráðs í dag, kemur fram að álitið sé byggt á miklum misskilningi. Ástæðan er sú að samkvæmt reglugerðarbreytingu frá 9. nóvember geti vextir skuldabréfanna ekki farið niður fyrir 3,5 prósent og því eigi fullyrðing LSR um afföll á þeim ekki við. -ifv

Hvalveiðar í atvinnuskyni:

## Meirihluti með hvalveiðunum

**SKOÐANAKÖNNUN** Tæplega 70 prósent töldu rétt að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni nú, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Einungis 30,6 prósent segjast því andvíg.

Enginn munur er á afstöðu kynjanna til þess hvort rétt hafi verið að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni, en íbúar landsbyggðarinnar eru mun líklegri til að telja það hafi verið rétt ákvörðun en íbúar á höfuðborgarsvæðinu. - ss/ sjá síðu 6


NÝTT

Eru Íslendingar rasistar?

2 PÓLITÍKIN

Alla laugardaga kl. 12:30



Opið 10–18 í dag



Kringlan

## SPURNING DAGSINS



*Atli, er jólaundirbúningurinn að drepa sjálf jólin?*

„Það held ég.“

Atli Týr Ægisson hefur sagt jólaundirbúningnum stríð á hendur. Hann heldur úti heimasíðu þar sem nöfn þeirra fyrirtækja sem flýta sér í öllu því sem tengist jólunum eru birt.

Fimm ákærð fyrir tilraun til stórfellds smygls á kókaíni:

# Burðardýrið var aðeins 18 ára

**DÓMSMÁL** Þingfest hefur verið í Héraðsdómi Reykjavíkur mál fimm einstaklinga, þrigga karlmanna og tveggja kvenna, vegna tilraunar þeirra til stórfellds smygls á kókaíni hingað til lands.

Málið kom upp þegar átján ára stúlka var tekin á Keflavíkurflugvelli 9. ágúst með tæp tvö kíló af kókaíni. Með henni í för var maður á þrítugsaldri og voru þau að koma frá Spáni um London. Hann var einnig handtekinn.

Við rannsókn vatt málið fljótlega upp á sig og var þrennt til viðbótar, kona og tveir karlmenn, handtekin. Í ljós kom að 18 ára stúlka var burðardýr, en hin fjögur komu að meira eða minna leyti að skipulagningu smyglsins. Eitt þeirra hafði farið út til Spánar í lok júlí, að beiðni óþekkts vitorðsmanns og móttekið fíkniefnin. 5. ágúst afhenti hann svo burðardýrinu og samfylgdarmanni kókaínið á Benidorm, þaðan sem því skyldi komið hingað til lands. Efnið var falið í ferðatösku sem unga stúlkan ætlaði að taka með sér inn í landið.

Auk þessa er einn karlmannanna ákærður fyrir að hafa geymt í íbúð sinni nokkuð af hassi og tóbaksblönduðu kannabisefni.

- jss



**KÓKAÍN** Tæplega tvö kíló af kókaíni áttu að fara í dreifingu og sölu hér á landi, en voru stöðvuð á Keflavíkurflugvelli.

Gjaldeyrisforði Íslands aukinn:

# Stærsta lántaka Íslandssögunnar

**EFNAHAGSMÁL Ríkissjóður ætlar að taka stærsta lán Íslandssögunnar á næstu vikum til að tryggja hagkerfi landsins gegn áföllum. Þetta kom fram í fréttum Ríkissjónvarpsins í gær.**

**Þar sagði einnig að erlendir fjölmiðlar segðu lántökuna tilkomna vegna þess að Seðlabankinn byggist við efnahagskreppu.**

**Hagfræðingar telja að mikil stækkun fjármálageirans hér á landi síðustu ár krefjist þess að gjaldeyrisforði Íslendinga verði aukinn. Þeir segja sterka gjaldeyrisstöðu geta forðað hagkerfinu frá miklum áföllum.**

- þsj

Eldsvoðinn í Ferjubakka:

## Konan er látin

Konan sem var flutt mikið slösuð á sjúkrahús eftir eldsvoðann á Ferjubakka 12 á þriðjudagskvöld er látin. Hún hét Anna Hauksdóttir og var 58 ára gömul. Eiginmaður Önnu, sem brenndist illa í eldsvoðanum, liggur enn þungt haldinn á sjúkrahúsi. Anna var sjúkraliði að mennt.



**ANNA HAUKSDÓTTIR**

# Bæjaryfirvöld kærð fyrir að hunsa íbúa

**Bæjarstjórinn á Seltjarnarnesi segir kæru Gróttu á hendur bænum geta komið íþróttafélaginu mjög illa. Grótta vill að nýsamþykkt deiliskipulag verði fellt úr gildi því það sé ekki í samræmi við skilyrði bindandi íbúakosningar.**

**SELTJARNARNES** „Það sjá allir hversu fráleit staða það er að aðalstjórn íþróttafélags bæjarins standi í málaferlum við bæjaryfirvöld sem í gegnum tíðina hafa gert sitt til að styðja við bakið á félaginu,“ segir Jómundur Guðmarsson, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi.

Íþróttafélagið Grótta hefur kært Seltjarnarnesbæ til úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál og krafist þess að nýtt deiliskipulag á Hrólfsskálamel verði fellt úr gildi. Í nýja skipulaginu sé ekki gert ráð fyrir eitt þúsund fermetra viðbyggingu við íþróttamiðstöðina eins og samþykkt hafi verið í bindandi íbúakosningu á Seltjarnarnesi.

„Auðvitað eru menn hjá bænum ekkert sáttir við það og við ekki heldur að þetta þurfi að fara svona langt,“ segir Bjarni Torfi Álfþórsson, formaður Gróttu. „En það hefur mikið gerst á síðustu dögum sem gefur okkur ástæðu til að ætla að við náum saman og að það finnist einhver málamiðlun svo allir geti unað glaðir við sitt.“

Bæjarstjórinn segist vongóður um að málið leysist í sátt:

„Málarekstur fyrir úrskurðarnefndinni tekur afar langan tíma og það þýðir bara að niðurstaða myndi dragast á langinn. Ég hef fundið fyrir vaxandi skilningi á því sjónarmiði meðal þeirra sem starfa að málefnum Gróttu að það yrði hvorki bænum né íþróttafélaginu til hagsbóta.“

Jónmundur segir kæruna á misskilningi byggða og í raun andstæða hagsmunum Gróttu. Í fyrirhuguðu deiliskipulagi fyrir íþróttamiðstöðina sé gert ráð fyrir nýjum íþróttamannvirkjum á rúmlega tvö þúsund fermetrum. Þetta rými sé þó eyrnamerkt líkamsrækt, stúkubyggingu, barnasundlaug og fleiru en ekki fimleikum eins og Grótta vildi með eitt þúsund fermetrana. „Þessir þúsund fermetrar sem talað er um að vanti eru því augljóslega til staðar í fyrirhuguðu deiliskipulagi íþróttamiðstöðvarinnar,“ segir bæjarstjórinn.

Að sögn Jónmundar á söluvirði byggingarréttar á Hrólfsskálamel að stórum hluta fjarmagna frekari uppbyggingu á íþróttamannvirkjum bæjarins: „Því má segja að það kæmi íþróttafélaginu mjög illa ef þeim gengur vel með sína kæru því þá er skipulagið í uppnámi og þá verður erfitt fyrir okkur að hafa peninga til þessara framkvæmda.“

gar@frettabladid.is



**JÓNMUNDUR GUÐMARSSON** Bæjarstjórinn á Seltjarnarnesi segir langdreginn málarekstur um Hrólfsskálamel hvorki verða bæjarfélaginu né Gróttu til hagsbóta. FRÉTTABLAÐIÐ/E..ÓL.



**BJARNI TORFI ÁLFÞÓRSSON** Formaður Gróttu segir hvorki félagið né bæjaryfirvöld sátt við að deila þeirra sé komin til úrskurðarnefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HÁTÍÐ Í JERÚSALEM** Þúsundir manna mættu á útifund samkynhneigðra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hinsegin dagur í Jerúsalem:

## Mættu harðri andstöðu

**JERÚSALEM, AP** Samkynhneigðir Ísraelar héldu sinn hinsegin dag í Jerúsalem í gær þrátt fyrir harða andstöðu frá strangtrúuðum gyðingum. Nærri fjögur þúsund manns komu á útifund á íþróttavelli í útjaðri borgarinnar en ekki þótti óhætt að hafa færri en þrjú þúsund lögregluþjóna til taks á staðnum að auki.

Upphaflega var meiningin að efna til gleðigöngu í miðborg Jerúsalem, en frá því var fallið vegna fjölda hótana sem borist höfðu. Á síðasta ári tókst vopnuðum öfgamanni að særa þrjá fundargesti með hníf.

- gb

Sjálfstæðisflokkur í NV-kjördæmi:

## Raðað á lista

**STJÓRNMÁL Kjörnefnd Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi kemur saman í dag til að ákveða röð frambjóðenda fyrir alþingiskosningar næsta vor.**

**Sturla Böðvarsson, Einar K. Guðfinnsson og Einar Oddur Kristjánsson sækjast allir eftir endurkjöri. Sjálfstæðismenn á Akranesi vilja fá sinn fulltrúa í fjórða sætið og varð Bergþór Ólason hlutskarpastur í könnun meðal fulltrúaráðsliða. Herdís Þórðardóttir tilkynnti laugardaginn 28. október að hún gæfi kost á sér. Samkvæmt auglýsingu kjörnefndar átti að tilkynna framboð „fyrir laugardaginn 28. október“, eins og þar segir.**

**Ásbjörn Óttarsson, formaður kjörnefndar, segist enn vera að fá tilkynningar um framboð og engin tímamörk hafi verið sett.**

- bg

Halldór Guðbjarnason hættur:

## Visa skiptir um mann í brúnni

**VIÐSKIPTAMÁL Halldór Guðbjarnason hefur látið af störfum sem framkvæmdastjóri Visa Íslands. Að sögn Þórólfs Jónssonar, stjórnarmanns í fyrirtækinu, var gert samkomulag milli Halldórs og félagsins um að hann léti af störfum og að nýr maður tæki við.**

**Þórólfur segir málið ekki hafa átt sér langan aðdraganda en margt væri framundan hjá félaginu og hafi því verið ákveðið að nýr maður fylgdi þeim verkefnum úr hlaði.**

- þsj

**NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN**

### Óskar eftir rannsókn

Náttúrufræðistofnun Íslands ætlar að óska eftir opinberri rannsókn á hvarfi rannsóknargagna og náttúrugripa í eigu ríkisins úr frystigeymslu sem stofnunin hafði á leigu.




Nýjar tölur frá heilbrigðisráðherra Íraks um mannfall í stríðinu:

# Mannfall óbreyttra borgara komið upp í hundrað þúsund

**ÍRAK** Heilbrigðisráðherra Íraks, Ali Al-Shamari, heldur því fram að mannfall óbreyttra borgara í stríðinu í Írak sé á bilinu 100.000 til 150.000 manns. Breska sjónvarpsstöðin BBC hafði þetta eftir Al-Shamari þar sem hann var á ferð í Vínarborg.

Hingað til hafa opinberar tölur bandarískra og írakskra stjórnvalda verið mun lægri, yfirleitt hefur verið talað um að eitthvað í kringum 50.000 borgarar hafi látist. Þó var því haldið fram í breska læknablaðinu Lancet fyrir fáeinum vikum að allt að 650 þúsund Írakar hefðu týnt lífi af völdum stríðsátakanna.

Talan sem íraski heilbrigðisráðherrann nefnir er að sögn íraskra embættismanna byggð á áætlunum um fjölda líka sem borist hafa í líkhús og sjúkrahús í Írak. Samkvæmt upplýsingum frá stærsta líkhúsinu í Bagdad er þar tekið á móti um það bil 60 líkum á hverjum einasta degi að meðaltali. Eru þá aðeins taldir þeir sem látist hafa af völdum ofbeldis. Þarna eru ekki talin með lík sem berast til annarra líkhúsa í Bagdad eða annars staðar í Írak.

Alls hafa nærri 2.900 bandarískir hermenn fallið í Írak frá því innrásin hófst í mars árið 2003. Í þessum mánuði hafa rúmlega fimmtíu bandarískir hermenn fallið.

- gb



**FJÖLDAJARÐARFÖR UNDIRBÚIN** Sjálfboðaliðar unnu í gær að því að búa 176 lík undir jarðarför í hinni helgu borg Najaf. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**2.995**



DWT

**Borvél, DWT**
750W, högg, flýtipatróna
5245302

# Verkfæri

## á lægra verði



**3.995**

**Hjólsög, DWT**
1200W, 150 mm blað
5245289



**Smergel, DWT**
150W, 125 mm
5245290
**1.998**

DWT



**Stingsög, DWT**
550W, framkast, stiglaus hraði
5245277
**2.295**



**Juðari, DWT**
140W, 90mm
5245284
**1.495**

**1.995**



**Slípirokkur, DWT**
750W, 115mm
5245297

DWT

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## GENGIÐ 10.11.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 67,29 | 67,61 |
| Sterlingspund | 129,05 | 129,67 |
| Evra | 86,66 | 87,14 |
| Dönsk króna | 11,618 | 11,686 |
| Norsk króna | 10,567 | 10,629 |
| Sænsk króna | 9,550 | 9,606 |
| Japanskt jen | 0,5732 | 0,5766 |
| SDR | 100,22 | 100,82 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

119,5097

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Um 300 7. og 8. bekkir hafa skilað inn tilkynningu um að þeir séu reyklausir:

# 70 prósent bekkja reyklausir

**FORVARNIR** Um þrjúhundruð sjöundu og áttundu bekkir á landinu hafa skilað inn tilkynningu um að bekkirnir séu reyklausir en það er Lýðheilsustöð sem heldur utan um verkefnið. Markmið keppninnar er að hvetja nemendur til að byrja ekki að fikta við reykingar og jafnframt að hvetja þá sem byrjaðir eru til að hætta.

Viðar Jensson, verkefnisstjóri tóbaksvarna hjá Lýðheilsustöð, segir að þátttakan hafi haldist nokkuð jöfn í 70 prósentum undanfarin ár og gerir ráð fyrir svipaðri þátttöku í ár. „Undanfarin ár hafa á milli 300-400 bekkir tekið þátt í verkefninu árlega og allir bekkir sem skráðir eru til leiks fá litla gjöf fyrir þátttökuna.




**REYKLAUS BEKKUR** Mörg hundruð krakkar í 7. og 8. bekk hafa tekið þátt.

Þeir bekkir sem taka þátt í verkefninu eiga einnig möguleika á því að skila lokaverkefni en þema þess á að tengjast tóbaksvörnum á einhvern hátt. Verkefnin verða til sýnis 31. maí næsta vor í tengslum við dag án tóbaks en skilafrestur verkefnanna rennur út 3. maí 2007.“

Dómnefnd mun fara yfir verkefnin og veitt verða verðlaun fyrir 1.-3. sætið í keppninni en fyrstu verðlaun eru utanlandsferð fyrir allan bekkinn.

Viðar segir að reyklausir bekkir geti enn skráð sig þó svo formlegri skráningu hafi lokið 10. nóvember. **- hs**

Íslenskur doktorsnemi:

# Íslensk rannsókn í Economist

**HAGFRÆÐI Í nýjasta hefti tímaritsins Economist er greint frá rannsóknum Jóns Steinssonar og Emi Nakamura, doktorsnema við Princeton, á verðbreytingum á smásöluverði.**

**Niðurstaða Jóns og Emi er að útsölur og sérstök tilboð hafi æ meira vægi í verðbreytingum. Fjöldi og stærð útsala hafi aukist í Bandaríkjunum. „Við erum að reikna út hversu lengi verðið á dæmigerðri smásöluvöru er óbreytt,“ segir Jón.**

**Verðbreyting á fatnaði sé í 90 prósentum tilvika vegna útsala en verðbreytingar á eldsneyti séu aldrei vegna útsala. - eþa**

Leiðrétting:

# Svör Marðar Árnasonar

Svör þingmannsins Marðar Árnasonar, sem býður sig fram í 4.-6. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík, við tíu spurningum sem lagðar voru fyrir frambjóðendur í fjögur efstu sætin á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík í Fréttablaðinu í gær, birtust ekki vegna mistaka við vinnslu. Svör Helga Hjörvar þingmanns birtust í dálki sem eignaður var Merði. ■

**4.-6. sæti**
**MÖRÐUR ÁRNASON**



1. **Var rétt að ráðast í gerð Kárahnjúkavirkjunar?**
Nei. Nú þarf hinsvegar að hugsa um framtíðina og safna liði um Fagra Ísland.

2. **Á að auka samstarf einkaaðila og hins opinbera í heilbrigðiskerfinu?**
Já, en ekki með einkavæðingu.

3. **Á að opna bókhald stjórnmálaflokkana?**
Já.

4. **Á að gera fyrirtækjum óheimilt að veita fé til stjórnálaflokka?**
Já. Aðalmálið er samt að allt sé opið og augljóst.

5. **Gera stjórnvöld nóg til að sporna gegn fíkniefnavandanum?**
Nei, þar með talinn áfengisvandanum, en hér þarf að athuga nýjar leiðir.

6. **Á að breyta skattlagningu á fjármagnstekjum?**
Já, með varúð.

7. **Þurfa stjórnvöld að standa betur að málefnum innflytjenda?**
Já, svo sannarlega.

8. **Á að einkavæða Landsvirkjun?**
Já, kemur til greina ef almannaeignir eru varðveittar og fyrirtækinu skipt í nokkra parta.

9. **Á að breyta Ríkisútvarpinu í opinbert hlutafélag?**
Nei.

10. **Myndir þú beita þér fyrir breytingu á lögum um eftirlaun þingmanna og ráðherra?**
Já.

# Útlendingar óttast fordóma

**Innflytjendur sem Fréttablaðið ræddi við eru flestir sammála um að lítið sé um fordóma á Íslandi en telja að þeir muni fara að aukast. Finna þurfi lausnir fyrir innflytjendur sem koma til Íslands.**

**INNFLYTJENDAMÁL** Innflytjendur á Íslandi sem Fréttablaðið ræddi við segjast flestir verða lítið varir við fordóma en óttast þó að þeir muni ágerast. Flestir viðmælenda vildu ekki koma fram undir nafni eða mynd. Í nýrri könnun Fréttablaðsins kemur fram að um 70 prósent Íslendinga vilja takmarkanir á dvalarleyfum útlendinga og tæpur þriðjungur telur fjölda útlendinga á Íslandi vera mikið vandamál.

Murat Özkan er frá Tyrklandi og hefur verið búsettur á Íslandi í rúman áratug og rekur Kaffi Kúltúra sem er í sama húsi og Alþjóðahúsið. Murat segir fordóma á Íslandi hafa aukist mikið síðustu ár og hafi margir sem til hans koma svipaða reynslu. „Ég skil þetta sjónarmið um að vilja ekki atvinnuleysi Íslendinga en málið er að útlendingarnir eru að fara í störf sem Íslendingar vilja ekki vinna.“

Ethel er tæplega þrítug kona frá Póllandi sem Fréttablaðið tók tali og hefur verið búsett á Íslandi í fimm og hálft ár. Ethel segist afar hrædd um að fordómar gagnvart innflytjendum muni aukast í kjölfar umræðunnar núna. „Við sem erum ekki í láglaunastörfum munum kannski fara að eiga erfiðara með að finna vinnu. Kannski fara vinnuveitendur að hugsa sem svo að betra sé að ráða Íslending heldur en útlending út af umræðunni sem er að skapast núna bara út af flokki sem segir að loka eigi landinu. Ég tel að þetta muni bitna á okkur.“

Ethel telur að verið sé að bregðast of harkalega við aðstæðum á vinnumarkaðnum í dag sem séu tímabundnar. „Ef þú ert meðlimur í EES og skrifar undir sáttmála um að þú þurfir að opna vinnumarkað fyrir erlendu vinnuafli þá er þetta það sem gerist. Og þetta er það sem á að gerast. Og það eru líka Íslendingar sem fara til útlanda til að vinna. Þetta á að fara í báðar áttir. En af því að þetta er nýr vinnumarkaður sem opnast í Evrópu núna streymir fólk náttúrulega frekar hingað en á aðra staði um sinn.“

Ethel segir mikilvægast núna að finna lausnir í stað umræðu um hvort loka eigi landinu eða ekki. „Það vantar lausnir fyrir þá innflytjendur sem vilja setjast að á Íslandi með fjölskyldu sína og eru ekki hér bara til að vinna og senda peninga heim.“

sdg@frettabladid.is



**UNNIÐ VIÐ VEGAGERÐ** Murat sagðist hafa fylgst með erlendum mönnum við vegavinnu fyrir utan kaffihúsið sitt í marga daga. Þeir væru mættir fyrir níu á morgnana og ynnu til ellefu á kvöldin. FRÉTTABLADID/ROSA

## ÞURFA LÍKA AÐ HAFA EFNI Á HLUTUM



**KATERINA JARAD**

Katerina Jarad frá Hvíta Rússlandi segist finna minna fyrir fordómum á Íslandi miðað við önnur lönd sem hún hefur komið til. „En inn á milli verður maður var við fordóma. Tveimur mánuðum eftir að ég kom hingað til lands var maður sem skammaði mig fyrir að tala ekki íslensku. En Íslendingar eru yfir höfuð rólegir og kurteisir.“

Katerina segist hafa heyrt að sumir Íslendingar hafi áhyggjur yfir að vinnumarkaður sé opinn og að útlendingar, sérstaklega Pólverjar, komi hingað til að vinna. „Laun Íslendinganna lækki því útlendingarnir sætti sig við miklu lægri laun þegar þeir beri launin saman við laun í sínu landi. En ég held að þetta sé bara fyrst og því tímabundið vandamál sem fólk hefur áhyggjur yfir. Því þó laun séu hærri hér þá er verðlag einnig hærra. Útlendingar þurfa að hafa efni á símum, bílum og íbúðum alveg eins og Íslendingar. Síðan fer hluti útlendinganna aftur heim eða til annarra ríkja því öll Evrópa er þeim opin.“

## FÁIR KOMA SLÆMU ORÐI Á HINA



**STANISLAW KOWAL**

Stanislaw Kowal, sem rekur pólsku búðina Minimarket í Breiðholti í félagi við Piotr Jakubek, segist persónulega ekki finna fyrir fordómum nema í einstaka tilfellum og þá mjög lítið. Hann verði heldur ekki var við að viðskiptavinir sínir tali um að mikið sé um fordóma. „Íslendingar eru yfirleitt ekki rasistar og flestir taka útlendingum vel. En með fjölgun útlendinga aukast fordómarnir, það gerist alls staðar.“ Stanislaw hefur verið á Íslandi í sex og hálft ár.

Stanislaw segist þó hafa áhyggjur af því að þegar fáir einstaklingar komi slæmu orði á Pólverja og tekur nýlegt atvik á Viktor sem dæmi. Þar gekk hópur manna í skrokk á manni og kom fram í fjölmiðlum að nokkrir árásarmannanna væru frá Póllandi. „Það þarf að fylgjast betur með því hverjir það eru sem koma inn í landið með því að skoða sakaskrá þeirra. Og ef fólk sem kemur hingað brýtur af sér þá á ekki að dæma það hér heldur senda það úr landi.“

BÍLL DAGSINS
SUBARU LEGACY WAGON
Nýskr. 06.04 - Sjálfsskiptur - Ekinn 37 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

LÆGIR Í DAG FYRIR AUSTAN
Fram eftir degi verður hvasst á austanverðu landinu og með miklum hviðum einkum á Suðausturlandi. Vindur fer þó að ganga niður á þessum slóðum eftir hádegi í dag en þó má reikna með allhvössum vindi langt fram á síðdegið á suðausturlandi. Vestan til og sunnan verður bjart með köflum og hægur vindur. Það er þó stutt í næstu lægð, eða strax í nótt.

HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI Í DAG
Minnkandi norðanátt og lægir. Bjart með köflum. Vægt frost.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8 °C rigning | London | 12°C skúrir | Alicante | 23°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 6°C rigning | París | 13°C skúrir | Barcelona | 20°C hálfskýjað |
| Osló | 4°C alskýjað | Frankfurt | 8°C rigning | Algarve | 22°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 5°C rigning | Friedrichshafen | 10°C rigning | Krít | 21°C heiðskírt |
| Gautaborg | 10°C rigning | Berlín | 8° C rigning | Las Palmas | 26°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Íslensk hönnun




## Snú Snú fatalínan er hugsuð fyrir hressa og káta leikskólakrakka

Litirnir eru glaðir og skærir. Snú Snú línan eru hönnuð með það í huga að fötin þurfa að þola mikið fjör og álag. Fötin eru með skemmtilegum fígúrum og smáatriðum.

Helga Ólafsdóttir var í öðru sæti í Hönnunarkeppni Hagkaupa. Hún hefur starfað sem fatahönnuður í London, Kaupmannahöfn og Reykjavík.



Helga Ólafsdóttir













HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**KJÖRKASSINN**



*Á Ísland að slíta stjórnmálasambandi við Ísrael?*

| | |
|---|---|
| Já | 73% |
| Nei | 27% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Notar þú mannbrodda í hálku?*

Segðu skoðun þína á visir.is **vísir**

Félagsmálaráðherra fagnar niðurstöðu skoðanakönnunar Fréttablaðsins:

# Þurfum að hlíta reglum EES

**SKOÐANAKÖNNUN** „Ég fagna þessari niðurstöðu og er sammála henni. Þetta fólk sem er að koma hingað undanfarið er að gera það til þess að taka þátt í atvinnulífinu. Það hefur verið mikill skortur á vinnuafli víða í atvinnulífinu og margir fagnað því að fá þetta vinnuafl til að manna störfin, þannig að þetta er bara mjög jákvætt," segir Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra um niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins þar sem kom fram að tæplega 70 prósent þjóðarinnar teldu útlendinga hérlendis vera lítið eða ekkert vandamál.



MAGNÚS STEFÁNSSON

Í sömu könnun kom einnig fram að rúmlega 70 prósent Íslendinga vildu frekari takmarkanir á dvalarleyfum til útlendinga. Magnús segir að skilja verði á milli fólks frá EES-ríkjunum og þeirra sem koma frá öðrum löndum í því samhengi.

„Fólk sem kemur frá löndum utan EES þarf að fá hér sérstakt atvinnu- og dvalarleyfi og það hefur verið þrengt og það eru miklar takmarkanir í því. Hins vegar erum við á Evrópska efnahagssvæðinu og þurfum að hlíta þeim reglum sem við höfum undirgengist í EES-samningnum. Ein meginstoðin í honum er frjálst flæði vinnuafls milli ríkja.

Hins vegar getur fólk ekki komið frá EES-ríkjum og verið hér nema í ákveðinn tíma til að leita sér að vinnu. Þegar það hefur fengið starf fær það svonefnt EES-dvalarleyfi og þar eru ákveðin skilyrði sem hver og einn þarf að uppfylla, þannig að það eru ákveðnar takmarkanir í þessu líka." - þsj

Færeyingur í Norðurlandaráði:

# Vill að allir læri að tala sænsku

**SVÍÞJÓÐ Norðurlandabúar eiga að tala sænsku hver við aðra. Þetta er skoðun Jógvans vid Keldu, fulltrúa Færeyja í Norðurlandaráði. Fréttavefur Aftonbladet greindi frá þessu í gær. „Flestir á Norðurlöndum tala sænsku og því er eðlilegast að allir læri það tungumál," segir hann.**

**Jógvan vid Keldu hefur ekki fengið nein viðbrögð við yfirlýsingu sinni. „Ég neyðist væntanlega til að hafa samband við ríkisstjórnirnar til að fá svar," segir hann. „Ef við eigum að standast áhrif enskunnar verður þetta að gerast. Annars munum við tala ensku eftir tuttugu ár."** - ghs


Kjósum Jóhönnu í dag!



2.-3. sætið

Tryggjum áframhaldandi forystuhlutverk hennar í öðru Reykjavíkurkjördæmanna.

Hugsjónir heiðarleiki og trúnaður

Heimasíða: www.althingi.is/johanna • johanna@althingi.is • Sími: 824 3311


# Sjötíu prósent töldu rétt að hefja hvalveiðar nú

**Mikill meirihluti taldi rétt hjá Íslendingum að hefja hvalveiðar nú í atvinnuskyni. Enginn munur er á svörum eftir kyni, en fólk sem býr á landsbyggðinni er mun hlynntara hvalveiðum en íbúar höfuðborgarsvæðisins.**

**SKOÐANAKÖNNUN** 69,4 prósent telja rétt af Íslendingum að hefja hvalveiðar nú í atvinnuskyni, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 30,6 prósent segja hins vegar að það hafi ekki verið rétt.

Enginn munur er á svörum eftir kyni, en íbúar landsbyggðarinnar eru því töluvert meira fylgjandi að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni en íbúar höfuðborgarsvæðisins. 75,0 prósent svarenda á landsbyggðinni segja að það hafi verið rétt að hefja nú veiðar í atvinnuskyni, en 65,6 prósent svarenda á höfuðborgarsvæðinu eru sama sinnis.

Svör hvers kjördæmis fyrir sig eru of fá til að sjá marktækan mun. Þó eru áberandi flestir svarendur Norðvesturkjördæmis hvalveiðunum fylgjandi; rúmt 81 prósent þeirra sem afstöðu tóku. Til samanburðar segja um 67 prósent svarenda í Norðausturkjördæmi að rétt hafi verið að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni og tæp 79 prósent svarenda í Suðurkjördæmi.

Í september gerði Capacent könnun fyrir Landssamband íslenskra útvegsmanna, þar sem spurt var: Ertu fylgjandi eða andvíg(ur) því að Íslendingar stundi hvalveiðar í atvinnuskyni? Þar kom í ljós að 73,0 prósent svarenda voru því fylgjandi eða mjög fylgjandi. 11,5 prósent voru því andvíg eða mjög andvíg. 15,4 prósent voru hvorki andvíg né fylgjandi. Ólíkt könnun Fréttablaðsins, en taka verður fram að spurningarnar eru mismunandi og því ekki fyllilega samanburðarhæfar, er mikill munur á svörum eftir kyni í könnun Capacent, þar sem karlar voru mun frekar fylgjandi hvalveiðum í atvinnuskyni en konur. Í þeirri könnun sögðust tæp 84 prósent karla mjög eða frekar fylgjandi hvalveiðum í atvinnuskyni, en 69 prósent kvenna. Í könnun Capacent kemur einnig fram að stuðningur við hvalveiðar í atvinnuskyni er meiri í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins, líkt og í könnun Fréttablaðsins.

Hringt var í 800 kjósendur þriðjudaginn 7. nóvember og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Var rétt að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni? 88,8 prósent svarenda tóku afstöðu til spurningarinnar. svanborg@frettabladid.is

**Var rétt að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni?**




KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS 7. NÓVEMBER 2006

### Íslendingar eru upplýst fólk

„Þetta er alveg í samræmi við það sem verið hefur í marga áratugi og er í samræmi við könnun sem gerð var nýlega á vegum LÍÚ og fleiri aðila," segir Kristján Loftsson, forstjóri Hvals. „Þetta kemur mér ekki á óvart því skoðun þjóðarinnar hefur verið þessi í allan þennan tíma. Íslendingar eru upplýst fólk og þeir láta ekki ritstjóra Morgunblaðsins hræða úr sér líftóruna."



KRISTJÁN LOFTSSON

### Þurfum upplýstari umræðu

„Þessar niðurstöður koma mér svolítið á óvart", segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar. Hún telur þurfa upplýstari umræðu um hvalveiðar í atvinnuskyni. „Hún hefur snúist um hvort Íslendingar hafi rétt til að nýta auðlindir sínar, sem enginn efast um. Við þurfum að fara varlega og meta hagsmuni þjóðarinnar og hvort þeir geti skaðast."



ERNA HAUKSDÓTTIR

### Sigur fólksins yfir vitringaher

„Þetta er mjög afgerandi og gríðarlega ánægjulegt", segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra. „Í ljósi þeirrar gríðarlega neikvæðu umræðu sem fram fór af hálfu áhrifamikilla fjölmiðla og stjórnmálamanna tel ég þetta sigur almennings yfir sjálfskipuðum vitringaher, sem ætlaði sér að hafa vit fyrir almenningi í landinu. Það lætur fólk að sjálfsögðu ekki bjóða sér."



EINAR K. GUÐFINNSSON


Unga konu til áhrifa



Bryndís Ísfold 6. sæti

kynntu þér stefnumálin á www.bryndisisfold.com

stuðningsmannaprófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík, 11. nóvember nk.
þú þarft ekki að vera í flokknum til að geta kosið


Dómur var kveðinn upp í gær í máli Auðar Laxness gegn Hannesi Hólmsteini:

# Sakir Hannesar voru fyrndar

**DÓMSMÁL** Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði, var í gær sýknaður af öllum kröfum Auðar Laxness, ekkju Halldórs Laxness, en hún höfðaði mál á hendur Hannesi þar sem hún taldi hann hafa brotið lög um höfundarrétt. Í dómi héraðsdóms kemur fram að fallist sé á að Hannes hafi brotið höfundarrétt með skrifum sínum um ævi Halldórs og því hafi frágangur hans verið ófullnægjandi.

Hannes er sýknaður á grundvelli þess að stefnunni hafi verið skilað inn of seint en samkvæmt almennum hegningarlögum ber að höfða mál innan sex mánaða frá því að vitneskja fæst um brotið. Sá frestur var liðinn og því gat dómarinn ekki annað en sýknað Hannes af öllum kröfum.



HANNES H. GISSURARSON



AUÐUR LAXNESS

Halldór Þorgeirsson, eiginmaður Guðnýjar Halldórsdóttur, segir dóminn vonbrigði. „Þegar þetta mál komst upp tók um hálft ár að gera sér grein fyrir umfangi málsins og þá var stefnt. Okkur finnst algjörlega út í hött að ætlast til þess að eftir að bók Hannesar um Halldór kom út sé búið að kortleggja næstum 300 höfundarréttarbrot, með því að lesa nákvæmlega verk Hannesar og bera þau saman við næstum 50 bækur Halldórs. Þetta er gríðarleg vinna og það var ekki hægt að stefna í málinu fyrr en niðurstaða rannsóknar á höfundarréttabrotum lá fyrir. Það gerði sér enginn grein fyrir því fyrirfram að brotin væru svona umfangsmikil."

Að sögn Halldórs verður dómnum áfrýjað til Hæstaréttar.

Ekki náðist í Hannes Hólmstein Gissurarson í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. - mh


Náttúran er verðmæti



Þórhildur Þorleifsdóttir

6. til 8. sæti

í prófkjöri Samfylkingarinnar

Samfylkingin

www.torhildur.is



Kaffihúsið þar sem Arnaldur, Laxness og Margit Sandemo hanga alla daga.
Stórglæsilegt kaffihús opnar í dag í Eymundsson Austurstræti.
Tónlist:
Kl. 13:00 Pollapönk: Hallilúja og Heiðar Alelda ásamt hljómsveit
Kl. 14:00 Lay Low tekur lög af plötunni Please Don't Hate Me
Kl. 15:00 Regína Ósk tekur lög af plötunni Í djúpum dal
Upplestur:
Kl. 11:30 Kristín Steinsdóttir: Hver étur ísbirni
Kl. 12:00 Ólafur Gunnarsson: Svarta nornin - Benedikt Búálfur
Kl. 12:30 Gerður Kristný: Land hinna týndu sokka
Kl. 16:00 Jón Gnarr: Indjáninn
Opnunartilboð alla helgina.
Kaffidrykkir í boði hússins.
Opið til kl. 22 öll kvöld.
TE & KAFFI
Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

1 SÆTIÐ

Ingibjörg Sólrún



Í dag...

...myndum við samhenta sigursveit í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Með góðri þátttöku gefum við tóninn fyrir öfluga kosningabaráttu með einvalalið í framboði í öllum kjördæmum landsins.

Á morgun...

...hefjum við undirbúning fyrir kosningarnar á komandi vori.

Við viljum bjóða upp á nýja og betri ríkisstjórn sem vinnur með þjóðinni en klýfur hana ekki í andstæðar fylkingar. Eindrægni og skýr framtíðarsýn leggur grunninn að góðum árangri.

Gefum tóninn í dag – hefjumst handa á morgun.

áfram 4. sæti




Ásta R. Jóhannesdóttir
þingmaður Reykvíkinga

er þekkt fyrir dugnað, stefnufestu og málafylgju í starfi. Hún stendur vörð um velferðarkerfið og er óþreytandi að boða jöfnuð og réttlæti í samfélaginu.

Ójöfnuður í þjóðfélaginu er orðinn allt of mikill og óþolandi. Brýnast er að bæta kjör og aðbúnað lífeyrisþega og öryrkja og létta undir með barnafólki með því að leiðrétta vaxtabætur og barnabætur. Þá þarf að leggja mikla áherslu á menntamál sem tæki til að jafna kjör og aðstæður fólks. Við þurfum líka nýja atvinnustefnu sem hampar ekki stóriðju á kostnað annarra atvinnugreina.

Ásta Ragnheiður hefur barist ötullega fyrir framförum og réttindum almennings í heilbrigðis- og tryggingamálum og nýtur þar yfirburðaþekkingar sinnar og reynslu af þeim málaflokkum. Hún hefur beitt sér fyrir fjölmörgum umbótum og nýjungum, m.a. í heilbrigðis- og félagsmálum, menningarmálum, samgöngu- og ferðamálum.

Ásta Ragnheiður hefur hugsjónir að leiðarljósi og berst ótrauð fyrir þeim. **Jöfnuður**, **samhjálp** og **réttlæti** eru kjarni starfa hennar í stjórnmálum.

Við höfum tækifæri til að tryggja að Ásta Ragnheiður haldi áfram að standa vörð um velferð, réttindi og hagsmuni almennings.

Tökum þátt í prófkjöri Samfylkingarinnar í dag, 11. nóvember.

**Tryggjum Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur áfram 4. sætið – þitt atkvæði getur ráðið úrslitum.**

*KOSNINGAMIÐSTÖÐ*
*BANKASTRÆTI 11*
*OPIÐ KL. 10-18*
*SÍMI 534 9498*

Samfylkingin

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Útstreymi gróðurhúsalofttegunda:

# Ísland stendur vel

**UMHVERFISMÁL** Útstreymi gróðurhúsalofttegunda er minna á Íslandi en meðaltalsútstreymið í ríkjum Evrópusambandsins og hefur jafnframt dregist meira saman hér á landi undanfarin ár.



**MÓÐIR JÖRÐ** Útstreymi gróðurhúsalofttegunda er undir markmiðum Kyotobókunarinnar.

Þetta kemur fram í nýlegri skýrslu Umhverfisstofnunar ESB, en í skýrslunni kemur einnig fram að Ísland standi vel að vígi gagnvart Kyoto-bókuninni og að útstreymið hér árið 2004 hafi verið tólf prósentum undir því markmiði sem sett er að meðaltali fyrir tímabilið 2008 til 2012. Mörg Evrópusambandsríki eru hins vegar átta prósentum yfir sambærilegu markmiði og eiga því lengra í land til að ná takmarkinu en Ísland. **- shá**

# Árásum Ísraela mótmælt

**Þúsundir manna mættu í gær á mótmælafundi gegn mannskæðum árásum ísraelska hersins á Beit Hanoun. Nærri tuttugu börn hafa fallið í nóvember.**

**JERÚSALEM, AP** Þúsundir manna söfnuðust saman í Egyptalandi, Sýrlandi, Jórdaníu, Líbanon og Súdan í gær til þess að mótmæla mannskæðum árásum ísraelska hersins á borgara í bænum Beit Hanoun á Gaza-svæðinu, sem urðu nítján manns að bana á miðvikudaginn. Mótmælin snerust víða upp í almenn mótmæli gegn stefnu Bandaríkjanna í málefnum Mið-Austurlanda og stuðningi þeirra við Ísraelsstjórn.

Á síðustu dögum hafa meira en fimmtíu manns látist af völdum árása ísraelska hersins á Gazaströnd, en ísraelski herinn segir tilgang þeirra vera að koma í veg fyrir að Palestínumenn geti skotið flugskeytum yfir landamærin til Ísraels.

Stór hluti hinna látnu var á barnsaldri. Samkvæmt upplýsingum frá Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna hafa 19 palestínsk börn fallið í þessum mánuði, þar af tvö á Vesturbakkanum og 17 á Gazaströnd.

Þar með er nóvembermánður orðinn mannskæðasti mánuður ársins meðal palestínskra barna. Einungis í júlí hafa fleiri palestínsk börn látist af völdum átaka, en þá týndu fjörutíu þeirra lífinu.

Leiðtogi Hamas-samtakanna brást við árásinni á Beit Hanoun með því að segja ekkert vopnahlé lengur í gildi og hvatti alla sem gætu til þess að ráðast á Ísrael.

Ehud Olmert forsætisráðherra ætlar hins vegar að bregða sér í heimsókn til Washington í næstu viku, en málin standa þá töluvert öðruvísi en þegar hann hélt þangað síðast í vor. Þá talaði hann mikið um að Ísraelsher myndi fljótlega fara frá Vesturbakkanum að miklu leyti í beinu framhaldi af einhliða brotthvarfi hersins frá Gaza-strönd á síðasta ári.



**MÓTMÆLI Í NABLUS** Ungur drengur heldur á ljósmynd af börnum sem létust í árásinni á Beit Hanoun, en að baki drengsins standa grímuklæddir menn vopnaðir sprengjuvörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ísraelsmenn hafa hins vegar lítinn áhuga lengur á því að herinn fari frá Vesturbakkanum, í framhaldi af harðvítugu stríði í Líbanon í sumar og áframhaldandi flugskeytaárásum Palestínumanna á Ísrael.

Vinsældir Olmerts meðal landa sinna höfðu minnkað um 20 prósent, og ekki hefur staða hans skánað í kjölfar árásarinnar á Beit Hanoun í vikunni, sem hann sagði hafa stafað af „tæknilegum mistökum“.

George W. Bush Bandaríkjaforseti, sem Olmert ætlar að hitta í Washington, hefur einnig beðið verulegan hnekki nú í vikunni þegar Repúblikanaflokkurinn missi þingmeirihluta í báðum deildum Bandaríkjaþings. Fáir búast því við að viðræður þeirra Olmerts skili neinum umtalsverðum árangri.

**gudsteinn@frettabladid.is**

Umhverfisstofnun um sumarhús:

# Lýsir áhyggjum af ásýnd Skálholts

**SKIPULAGSMÁL** Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við fyrirhugaða frístundabyggð í Borgarhólum við Skálholt. Stofnunin telur að náttúrufari og fuglalífi geti stafað hætta af byggðinni og að borun eftir heitu vatni gæti haft áhrif á jarðhitasvæði við Skálholt. Einnig að hugsanleg séu neikvæð áhrif á ásýnd vegna staðsetningar mannvirkja við svo sögufrægan stað sem Skálholt sé.



Þetta kemur fram í fundargerð sveitarstjórnar Bláskógabyggðar sem ekki deilir áhyggjum Umhverfisstofnunar: „Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur réttan farveg að auglýsa umrædda tillögu og fá fram sjónarmið umsagnaraðila á auglýsingartíma.“ **- gar**

**SKÁLHOLT** Umhverfisstofnun hefur efasemdir um frístundabyggð í nágrenni kirkjustaðarins.


HELGARSPRENGJA!
Verð áður: 34.900,-
16.900,-
SPARIÐ 18.000,-
„LULU" SVEFNSÓFI
Fallegur og þægilegur svartur svefnsófi sem er tilvalinn í barna eða unglingaherbergið. Í svefnstöðu er sófinn 123 x 200 sm. Frábær svefnsófi á fínu verði!
Verð áður: 12.900,-
6.990,-
SPARIÐ 5.910,-
„HELENA" KOMMÓÐUR
Kommóður úr gegnheilli, antikbæsaðri furu með sérstaklega djúpum skúffum.
Verð áður: 6.990,-
2.990,-
SPARIÐ 4.000,-
„PASADENA" STÓLL
Mikið úrval af þessum glæsilegu stólum. Fáanlegir með nokkrum mismunandi viðar eða leður áferð.
Nokkar mismunandi gerðir fáanlegar. Frábærir stólar á frábæru verði! Komið og skoðið úrvalið!
Verð áður: 49.900,-
24.900,-
SPARIÐ 25.000,-
„OSCAR" SAMSTÆÐA
Glæsileg samstæða úr gegnheilli eik. Efri skápar með glerhurðum. Stærð á samstæðu er 190x120x45 sm.
Falleg samstæða sem sómir sér hvar sem er!
Verð áður: 6.990,-
2.990,-
SPARIÐ 4.000,-
„HELLE" SJÓNVARPSSKÁPUR
Fallegur sjónvarpsskápur í hlyn lit með hillum og glerhurðum.
Stærð H: 40 x D: 40/60 x B: 110 sm.
Verð áður: 12.900,-
6.990,-
U.Þ.B. 50% AFSLÁTTUR
Verð áður: 7.990,-
3.990,-
„COSTA" STOFUBORÐ
Stærð á stóru borði 120 x 60 sm og litla borðið er 60 x 60 sm.
Verð áður: 26.900,-
13.900,-
U.Þ.B. 50% AFSLÁTTUR
Verð áður: 19.900,-
9.990,-
„PIET" SÓFABORÐ
Stórglæsileg stofuborð.
Stórt st. 120 x 70 sm.
Lítið st. 60 x 60 sm.
VERÐ FRÁ:
1.290,-
RIMLAGARDÍNUR
Mikið úrval til af rimlagardínum í mörgum stærðum og gerðum. Komið og skoðið úrvalið og gerið verðsamanburð.
-góð kaup
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
ATH. TILBOÐIN GILDA TIL OG MEÐ SUNNUDEGINUM 12.11.06 EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.



**MÓTMÆLI Í KAÍRÓ** Fjöldi Egypta kom saman í Kaíró í gær til þess að mótmæla árásum ísraelska hersins á bæinn Beit Hanoun á Gaza-svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nefnd forsætisráðherra um alþjóðlega fjármálastarfsemi:

# Skattur á fyrirtæki lækkaður

**VIÐSKIPTI** Stjórnvöld eiga að ganga jafnlangt eða lengra en samkeppnisþjóðir í að skapa hagstætt rekstrarumhverfi fyrir fjármagnsfyrirtæki. Markaðssetja á lífeyrissjóðina erlendis og lækka tekjuskatt fyrirtækja. Ísland gæti þannig orðið miðstöð alþjóðafyrirtækja. Þessar voru meðal hugmynda sem nefnd forsætisráðherra um alþjóðlega fjármálastarfsemi kynnti í Þjóðleikhúsinu í gær.

Geir H. Haarde tók fram að þessar aðlögunarbreytingar þýddu ekki að gengið yrði jafn langt og í skattaparadísum Karíbahafsins. „Sú tegund fjármálastarfsemi er ekki til fyrirmyndar og kemur ekki til greina á Íslandi," sagði hann. Frekar skal litið til Evrópuríkja að fyrirmynd.



**GEIR H. HAARDE FORSÆTISRÁÐHERRA**



**SIGURÐUR EINARSSON FORSTJÓRI**

Það er mat Sigurðar Einarssonar, formanns nefndarinnar, að fjármálakerfið ráði úrslitum í samkeppni þjóðanna. Lækka þurfi tekjuskattstofn fjármagnsþjónustunnar. Ávinningur þess yrði að fá erlenda fjárstrauma hingað og skattleggja þá. Sigurður benti á að umsvif fjármagnsfyrirtækja væru nú til dags stærri hluti landsframleiðslu en sjávarútvegurinn í heild sinni. „Rekja má þriðjung hagvaxtar í landinu til fjármálaþjónustu," sagði Sigurður, sem telur að næstu stórvirkjanir Íslendinga finnist með því að „virkja straumföll alþjóðlegrar fjármálastarfsemi". - kóþ

Sex mánaða fangelsi:

# Slasaði mann með glasi

**DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir sérlega hættulega líkamsárás með því að hafa slegið annan karlmann með glasi í andlit, þannig að hann hlaut sex stóra skurði, auk fjölda skráma.**

**Atburðurinn átti sér stað um síðustu áramót við veitingastaðinn Celtic Cross við Hverfisgötu.**

**Árásarmaðurinn var dæmdur til að greiða hinum sem hann slasaði rúm 400 þúsund í skaðabætur, auk málskostnaðar. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóminn og skilorðsbatt refsinguna í þrjú ár.** - jss




# Vatnajökulsþjóðgarður kostar 1.150 milljónir

**Vatnajökulsþjóðgarður verður stærstur þjóðgarða í Evrópu og er talinn geta skilað milljörðum í gjaldeyristekjur. Stofnkostnaður er áætlaður 1.150 milljónir króna. Alcoa og Landsvirkjun vilja styrkja þjóðgarðinn með peningagjöfum.**

**STJÓRNMÁL** Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra segir Vatnajökulsþjóðgarð geta skilað þjóðarbúinu 11 milljörðum króna í auknar gjaldeyristekjur árið 2020.

Ríkisstjórnin samþykkti í gær stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og leggur umhverfisráðherra fram frumvarp þess efnis á Alþingi. Fram kom á blaðamannafundi ráðherrans í gær að þjóðgarðurinn yrði sá stærsti í Evrópu, um fimmtán þúsund ferkílómetrar.

Vatnajökulsþjóðgarður mun meðal annars ná yfir Öskju og Herðubreiðarlindir og Jökulsá á Fjöllum til ósa í Öxarfirði.

Sagði Jónína að innan þjóðgarðsins yrðu bæði lönd í einkaeign og í eigu ríkisins og að garðurinn myndi teygja sig inn fyrir mörk átta sveitarfélaga. Heimamenn fengju meiri áhrif innan þjóðgarðins en tíðkast hefði með þjóðgarða. Samráð væri við landeigendur við mismunandi undirtektir. Taka ætti gjald fyrir aðgang að garðinum.

Stofnkostnaður Vatnajökulsþjóðgarðs er áætlaður 1.150 milljónir króna og árlegur rekstrarkostnaður verður 375 milljónir króna, að meðtöldum núverandi 125 milljóna rekstrarkostnaði Skaftafellsþjóðgarðs. Tólf landverðir munu starfa við þjóðgarðinn árið um kring, auk þess sem áætlað er að sumarstörf jafngildi átta ársverkum.

Ráðgjafarnefnd um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs leggur til að tekið verði við peningum frá fyrirtækjum og einstaklingum sem vilja styrkja starfsemina.

„Nefndin átti fund með fulltrúm ALCOA og Landsvirkjunar en þessir aðilar hafa lýst yfir vilja til að leggja fram umtalsverðan stuðning til Vatnajökulsþjóðgarðs," segir í skýrslunni.

Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu, sagði að fjárstyrk einkaaðila væru ekki ætlaðir í almennan rekstur heldur til sérstakra verkefna á borð við stígaog brúargerð.

Umhverfisráðherra aftók að styrktarfyrirtækja yrði sérstaklega getið innan þjóðgarðsins: „Við sjáum ekki göngustíg í boði Alcoa eða Landsvirkjunar," sagði Jónína Bjartmarz.

gar@frettabladid.is



**JÓNÍNA BJARTMARZ** Umhverfisráðherra kynnti áætlanir um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs í Þjóðmenningarhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK





2. SÆTIÐ

KÆRI SJÁLFSTÆÐISMAÐUR

Ég vil hvetja þig til þess að taka þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi í dag.

Ég óska eftir þínum stuðningi í 2. sætið.

Bjarni Benediktsson

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi, laugardaginn 11. nóvember.

→ VERIÐ VELKOMIN Í KAFFI Á KOSNINGASKRIFSTOFUNA AÐ GARÐATORGI 7 Í DAG.

TRYGGJUM TRAUSTA FORYSTU
BJARNA BENEDIKTSSON Í 2. SÆTIÐ

Kosningaskrifstofa að Garðatorgi 7. Opið í dag frá kl. 9-18. Sími: 860-0418.

WWW.BJARNIBEN.IS



**Í FLÓTTAMANNABÚÐUM** Tamílsk móðir reynir að hugga son sinn í Mankarny á Srí Lanka. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samfylkingin með fyrirspurn til borgarstjóra vegna menningarmiðstöðvar:

# Kostar 800 milljónir króna

**BORGARMÁL** Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar hafa lagt fram fyrirspurn til borgarstjóra vegna viljayfirlýsingar borgarinnar og hjúkrunarheimilisins Eirar um byggingu menningarmiðstöðvar í Spönginni í Grafarvogi. Samkvæmt viljayfirlýsingunni er Eir falið að byggja menningarmiðstöð sem engin samþykkt er fyrir frá borgarráði. Upphaflega átti aðeins að fela Eir uppbyggingu 1.100 fermetra þjónustumiðstöðvar og þjónustuíbúða en menningarmiðstöðinni var bætt við í texta vegna mistaka, að sögn Björns Inga Hrafnssonar, formanns borgarráðs. Menningarmiðstöðin er hugsuð sem fjögur þúsund fermetra bygging þar sem meðal annars lögreglan, bókasafn og kirkjuútibú fá aðstöðu.



**UPPBYGGING** Kostnaður við byggingu menningarmiðstöðvar er áætlaður 180 þúsund krónur á fermetra. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Í fyrirspurn Samfylkingarinnar er borgarstjóri inntur eftir því hvernig staðið var að þeirri ákvörðun að semja beint við Eir og hverjir komu að þeirri ákvörðun. Einnig hvernig ákvörðunin samræmist innkaupareglum borgarinnar og lögum um opinber innkaup. Þá er spurt um hlutverk stjórnsýslu- og starfsmannasviðs sem fer með lögfræðilega ráðgjöf í innkaupa- og útboðsmálum. Hverjar samningsfjárhæðir vegna menningarmiðstöðvarinnar kunna að verða er einnig meðal spurninga til borgarstjóra. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kostar 4.000 fermetra menningarmiðstöð um sjö til átta hundruð milljónir króna. Við það bætist ýmiss búnaður, innréttingar og húsgögn sem kosta um 120 milljónir. **- shá**

Kaupa gegnumlýsingarbifreið:

# Nýjar áherslur í breyttum heimi

**TOLLGÆSLA Ríkisstjórn Íslands samþykkti í gærmorgun að leitað yrði tilboða í gegnumlýsingarbifreið með það að markmiði að efla aðgerðir gegn fíkniefnasmygli og auka öryggi vöruflutninga.**

**Farið verður fram á 120 milljóna króna fjárveitingu til þessara kaupa og mun embætti tollstjórans í Reykjavík hafa umsjón með verkefninu.**

**Í fréttatilkynningu frá fjármálaráðuneytinu kemur fram að breytt heimsmynd kalli á nýjar áherslur í tollgæslu þar sem nú sé kappkostað að efla eftirlit með þjóðaröryggi og innflutningi fíkniefna.** **- þsj**





www.arnbjorgsveins.is

Arnbjörgu í
1. sætið

Opnun kosningamiðstöðvar á Akureyri

Verið velkomin í opnun kosningamiðstöðvar
að Glerárgötu 20 (2. hæð fyrir ofan Greifann)
í dag, laugardaginn 11. nóvember kl. 15

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi 25. nóvember


# Ríkið býður ókeypis námskeið í íslensku

**Útlendingar eiga rétt á að fá ókeypis íslenskukennslu á næsta ári. Menntamálaráðherra fær 100 milljónir í 200 tíma íslenskunámskeið fyrir útlendinga. „Ein mestu gleðitíðindi sem við höfum fengið,“ segir framkvæmdastjóri Mímis.**

**MENNTAMÁL** Ríkisstjórnin hefur samþykkt að skipuleggja og standa að sérstöku verkefni til að efla íslenskukennslu fyrir útlendinga og verður 100 milljónum króna varið í það á næsta ári. Námskeiðin verða ókeypis. Ríkið gerir ráð fyrir 200 tíma námskeiðum á mann og er það 25 prósenta aukning frá því sem nú er.

Ríkið eyrnamerkir 172-305 milljónir í íslenskukennsluna 2008 og svo örlítið minna árið 2009, eða 162-297 milljónir króna. Talið er að kostnaðurinn við 200 stunda námskeið nemi hátt í 200 þúsund krónum á einstakling.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segist ekki geta sagt hvenær nýja fyrirkomulagið taki gildi en starfsmenn ráðuneytisins einhendi sér nú í það að semja námskrár, tryggja framboð námsefnis, kortleggja það hvaða kennarar geti sinnt þessu verkefni og athuga hvort þeir geti fengið viðeigandi þjálfun ef þörf krefur.



**GLEÐI OG ÁNÆGJA** „Það ríkir gleði og ánægja,“ segir Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis, um breytingar á íslenskukennslu fyrir útlendinga.

„Þetta er stórt og mikið verkefni en ég vona að við getum byrjað á næsta ári. Við reynum að hafa hraðar hendur og koma þessu á sem fyrst. Það er brýnt að íslenskukennslan verði tekin föstum tökum,“ segir Þorgerður Katrín.

Stofnuð verður verkefnisstjórn með fulltrúum menntamálaráðherra og félagsmálaráðherra. Næstu þrjú árin verður áhersla á 200 tíma nám sem mæti þörfum byrjenda í íslensku. Í framhaldinu verður svo stefnt að því að byggja ofan á þetta námsframboð.

Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis símenntunar, fagnar tíðindunum. „Þetta eru ein mestu gleðitíðindi sem við höfum fengið um langt skeið. Það er erfitt að meta hvort þetta uppfyllir þörfina en ókeypis 200 tíma nám í íslensku er mikilvægt skref til jöfnuðar í landinu,“ segir hún.

„Þetta er breiður hópur sem hefur misjafnar aðstæður til að kosta eigið nám svo það ríkir gleði og ánægja með þetta hér.“

Til að fá búsetuleyfi eftir þriggja ára dvöl í landinu þurfa útlendingar að hafa lokið 150 tíma námi í íslensku. Talið er að minnst sjö þúsund útlendingar hafi komið til starfa á Íslandi það sem af er þessu ári. Ef þeir færu allir á eitt grunnnámskeið hjá Mími myndi það kosta 44 þúsund á mann eða um 308 milljónir í heildina. **ghs@frettabladid.is**


Ertu góð/ur í mannlegum samskiptum,
skipulagi og með leiðtogahæfileika?
Ertu með kaupmannsblóð?



Verslunarstjóri
óskast á Egilsstaði

Með starfinu fylgir afnot af íbúð á staðnum.
Fallegt bæjarstæði. Gott mannlíf.
Áhugasamir hafi sambandi við Svan starfsmannastjóra
í síma 588 8699 eða sæki um á bonus.is.
Umsóknum skal skilað inn fyrir 20. nóvember.




**FRÍÐUR HÓPUR MEÐ RAUÐ NEF** Nýir bakhjarlar UNICEF hafa skrifað undir 60 milljóna króna samning til næstu þriggja ára. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fimm stórfyrirtæki styrkja UNICEF um 60 milljónir:

# Styrkja börn í neyð

**STYRKUR** Baugur Group, FL Group, Fons, Glitnir og Samskip hafa skrifað undir styrktarsamninga við Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna á Íslandi (UNICEF) og greiða um fjórar milljónir á ári hvert til næstu þriggja ára.

Samningarnir hljóða upp á 60 milljónir króna og ná til næstu þriggja ára. Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, segir að fyrirtækin fimm hafi áður styrkt UNICEF með ýmsum hætti og gerist nú bakhjarlar UNICEF af heilum hug. „Samningarnir eru 60 milljóna króna virði og tryggja að við getum haldið áfram að styðja börn í sárri neyð.“

Stefán segir UNICEF á Íslandi takast á við mörg metnaðarfull og mikilvæg verkefni sem bjargi lífi barna. „Á næstunni verður 150 þúsund malaríunetum dreift til barna í Gíneu-Bissá fyrir tilstuðlan Baugs Group, FL Group og Fons, auk fleiri fyrirtækja á Íslandi. Netin geta dregið úr ungbarnadauða um 10 prósent og bjargað lífi 2-3 barna á dag.“

Fyrsta verkefni UNICEF og nýrra bakhjarla verður að halda dag rauða nefsins 1. desember. Þann dag verður bein útsending á Stöð tvö í opinni dagskrá þar sem einvalalið skemmtikrafta og grínista mun leggja sitt af mörkum til að bæta líf bágstaddra barna. **- hs**



# Í DAG ER 12. MAÍ

**Einmitt í dag velja Reykvíkingar framboðslista Samfylkingarinnar sem taka á forystu í kosningunum 12. maí 2007.**

Það er mikilvægt að þú takir þátt í því vali enda skiptir fólkið sem á Alþingi velst ekki síður máli en stjórnmálaflokkarnir. Ég hvet þig til að koma í Þróttarheimilið gegnt Laugardalshöllinni í dag og velja hverja verður kosið um í vor.

**Saman getum við breytt stjórn landsins í þágu jöfnuðar, stöðugleika og umhverfisverndar.**

**Ég bið um stuðning þinn við Samfylkinguna og mig í 4. sæti listans.**

Helgi Hjörvar, alþingismaður

**ALLIR REYKVÍKINGAR GETA KOSIÐ Í PRÓFKJÖRI SAMFYLKINGARINNAR, ÓFLOKKSBUNDNIR ÞURFA AÐ LÝSA YFIR STUÐNINGI VIÐ FLOKKINN. KOSIÐ ER Í ÞRÓTTARHEIMILINU Í LAUGARDAL FRÁ KL. 10-18 Í DAG.**

Samfylkingin

## Varnir Íslands



AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

# Öryggisleit austur yfir haf

**Í inngangsorðum varnarsamningsins við Bandaríkin frá 1951 segir, að reynslan hafi sýnt að „varnarleysi lands stofnar öryggi þess sjálfs og friðsamra nágranna þess í voða“. Þetta var forsendan fyrir því að hið herlausa Ísland fól á sínum tíma Bandaríkjaher að annast landvarnir sínar og er forsenda fyrir því að íslenzk stjórnvöld leiti nánara samstarfs um varnir sínar og öryggi við „friðsama nágranna“ sína eftir brottför varnarliðsins.**

*Þriðja grein.*

Richard Holmes, yfirmaður öryggis- og varnarmáladeildar Cranfield-háskóla í Bretlandi, orðaði þetta þannig er hann talaði á málfundi í Reykjavík í byrjun vikunnar, að nýja samkomulagið við Bandaríkin væri ágætt að hafa, því mætti líkja við belti sem maður hefði til að halda uppi um sig buxunum. En hann mælti með því að hafa axlabönd líka, og þau gætu Íslendingar að sínu mati helzt fundið með því að leita nánara samstarfs við norrænu grannríkin í NATO, Noreg og Danmörku.

Þessa ráðleggingu hafa fleiri erlendir varnarmálafræðingar gefið, sem Fréttablaðið hefur leitað álits hjá. Því þótt varnarskuldbinding sú sem Bandaríkin undirgangast samkvæmt nýja samkomulaginu um „hreyfanlegar varnir“ sé álitin vera trúverðug, þá uppfyllir hún aðeins varnarþarfir Íslands gegn hefðbundinni hernaðarógn. Hitt meginhlutverkið sem herir allra landa annars uppfylla er að halda uppi fullveldi viðkomandi ríkis, það er sýna umheiminum að stjórnvöld í landinu hafi full yfirráð yfir allri sinni lögsögu.

Ísland var í 55 ár í þeirri óvenjulegu stöðu að erlendur her annaðist einnig þetta fullveldis-staðfestingarhlutverk. Segja má að upp að vissu marki annist nú Landhelgisgæzlan þessa fullveldisstaðfestingu til sjós og lögreglan og tollgæzlan til lands, en þegar engin herflugvél er í landinu vantar óneitanlega upp á sambærilega yfirráðastaðfestingu yfir lofthelginni.

Enginn ætlast til þess að Íslendingar komi sér upp eigin flugher og því er nærtækast að athuga hvernig hægt væri að efla eftirlit með lögsögunni og lofthelginni með nánara samstarfi við næstu grannríkin, sem einnig hafa eigin hagsmuna að gæta á sama svæði. Þetta eru Noregur og Danmörk, en norska lögsagan nær til megnsins af hafsvæðinu milli Íslands og Norðurskautsins og dönsk lögsaga Grænlands og Færeyja umlykur íslenzku lögsöguna í vestri, norðri og suðaustri.

Í römmunum hér á síðunni er rakið hvernig Danir sinna vörnum og fullveldisstaðfestingarskyldum sínum í lögsögu Grænlands og Færeyja og hvernig Norðmenn sinna sömu verkefnum í sinni lögsögu.

Munurinn á Grænlandi og Íslandi er nú helzt sá, að Bandaríkjamenn líta enn á Grænland sem hluta af sínu eigin landvarnasvæði, á meðan Ísland er lent utan þess (og heyrir því nú undir Evrópuherstjórn Bandaríkjahers í Stuttgart í Þýzkalandi).

### Evrópskar NATO-þotur æfi í Keflavík

Evrópsku NATO-ríkin eiga til samans hátt í 3.000 orrustuþotur. Pláss til æfinga þeirra er hins vegar af skornum skammti á þéttbýlu meginlandinu þar sem borgaraleg flugumferð fer sívaxandi. Af þessum sökum eru þeir varnarmálasérfræðingar sem Fréttablaðið hefur talað við sammála um að stærsta trompið sem Ísland getur spilað út, að bjóða Keflavíkurflugvöll og íslenzku lofthelgina sem æfingasvæði fyrir evrópskar NATO-þotur.

Með því gætu Íslendingar slegið nokkrar flugur í einu höggi: Í fyrsta lagi treyst böndin við evrópska bandamenn sína og skerpt vitund þeirra fyrir varnarþörfum Íslands, en sú vitund hefur satt að segja verið mjög lítil undanfarna áratugi vegna þess að í Evrópu hafa menn vanist því að Bandaríkjamenn sjái alveg um Ísland og því þurfi ekki að hugsa neitt nánar út í það. Í öðru lagi gæti Ísland með þessu lagt eitthvað fram sem eftirspurn er eftir í NATO og verkað þar með gegn því að bandamennirnir álíti hið herlausa Ísland eintóman þiggjanda að sameiginlegu öryggi bandalagsins. Í þriðja lagi myndi þessi reglulega en tímabundna viðvera NATO-þotna í íslenzkri lofthelgi undirstrika að það sé sameiginlegt hagsmunamál alls bandalagsins að rekstur ratsjárstöðva NATO yrði tryggður hér áfram. Loks má halda því fram að slík regluleg viðvera NATO-þotna hefði að minnsta kosti táknræna þýðingu fyrir loftvarnir Íslands.




**SAMLIGGJANDI LÖGSAGA** Dönsk lögsaga Grænlands og Færeyja og norsk lögsaga Jan Mayen umkringja íslenzku lögsöguna úr vestri, norðri og austri. Norrænu NATO-bandamennirnir eiga því mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta á hafsvæðinu.



**JOHN BERG** Keflavíkurflugvöllur mesta tromp Íslendinga gagnvart NATO. Leggur til flugheræfingar þar.



**TIM GARDEN LÁVARÐUR** Undrandi á að breytt staða varna á Íslandi skuli ekki þegar hafa verið rædd á vettvangi NATO.



**KRISTIAN SØBY KRISTENSEN** Segir Dani eiga að geta annast fullveldisvernd við Ísland, ef Íslendingar kæra sig um.

Norski varnarmálasérfræðingurinn John Berg, sem í vor kynnti þá hugmynd sína hér í Fréttablaðinu að það gæti orðið áhugavert fyrir norska flugherinn að nota Keflavíkurflugvöll ef kostnaðarþátttaka Íslendinga kæmi til, segir mikið af æfingaflugi NATO-þotna nú fara fram í Norður-Noregi þar sem þar rekist það lítið á við borgaralegt flug. Hann telur því blasa við að Keflavíkurflugvöllur gæti verið ákjósanlegur kostur fyrir slíkt æfingaflug. Að bjóða hann fram í þessum tilgangi gæti orðið fyrsta skrefið sem íslenzk stjórnvöld gætu stigið til að bregðast við hinum breyttu aðstæðum eftir brottför varnarliðsins. Timothy Garden, fyrrverandi flughershöfðingi sem situr í lávarðadeild brezka þingsins og er víðkunnur sérfræðingur um varnarmál, segist sammála þessu og bendir á að eina leiðin til að tryggja að Keflavíkurflugvöllur haldi fullu gildi sínu sem varnarmannvirki sé að hann sé notaður reglulega sem herflugvöllur.

Berg bendir líka á fleiri tækifæri sem að hans mati gætu legið í hernaðarlegu hlutverki Keflavíkurflugvallar, en það sé þróun mannlausra njósnaflugvéla. „Það gæti verið áhugavert fyrir framleiðendur slíkra véla að gera tilraunir með þær frá Keflavík,“ segir Berg.

### Lagskipt þróun

Að sögn Bergs er hægt að sjá fyrir sér lagskipta þróun, þar sem annars vegar fari fram heræfingar í og frá Keflavík með þátttöku margra evrópskra NATO-landa, og hins vegar fylgi pólitískt ferli þar sem vakin er athygli Evrópulandanna á varnarþörfum Íslands, en einnig því sem Ísland hefur að bjóða bandamönnum sínum, en það sé fyrst og fremst Keflavíkurflugvöllur. Þannig eigi Ísland líka betri möguleika á að til þarfa þess sé tekið tillit við frekari þróun öryggismálasamstarfs í álfunni. Forsenda fyrir því að þetta gerist er hins vegar að íslenzk stjórnvöld leiti eftir því við evrópsku bandamennina.

Aðspurður segir Berg ástæðulaust að hafa áhyggjur af því að sambandið við Bandaríkin veikist þótt leitað sé nánari tengsla við Evrópu á þessu sviði. „Þetta tvennt getur vel farið saman, að minnsta kosti um fyrirsjáanlega framtíð,“ segir Berg. Þetta sama leitist líka næstu grannríki Íslands, Noregur, Danmörk og Bretland við að gera og því hafi Ísland þar bandamenn með sömu meginmarkið. Berg bendir ennfremur á að Þjóðverjar sýni nú aukinn áhuga á öryggismálum í Norðurhöfum. Til vitnis um þetta sé að þýzki herinn hafi nú yfirtekið átta P-3 Orion eftirlitsvélar sem hollenzki flotinn skar niður.

Hvort skynsamlegt gæti verið fyrir Ísland að fara fram á að NATO sæi því fyrir lofthelgiseftirliti, sambærilegu við það sem gert hefur verið í lofthelgi Eystrasaltsríkjanna þriggja síðan þau fengu inngöngu í NATO vorið 2004, segir Berg að það verði Íslendingar að meta, en að minnsta kosti sé full ástæða til að það sé rætt á vettvangi NATO.

Garden lávarður segist reyndar vera hissa á því að Bandaríkjamenn og Íslendingar skyldu ekki vera fyrir löngu búnir að bera þetta upp á vettvangi NATO. „Það gæfist gott tækifæri til þess í Riga,“ segir Garden og vísar þar til leiðtogafundar NATO sem fer fram í lettnesku höfuðborginni nú í lok mánaðarins.

### Dönsk flotastöð á Íslandi?

Kristian Søby Kristensen er sérfræðingur í varnarmálum við dönsku alþjóðamálastofnunina DIIS. Hann segir að þar sem Danir sjái um að halda uppi fullveldisvernd í lögsögu Grænlands og Færeyja og ætti því ekki að verða skotaskuld úr því að annast slík verkefni í íslenzku lögsögunni líka, ef íslenzk stjórnvöld leituðu eftir því. Slík þjónusta myndi þó ekki fást ókeypis. Kristensen veltir því líka fyrir sér hvort Íslendingum þætti það pólitískt viðkvæmt, af sögulegum ástæðum, að Danir væru í slíku hlutverki í íslenzkri lögsögu. Hann segir hins vegar að eins og tengslunum sé nú á dögum háttað milli Norðurlandanna væri erfitt að sjá að slíkir fortíðardraugar stæðu í vegi fyrir hagnýtum lausnum sem þjóðirnar kæmu sér saman um.

Í þessu sambandi má geta þess að þeirri hugmynd hefur heyrzt fleygt, að Danir sameini varðstöðvar sínar á Grænlandi og í Færeyjum og hinni nýju sameinuðu varðstöð yrði fundinn staður á Íslandi. Blaðið hafði í lok september síðastliðnum eftir Lennie Fredskov Henson, yfirmanni upplýsingadeildar danska varnarmálaráðuneytisins, að hann gæti ekki útilokað að þetta kæmi til greina. „Forvinna hefur átt sér stað þar sem ýmsar hugmyndir eru skoðaðar og ég á von á að skýrsla með tillögum verði tilbúin fyrir áramót,“ sagði Fredskov. Þá myndi skýrast hvort varðstöð á Íslandi komi til greina.

**Á MORGUN:**
Ný varnarstefna: Er Evrópa svarið?

## VARNARVIÐBÚNAÐUR DANA Í NORÐRI

Dönsk stjórnvöld eru ábyrg fyrir að tryggja landvarnir í lögsögu Grænlands og Færeyja. Þessa ábyrgð sína uppfylla þau með eftirfarandi hætti:
- Samningi við Bandaríkin frá árinu 1951 um viðbúnað á Grænlandi, en samkvæmt þeim samningi hafa Bandaríkin rétt til að halda úti herstöðvum á Grænlandi. Eina stöðin sem Bandaríkjamenn reka þar enn er í Thule, en mjög hefur verið dregið úr umsvifum þar. Markmiðið er þó að hún gegni hlutverki í eldflaugavarnakerfi Bandaríkjanna.
- Flotastöðinni Grænadal nærri Narsarssuaq á Suður-Grænlandi. Þar eru höfuðstöðvar danska hersins í Grænlandi, Grønlands Kommando. Auk þess eru herstöðvarnar Daneborg norðarlega á austurströndinni og Station Nord nyrst. Þessum óbyggðaherstöðvum og hundasleðahersveitinni Sirius halda Danir úti til að viðhalda fullveldisyfirráðatilkalli sínu yfir lögsögu þessarar stærstu eyju heims.

- Grønlands Kommando hefur yfir að ráða einu stóru varðskipi með þyrlupalli og þremur minni skipum sem einnig þjóna sem ísbrjótar. Ein lögsögueftirlitsflugvél er að jafnaði gerð út frá Grænadal.



**VÆDDEREN** Danska varðskipið Vædderen í Reykjavíkurhöfn, en þar eru dönsk varðskip á leið til og frá Grænlandi alltíðir gestir.

- Herstöð í Mjørkadal á Straumey í Færeyjum. Flotastöðinni í Þórshöfn var lokað sumarið 2002 og Færeyjastjórnstöð flotans, Færøernes Kommando, flutt inn í Mjørkadal. Þar hefur ratsjárstöð NATO á Sornfelli verið starfrækt síðan árið 1963.
Eitt stór varðskip með þyrlupalli og annað minna er að jafnaði við eftirlit í færeysku lögsögunni.

Danski flugherinn á 68 F-16 þotur, en þær henta ekki til útgerðar frá flugvöllum á Grænlandi eða Færeyjum. 16 af þessum þotum eru „helgaðar NATO-verkefnum“, svo sem lofthelgiseftirliti í Eystrasaltslöndunum.

## VARNARVIÐBÚNAÐUR NORÐMANNA

Efnahagslögsaga og lofthelgi Íslands liggur í norðri og austri að lögsögu Noregs. Auk 200 mílna efnahagslögsögu Noregs sjálfs nær norska lögsagan til fiskveiðilögsögunnar í kring um Jan Mayen og Svalbarða. Norska strandgæzlan annast eftirlit með þessu risastóra hafsvæði. Norska strandgæzlan er hluti af norska flotanum og heyrir þannig skipuritslega undir norska varnarmálaráðuneytið. Hún hefur yfir að ráða 21 varðskipi af ýmsum stærðum, 6 þyrlum, 2 eftirlitsflugvélum og um 800 starfsmönnum.

Norski flugherinn gerir líka út sveit P-3 Orion-eftirlitsflugvéla frá herflugvellinum á Andøya í norðanverðum Noregi. Verkefni þeirra var lengst af fyrst og fremst að fylgjast með umferð sovézkra og síðar rússneskra herskipa, kafbáta og flugvéla um norsku lögsöguna, en sams konar flugvélar varnarliðsins gegndu þessu hlutverki í íslenzku lögsögunni. Nú á dögum gagnast norsku Orion-skrúfuþoturnar mest við að hafa uppi á sjóræningjaveiðiskipum og þær hafa verið notaðar í ýmis verkefni á vegum NATO, þar á meðal í Miðjarðarhafi.

Norski flugherinn gerir sem stendur út frá sjö herflugvöllum í



**LOCKHEED P-3 ORION** Norski flugherinn á sex slíkar eftirlitsflugvélar.

landinu og rekur auk þess tvær ratsjárstöðvar (í Sørreisa og Måkerø). Sá völlur sem næstur er Íslandi er Ørland Hovedflystasjon í S-Þrændalögum, en loftlína þaðan til Reykjavíkur er um 1.500 km.

Norski flugherinn á 57 F-16-þotur, en til stendur að endurnýja þann flota ekki síðar en frá og með árinu 2020, annað hvort með kaupum á bandarískum F-35 eða evrópskum Eurofighter Typhoon-þotum. Norska þingið á að taka ákvörðun um þessi kaup á árinu 2008. Allsherjarendurskoðun er nú í gangi á varnarþörfum og -viðbúnaði Noregs, undir yfirskriftinni Forsvarsstudie 07.

Fyrir þörf Noregs á orrustuþotum eru færð þau rök (á vef norska hersins, www.mil.no) að norsk yfirvöld verði að „geta haldið uppi fullveldisyfirráðum yfir öllu landinu og hinum auðlindaríku hafsvæðum í kring“.

www.toyota.is

Ríkulegur verkfærapakki




# Góðir iðnaðarmenn, það er bílstjórinn sem talar:
# **Nýr Hiace frumsýndur um helgina.**



**Stjórnrými**

Nú er mun betra rými fyrir bílstjórann og mælaborðið blasir betur við en áður.

**Farþegarými**

Hérna eru gjarnan geymdir lærlingar og GSM-símar.

**Fraktrými**

Þessar dyr eru líklega næstmest notuðu dyrnar á Hiace á eftir bílstjóradyrunum.

**Fraktrými**

Hér fyrir innan eru oft geymd þyngri verkfæri og efni.

**Frakt rými**

Stórir hlutir og gjarnan mjög stórir hlutir eiga greiða leið inn og út hér.

Heildarlengd (mm) 5160

Heildarbreidd (mm) 1800

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 34854 11/06

## Nýr Hiace - fyrir vinnandi menn.

Við kynnum nýjan Hiace laugardaginn 11. nóvember milli 12 og 16 hjá umboðsmönnum Toyota um allt land.

Boðið verður upp á vörusýningu frá DEWALT og ef þú mætir snemma getur þú gert góð kaup í sérstöku Hiace tilboðshorni.

Nýjum Hiace fylgir glæsilegur verkfærapakki frá DEWALT að verðmæti allt að 118.280 kr.*

Komdu og kynntu þér nýjan Hiace og njóttu léttra veitinga.

*Hægt er að velja á milli þriggja DEWALT verkfæra pakka.



**Verð frá 2.770.000. kr.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070


Ódýrt og gott
Ódýrt og gott
Ódýrt og gott
Ódýrt og gott
KRÓNAN
MOSFELLSBÆ
TWIN PACK
Cheerios
Toasted Whole Grain Oat Cereal
General Mills
Whole Grain
399 kr. kg.
Cheerios tvöfaldur pakki
99 kr. stk.
Coke 2 ltr
Coca-Cola
3x Pampers = MEGA PACK · PAQUET · PAK
Pampers Baby-Dry
1989 kr. kassi.
Pampers megapakki
3 pakkar í kassa

KRÓNAN




Mosinn
Háholt 13-15
Mosfellsbær

KRÓNAN

Opið alla daga
virka daga 11- 20
lau-sun 11-19

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.244 **+0.07%** **Fjöldi viðskipta:** 321 **Velta:** 6.437 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Actavis** | +2,83% | **Glitnir** | -0,88% |
| **Marel** | +1,94% | **FL Group** | -0,87% |
| **Alfesca** | +0,62% | **Icelandic Group** | -0,63% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 65,40 +2,83% ... Alfesca 4,88 +0,62% ... Atlantic Petroleum 590,00 +0,00% ... Atorka 6,30 -0,32% ... Avion 33,00 +0,00% ... Bakkavör 59,60 +0,00% ... Dagsbrún 4,63 -0,43% ... FL Group 22,80 -0,87% ... Glitnir 22,50 -0,88% ... Kaupþing 825,00 +0,00% ... Landsbankinn 25,20 -0,40% ... Marel 79,00 +1,94% ... Mosaic Fashions 16,90 -0,59% ... Straumur-Burðarás 17,20 +0,59% ... Össur 113,50 +0,44%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Avion verður óskabarnið

Stjórn Avion Group leggur það til fyrir hluthafafund félagsins að nafni þess verði breytt í Hf. Eimskipafélag Íslands sem rekur sögu sína aftur til upphafs fyrri heimsstyrjaldar. Eftir að Avion seldi á dögunum eignarhluti fyrir milljarða króna eru um þrír fjórðu hlutar af starfsemi fyrirtækisins bundnir í Eimskip. Í febrúar árið 2004 var heiti móðurfélagsins Hf. Eimskipafélag Íslands breytt í Burðarás við breytingu á stefnu félagsins frá því að vera flutningafélag yfir í fjárfestingafélag. Eimskip varð dótturfélag Burðaráss, er sinnti hreinni skipastarfsemi. Einn helsti hvatamaður þessara breytinga var Björgólfur Thor Björgólfsson, þáverandi stjórnarformaður Eimskipafélagsins, sem nú hefur tekið sér stóra stöðu í Avion Group ásamt fleiri fjárfestum í gegnum Gretti.

### Sagan gengur í hringi

Þótt Burðarás hafi síðar selt Eimskip til Avion var augljóst að stjórnarformaðurinn hafði mikla trú á Eimskip: „Flutningastarfsemi, hvaða nafni sem hún nefnist, á bjarta framtíð fyrir höndum og verður ánægjulegt að fylgjast með hvernig félagið mun virkja hina miklu og verðmætu reynslu og þekkingu starfsfólks félagsins, nær og fjær, til að takast á við áskoranir vaxandi alþjóðlegrar samkeppni," sagði Björgólfur Thor í ræðu á aðalfundi Eimskips 2004. Þetta sögufræga skipafélag hefur verið á blússandi siglingu á þessu ári, tekið yfir þrjú fyrirtæki á skömmum tíma, stefnir í eitt hundrað milljarða króna veltu á næsta ári og tekur brátt yfir franska nafnið Avion.

## MARKAÐSPUNKTAR

Helsta ógnunin í starfsumhverfi nýrra tæknifyrirtækja er fremur skortur á hæfu starfsfólki heldur en framboð á fjármagi eða almennt efnahagsumhverfi. Þetta sýnir ný rannsókn Rannsóknarmiðstöðvar Háskóla Reykjavíkur.

Eimskip hefur eignast meirihluta í fyrirtækinu Harbour Grace CS Inc á Nýfundnalandi. Fyrirtækið sér um frystigeymslu- og losunarþjónustu við togara í bænum Harbour Grace við Conception Bay á Nýfundalandi.

Steingrímur Pétursson, fjármálastjóri Avion Group, hefur ákveðið að láta af starfi sínu. Steingrímur hefur verið fjármálastjóri Avion Group frá því að félagið keypti Eimskip í júní í fyrra, en áður hafði hann starfað hjá fyrirtækinu frá árinu 2004.



**FRÁ ÓLAFSVÍK** Sparisjóður Ólafsvíkur og SPKef renna saman í eitt.

## Eigið fé upp á átta milljarða

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær hafa stjórnir Sparisjóðsins í Keflavík og Sparisjóðs Ólafsvíkur ritað undir áætlun um samruna sjóðanna. Fallist stofnfjáreigendur beggja sparisjóða á hana miðast samruninn við 1. júlí síðastliðinn.

Í tillögum til funda stofnfjáreigenda sparisjóðanna er gert ráð fyrir að eigið fé hins sameinaða sparisjóðs verði um átta milljarðar króna og munu stofnfjáreigendur í Ólafsvík fá 3,2 prósent fyrir sinn snúð en stofnfjáreigendur í Keflavík 96,8 prósent.

SPKef skilaði eins milljarðs króna hagnaði á fyrri hluta ársins en hagnaður SPO var 22 milljónir króna árið 2005.

Til þess að mæta skiptihlutföllum þarf að auka stofnfé í Sparisjóði Ólafsvíkur.

Sameiningin er gerð í þeim tilgangi að efla starfsemina á starfssvæðum sparisjóðanna og sækja fram á við á nýjum vettvangi. **- eþa**

## Styrkir sig í eftirréttunum

Bakkavör Group hefur keypt eftirréttaframleiðandann Rye Valley Patisserie af Kerry Group, stærsta matvælaframleiðanda Írlands. Um er að ræða verksmiðjur í Birmingham sem framleiða ferska tilbúna eftirrétti fyrir Bretlandsmarkað.

Kaupverðið er ekki gefið upp en kaupin eru fjármögnuð með sjóðum Bakkavarar. Með þessari fjárfestingu styrkir Bakkavör sig í eftirréttum þar sem markaðshlutdeild félagsins hefur verið einna lægst í þeim flokkum kældra matvara sem það framleiðir fyrir breska markaðinn, eða tæpur fimmtungur af heildinni. **- eþa**

# Verðbólga nánast óbreytt

**Vísitala neysluverðs lækkaði um 0,04 prósent milli október og nóvember. Verðbólgan er enn langt frá 2,5 prósenta verðbólgumarkmiði Seðlabanka Íslands.**

Vísitala neysluverðs lækkaði um 0,04 prósent milli október- og nóvembermánaða. Það var í takt við spár greiningardeilda bankanna sem gerðu ráð fyrir engri breytingu vísitölunnar til 0,1 prósents lækkunar.

Það sem helst virkaði til lækkunar vísitölunnar var að verð á bensíni og dísilolíu lækkaði um 3,5 prósent vegna gengislækkunar krónunnar og lægra heimsmarkaðsverðs á eldsneyti. Á móti kom að íbúðarkostnaður hækkaði um 0,6 prósent sem kom að mestu til vegna hærri vaxta.

Verðbólgan mælist nú 7,3 prósent á ársgrundvelli og eykst úr 7,2 prósentum í október. Það er því enn langt bil milli raunveruleikans og markmiðs Seðlabankans upp á 2,5 prósenta verðbólgu. Greiningardeild Glitnis segir allt benda til þess að bólgan hafi náð hámarki og úr henni muni draga hratt á næstunni. Telur hún jafnframt líklegt að stýrivextir Seðlabankans hækki ekki frekar nema gengi krónunnar komi til með að gefa skyndilega mikið eftir, sem virðist ólíklegt sem stendur. **- hhs**



**FLJÓTIR AÐ FUÐRA UPP** Verðbólga er enn langt frá markmiði Seðlabanka Íslands þótt vísitala neysluverðs hafi lækkað lítillega milli mánaða.

# Össur verðlaunað fyrir gervifót

Bandaríska vísindatímaritið Popular Science hefur veitt stoðtækjafyrirtækinu Össur hf. verðlaunin „Best of What's New" fyrir rafeindastýrðan gervifót með gervigreind, þann fyrsta sinnar tegundar í heiminum.

Þetta er annað árið í röð sem Össur hlýtur verðlaunin en í fyrra hlaut fyrirtækið verðlaun fyrir vélknúið gervihné. Meðal þeirra fyrirtækja sem hlotið hafa verðlaunin eru BMW, Porsche, Sony og Apple.

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, sagði á blaðamannafundi í gær, að fóturinn, sem byggi á svipaðri tækni og gervihnéð og getur lagað sig að mismunandi undirlagi, væri nýtt skref fyrir Össur. Hann vissi hins vegar ekki til að neitt annað fyrirtæki í heiminum hefði fengið verðlaunin í tvígang.

Guðmundur Ólafsson, sem missti hægri fótinn eftir áralöng veikindi fyrir tveimur árum en hefur unnið með þróunardeild Össurar í gegnum prófferli á fætinum, sýndi fótinn og deildi reynslu sinni.

Guðmundur sagði þetta mikla breytingu. Hann gæti hreyft sig eðlilega og þyrfti ekki að stilla fótinn eftir því hvernig hann hreyfði sig. Sömu sögu var að segja um skókaup. Þau hefðu verið vandamál áður fyrr en heyrðu nú söguni til þar sem fóturinn lagar sig sjálfur að skónum. **- jab**







**Kæri sjálfstæðismaður,**

Í dag veljum við þá einstaklinga sem við teljum líklegasta til að vinna framgangi sjálfstæðisstefnunnar hvað mest gagn. Við þurfum góðan og kraftmikinn hóp til að ná markmiðum okkar. Prófkjörið er aðeins einn áfangi á leið til sigurs Sjálfstæðisflokksins í kosningunum í vor. En það er mikilvægur áfangi og við þurfum öll að leggja okkar af mörkum. Það er hagur landsmanna allra að áfram verði byggt á sjálfstæðisstefnunni í landsmálunum.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri

Kosningaskrifstofa Ragnheiðar er að Háholti 14. Opið virka daga 17 -20 og um helgar 12-17.
Sími: 5 66 77 99 » www.ragnheidurrikhardsdottir.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hraða þarf byggingu hjúkrunarheimila á höfuðborgarsvæðinu.

# Fleiri heimili fyrr

KÁRI JÓNASSON SKRIFAR

Mikil eining virðist vera orðin meðal stjórnmálamanna, hvar í flokki sem þeir standa, um að gera þurfi átak í húsnæðis- og umönnunarmálum aldraðra. Þetta hefur ekki síst komið fram í tengslum við prófkjör flokkanna fyrir kosningarnar í vor. Á tímum prófkjara og í kosningabaráttu eru allir sammála um góð málefni, en svo þegar kemur að efndum verður þyngra fyrir fæti. Það er því ærin ástæða fyrir hagsmunasamtök aldraðra að slaka hvergi á í baráttu sinni.

Heilbrigðis- og tryggingaráðherra kynnti á dögunum áætlun um fjölgun hjúkrunarrýma fyrir aldraða og er það góðra gjalda vert. Það er hins vegar tvennt sem vekur sérstaka athygli við þau áform. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að af þeim 174 hjúkrunarrýmum sem ráðgert er að komið verði upp verði 114 í kjördæmi ráðherrans, Kraganum svonefnda – að vísu ekkert á Seltjarnarnesi – og aðeins þrjátíu utan suðvesturhornsins. Þá vekur athygli að ekki er gert ráð fyrir að þessi aukning hjúkrunarrýma verði fyrr en á árunum 2008-2009, ef þá núverandi áætlanir standast. Þetta er auðvitað allt of seint, því þeir sem þurfa að komast á hjúkrunarheimili í dag verða kannski ekki allir ofar moldu eftir þrjú ár. Þess ber að geta í þessum efnum að nýlega var gengið frá samkomulagi ríkis, Reykjavíkurborgar og Seltjarnarness um hjúkrunarheimili í Sogamýri og á Bráðræðisholti. Þar er það sama uppi á teningnum, að þessi heimili eru allt of seint á ferðinni. Þegar reisa þarf verslunarhúsnæði og venjulegar íbúðablokkir rísa þau hús með ótrúlegum hraða, þannig að maður sér breytingar frá degi til dags og áður en við er litið er fólk flutt í íbúðirnar í blokkunum. Hvers vegna er ekki hægt að viðhafa sömu vinnubrögð við húsnæði fyrir aldraða? Ekki ætti að skorta fé til framkvæmdanna, þar sem ríkissjóður er bókstaflega bólginn af peningum, að ekki sé minnst á Símapeningana svokölluðu, sem ættu að geta brúað bilið þar til fjárveitingar af fjárlögum eru fyrir hendi. Yfirvöld ættu að bregða skjótt við og setja kraft í þessar annars ágætu fyrirætlanir um fjölgun hjúkrunarrýma fyrir aldraða.

Svo virðist sem húsnæðismál aldraðra séu í mörgum tilfellum í betra ástandi á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu og dæmi um það er nýbyggingin við Hlíð á Akureyri sem tekin var í notkun í vikunni.

Í tengslum við breytingar á lífeyrisgreiðslum, sem heilbrigðis- og tryggingaráðherra kynnti á Alþingi fyrir helgi, var greint frá breytingum varðandi framkvæmdasjóð aldraðra. Þetta er sjóður með sérstakan tekjustofn, og var upphaflegt markmið hans að bæta húsnæðiskost aldraðra. Reyndin hefur hins vegar orðið sú að verulegur hluti þess fjármagns sem í sjóðinn kemur hefur farið í rekstur og viðhald en ekki beint til nýbygginga eins og hugsunin var. Ráðherra hefur að vísu tilkynnt að á næstu árum verði felld á brott heimild til að nota verja fé úr sjóðnum til reksturs og viðhalds stofnana aldraðra. Ráðherra hefði átt að taka á sig rögg og láta þetta ákvæði taka að fullu gildi þegar á næsta ári, þannig að hægt væri að verja meiri fjármunum til nýbygginga, en ekki að draga hluta þess fram á árið 2008. Mál þetta er nú til meðferðar á Alþingi, í tengslum við aðrar breytingar á lífeyrisbótum, sem allar horfa til bóta, enda unnar í samvinnu við samtök aldraðra. Það er því ekki útséð um að breytingar verði gerðar í þá átt að gera framkvæmdasjóðinn öflugri, og hann ætti þá þegar á næsta ári betur að geta sinnt hlutverki sínu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Konur í meirihluta**

Í dag er mikill prófkjörsdagur, þrjú prófkjör fara fram. Athyglisvert er að í tveimur þeirra eru fleiri konur en karlar í framboði. Það er í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík og hjá Sjálfstæðisflokknum í Suðvesturkjördæmi. Gera má ráð fyrir að hlutur kvenna verði því góður í kosningum dagsins, sem er annað en segja má um flest prófkjör undanfarið. Ljóst er að konur leiða báða þessa lista, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir Samfylkinguna og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir lista Sjálfstæðisflokksins.



**Kvennaþing**

Gera má ráð fyrir að konur skipi að minnsta kosti helming öruggra þingsæta Samfylkingarinnar í Reykjavík og ekki er ólíklegt að þrjár konur verði á meðal fimm efstu í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Kraganum; Þorgerður Katrín, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og nafna hennar Árnadóttir. Sem sagt góður dagur fyrir þá sem þykir mikilvægt að konur nái árangri í stjórnmálum. Í prófkjöri Sjálfstæðisflokks á Suðurlandi er athyglin hins vegar ekki á konum. Þar er vitaskuld spennan mest í kringum endurkomu Árna Johnsen í stjórnmálum og hvaða árangri hann muni ná.

**Raðað á listann**

Víðar er verið að leggja lokahönd á framboðslista en í þessum þremur kjördæmum. Kjörnefnd Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi mun í dag koma saman og raða frambjóðendum á listann. Talið er öruggt að þingmennirnir þrír; Einar Oddur Kristjánsson, Einar K. Guðfinnsson og Sturla Böðvarsson, raði sér í efstu sætin. Átökin eru um fjórða sætið. Bergþór Ólason varð hlutskarpasti frambjóðandinn í sætið í könnun kjörnefndar meðal fulltrúaráðsmanna á Akranesi, sem vilja sinn fulltrúa ofarlega. Herdís Þórðardóttir, mágkona forsætisráðherra, tilkynnti síðan um framboð sitt eftir að auglýstur framboðsfrestur var útrunninn. Það er síðan í verkahring kjördæmisráðsþings að taka lokaákvörðun að viku liðinni.



sigridur@frettabladid.is

# Í guðanna bænum, vaknið



ELLERT B. SCHRAM

**Í DAG** | Hugsar upp á nýtt

Ég var að fletta í gömlum pappírum í kjallaranum hjá mér um daginn og þar úði og grúði af dóti sem ég var löngu búinn að gleyma. Skjöl og afrit, sendibréf og skýrslur og þessi líka ógrynni af ræðubútum sem ég hef flutt um dagana. Hér og þar og einkum úr pólitíkinni í fyrri tíð, þegar ég tilheyrði öðrum flokki og ekki veit ég hversvegna ég var að halda upp á þessar ræður. Flestar um frelsi einstaklingsins, einkaframtakið og sjálfsbjargarviðleitnina. Frelsi í verslun, fjármálum, atvinnulífi, frelsi markaðarins, frelsi þjóðar í köldu stríði. Skyldi nokkur maður eiga svona margar ræður um frelsið? hugsaði ég.

Já, það er eins með mig og marga aðra, að það eru fluttar margar ræðurnar og fyrirlestarnir um málefni, sem eru okkur kær en allt eru þetta börn síns tíma, því viðfangsefnin breytast dag frá degi og það er eins með frelsið. Gömlu ræðurnar mínar voru og eru líka börn síns tíma. Nú efast enginn um að frjálsræðið hefur aukist í verslun og viðskiptum, í krafti alþjóðavæðingar og evrópskra staðla og breytinga hér heima. Það hefur fært okkur margt gott. En ekki allt. Ekki nærri allt og við eigum satt að segja ennþá langa vegferð fyrir höndum, að því leyti að efla frelsi í lífsgæðum, í mannlegum samskiptum, í frelsi hugans. Í því felst hlutverk stjórnmálanna á þessum síðustu og bestu tímum að færa þetta frelsi til almúgans, til hvers og eins. Og það gerum við með því að skapa leikreglur sem eru réttlátar, svigrúm til að láta sem flesta njóta frelsis. Ekki bara til að græða peninga, heldur til að njóta lífsins í margvíslegum skilningi. Útrýma geðþóttavaldi, ótta gagnvart pólitísku gerræði, mismiskiptingu kynja, stétta og aldurshópa, eyða fátækt og ójöfnuði.

Maður sem hefur rétt til hnífs og skeiðar í krafti lífeyris úr lífeyrissjóði sínum eða lágra launa eða mikilla skulda, gerir ekki meir en að skrimta. Hann nýtur engra lystisemda, hann hefur ekki efni á að veita sér neitt umfram nauðþurftir, hann er fjötraður í fátæktinni. Sá maður er ekki frjáls.

*Hvar sem við stöndum í flokki, hvar sem við erum í mannvirðingarstiganum, þá megum við ekki bregðast þeirri skyldu að hugsa upp á nýtt.*

Það er þetta fólk, þessi stóri hópur fólksins í kringum okkur, sem þarf á liðsstyrk að halda. Það er þetta fólk sem situr heima, þegar við hin flytjum ræðurnar um frelsið, þegar fræðimenn segja okkur tíðindi úr fjármálaheiminum, þegar haldnar eru kokkteilveislur til heiðurs útrásarmönnum og lukkunnar pamfílum. Þetta fólk er ekki með í umræðunni.

Ég hlustaði um daginn á Stefán Ólafsson prófessor flytja fróðlegan fyrirlestur um það hvernig skattbyrðin hefur aukið ójöfnuðinn í landinu, hvernig kaupmátturinn hefur aukist jafnt og þétt hjá þeim efnameiri en ekki hjá þeim launalægstu. Við sáum þetta svart á hvítu, með línuritum og útreikningum Evrópusambandsins, OECD, Hagstofunnar og hans sjálfs. Og við sjáum þetta í kringum okkur. Fátækt dregur máttinn úr fólki, lokar það af í hjálparleysi og þunglyndi, það einangrast í sinni litlu hörðu veröld og verst er af öllu að ekki verður betur séð en þessi þróun, óréttlæti í skattbyrði, skeytingarleysi um hag þeirra launalægstu, værukærð gagnvart einstæðum foreldrum, eldra fólki, menntunarsnauðum einstaklingum, þeim lítilmögnum sem minna mega sín, sé hrein og klár pólitík. Sjálfsagt óviljandi en meðvituð. Meðvituð vegna þess að við höfum verið svo upptekin af nýfengnu frelsi auðmagnsins, að annað hefur setið á hakanum. Gleymst í öllum ræðunum.

Frelsi er dýrmætt orð. Og vandmeðfarið. Í því felst ekki aðeins sú hugsjón að verða ríkur af aurum, heldur hitt ekki síður, að njóta almennra lífsgæða, tómstunda, hugðarefna, menningar. Veita börnum gott uppeldi. Vera góður við sjálfan sig. Frelsi til að geta um frjálst höfuð strokið, þora og mega.

Við eigum ekki að líða ójöfnuð. Né sætta okkur við hann. Né láta hann danka. Þess vegna þarf á nýjum frelsisræðum að halda. Öðruvísi ræðum. Lífið breytist. Við breytumst. Það er ekki lengur veröld sem var.

Hvar sem við stöndum í flokki, hvar sem við erum í mannvirðingarstiganum, þá megum við ekki bregðast þeirri skyldu að hugsa upp á nýtt. Endursemja ræðurnar, svara kalla samtímans. Um það snýst frelsið, sem við köllum eftir. Um það snýst pólitík dagsins. Gömlu ræðurnar eru börn síns tíma. Ef við höldum að þær séu enn í fullu gildi, þá erum við eins og nátttröll, sem hafa dagað uppi í breyttum heimi.

Í guðanna bænum, mín kæru gömlu nátttröll. Vaknið, vaknið.

# Miklu meira en 15,7%!

**UMRÆÐAN**

Launamunur



ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR

Þær niðurstöður sem mesta athygli hafa vakið í nýrri könnun á launamun og launamyndun í landinu eru þær að kynbundinn launamunur hefur ekki breyst í 12 ár. Hann var 16 prósent 1994 og mælist nú 15,7 prósent.

Könnunin er góð eins langt og hún nær. En við megum ekki gleyma því að munurinn er miklu meiri en 15,7 prósent! Sá launamunur er fundinn EFTIR að búið er að þurrka út eða „leiðrétta" allar breytur sem einkenna þátttöku kvenna á vinnumarkaði. Þannig er t.d. ekki reiknað með því að konur hafa síður mannaforráð en karlar, þær veljast ekki til stjórnunarstarfa, vinna síður yfirvinnu, eru fremur í hlutastörfum, frá ekki bíla til afnota eða fartölvur í sama mæli og karlar. Þær víkja síðan út af vinnumarkaðinum um lengri og skemmri tíma vegna veikinda barna eða annarra í fjölskyldunni. Það hefur aftur áhrif á stöðu þeirra á vinnumarkaði, hamlar starfsframa og launaþróun, hefur áhrif á lífeyrisréttinn, veikindaréttinn, bætur vegna slysa o.s.frv., o.s.frv.

„Leiðréttur" kynbundinn launamunur uppá 15,7 prósent varpar vissulega ljósi á það misrétti sem konur búa við, ekki aðeins á vinnumarkaði heldur í samfélaginu öllu. En heildarmyndin sést ekki fyrr en heildartekjurnar eru skoðaðar: Þá kemur í ljós að konur hafa aðeins 66 prósent af launum karla!

Launaleyndin sem viðgengst, ekki bara í einkageiranum heldur líka ríkiskerfinu, viðheldur þessu misrétti og gegn henni þarf að ráðast. Stjórnarandstaðan hefur sameinað í eitt frumvarp margendurfluttar tillögur Vinstri grænna og Samfylkingar um að afléttа launaleyndinni þannig að konum og körlum sé heimilt að veita hverjum sem er upplýsingar um laun sín – og jafnframt að Jafnréttisstofa fái heimildir til að rannsaka launakjör í fyrirtækjum á sama hátt og skattaeftirlit og samkeppniseftirlit hafa þegar brot á þeim lögum eru rannsökuð. Þetta eru góðar tillögur sem munu bera árangur. Það þarf að svipta leyndarhulunni af launaseðlunum. Allt upp á borðið!

*Höfundur er líffræðingur og varaþingmaður Vinstri grænna.*

# Vörugjöld á bifreiðar, röng hugsun!

**UMRÆÐAN**
Opinberar álögur

Mikil umræða er í þjóðfélaginu og út um allan heim hvernig best megi stemma stigu við losun koltvísýrings og annarskonar gróðurhúsalofttegunda. Þetta er mikið áhyggjuefni sem allar þjóðir þurfa að takast á við með myndarlegum hætti og þolir enga bið svo að draga megi úr því sem kallað er „global warming“ eða hlýnandi loftslag.

Mörgum hugmyndum hefur verið varpað fram um hvernig best megi ná árangri í þessum efnum, en sitt sýnist hverjum.


ÖZUR LÁRUSSON

Nokkrir hafa velt upp þeirri hugmynd að hækka beri vörugjöld á stærri bifreiðar er hafi aflmeiri vélar. Fleiri hallast að þeirri hugmynd – og nú nýverið Bretar – að best sé að ná tökum á eldsneytisnotkuninni – þ.e.a.s. á notkun jarðolíu með gjöldum á sjálft eldsneytið, eða með öðrum orðum notkunina. Segja má að mörg rök styðji þá aðgerð umfram aðrar. Markmiðið með mengunargjöldum er að hvetja til sparnaðar á eldsneyti er virki m.a. sem hvati til kaupa á sem sparneytnustum bifreiðum.

Samdóma álit bifreiðainnflytjenda er að eldsneytisverðið eitt og sér stjórni miklu um bifreiðakaup. Um leið og verð á eldsneyti hækki líti fólk frekar til eyðslugrennri bifreiða. Ef sú leið væri farinn að innheimta „mengunarskatt“ með vörugjöldum þ.e. á verð bifreiðarinnar, þá er skattlagt út frá öðrum þáttum en eldsneytissparnaði. Eldsneytiseyðsla bifreiðar fer nefnilega fyrst og fremst eftir hversu mikið henni er ekið eða notkun hennar. Til skýringar má nefna dæmi: A. kaupir stóra jeppabifreið og ekur henni innan við 5.000 km á ári, en B. kaupir lítinn fólksbíl og ekur honum 50.000 km. á ári. Þar með er A. að niðurgreiða mengunina sem B. veldur með sínum mikla akstri.

Einnig má benda á að sumar fjölskyldur verða að eiga stóran bíl, vegna stærðar fjölskyldunnar sem þá er oftast með stórri vél. Með því að hafa há vörugjöld á slíkum bílum er verið að gera barnmörgum fjölskyldum illmögulegt að eignast bifreið sem mætir þeirra þörfum.

Taka þarf líka tillit til þess að við búum í strjálbýlu landi þar sem samgöngur eru erfiðar og gæði veganna langt undir meðallagi miðað við önnur lönd. Þessar staðreyndir gera ferðalög á litlum bílum oft og tíðum erfið og jafnvel varhugaverð í sumum tilfellum, en margir þurfa búsetu eða verka sinna vegna að ferðast mikið við erfiðar aðstæður, bæði sumar og vetur.

Verði sú leið farin að hækka vörugjöld á þær bifreiðar sem sannarlega eyða meiri eldsneyti, reyna menn í lengstu lög að nota gamla bíla frekar en að endurnýja, þar sem stofnkostnaður yrði mikill. Þar með er verið að draga úr endurnýjun bifreiðaflotans og viðhalda mikið mengandi og jafnvel hættulegum bifreiðum í umferð lengur en góðu hófi gegnir.

Þróunin er gríðarlega hröð í dag hjá bifreiðaframleiðendum og keppast þeir um að framleiða bifreiðar sem eru sparneytnar og minna mengandi fyrir umhverfið, hvort sem þær eru knúnar með litlum vélum eða stórum.

Ávallt þarf að gæta jafnræðis varðandi álögur þannig að fólk verði látið borga fyrir notkun eða losun á magni mengandi efna út í umhverfið. Ekki er sanngjarnt að sá þjóðfélagshópur sem vill eða þarf að nota stórar einkabifreiðar borgi niður eldsneytisnotkun annarra og þar með mengun, eða líði fyrir búsetu sína. Mengunargjöld eldsneytis ættu að tryggja slíkt. Að síðustu er rétt að taka fram að álögur á bifreiðina í heild eru nú þegar alltof háar, þannig að nauðsynlegt er að taka allt gjaldaumhverfi greinarinnar til gagngerrar endurskoðunar.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins.*

# Leggjum RÚV niður

**UMRÆÐAN**
Ríkisfjölmiðlar

Ráðherrar og þingmenn sitja þessa dagana á fundum og semja um framtíð fjölmiðlunar og afþreyingar á Íslandi. Tækifærið til alvöru breytinga er núna, allt sem til þarf er áræðni ráðamanna til að horfa til himins og skoða hlutina í stærra samhengi en gert hefur verið áður.

Ef ríkið hætti afskiptum af fjölmiðlum yrðu líklega til 2-3 nýjar íslenskar sjónvarpsstöðvar og 3-4 útvarpsstöðvar. Íslenskt gæðaefni á sjónvarpsskjám landsmanna myndi margfaldast frá því sem það er í dag. Fyrsta flokks íslenskur afþreyingariðnaður yrði til þar sem íslenskir rithöfundar, framleiðendur, leikarar, tónlistarmenn, textahöfundar, markaðsmenn og fleiri fengju tækifæri til að framleiða sjónvarps- og útvarpsefni í áður óþekktu magni fyrir Íslendinga og betur en gert er í dag. Íslendingar yrðu farnir að flytja út sögur, hugvit, tónlist og leikara í formi afþreyingariðnaðar á 2-3 árum.

**Til hvers RÚV?**

Endalaus umræða hefur farið fram undanfarin ár um tilgang RÚV, þar sem ráðamenn þjóðarinnar reyna að finna leiðir til að réttlæta rekstur ríkisfjölmiðla. Á sama tíma hafa sömu ráðamenn hætt afskiptum af öðrum fyrirtækjarekstri og selt ríkisfyrirtæki með góðum árangri. Um leið og fyrirtækin hafa komist úr ríkiseigu hafa þau blómstrað og rekstur þeirra náð nýjum hæðum, öllum Íslendingum til hagsbóta. Slíkt hið sama myndi gerast á afþreyingar- og fjölmiðlamarkaði ef RÚV yrði lagt niður.

Í samningi menntamálaráðherra og útvarpsstjóra er lögð áhersla á hver sé tilgangur RÚV og hvers sé ætlast til af stofnuninni. Þeir sem hafa starfað við útvarp og sjónvarp sjá strax að markmiðin eru svo mörg og ólík að aldrei verður hægt að uppfylla þau öll. Ljóst er að engin sjónvarpsstöð getur staðið undir þeim hugmyndum sem ráðamenn hafa um rekstur ríkissjónvarpsins.

Ráðherrar og útvarpsstjóri horfa jafnframt gjarnan til annarra landa og segja að við Íslendingar verðum að fara sömu leiðir og önnur Norður-Evrópulönd í rekstri fjölmiðla, en til fjölmiðlunar í Bandaríkjunum er vísað með hryllingi. Staðreyndin er samt sú að frá Bandaríkjunum kemur nær allt vinsælasta sjónvarpsefni heimsins, þar á meðal vinsælasta erlenda efnið sem sýnt er á Íslandi. Þrátt fyrir alla hina ríkisstyrktu framleiðslu Evrópu er nær ekkert efni sem hægt er að flytja á milli landa; þ.e.a.s. hugmyndir að sjónvarpsefni sem gengur vel í mismunandi menningarheimum. Staðreyndin er sú að ríkispeningar drepa niður hugvit, dirfsku og framleiðslu sé þeim ráðstafað til einnar stofnunar ár eftir ár.


HELGI HERMANNSSON

*Við getum skapað nýjan iðnað sem getur, ef rétt er á málum haldið, styrkt ásýnd Íslands á heimsvísu meira en nokkur banki eða lyfjafyrirtæki kemur til með að gera.*

Við Íslendingar berum okkur stundum saman við önnur Norðurlönd, t.d. Danmörku. Þar er staðan sérstök. Í Danmörku er enginn ljósvakafjölmiðill með sterka markaðshlutdeild fyrir utan þá miðla sem ríkið rekur. Danska ríkið rekur tvö sjónvarpsfyrirtæki, DR og TV2 sem hafa mikinn meirihluta af öllu áhorfi í landinu og reyndar hlustun í útvarpi líka. Það er áhugaverð staðreynd að velta auglýsingasölu er hærri hjá Fréttablaðinu á Íslandi en velta allra útvarpsstöðva Dana til samans. Í Danmörku búa um 5,5 milljónir manns. Þrátt fyrir nokkra fína spretti í sjónvarpsframleiðslu Dana væri hægt að gera miklu meira. Það kom fram hjá Sven Clausen, helsta framleiðenda á sjónvarpsefni Dana, í fyrirlestri sem Kvikmyndamiðstöð Íslands stóð fyrir, að þeir byrjuðu fyrst að ná góðum árangri í framleiðslu eftir að þeir fóru að framleiða efni eftir bandarískum framleiðsluhefðum.

**Hver er lausnin?**

Við, Íslendingar, greiðum samtals um 2,7 milljarða króna á ári til reksturs RÚV í formi afnotagjalda. Fyrirtækið greiðir engan arð og því er þetta í raun árleg fjárfesting okkar í dagskrám félagsins. Ef meðal rekstrartap síðustu ára er lagt við, þá erum við að greiða um 3 milljarða króna fyrir eina sjónvarpsstöð og 2 útvarpsrásir á ári. Fyrir alla þessa peninga fáum við ýmislegt ágætt efni, en ekki nóg. Fyrir utan skattfé er RÚV með um 1 milljarð króna í aðrar tekjur, stærstur hluti þessara tekna er auglýsingsala eða um 900 milljónir. Hyrfi RÚV af markaði myndu auglýsingarnar finna sér annað heimili og líklega búa til svigrúm fyrir nýja sjónvarpsstöð.

Við eigum að leggja RÚV niður. Við eigum að stofna sjóð sem útdeilir RÚV milljörðunum árlega til sjónvarpsframleiðslu, samtals 3 milljörðum á ári, gegn 100% mótframlögum einkaaðila. Samtals væri þetta 6 milljarða innspýting í íslenskan afþreyingar- og fjölmiðlaiðnað – ekki auka 250 milljónir eins og menntamálaráðherra og útvarpsstjóri hafa lagt til. Ef við ætlum að breyta umhverfi fjölmiðla og framleiðslu verðum við að vera tilbúin að stíga skrefið til fulls. Við getum skapað nýjan iðnað sem getur, ef rétt er á málum haldið, styrkt ásýnd Íslands á heimsvísu meira en nokkur banki eða lyfjafyrirtæki kemur til með að gera. Afþreyingariðnaðurinn er hraðast stækkandi iðnaður í heimi og eftirspurnin eftir afþreyingarefni eykst stöðugt. Sem dæmi má nefna að fyrir 20 árum voru 90 sjónvarpsstöðvar í Evrópu, í dag (síðast þegar ég vissi) eru þær orðnar yfir 1.500.

Fyrir utan sjóðinn og mótframlag einkastöðva myndu fjárfestar fá áhuga á greininni. Staðreyndin er nefnilega sú að afþreyingariðnaðurinn getur grætt á tá og fingri og haft mikla framlegð ef framkvæmdar eru „réttu“ efnishugmyndirnar.

**Hvað með íslenska menningu og tungu?**

Fyrir hverja prósentu sem sjóðurinn afhendir einkastöðvum væri hægt að skylda þær til að framleiða ákveðna prósentu af menningarlegu efni og sýna á besta tíma. Þegar höftin hverfa munu koma fram vel fjármagnaðir listamenn sem vilja sinna því sem ekki fellur beint undir afþreyingariðnaðinn. Ef t.d. 20% af fé sjóðsins færu til menningarlegs efnis myndi það þýða margföldun slíks efnis á skjám landsmanna, miðað við framleiðslu RÚV í dag. Hið margboðaða menningarvor hæfist fyrir alvöru.

En eru einhverjar líkur á því að þetta gangi eftir? Ráðamenn skilgreina fjölmiðla og afþreyingu sem aldrei fyrr þessa dagana. Allir á Alþingi hafa skoðun á þessum málaflokki sem ætti að vera gott fyrir hann, eða hvað?

*Höfundur er fyrrum dagskrár- og markaðsstjóri Skjás eins, þróunarstjóri Dagsbrun Media (sem vinnur að útbreiðslu Fréttablaðsins erlendis) og þróunarstjóri 365 miðla á Íslandi.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áskilur sér rétt til að birta efni í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.




www.armannkr.is
PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISMANNA Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI Í DAG,11. NÓVEMBER
3. sæti
ÁRMANN Á ALÞINGI
Í dag er prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi. Mikilvægt er að allir sjálfstæðismenn mæti á kjörstað og tryggi glæsilega þátttöku í prófkjörinu enda stefnum við öll að sama marki – að koma saman öflugum og ferskum framboðslista fyrir alþingiskosningarnar í vor og fjölga þingmönnum Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu.
Ég gef kost á mér í þriðja sæti listans og óska eftir stuðningi þínum í það sæti.
Þeir sem óska eftir akstri á kjörstað hringi í síma 564 4500.
Verið velkomin á kosningaskrifstofu Ármanns í Hamraborg 10, Kópavog. Þar er alltaf heitt á könnunni.

MAÐUR VIKUNNAR

# Hjartahlýr húmoristi

GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON

Frjálslyndi flokkurinn var mikið til umræðu í vikunni vegna yfirlýsinga flokksmanna um útlendinga á Íslandi. Af því tilefni er Guðjón Arnar Kristjánsson alþingismaður og formaður flokksins maður vikunnar.

Guðjón Arnar er 62 ára. Hann fæddist 5. júlí 1944 á Ísafirði og sleit þar barnsskónum. Guðjón var góður og duglegur drengur en stundum þurfti að tukta hann til eins og gjarnt er um tápmikla stráka. Hann hafði yndi af náttúrunni og dundaði sér vel og lengi við fugla sem foreldrar hans héldu við heimilið í brekkunni ofan Ísafjarðarbæjar.

Guðjón á níu systkini, eldri eru fimm systur. Hermt er að faðir hans hafi verið afar stoltur þegar loksins fæddist drengur í fjölskylduna og naut Guðjón sérstaks atlætis föður síns fyrstu árin.

Foreldrar Guðjóns voru Kristján Sigmundur Guðjónsson smiður og Jóhanna Jakobsdóttir húsmóðir. Kristján var kallaður Kitti Gau og Guðjón Arnar var kallaður Addi. Vestra, og síðar víðar, var hann því nefndur Addi Kitta Gau.

Fjórtán ára hóf Guðjón sjósókn en fiskveiðar og síðar félagsmál sjómanna voru starfsvettvangur hans þar til hann settist á þing 1999. Líkt og í landi fylgdist hann grannt með umhverfi sínu á sjónum og fékk snemma brennandi áhuga á lífríki hafsins, straumum og veðri.

Á næstum fjörutíu ára ferli sinnti Guðjón öllum störfum sem falla til á sjó; hann var háseti, matsveinn, vélstjóri, stýrimaður og loks skipstjóri. Það orð fer af skipstjórum að þeir séu hörkutól sem hiki ekki við að öskra og æpa á undirmenn sína ef svo ber undir. Guðjón var þar engin undantekning og máttu margir sjómennirnir þola óp hans og hróp. Hann var á hinn bóginn ósérhlífinn skipstjóri og brá sér í aðgerð á dekkinu þegar mikið lá við.



1975 varð Guðjón formaður Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar og 1983 varð hann forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Gegndi hann embætti þar til hann varð þingmaður. Þeim sem til þekkja kemur ekki á óvart að Guðjón hafi snúið sér að stjórnmálum en telja að áhugi hans á þeim sé afleiðing af störfum að félags- og hagsmunamálum sjómanna.

Guðjón var lengi í Sjálfstæðisflokknum og var varaþingmaður hans kjörtímabilið 1991-1995. Hann tók svo þátt í stofnun Frjálslynda flokksins ásamt Sverri Hermannssyni og fleirum í nóvember 1998 og hlaut kjör til Alþingis vorið eftir. Guðjón varð formaður flokksins 2003.

Viðmælendum Fréttablaðsins ber saman um að vandfundinn sé hjartahlýrri maður en Guðjón. Hann er ávallt boðinn og búinn að aðstoða fólk þegar eitthvað bjátar á og er afskaplega tryggur sínu fólki.

Guðjón er húmoristi og þykir bráðskemmtilegur og auk þess að hafa gaman af söng er hann söngmaður góður. Þá er hann sagður einstaklega barngóður en sjálfur á hann sjö börn. Guðjón er kvæntur Maríönnu Barbóru Kristjánsson en þau kynntust þegar hann var undir lok níunda áratugsins með togarann Pál Pálsson í slipp í Póllandi.

Guðjón mæðist í mörgu og er oftar en ekki á hraðferð. Hann er sagður hafa mildast með árunum og varð samstarfsmanni úr stjórnmálunum að orði að hann mætti taka menn og málefni fastari tökum. Það beri þó ekki að skilja sem svo að hann sé orðinn skaplaus. Engum dylst að Guðjón er stór vöxtum og segir þyngdin til sín. Félagi bendir á að hann þurfi að huga betur að heilsu sinni.

Flokksformaðurinn er enn ósérhlífinn og gengur í þau verk sem þarf að vinna. Einhverju sinni var hann staddur í húsnæði á Ísafirði sem nýta átti undir kosningaskrifstofu Frjálslynda flokksins. Þegar flokkssystkin hans komu að var Guðjón að búa húsnæðið undir að verða málað. Þótti ólíklegt að formenn annarra stjórnmálaflokka hefðu komið að kosningabaráttunni með slíkum hætti það árið.

# Bankarnir rífi sig ekki frá samfélaginu

UMRÆÐAN
Tekjuskipting

Fyrir nokkrum dögum birtist lítil fréttaklausa í Fréttablaðinu undir fyrirsögninni „Bankar mega fara úr landi“. Ýmsir hafa viljað túlka þessa frétt á þann veg að undirritaður sé sérstakur áhugamaður um að losa þjóðina við íslenska banka út fyrir landsteinana. Tilefni fréttarinnar var klausa á vefsíðu minni þar sem ég tók undir með lesanda heimasíðunnar, Ólínu að nafni, sem gerði að umtalsefni þá hrikalegu misskiptingu sem gegnsýrir orðið íslenskt þjóðfélag, ekki aðeins í formi lífskjara og lífsstíls heldur einnig í yfirráðum yfir samfélaginu öllu, í listum og menningu en í vaxandi mæli eru það peningar milljarðamæringanna sem ráða þar för. Þessu var ég sammála og hafði á orði að mér þætti íslenska jafnaðarsamfélaginu ekki fórnandi fyrir þotulið sem vildi slíta sig út úr íslenskum veruleika og jafnvel stilla þjóðfélaginu öllu upp við vegg til að hafa sitt fram. Við skulum ekki gleyma að undirstaða vaxtarins í bankakerfinu er íslenska lífeyrissjóðakerfið. Grundvöllur þess er markaður af lögum frá Alþingi. Lífeyrissjóðirnir eru byggðir upp af skyldusparnaði íslenskra launamanna. Án þeirra væri ekkert „viðskiptaundur“ og engin útrás.



ÖGMUNDUR JÓNASSON,

### Fjórtánfaldur launamunur smámunir í íslensku kjaraumhverfi

Af nýlegri könnun sem birt var á vegum félagsmálaráðuneytisins má ráða að launamunur hafi vaxið verulega á undanförnum árum og sé nú fjórtánfaldur. Þetta eru þó smámunir á við hundraða milljarða bónusgreiðslur í bankastofnunum og fyrirtækjum innan fjármálageirans. Þegar þessu hefur verið andmælt hefur viðkvæðið jafnan verið á þá lund að þetta endurspegli velgengni viðkomandi fyrirtækja sem auk þess standi skil á sköttum og skyldum. Einnig sé á það að líta, hvað bankana áhrærir, að drýgstur hluti tekna þeirra komi erlendis frá; útrásin færi þjóðinni þannig björg í bú. Þá eigi ekki að vanþakka alla þá styrki sem renni til menningarstarfsemi og líknarmála frá efnafólki. Af rausn þess njóti sjúkrahúsin, menningarstofnanirnar og jafnvel kirkjur og trúfélög góðs!

Vissulega er nokkuð til í þessu. Fjármálastofnanir greiða vissulega sinn 18% fyrirtækjaskatt eins og lög gera ráð fyrir og af arði sínum greiða fjármálamennirnir sína tíund. Það er að vísu miklu lægra hlutfall en launamaðurinn greiðir og þegar haft er á orði að rétta þurfi þann halla af og samræma skatta á launatekjur og fjármagn bregðast handhafar fjármagnsins ókvæða við og segjast einfaldlega fara úr landi ef við þeim verði hróflað. Sama gildir um allt tal um misskiptingu. Menn skuli ekki voga sér upp á dekk með gagnrýni auk þess sem allir hafi það betra þrátt fyrir aukna misskiptingu.

En er það virkilega svo? Hafa allir það betra á Íslandi í dag en fyrir tíu árum? Er auðveldara að vera efnalítill og glíma við sjúkdóm nú en þá? Eru lyfin ódýrari? Er lækniskostnaður minni? Er auðveldara fyrir fátækt fólk að komast í húsnæði nú en það var fyrir tíu árum þegar félagslegt húsnæðiskerfi var enn við lýði? Ég held ekki. Og enn standa kröfur, ekki síst frá fulltrúum banka og fjármálastofnana á hendur stjórnvöldum um að afnema þær leifar félagslegra þátta sem enn finnast í húsnæðiskerfinu. Allt á markað er hin óbilgjarna krafa. Alls staðar skulu markaðslögmálin ráða – og alltaf er viðkvæðið hið sama, „annars erum við farin með allt okkar af landi brott“!

### Brauðmolahagfræðin og misréttið

Það er vissulega rétt að það munar miklu um alla þá milljarða sem koma frá bankakerfinu í formi skatta og sú gagnrýni sem ég hef fengið fyrir að gera lítið úr þessum tekjum hins opinbera er réttmæt því um þessa peninga munar svo sannarlega í fjármögnun velferðarsamfélagsins. Spurningin er hins vegar um hinn félagslega tilkostnað, hina samfélagslegu fórn; hversu langt við viljum halda með samfélag okkar inn á markaðstorgið? Á Reagan-tímanum í Bandaríkjunum var talað um trickle-down economics, brauðmolahagfræði. Hún byggði á því að létta álögum af efnafólki svo það gæti bakað sín stóru brauð, almenningur myndi fyrr eða síðar njóta góðs af í formi molanna sem hrytu af borðum auðkýfinganna. Ekki varð sú raunin. Brauðmolastefnan jók misrétti í bandarísku þjóðfélagi til muna.

Að lokum, nokkur orð um útrásina. Almennt gleðjumst við landarnir yfir árangri af fjárfestingum erlendis. Í sumum tilvikum hefur líka verið sýnd stórkostleg hugkvæmni og framsýni og vil ég þar nefna árangur bræðranna sem kenna sig við Bakkavör. Bakkavararbræður hafa haslað sér völl í Bretlandi og víðar og margt af því sem ýmsir aðrir íslenskir aðilar eru að gera víðs vegar um heiminn er aðdáunarvert. En það er ekki allt kræsilegt sem íslensk fyrirtæki hafa tekið sér fyrir hendur, t.d. í austanverðri Evrópu þar sem








LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN... ALLTAF!

*Við skulum ekki gleyma að undirstaða vaxtarins í bankakerfinu er íslenska lífeyrissjóðakerfið. Grundvöllur þess er markaður af lögum frá Alþingi. Lífeyrissjóðirnir eru byggðir upp af skyldusparnaði íslenskra launamanna.*

fátækum þjóðum hefur verið þröngvað til að afhenda fjármálamönnum þjóðareigur, oft með hótunum um að ella verði horfið með allt fjárfestingafjármagn úr landi. Nefni ég þar sem dæmi þann þrýsting sem íslenskir og bandarískir fjársýslumenn beittu stjórnvöld í Búlgaríu til að fá Búlgara til að framselja í þeirra hendur búlgarska Símann fyrir fáeinum misserum.

**Burt með hina íslensku dollarabúð**

Í fyrrnefndum pistli mínum vildi ég leggja áherslu á að tími sé kominn til að ræða hinar félagslegu afleiðingar markaðsvæðingarinnar og þeirrar misskiptingar sem hún hefur leitt til. Í gömlu Sovétríkjunum voru við lýði svokallaðar dollarabúðir þar sem forréttindaklíkan verslaði. Þær voru táknrænar um misskiptinguna og úthrópaðar af öllu réttsýnu fólki enda til marks um kjaragjána í þjóðfélaginu. Á Íslandi er að verða til dollarasjoppusamfélag. Annars vegar er það almenningur sem stendur í biðröðunum og hins vegar þotuliðið sem stígur upp í sína þotu og fer þangað sem hugurinn girnist í eiginlegri og óeiginlegri merkingu.

Viljum við svona þjóðfélag? Mitt svar er nei. Þess vegna hef ég hvatt íslenska fjármálamenn til að sýna ábyrgð og gæta hófsemi. Með því sýna þeir samstöðu og vilja til að eiga samleið með íslensku samfélagi – því samfélagi sem þeir eiga velgengni sína að þakka. Að öðrum kosti eru þeir einfaldlega farnir úr því þjóðfélagi sem hér hefur verið reist og þróað.

Þeir sem mesta ábyrgð bera á hinni íslensku dollarabúð sitja hins vegar sem fastast. Það er jú ríkisstjórn lands vors. Með einkavæðingu almannaeigna og öllu því laga- og reglugerðarverki sem hún hefur smíðað varð til jarðvegur misréttis. Ég hef alla tíð verið eindreginn talsmaður þess að hér væru reknar bankastofnanir sem sýni ábyrgð gagnvart samfélagi sínu og iðulega hef ég hrósað því sem vel hefur verið gert í íslenskum bönkum sem standa í fremstu röð í heiminum í ýmsum efnum. Slíka banka vil ég halda í sem fastast. Um hitt velkist ég ekki í vafa um hvert ég vil stjórnarmeirihluta Framsóknar og Sjálfsstæðisflokks kominn. Hann vil ég burt – út úr Stjórnarráði Íslands eins fljótt og auðið er. Sem betur fer styttist í að þjóðin geti látið þann draum verða að veruleika.

*Höfundur er þingmaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs.*

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins
í Suðvesturkjördæmi

4. sætið

Til sigurs í vor!

Hlíðasmára 2
Kópavogi
Sími 822 8650
www.sigurrosth.is

**Ágætu sjálfstæðismenn**

Í dag stillum við sjálfstæðismenn í Suðvesturkjördæmi saman strengi og kjósum okkur sigurstranglegan lista fyrir alþingiskosningarnar í vor.

Ég er sannfærð um að reynsla mín og þekking á sviði þjóðmála muni styrkja öflugan hóp og laða fleiri kjósendur að Sjálfstæðisflokknum en annars væri unnt.

Ég býð mig fram í 4. sæti listans til að stuðla að þeim hagstæða árangri sem við öll stefnum að í vor, landi og þjóð til heilla.

Ég hvet þig til að taka þátt í prófkjörinu í dag og slá þar þann tón sem mun leiða okkur sjálfstæðismenn til sigurs í vor.

Sigurrós Þorgrímsdóttir alþingismaður



Sigurrós til sigurs í 4. sæti

STUÐNINGSFÓLK



NÝTT BLÓÐ Í BARÁTTUNA

- JÖFNUM LEIKINN
- VERJUM VELFERÐARRÍKIÐ
- RÉTTLÁTT SKATTKERFI
- SJÁLFSTÆÐ UTANRÍKISSTEFNA

Kynnið ykkur stefnumálin á www.glumur.is

GLÚMUR BALDVINSSON

5-8 SÆTI

Prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík, 11. nóvember


Mad gør dig glad!
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 300 kr. kg
ROASTBEEF
ÚR KJÖTBORÐI
2.998 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 1.000 kr. kg
HREINDÝRAFILLET
FYRIR VEISLUNA
3.998 kr. kg
Úr Fiskborði Nóatúns
Þú sparar 300 kr. kg
RAUÐSPRETTA
EFTIR DÖNSKUM SIÐ
1.398 kr. kg
30% afsláttur
GOURMET RAFTASKINKA
Í HEILU
1.485 kr. kg
40% afsláttur
MÓA KJÚKLINGUR
LÆRI/LEGGIR - MAGNKAUP
389 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 200 kr. kg
DANSKAR KJÖTBOLLUR
ÚR KJÖTBORÐI
1.298 kr. kg
Hatting brauð
20% afsláttur
TUBORG GRÖN
LÉTTÖL 500 ML
69 kr. stk.
CARLSBERG
LÉTTÖL 500 ML
69 kr. stk.
Pölsemester danskar pylsur
40% afsláttur
Ora Síld hátíðarsíld 398 kr. stk.
& Myllu danskt rúgbrauð 30% afsláttur
NÓATÚN



Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Danskar freistingar!
Úr Fiskborði Nóatúns
LÚÐUSTEIK
MEÐ HOLLANDIESE HJÚP
1.798 kr. kg
GRÍSALUNDIR
M. SÆLKERAFYLLINGU
1.998 kr. kg
30% afsláttur
GOURMET OFNSTEIK
MEÐ DÖNSKU ÍVAFI
1.236 kr. kg
DANSKT SMURBRAUÐ
BEIKON & KÆFA - RAUÐSPRETTA - REYKTUR LAX - ROASTBEEF - RÆKJA - SPÆGIPYLSA
498 kr. stk.
Girnilegir danskir ostar
Bakkelsi að dönskum hætti
Allt að 60% afsláttur
Velbekomme!

# Hin týnda króníka Össurar

*Í Dagbók **Þráins Bertelssonar** víkur höfundur frá viðburðasnauðu og borgaralegu lífi sínu og svipast um á hinum pólitísku vígvöllum og skáldar í eyðurnar í króníku Össurar Skarphéðinssonar um samtímastjórnmál. Einnig er minnst á 36 metra gönguferð, 5-tugsafmæli og löngu tímabær afskipti æðri máttarvalda af stjórnmálum vestan hafs.*

## Kæra Dagbók



*Þráinn Bertelsson skrifar*

### Merkisdagur

Nóvember 4 LAUGARDAGUR

Nú er ég búinn að halda mína fyrstu myndlistarsýningu.

Sýningin hófst í dag í Galleríi Sævars Karls. Það dreif að fólk úr öllum áttum og ég heilsaði á báða bóga. Sérstaklega þótti mér gaman að hitta konu sem kom og vildi eiga við mig orð.

„Ég kom nú reyndar ekki fyrst og fremst til að skoða þessa sýningu," sagði hún. „Mig langaði aðallega til að sjá konuna þína af því að þú skrifar svo fallega um hana."

Ég benti henni á Sólveigu mína í mannþrönginni og gat ekki betur séð en konunni þætti sjón sögu ríkari. Það finnst mér reyndar líka.

Þetta gekk sem sagt allt saman vonum framar og ég þarf greinilega ekki að hafa áhyggjur af því að sitja uppi með margar myndir þegar sýningunni lýkur.

Um kvöldið hélt gleðin áfram. Fimmtugsafmæli hjá Ásu frænku í Hafnarfirði. Ég sem hélt hún væri nýorðin þrítug.

### Týndi kaflinn úr Össurar-króníku

Nóvember 6 MÁNUDAGUR

Á þessu blóðuga prófkjörshausti vitja ég oft um Alnetið og sigli þá slóðina: http://ossur.hexia.net/.

Þar skrifar Össur Skarphéðinsson einhverjar snjöllustu lýsingar á samtímapólitík sem sést hafa síðan höfundur Íslendingasögu, snillingurinn Sturla Þórðarson, lagði frá sér fjöðurstafinn.

Sturla var bróðursonur Snorra og skrifaði líka skemmtisögur fyrir almenning, til dæmis frægasta róman miðalda sem fjallar um ástir og örlög fólks á Bergþórshvoli og Hlíðarenda og væri efni í stórkostlega sápuóperu ef íslenska sjónvarpið hefði döngun til að þvo af sér slyðruorðið og slá út danska og enska framhaldsþætti.

Össur er ekki af Sturlungaætt heldur af hinu friðsama Fremrahálskyni og hefur sérhæft sig í eitursnjöllum greiningum á innvortis átökum íslenskra stjórnmálaflokka, einkum svíður sjálfstæðis- og framsóknarmenn undan penna hans.







Í króníku Össurar um íslenska samtímapólitík er þó ein eyða sem sagnfræðingar framtíðarinnar eiga eftir að harma mjög. En þannig er að þessum snilldarpenna hefur alveg láðst að beina broddi sínum að ástum sinna samlyndu samherja í Samfylkingunni. Enda er það svo að mala domestica graviora sunt lachrimis eins og Brynjólfur heitinn biskup sagði þegar búið var að fífla heimasætuna og ku útleggjast þannig: Heimilisböl er þyngra en tárum taki.



Ekki svo að skilja að ég hafi innsýn Össurar í vargöld íslenskra stjórnmála en þegar ég lít í átt til hans og Samfylkingarinnar kemur mér í hug prýðilegt kvæði eftir Grím Thomsen (fyrrum alþingismann) þar sem segir m.a.

*Horn skella á nösum*
*og hnútur fljúga um borð,*
*hógvær fylgja orð,*
*en þegar brotna hausar og*
*blóðið litar storð*
*brosir þá Goðmundur kóngur.*

Ég lái ekki Össuri þótt hann brosi í kampinn eins og Goðmundur kóngur því að ekki er annað að sjá en þeim sem studdu hann í formannskjörinu, sællar minningar, gangi allt í haginn en andstæðingarnir uppskeri eins og til var sáð.

### Glettni örlaganna

Nóvember 7 ÞRIÐJUDAGUR

Í Suðurkjördæmi vann Björgvin G. glæsilegan sigur en hann var harðasti stuðningsmaður Össurar og þótti mörgum það vanhugsað hjá svo ungum manni að binda trúss sitt við Össur þegar fúndamentalistar í pólitískum rétttrúnaði boðuðu komu Messíönu.

Í Suðvesturkjördæmi fékk



Katrín Júlíusdóttir rússneska kosningu í annað sætið en líkt og Björgvin fór hún ekki dult með stuðning sinn við Össur.

Árni Páll Árnason sem Össur á heimasíðu sinni segist hafa vakað yfir í pólitískri bernsku náði líka ótrúlegum árangri og krækti sér í öruggt þingsæti.

Í Norðvesturkjördæmi vann séra Karl Matthíasson frægan sigur og náði öðru sæti sem ætti að duga til þingfarar, en segja má að séra Kalli sé heimilisklerkur hjá Össuri.

Kristján Möller og Einar Már unnu örugga prófkjörssigra.

Auðvitað samgleðst allt samhent Samfylkingarfólk þessum ágætu sigurvegurum en það hlýtur þó að verða einhverjum umhugsunarefni hvort það sé einskær tilviljun eða glettni örlaganna að Jón Gunnarsson sem aðhylltist andstæðinga Össurar beið pólitískan bana í Suðurkjördæmi og erfðaprinsinn Lúðvík Bergvinsson varð að lúta þar í lægra haldi fyrir Björgvini, pólitískum kjörsyni Össurar.

Það virðist svo sannarlega ekki fylgja því gifta að hafa farið gegn sitjandi formanni Samfylkingarinnar því að auk þeirra mannskaða sem hér hafa verið taldir féll Anna Kristín Gunnarsdóttir úr öruggu sæti í Norðvesturkjördæmi.

Andstæðingar Samfylkingarinnar í öðrum flokkum sem hafa orðið fyrir beittum penna Össurar geta ornað sér við tilhugsunina um að ekki sér enn þá fyrir endann á þeirri miklu valdatilfærslu sem orðið hefur í flokknum með þessum prófkjörum. Reykjavík er eftir.

Fari svo að sú valdatilfærsla í Samfylkingunni sem hófst með prófkjörum í landsbyggðinni haldi áfram í Reykjavík mun þess ef til vill ekki langt að bíða að einhver impri á þeirri nýmóðins hefð í Samfylkingunni sem gert hefur


PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS
í Suðvesturkjördæmi fer fram í dag laugardaginn 11. nóvember.


Sigurrós Þorgrímsdóttir
alþingismaður


Steinunn Guðnadóttir
íþróttakennari og fyrrverandi bæjarfulltrúi


Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
ráðherra


Ármann Kristinn Ólafsson
forseti bæjarstjórnar Kópavogs


Árni Þór Helgason
arkitekt


Bjarni Benediktsson
alþingismaður


Bryndís Haraldsdóttir
varaþingmaður


Jón Gunnarsson
framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar


Pétur Árni Jónsson
skattaráðgjafi


Ragnheiður Elín Árnadóttir
aðstoðarmaður forsætisráðherra


Ragnheiður Ríkharðsdóttir
bæjarstjóri

X

KOSIÐ ER Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM:

Hafnarfjörður: Víðistaðaskóli, Hrauntungu 7
Álftanes: Skátaheimilið, Breiðumýri
Garðabær: Sjálfstæðisheimilið á Garðatorgi
Kópavogur: Sjálfstæðisheimilið, Hlíðasmára 19
Mosfellsbær og Kjósarhreppur: Lágafellsskóli Lækjarhlíð
Seltjarnarnes: Sjálfstæðishúsið, Austurströnd 3

Kjörstaðirnir eru opnir frá kl. 9 til 18 í dag.

hvað mesta lukku að heppilegra sé að einhver annar en sitjandi formaður verði forsætisráðherraefni flokksins í þeim þingkosningum sem fara í hönd – og spurning hvort Össur muni slíta hár úr brosmildum kampi sínum ellegar muna eyrnafíkjuna forðum ef bogastrengur núverandi formanns kynni að bresta.



Nóvember 8 MIÐVIKUDAGUR

### Æðra réttlæti

Hið æðra réttlæti sér til þess að það er ekki bara í Samfylkingunni sem menn súpa seyðið af verkum sínum. Núna er komið í ljós að George Bush (vinur Davíðs) og félagar hafa fengið verðskuldaða rassskellingu.

Repúblíkanar eru búnir að tapa fulltrúadeild þingsins og fyrirsjáanlegt er að þeir tapi líka meirihluta í öldungadeildinni.

Bill Clinton fékk að kenna á því hvað það þýðir fyrir forseta að hafa ekki meirihluta á þingi þegar repúblíkanar voru næstum búnir að flæma hann úr embætti. En það er ekki ólíklegt að það renni innan tíðar upp fyrir einhverjum þingmönnum að viðundrið frá Texas (vinur Davíðs) hafi verri hluti á samviskunni en kvennafar í vinnutímanum.



Nóvember 9 FIMMTUDAGUR

### 36-metra gönguferð

Venjulega gengur mér vel að lifa í núinu og láta hverjum degi nægja sína þjáning. En núna, aldrei þessu vant, er ég með hugann við atburði helgarinnar.

Fyrst og fremst er ég að hugsa um málverkasýninguna, en á laugardaginn klukkan þrjú og fjögur ætla ég að bjóða upp á það sem mest er í tísku í myndlistarheiminum um þessar mundir og ganga með gestum um sýninguna og útskýra fyrir þeim tákn og dulin skilaboð í verkunum. Þetta er mjög hæfilegur göngutúr. Salurinn er 5x14 metrar svo að gönguleiðin er samtals um 36 metrar, aðeins lengri ef fólk er mjög nærsýnt. Það er ekki laust við að ég kvíði fyrir því að jafn einfalt og það er að búa til myndir er flókið að tala um þær.

Og í öðru lagi er ég að velta því fyrir mér hvað ég á að hafa í sunnudagsmatinn.

# ÍSLAND OG FÆREYJAR

**Umræðan**
Vinaþjóð

Engin þjóð stendur okkur Íslendingum nær en Færeyingar. Það er því mikið fagnaðarefni að nú í lok árs hafa verið stigin tvö söguleg og gífurlega mikilvæg skref til nánara formlegs samstarfs landanna og áframhaldandi náinna samskipta þjóðanna.

Í fyrsta lagi tók fríverslunarsamningur milli Íslands og Færeyja, svokallaður Hoyvíkur-samningur, gildi nú um mánaðamótin. Samningurinn er einn sá víðtækasti sem íslensk stjórnvöld hafa gert og sá fyrsti sem gerir ráð fyrir fullri fríverslun með landbúnaðarafurðir. Hann tryggir íbúum landanna einnig mikilvæg réttindi í landi hvors annars, m.a. varðandi frjálsa för fólks og búseturétt. Í umræðum um alþjóðavæðingu íslenska hagkerfisins er oft horft langt yfir skammt. Þá vill gleymast að við flytjum út vörur til Færeyja fyrir um tvo milljarða króna á ári og að eyjarnar eru mikilvægari útflutningsmarkaður en t.d. Kína, Finnland og Kanada. Nú þegar samningur tekur gildi má auk þess gera ráð fyrir að viðskiptin aukist enn frekar, ekki síst varðandi landbúnaðarvörur. Neysluvenjur Íslendinga og Færeyinga eru að mörgu leyti áþekkar og færeyskur landbúnaður uppfyllir ekki eftirspurn markaðarins. Framleiðendur búnaðarvara telja t.d. að útflutningur á kjöti, eggjum og mjólkurafurða til Færeyja muni aukast verulega nú þegar Hoyvíkursamningurinn tekur gildi.



HJÁLMAR ÁRNASON

Áform utanríkisráðherra um opnun íslenskrar sendiskrifstofu í Færeyjum er annað mikilvægt skref í samskiptum landanna. Á ársfundi Vestnorræna ráðsins í ágúst voru ríkisstjórnir Íslands, Færeyja og Grænlands hvattar til þess að opna sendiskrifstofur í hvers annars landi. Slík skrifstofa í höfuðborg náfrænda okkar getur skipt miklu máli við að styrkja samstarf landanna, samskipti þjóðanna og hvetja til aukinna viðskipta þeirra í milli. Vonandi munu Færeyingar í kjölfarið opna sendiskrifstofu í Reykjavík.

Í umræðunni um mikilvæg markaðssvæði í fjarlægum og fjölmennum ríkjum megum við ekki líta fram hjá næstu nágrönnum okkar. Hoyvíks-samningurinn og sendiskrifstofa í Færeyjum eru mikilvæg skref til þess að tryggja samskipti landanna og þjóða þeirra til framtíðar.

*Höfundur er alþingismaður Framsóknarflokksins. (Greinin er birt í heild á Visir.is)*

120 1886 2006



Maður, náttúra og mynd

Ingálvur av Reyni
Sámal Joensen-Mikines
Zacharias Heinesen

Í Landsbankanum, Austurstræti, í afgreiðslusal og á 2. hæð eru sýnd málverk eftir þrjá af helstu listamönnum færeysku þjóðarinnar. Um er að ræða skiptisýningu Landsbankans og Færeyjabanka í tilefni 120 ára afmælis þess fyrrnefnda og 100 ára afmælis þess síðarnefnda á þessu ári.

Á sýningunni í Landsbankanum eru sýnd verk í eigu Færeyjabanka eftir þrjá af helstu listamönnum færeysku þjóðarinnar. Myndlistarsýningin er öllum opin á afgreiðslutíma Aðalbankans í Austurstræti frá 30. október til 30. nóvember.

Leiðsögn í dag, laugardag

Í dag, laugardaginn 11. nóvember, mun Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur verða með leiðsögn um sýninguna. Húsið verður opnað kl. 14:30. Leiðsögnin hefst kl. 15:00 og stendur í um klukkustund.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

## UMMÆLI VIKUNNAR

*Það er ekki oft sem ég get stigið í pontu á eftir hæstvirtum iðnaðarráðherra og sagt: Nú er ég sammála hæstvirtum ráðherra. En það er ástæða til að gera það nú.*

Kolbrún Halldórsdóttir VG í umræðum um skattamál kvikmyndagerðar.

*Hér er spurt um hvort eigi að senda út og segja fréttir alla virka daga hjá svæðisútvarpinu á Austurlandi. Á Suðurnesjum brennur aftur á móti spurningin: Á ekki að taka upp útsendingar svæðisútvarps á Suðurnesjum?*

Jón Gunnarsson Samfylkingunni í umræðum um Svæðisútvarp Austurlands..

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

## Þingsályktað út í loftið

Þótt samþykkt þingsályktunartillagna sé eflaust góðra gjalda verð er ekki þar með sagt að sérstakt útlit sé fyrir að mál sem ályktað er um sé komið á góðan rekspöl.

Alþingi hefur samþykkt þingsályktunartillögu sem hljóðar svo: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða, meðal annars í samráði við hóp áhugamanna og Náttúrufræðistofnun Íslands, undirbúningi að byggingu yfir nútímalegt náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu.“

Tólf þingmenn úr öllum flokkum stóðu á tillögunni.

Og hvers vegna skyldi þetta mál hafa verið lagt fram? Jú, vegna þess að árið 1967 opnaði Náttúrugripasafn Íslands í 100 fermetra bráðabirgðahúsnæði við Hlemm.

Og hvenær ætli þingsályktunin hafi verið samþykkt? Jú, árið 1985.

Og hvar skyldi Náttúrugripasafnið vera í dag? Jú, í 100 fermetra bráðabirgðahúsnæðinu við Hlemm.

Á því 21 ári sem liðið er frá samþykkt tillögunnar er sumsé allt við það sama. Reyndar hafa fjölmargar nefndir fjallað um húsnæðiskost safnsins og fjölmargar skýrslur hafa verið skrifaðar og niðurstöðurnar eru allar á sömu lund; við þetta ástand verður ekki unað lengur. En svona er það nú samt og eflaust á eftir að skipa fleiri nefndir og skrifa fleiri skýrslur með sömu niðurstöðum en áfram verða náttúrugripirnir í 100 fermetra bráðabirgðahúsnæðinu við Hlemm.



## Meint eða ekki

Halldór Blöndal Sjálfstæðisflokki efast um að Össur Skarphéðinsson Samfylkingunni meini alltaf allt sem hann segi og lét þá skoðun sína í ljós í þinginu á þriðjudag. Össur spurði viðskiptaráðherra hvort í ráði væri að lækka virðisaukaskatt á geisladiskum enda sín skoðun að það bæri að gera. Halldór rifjaði upp að Alþýðuflokkurinn, flokkur Össurar á þeim tíma, hafi verið andsnúinn lækkun virðisaukaskatts á tónlist. Sagði hann svo um Össur: „ Stundum held ég að hann meini það sem hann segir, stundum er ég ekki viss, og stundum er ég sannfærður um að hann meinar ekki orð af því sem hann segir.“
Að þessu var hlegið.

## VIKA Í PÓLITÍK

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

# Orð voru dýr

*Orð*
*ég segi alltaf færri og færri orð*
*enda hafði ég lengi á þeim illan bifur.*
*Tign mannsins segja þeir*
*þó þeir geri sér ekki ljóst að orð eru dýr*
*né með hverju þeir geti borgað.*
*Sigfús Daðason.*



Kynþáttafordómar voru helsta málið í þjóðmálaumræðunni í vikunni. Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins, hóf umræðuna í Silfri Egils á sunnudag og hélt henni áfram á Alþingi á mánudag og þriðjudag. Magnús má eiga það að hann liggur ekki á skoðunum sínum og árið 2004 sagði hann eitthvað á þá leið að réttast væri að sprengja dómsmálaráðherrann, og gott ef ekki forseta þingsins líka, í loft upp.

Þó sprengjur hafi ekki komið við sögu í máli Magnúsar um fjölgun útlendinga á Íslandi tók hann sterkt til orða og sló fram ýmsum fullyrðingum.

Til dæmis þessari: „Af einhverjum óútskýranlegum ástæðum völdu ríkisstjórnarflokkarnir ekki að fara þessa leið [fresta frjálsri för launafólks], þrátt fyrir að allir sem skoðuðu málin af raunsæi og yfirvegun sæju að við værum ekki reiðubúin til að taka á móti þeim fjölda sem hingað mundi eflaust streyma.“ Þetta sagði hann þrátt fyrir að ríkisstjórn og félagsmálanefnd þingsins hafi haft helstu sérfræðinga með í ráðum við gerði frumvarps um málið.

Magnús sagði líka: „1. maí árið 2006 var svartur dagur í sögu þjóðarinnar og það voru sendar sennilega köldustu kveðjur sem verkalýðshreyfingin og launþegar í landinu höfðu nokkru sinni fengið.“ Þetta sagði hann þrátt fyrir að Alþýðusamband Íslands - fjölmennustu heildarsamtök launþega - hafi komið að samningu frumvarpsins. Og ennfremur sagði Magnús: „Það sjá allir skynsamir menn að hér stefnir í óefni.“

Varaformaður Frjálslynda flokksins lætur svo lítið að segja þá sem ekki sjá að í óefni stefni óskynsama. Þeir sem eru ekki sammála Magnúsi Þór Hafsteinssyni eru semsagt óskynsamir.

Það var hins vegar rétt sem þingmaðurinn sagði um að starfshópur á vegum stjórnvalda hafi ekki skilað áliti um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði eins og til stóð. Og það má vissulega gagnrýna og það harðlega.

Skáldið Sigfús orti á sínum tíma um orð og sagði þau dýr.

Magnús Þór Hafsteinsson gengisfelldi orðin á Alþingi á þriðjudag.






**BJÖRN INGI HRAFNSSON** Hefur lagt fram frumvarp til laga um breytingar á nafnalögum. „Ég tel að foreldrar hafi almennt til að bera það mikla væntumþykju til barna sinna að þeir velji þeim ekki nöfn sem eru þeim til ama eða koma þeim illa.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ríkið hætti að skipta sér af vali fólks á mannanöfnum

**Björn Ingi Hrafnsson, varaþingmaður Framsóknarflokksins, leggur til að Mannanafnanefnd verði lögð niður og að smekkur foreldra fyrir nöfnum barna sinna fái að ráða en ekki smekkur opinberra nefndarmanna.**

„Ég tek undir þá gagnrýni sem sett hefur verið fram á undanförnum árum á starfsemi Mannanafnanefndar,“ segir Björn Ingi sem mælir fyrir frumvarpi um breytingar á mannanafnalögum í næstu viku.

Hann tekur fram að gagnrýni sín beinist ekki að því fólki sem setið hefur í nefndinni, lögin hafi á hinn bóginn verið of þröng og ekki í samræmi við það nútímaviðhorf að fólk eigi að ráða sínum málum sjálft. „Ég tel að foreldrar hafi almennt til að bera það mikla væntumþykju til barna sinna að þeir velji þeim ekki nöfn sem eru þeim til ama eða koma þeim illa,“ segir Björn Ingi.

Eins og lögum er nú háttað gefur Mannanafnanefnd út samræmt yfirlit yfir nöfn sem heimilt er að nota og fundar reglulega um umsóknir um undanþágur. Björn Ingi telur þetta ekki hlutverk ríkisvaldsins og segir að almenna reglan eigi að vera sú að nöfn séu leyfð og aðeins sé hægt að banna þau í algjörum undantekningartilvikum - þegar um hreinar nafnleysur er að ræða. „Það hefur lengi verið í lögunum að nafnberi megi ekki hafa ama af nafni sínu og það stendur óhaggað.“

Spurður um einstök dæmi þess að lög um Mannanafnanefnd hafi verið borgurum til trafala nefnir Björn Ingi nafnið Sævarr með tveimur errum. „Það var nýlega samþykkt í nefndinni eftir margra ára þrautagöngu og það eru fjölmörg dæmi um nöfn sem hafa lifað með kynslóðum án þess að hljóta náð fyrir augum nefndarinnar. Á sama tíma hefur sumum fundist nöfn sleppa í gegn sem hafa enga tengingu við íslenska tungu.“ Björn Ingi segir að þegar svo hátti til snúist mál um smekk. „Og ég vil frekar að smekkur foreldranna og barnanna ráði heldur en þess ágæta fólks sem hefur valist til setu í Mannanafnanefnd á hverjum tíma.“

Björn Ingi segir þetta mál eitt þeirra sem þjóðin hafi hvað sterkastar skoðanir á og býst við snarpri og skemmtilegri umræðu í þinginu í næstu viku.

# Fjölgað um þrettán rými á réttargeðdeildinni að Sogni

Heilbrigðisráðherra kynnti í vikunni áform um að stækka réttargeðdeildina á Sogni. Nú eru þar sjö rými en iðulega hafa fleiri dvalist á deildinni og þá hafst við í vistarverum sem ekki eru ætlaðar til dvalar.

Margrét Frímannsdóttir Samfylkingunni spurði um framtíðaráform ráðherra um rekstur og uppbyggingu starfsemi réttargeðdeildarinnar að Sogni og sagði stjórnvöld fram til þessa hafa verið sinnulaus gagnvart deildinni.

Siv Friðleifsdóttir skýrði frá því í svari sínu að starfshópur hefði, eftir úttekt á húsakynnunum, lagt til úrbætur og hefði hún ákveðið að ráðast í þær. Verður rýmum því fjölgað um þrettán og verða því tuttugu í framtíðinni. Kosta framkvæmdirnar á milli sex og sjö hundruð milljónir króna.



**MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR**



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**



**RÉTTARGEÐDEILDIN AÐ SOGNI** 600-700 milljónum verður varið til stækkunar.

Í máli Sivjar kom fram að um fjörutíu sjúklingar hafa verið lagðir inn á réttargeðdeildina að Sogni á þeim tæpu fimmtán árum sem deildin hefur starfað.




ARGUS / 06-0552

Fram til áramóta fá nýir viðskiptavinir í *DMK* gjafabréf fyrir tvo í Borgarleikhúsinu.

# Tímamót!

*DMK* markar tímamót í bankaþjónustu við fólk á fullri ferð út í lífið.

Það er í nógu að snúast á árunum í kringum lok framhaldsnáms, þegar atvinnuferillinn er að byggjast upp, fjölskyldan að vaxa og dafna, framtíðaríbúðin í sjónmáli og svo mætti lengi telja. Ný *DMK þjónusta* SPRON miðar að því að mæta þörfum þeirra sem standa í þessum sporum og gera fjármálin einfaldari, hagkvæmari og þægilegri.

Samsetning *DMK þjónustunnar* og helstu kostir eru:*

- ***DMK DEBETKORT*** – fæst án árgjalds og með 200 fríum færslum
- ***DMK KREDITHEIMILD*** – fylgir debetkortinu og er bæði vaxtalaus og án nokkurs kostnaðar
- ***DMK YFIRDRÁTTARHEIMILD*** – hefðbundin og á hagstæðum vöxtum
- ***DMK TILTEKTARLÁN*** – óhagstæðum skammtímaskuldum breytt í eitt hagstætt lán, aðeins 1% lántökugjald
- ***DMK LÉTTLÁN*** – viðskiptavinir stýra afborgunum í takt við getu hverju sinni, aðeins 1% lántökugjald
- ***DMK 90% ÍBÚÐALÁN*** – og sérkjör á brunatryggingu fyrir þá sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð
- ***DMK RÁÐGJÖF*** – sérsniðin ráðgjöf að þörfum fólks á leið út í lífið
- ***DMK REGLULEGUR SPARNAÐUR*** – er verðlaunaður með sérstöku mótframlagi, styrkjum og sérkjörum
- ***DMK 50% AFSLÁTTUR*** – af árgjaldi kreditkorta SPRON
- ***DMK TILBOÐ*** – hjá völdum verslunum og þjónustufyrirtækjum

**Skoðaðu framtíðina með *DMK* og sæktu um á spron.is**

spron

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is
** skv. útlánareglum SPRON*




# RÝMING

*á yfir 600 gerðum af ljósum!*

# 50 *eða*




# ARSALA

# 70%

# afsláttur

**BYKO**

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

MESTA ÚRVALIÐ ER Í BYKO BREIDD, MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM

**LEONARDO DICAPRIO**
**FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1974**



*„Ekki láta ykkur detta það í hug að ég sé líkur einhverjum þeim sem ég hef leikið. Ég er það alls ekki. Þess vegna kallast þetta að leika.“*

***DiCaprio, sem nýlega lék í mynd Martins Scorsese, The Departed, er 32 ára í dag. Hann hefur tvisvar verið tilnefndur til óskarsverðlaunanna.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 11. NÓVEMBER 1987

## *Heimsmet í listaverkasölu*

Á þessum degi árið 1987 var sett heimsmet í listaverkasölu þegar málverk Vincents Van Gogh, Irises, seldist á rúma þrjá milljarða króna.

Upphæðin var tvöfalt hærri en sú sem talið var að málverkið myndi seljast á. Kaupandinn vildi ekki láta nafns síns getið. Málverkið sýnir garðinn hjá Saint-Remy geðsjúkrahúsinu í Frakklandi þar sem Van Gogh dvaldist. Það var málað árið 1889, nokkrum mánuðum áður en listamaðurinn framdi sjálfsvíg aðeins 37 ára gamall.

Gamla metið var sett í mars sama ár þegar japanskt tryggingafyrirtæki keypti verkið Sunflowers sem Van Gogh á einnig heiðurinn af. Var það keypt fyrir 2,7 milljarða króna. Fyrri eigandi málverksins var auðjöfurinn John Whitney Payson. Hafði móðir hans keypt það á tæpa fimm og hálfa milljón króna árið 1947.



**VAN GOGH**
Listamaðurinn Vincent Van Gogh framdi sjálfsvíg 37 ára gamall.

## MERKISATBURÐIR

**1889** Washington verður 42. ríki Bandaríkjanna.

**1918** Fögnuður víða um heim vegna loka fyrri heimsstyrjaldarinnar. Fánar í Reykjavík blakta í hálfa stöng vegna spænsku veikinnar.

**1942** The Road to Morocco, gamanmynd með Bob Hope, Bing Crosby og Dorothy Lamour, er frumsýnd.

**1965** Ródesía lýsir yfir sjálfstæði.

**1992** Enska biskupakirkjan samþykkir að konur geti orðið prestar.

**2004** Jasser Arafat, leiðtogi Palestínu, deyr 75 ára gamall.



†

*Okkar elskulegi og ástkæri,*

**Guðmundur Ingi Ólafsson**
Hólabraut 14, Skagaströnd,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans 8. nóvember.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ólafur R. Ingibjörnsson**
**Árný Guðrún Ólafsdóttir**
**Rebekka Laufey Ólafsdóttir**
**Brynjar Max Ólafsson**
**Ingibjörn Hallbertsson**
**Hrönn Árnadóttir**
**Haraldur Friðriksson**
**Ari Þór Guðmannsson**

†



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigurðar Snæbjörnssonar**
Höskuldsstöðum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks lyfjadeildar FSA.

**Rósa Árnadóttir og fjölskylda.**

†



*Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðrúnar Pálsdóttur**
Lækjasmára 6, Kópavogi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á deild 14G á Landspítalanum og Rósu Kristjánsdóttur djákna fyrir ómetanlegan stuðning og hlýju.

**Sigurður Pálsson**
**Þórunn Sigurðardóttir**
**Páll Sigurðsson**
**Sigrún Sigurðardóttir**
**Ásgeir Sigurðsson**
**Guðný Sigurðardóttir**
**Hildur Sigurðardóttir**
**Sigurður Knútsson**
**Aldís Aðalbjarnardóttir**
**Tómas Erling Lindberg**
**Jóhanna G. Guðjónsdóttir**
**Halldór Ág. Morthens**
**Barnabörn og barnabarnabörn**




# Legsteinar
Kynningarafsláttur af völdum tegundum
Fjölbreytt úrval
Hagstæð verð
Stuttur afgreiðslufrestur

**Steinsmiðjan Rein**
Viðarhöfða 1 - 110 RVK.
sími 566 7878 • www.rein.is


**REGÍNA HÖSKULDSDÓTTIR:** LANDAKOTSSKÓLI FAGNAR 110 ÁRA AFMÆLI Í DAG

# Fjölmenning í fyrirrúmi

Landakotsskóli fagnar afmæli sínu á veglegan hátt í dag, en nú eru liðin 110 ár frá því að danskar systur af sankti Jósefsreglu hófu kennslu í Landakoti og lögðu þar með grunninn að Landakotsskóla, sem er einn elsti skóli landsins og einn fárra einkaskóla. „Systurnar kenndu bæði frönsku og dönsku,“ segir Regína Höskuldsdóttir, skólastjóri. „Núna hefjum við frönskukennslu strax í fimm ára bekk,“ bætti hún við. Skólinn var rekinn af Kaþólsku kirkjunni þar til í fyrra, þegar honum var breytt í sjálfseignarstofnun með sjálfstæðri stjórn, en hann starfar þó áfram í húsnæði kirkjunnar við Túngötu.

Regína segir tungumálakennsluna vera stolt skólans. „Já, tungumálakennslan og fjölmenningin sem hér er. Hvert fjórða barn, ef ekki fleiri, er af erlendum uppruna, og svo er mikið um íslensk börn sem hafa búið erlendis,“ sagði Regína, en hún segir erlenda nemendur spjara sig mjög vel í skólanum. „Ég hóf störf hér í fyrra, og þegar ég var rétt byrjuð kom hingað stúlka frá Úkraínu sem talaði ekki stakt orð í íslensku. Á vorprófinu í íslensku brilleraði stelpan svo og var langt yfir meðallagi. Nú var að koma drengur frá Kína sem segir ekki orð, en ég hef engar áhyggjur af honum,“ sagði Regína, ánægð með frammistöðu nemenda sinna.

Landakotsskóli hefur einnig verið mjög framarlega hvað varðar námsárangur nemenda í stærðfræði og leggur jafnframt mikla rækt við listgreinar. „Hér starfar sérstakur tónlistarskóli, og við venjum fimm ára börnin á að syngja fyrir gesti og troða upp með eitthvað. Krakkarnir eru að gera mjög skemmtilega hluti í myndmennt, og sérstaklega í þemavikunni sem við héldum í tilefni af afmælinu. Þá unnu þau með heimsálfurnar. Unglingarnir okkar standa líka í miklum æfingum fyrir Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkur, sem fer fram á þriðjudag. Við viljum sjá sjálfsöruggt ungt fólk, sem þorir að koma fram með sköpunarverk sitt og vera stolt af því,“ sagði Regína.

Nemendur í Landakotsskóla hafa að sögn Regínu vakið athygli vegna kurteisi sinnar og prúðmennsku. „Hér er bara einn bekkur í árgangi og bekkirnir fámennir. Allir þekkja alla með nafni og krakkarnir eru ófeimin við okkur. Hér ríkir líka mikið umburðarlyndi og það fá allir að vera þeir sjálfir, enda viljum við hafa hér systkinasamfélag. Við leggjum upp úr því að hafa jákvæðan aga, sem við viljum svo sjá þjálfast upp í sjálfsaga,“ sagði Regína, sem segir gesti í skólanum yfirleitt halda að nemendur séu í prófum vegna kyrrðarinnar í húsnæðinu.



**IÐNIR NEMENDUR** Ys og þys var í Landakotsskóla í gær, en venjulega svífur þar mikil kyrrð yfir vötnum.



**SAMSÖNGUR** Nemendur úr fimm ára bekk hefja upp raustir sínar og syngja á frönsku fyrir gesti.



**SETIÐ AÐ FÖNDRI** Börnin spjalla saman á hinum ýmsu tungumálum, en nemendur frá 25 löndum stunda nám í skólanum.

Aðspurð hvort fjölmenningarsamfélagi skólans hljóti ekki að fylgja að börnin komi úr mismunandi trúarheimum, segir Regína það mjög líklegt. „Ég held samt að það sé aðallega kristið fólk sem vill senda börnin sín hingað, en hér hafa ekki orðið neinir árekstrar. Við byrjum á því að fara með morgunbæn, sem mér finnst skapa góðan hópanda. Þó að skólinn sé ekki lengur rekinn af Kaþólsku kirkjunni viljum við halda í þessi fallegu, kristilegu gildi. Hér eru umburðarlyndi og mannkærleikur í hávegum höfð,“ sagði Regína.



**REGÍNA HÖSKULDSDÓTTIR, SKÓLASTJÓRI LANDAKOTSSKÓLA** Fiðrildin fögru í gluggunum eru á meðal afraksturs þemavikunnar, en skólinn leggur mikla rækt við listgreinar.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Sérstök hátíðarstund vegna afmælisins verður haldin í Kristskirkju klukkan þrjú, en Landakotsskóli verður opinn á milli tvö og fimm. Nýstofnaður kór skólans mun koma fram, boðið verður upp á veitingar og gefst gestum tækifæri til að skoða skólann og afrakstur þemavikunnar í skólanum.

**sunna@frettabladid.is**

## AFMÆLI



Pálmi Jónsson, fyrrum alþingismaður, er 77 ára.



Þórhallur Gunnarsson sjónvarpsmaður er 43 ára.



Edda Þórarinsdóttir leikkona er 61 árs.



Samúel Jón Samúelsson básúnuleikari er 32 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.


VIÐ FELLSMÚLA
RAFVÖRU MARKAÐURINN
LJÓSADAGAR
OPIÐ ALLA DAGA
laugard. 10:00 – 17:00
sunnud. 11:00 – 17:00
4995- LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA
3995- LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA
3995- LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA
6590- LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, GYLLT
13.696- LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, GYLLT
1995- VEGGLJÓS
1495- VEGGLJÓS
1495- VEGGLJÓS
4990- HANGANDI LJÓS
3990- LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, GYLLT
1995- BORÐLAMPI
1995- VEGGLAMPI, 2JA ARMA, GYLLTUR
1995- VEGGLAMPI, 2JA ARMA
1995- VEGGLJÓS, TVÖFALT
2995- LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, GRÁ
1995- BORÐLAMPI
4995- KRISTALSKRÓNA, 3JA ARMA
9995- KRISTALSKRÓNA, 8 ARMA
1595- VEGGLJÓS
9995- LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, RUST
1995- VEGGLJÓS
2995- KRISTALSVEGGLJÓS
4995- KRISTALSVEGGLJÓS, TVÖFALT
3995- LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, SVÖRT
7995- LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST
1995- VEGGLJÓS
VERÐ FRÁ 1495- GLERLJÓS, 3 STÆRÐIR
2995- HANGANDI LJÓS
2995- HANGANDI LJÓS
3995- LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, RUST
Athugið, vörur geta verið uppseldar
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur


Komdu í næstu
Kílóbrauð
59 KR.
1 KÍLÓ
26 sneiðar
Vistvæn lausn!
Burðartaska
99 KR.
VISTVÆN LAUSN!
Innkaupataska úr góðu efni
Sjáðu verðið!
Stykkjaverð:
15 KR.
STJÖRNUEGG
500 ml
49 KR.
Egils appelsín
500 ml
69 KR.
Bónus malt
500 ml
49 KR.
Pepsi Max
Ís 2 lítrar
149 KR.
Bónusís
2 lítrar
98 KR.
Egils appelsín
2.5 kg
1598 KR.
...fyrir góðan dag!
LAMBASVIÐ
kílóverð nú:
299 KR.
Merkt verð 399 KR.
KS lambasvið
BÓNUS



Bónusverslun!
Hamborgarhryggur
framleiddur af Síld og Fisk
NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR
KÍLÓVERÐ NÚ:
798 KR.
Merkt verð 998KR.
2 lítrar
73 KR.
Coca-Cola light
Coca-Cola light
Með þér um jólin
Pork Roast
helgarsteik frá ALI
PORK ROAST
Kílóverð nú:
899 KR.
MERKT VERÐ 1499KR.
40%
afsláttur
við kassann
Nýtt kortatímabil!
Kalli kartöflukóngur
mokar upp uppskerunni!
2 kíló!
39 KR.
Kartöflur
BRAGÐGOTT
TUBORG
COPENHAGEN DENMARK
500 ml
39 KR.
Tuborg léttöl
Súpukjöt
I. flokkur
LAMBASÚPUKJÖT
kílóverð nú:
399 KR.
Merkt verð 499KR.
...fyrir góðan dag!
www.bonus.is
BÓNUS

# Athafnaskáld í orðsins fyllstu

*Óskar Magnússon* er stórforstjóri. Stendur í brú Tryggingamiðstöðvarinnar þar sem í mörg horn er að líta. En hann fetar nú jafnframt fyrstu skrefin á hálli braut rithöfundarferils. Óskar er að senda frá sér sína fyrstu bók, smásagnasafnið „Borðaði ég kvöldmat í gær?“. Í samtali við ***Jakob Bjarnar Grétarsson*** veltir hann því meðal annars fyrir sér hvort sérhæfingin sé ekki okkur lifandi að drepa því svo virðist sem athafnamenn fáist lítt við skriftir. Og öfugt.

Óskar Magnússon er einn þeirra sem má titla stórforstjóra með góðri samvisku. Hann hefur verið forstjóri stórfyrirtækja á borð við Hagkaup, Og Vodafone og nú Tryggingamiðstöðvarinnar. Ekki er þó ætlunin að þýfga hann um útboðsferli eða hlutafjáraukingu hjá Tryggingamiðstöðinni hér – jafnvel þó að fyrirtæki hans hafi hækkað í Kauphöllinni um fimmtíu prósent á þessu ári – heldur spyrja hann nánar út í bók sem hann er nú að senda frá sér. Smásagnasafn og fyrstu bókina sem Óskar sendir frá sér. En ekki þá síðustu.

Ekki reyndist auðvelt að ná tali af rithöfundinum Óskari Magnússyni því hann hefur verið bókaður eins og tannlæknir undanfarna daga. Eitthvað mikið að gerast á þeim bænum. En það hafðist að ná honum á milli funda. Og þeir fundir snúast ekki um að auglýsa hina nýju bók.

„Ég hef náttúrlega skrifað í gegnum tíðina. Ég var einu sinni blaðamaður. Svo hef ég skrifað barnasögur fyrir mér nákomna í gegnum tíðina,“ segir Óskar.

Smásagnasafnið sem nú kemur út er afrakstur tveggja ára vinnu. Telur tíu sögur og í síðustu sögunni, Hámenntaður íslenskur sveitamaður, er sögumaður bókmenntafræðingur sem fenginn hefur verið til þess af útgefanda að skrifa um sögurnar sem á undan fara.

Annars er „þarfleysa að segja Íslendingum frá höfundi bókarinnar. Hann er hámenntaður íslenskur sveitamaður, fjölkunnur alheimsborgari, athafnamaður en umfram allt rithöfundur. Frásagnarlist hans fær þjóðina til að hlusta. Hann forðast að leita oft í sama farið og yrkja sjálfan sig upp, hann heldur sífellt á nýjar slóðir með hverri sögu. Fólkið í landinu er áleitið yrkisefni höfundar og það sér hann á sinn sérstaka hátt en ekki undan handarkrika nokkurs annars manns.“



**ÓSKAR MAGNÚSSON** Harðsnúið lið sjóaðra manna af sömu kynslóð kemur að gerð bókarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

> Er þetta kannski bara frekjugangur að vera að troða sér í þennan hóp rithöfunda? Eiga einhverjir aðrir þetta svið? Það kann nákvæmlega svo að vera.

**Háðskur og margslunginn stíll**

Ekki verður betur séð en að þarna sé Óskar að hæðast að sjálfum sér, bókmenntaumræðunni og jafnvel skjóta fyrirfram á hugsanlega gagnrýnendur sína. Ef þeir detta ofan í klisjugryfjuna. Óskar segir sögurnar taka til líðandi stundar.

„Þær eru allar skrifaðar á þessu ári og síðasta ári. Að þær feli í sér gagnrýni? Jahhh, eigum við ekki að leyfa lesendum að ákveða það. Þær eru í það minnsta ekki hlutlausar.“

Ekki er laust við, eins og áður sagði, að greina megi háðskan tón. Aðspurður segir Óskar það oft ágæta aðferð til að koma sínu á framfæri. Og þá þannig að lesandanum leiðist ekki lesturinn.

„Þeir eru líklegri til að klára lesninguna ef sú framsetning er notuð. En ekki er þar með sagt að verið sé að grínast. Þetta er vandrataður vegur.“

Á baksíðu bókarinnar er að finna loforð. Að þetta sé fyrsta en ekki ekki síðasta bók Óskars.

„Þetta er loforð útgefandans. Hann hefur reynst mér vel og ég reynist honum þá væntanlega vel líka.“

**Sjóað og harðsnúið lið sem að kemur**

Útgefandi Óskars er Citizen Press. Forlag sem er til húsa í London en í eigu Íslendinga, Björns Jónassonar, sem er kunnur útgefandi hér á landi frá fyrri tíð, og Sigurðar Gísla Pálmasonar. Björn hefur verið starfandi úti í London undanfarin ár og Sigurður er þar búsettur. Óskar er ánægður með útgefendur sína. En aftur að rithöfundinum Óskari. Hann segir að smásagnaformið hafi ekki endilega verið það sem lá fyrir að yrði ofan á þegar skriftir hans eru annars vegar.

„Þetta er alls ekki auðveldasta formið. Og hefur kostað allnokkrar innantökur að glíma við það. Ég skal viðurkenna það. En vonandi hefur það að einhverju leyti lukkast. Á endasprettinum naut ég bókmenntalegrar leiðsagnar Guðmundar Andra Thorssonar. Sem er einn kunnasti stílisti þjóðarinnar. Og síðan reyndar mjög reynds útgefanda, Sigurðar G. Valgeirssonar. Þeir hafa haldið í hendina á mér, á vegum útgefandans, eftir að niðurstaða lá fyrir um að gefið yrði út. Þetta er harðsnúið lið sjóaðra manna af sömu kynslóð. Sem þarna kemur saman. Jón Óskar er svo einn þeirra en hann gerir kápuna.“

**Smásagnaformið snúið**

Þó Óskar sé virðulegur stórforstjóri á hann sér fleiri hliðar. Þeir sem til þekkja geta vitnað til um að Óskar er baneitraður húmoristi þegar hann vill svo með hafa. En ekki er þar með sagt að bókin sé eitthvert grínflipp af hans hálfu og vina hans. Síður en svo. Greinilegt er að mikið er lagt í sögurnar. Smásagnaformið er snúið en einkum eru til tveir skólar í þeim efnum: Svokallaðar afhjúpandi smásögur sem lúta nokkuð ströngu formi og svo eru til smásögur sem eru líkt og svipmyndir þar sem dottið er inn í einhverja atburðarás og þá horfið frá. Ekki verður betur séð en að Óskar bregði fyrir sig ýmsum stílbrögðum og formum.

„Já, þeir eru til harðir smásagnamenn sem telja smásöguna þurfa alveg sérstakt form, eitthvert sérstakt atvik, sérstak ris og í því má finna höfunda eins og Gunnar Gunnarsson, svo við nefnum alvöru menn,“ segir Óskar.

„Svo eru ekki ómerkari höfundar en Halldór Laxness. Sem hafa skrifað smásögur sem eru meira frásagnir án þess að stuðst sé við strangan strúktúr. Ég geri hvort tveggja og vil teljast fullsæmdur af. En tel þó að ekki þurfi til strangheilagan skóla eins og sumir vilja vera láta. Í öftustu sögunni, Hámenntaður íslenskur sveitamaður, er ég einmitt að leika mér með þetta. Þar segir sögumaður að eitt og annað vanti. Þeim til hrellingar sem hafa sagt eitthvað í þá veru við mig.“

**Í bísness og smásagnagerð**

Varðandi það hvort Óskar hyggist einbeita sér að smásagnaforminu eða jafnvel reyna fyrir sér með fleiri skáldskaparform segir hann ýmsar hugmyndir á lofti.

„Ég held að ekki sé við ljóðabók að búast. Ég gæti svo sem sagt ýmislegt fleira í þessu formi. En þetta er alltaf spurningin um tíma. Ég er jú í öðru starfi...“

Sem er merkilegt út af fyrir sig. Svo virðist vera að þeir sem mega teljast rithöfundar séu nokkuð einsleitur hópur. Og afar sjaldgæft að menn úr athafnalífinu, bisnessmenn og stórforstjórar fáist einnig við skriftir. Eins og olía og vatn.

„Sennilega er það rétt. Nú veit ég ekki hvaða áhuga þeir hafa yfirhöfuð á bókmenntum. Þetta byrjar nú yfirleitt að menn lesi mikið og hafi áhuga á slíku. Mikill hvati sem felst í því. Þannig er með mig að í annríku starfi þá ferðast ég mikið og les þá mikið. Nota stundir eins og flugferðir til að lesa. Og les þá allt mögulegt. Það gefur manni innblástur og áhuga.“

Óskar segir að þegar upp sé staðið veiti ritstörfin honum hvíld frá því sem hann fæst við frá degi til dags. Vandinn felist hins vegar í því að menn þurfa að ná upp verulegri einbeitingu þegar fengist er við skriftir. Sjálfsaga og yfirlegu.

„Sérstaklega skyldi maður ekki ímynda sér að þegar sett hefur verið saman saga að þá sé maður búinn. Þá fyrst er maður að byrja. Þá reynir fyrst á agann. Þegar maður telur sig vera búinn að skrifa ágætis afurð þá er komið að því að taka á sjálfum sér. Það er gaman meðan maður er að skrifa fyrsta skammtinn.“

**Sérhæfingin að gera út af við okkur**

Að gefinni þeirri forsendu að athafnamenn vorra tíma, með örfáum undantekningum, leggi ekki fyrir sig ritstörf má það heita umturnun frá því sem var á söguöld. Þegar Íslendingasögurnar voru ritaðar. Það var íþrótt höfðingjanna meðan kotungarnir höfðu annað að sýsla.

„Voru þeir ekki meira allra handa í þá daga?“ spyr Óskar í tengslum við þær bollaleggingar.

„Er sérhæfingin að gera út af við okkur. Er þetta kannski bara frekjugangur að vera að troða sér í þennan hóp rithöfunda? Eiga einhverjir aðrir þetta svið? Það kann nákvæmlega svo að vera. Að litið sé svo á. Ég veit það ekki. Verður maður að vera rithöfundur, bókmenntafræðingur, norrænufræðingur til að mega vera að þessu stússi? Eða voru þetta ekki bara svona helvíti burðugir menn þessir höfðingjar til forna að þeir gátu allt? Svo höfðu þeir náttúrlega menn til að drepa fyrir sig. Og gátu því setið við skriftir á meðan. Við höfum ekki eins mikið af því nú. Hvort það kann að horfa til betri vegar með það? Ég veit ekki með það.“

## Athafnamenn og rithöfundar

Rithöfundar meðal viðskiptajöfra og stórforstjóra eru furðu fáséðir. Sem hvítir hrafnar. Einkum þegar haft er í huga að Íslendingasögurnar voru ritaðar af höfðingjum en ekki kotungum. Einhvern tíma breyttist það allverulega. Ef flett er upp á vef Rithöfundasambandsins virðast þeir þar ekki hafa úr miklu að spila. Svona í fljótu bragði. Svo virðist sem mýtan um bláfátæka berklasjúklinginn sem skrifar ódauðleg ljóð og bækur sé lífseig. Í það minnsta skarast stétt rithöfunda og stétt forstjóra og viðskiptajöfra lítt sem ekkert. En, þeir eru þó til sem hafa látið til sín taka bæði á ritvellinum sem og í fjármála- og athafnalífinu. Og eru hér nefnd nokkur dæmi þess.



**ÓLAFUR JÓHANN SIGURÐSSON**

Hann hlýtur að teljast fremstur þeirra stórforstjóra sem fengist hafa við að setja saman texta. Reyndar hefur Ólafur Jóhann látið svo mjög að sér kveða á ritvellinum að áhöld eru um hvort hann telst forstjóri eða rithöfundur. En á viðskiptasviðinu er Ólafur Jóhann einkum þekktur fyrir að hafa verið forstjóri hjá stórfyrirtækinu Sony auk þess sem hann hefur setið í stjórnum ýmissa stórfyrirtækja.



**JÓN ÓTTAR RAGNARSSON**

Hann, líkt og Ólafur Jóhann, fetaði í fótspor föður síns, Ragnars í Smára, og lét og lætur til sín taka í menningunni. Jón Óttar kom náttúrlega á fót Stöð 2 á sínum tíma og á að baki bækur á borð við Strengjabrúður, Fimmtánda fjölskyldan og svo Heilsa og næring. En Jón Óttar er fjölhæfur mjög og meðal annars matvælafræðingur. Jón Óttar er nú ýmist búsettur á Íslandi eða í Kaliforníu þar sem hann fæst við að framleiða kvikmyndir og selja Herbalife.



**ÁRMANN REYNISSON**

Ármann telst alger frumkvöðull í íslensku fjármálalífi og var kominn með verðbréfafyrirtæki kannski löngu áður en nokkur grundvöllur var fyrir slíku. Enda fór illa fyrir fyrirtæki hans Ávöxtun. Ármann þurfti að sitja á Kvíabryggju vegna skakkafalla í fjármálaviðskiptum. Ármann söðlaði svo eftirminnilega um og gerðist frumkvöðull á öðru sviði: Nefnilega bókmenntunum. Hann blés lífi í glæður ævaforns skáldskaparforms. Vinjettur má finna í frönskum bókmenntum frá 17. og 18. öld en þar er um knappt form að ræða, knappar og hnitmiðaðar, ljóðrænar smásögur.



**DAVÍÐ ODDSSON**

Ef til vill er langt seilst að flokka fyrrverandi forsætisráðherra þjóðarinnar með viðskiptajöfrum, athafnamönnum og stórforstjórum. En hann situr nú í Seðlabankanum og baukar með stýrivexti og hlutast til um hina opinberu fésýslu sem aldrei fyrr. Hann sleppur því inn bakdyramegin. Hins vegar þarf enginn að velkjast í vafa um að hann á heima með rithöfundum. Davíð hefur lengi fengist við skriftir, sent frá sér leikverk, smásögur og dægurvísur – eins og alþjóð þekkir.

## ALLT HITT

[ BÍLAR FERÐIR TÍSKA ]

**FÍB** blaðið, síðasta tölublað þessa árs, verður dreift til félagsmanna í byrjun næstu viku. Að vanda er það stútfullt af efni og meðal efnis sem margir hafa beðið eftir er ný vetrardekkjakönnun.



**Stórar** handtöskur eru ómissandi þessa dagana. Ótrúlega þægilegt að geta komið öllu dótinu sem kona þarf á að halda fyrir. Auk þess geta þær verið alveg ljómandi fallegar.

**Útivist** gengur um Elliðaárdalinn á mánudagskvöld undir merkjum Útivistarræktarinnar. Lagt er af stað klukkan sex frá stóra brúna húsinu í Elliðaárdalnum, áð er við Árbæjarlaug. Síðan er haldið niður með Elliðaám að austan, farið aftur inn í hólmann við félagsheimili. Allir velkomnir og ekkert þátttökugjald.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 11. nóvember, 315. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.42 | 13.12 | 16.40 |
| Akureyri | 9.40 | 12.56 | 16.11 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is





Sverrir Torfason á fagurlega skreyttum MAN TGA með fjallasýn frá Akureyri.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

# Í góðum félagsskap

***Sverrir Torfason hefur keyrt vöruflutningabíl milli Akureyrar og Reykjavíkur í öllum veðrum síðastliðin 26 ár. Nú keyrir hann myndskreyttan 480 hestafla MAN TGA.***

„Ég keyri fyrir Sandblástur og Málmhúðun sem meðal annars framleiðir alla ljósastaurana í Reykjavík,“ segir Sverrir. Hann fer á milli tvisvar til þrisvar í viku og finnst gott að keyra MAN-inn enda eru þeir miklir félagar. „Við spjöllum oft saman á leiðinni, sérstaklega þegar færðin er leiðinleg,“ segir Sverrir. Bíllinn er skreyttur myndum frá Akureyri og þeir félagar fá fyrir vikið mikla athygli. „Það þótti tilvalið að myndskreyta bílinn í staðinn fyrir rendur og texta og það er fallegt að geta séð fjöllin hvar sem maður er staddur,“ segir Sverrir.

Sverri finnst gott að vera einn og gistir gjarnan í bílnum. Þó er einn ferðalangur sem Sverri þykir alltaf gott að hafa með. „Sonur minn fær stundum að fara með og er mikill trukkamaður,“ segir Sverrir brosandi.

Sonurinn sem er níu ára veit mikið um trukka og vegakerfið. „Hann hringir stundum í mig og hefur þá reiknað nákvæmlega hvar ég er staddur,“ segir Sverrir. Veðurfarið og starfið hefur breyst mikið þessi ár sem Sverrir hefur keyrt. „Í dag er mun meiri hraði í samfélaginu og við erum að fást við ófærð útaf hálku, áður var ófærð útaf of miklum snjó,“ segir Sverrir. Hann segir að öryggi á vegum sé ábótavant og nefnir sérstaklega leiðina frá Heiðarsporði að Blönduósi. „Flutningabílstjórar eru að glíma við mikla ísingu svo við vonum bara að eitthvað verði gert sem allra fyrst til að stuðla að meira öryggi á þjóðvegum landsins,“ segir Sverrir að lokum.

*rh@frettabladid.is*


TM
80% lán í allt að 7 ár
Bílalán TM
TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is




Lánstími allt að 40 ár
FASTEIGNALÁN Í MYNTKÖRFU
FRJÁLSI
Nánari upplýsingar hjá lánafulltrúum Frjálsa og á www.frjalsi.is, þar sem einnig er hægt að reikna greiðslubyrði.
VEXTIR FRÁ AÐEINS 3,4%
Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 21.09.2006
Fíton/SÍA

**Dekkjaverkstæðin** anna bara svo og svo mörgum kúnnum í einu. Ekki bíða fram á fyrsta hálkudag með að skipta yfir á nagladekkin.

# Aftur til einfaldari tíma

REYNSLUAKSTUR

***Hyundai Getz er eins og aðrir bílar í sínum flokki. Álkubbur á fjórum hjólum með litla vél, vafasaman gírkassa og engan óþarfa munað. Hann er sem sagt fullkominn.***

Á tímum rafdrifinna sæta, bakkmyndavéla og talandi aksturstölva er sjaldgæft að setjast inn í nýjan bíl sem reynir ekki að vera eitthvað sem hann er ekki. Að setjast inn í Hyundai Getz er frelsandi og minnir á einfaldari tíma þegar mögulegt var að gera við bíl í bílskúr heima fyrir. Hann minnir á tíma þegar maður komst til Akureyrar án þess að taka yfirdrátt til að eiga fyrir bensíni. Hann minnir á tíma þegar maður gat sest inn í bíl án þess að þrjú mismunandi viðvörunarpíp ómuðu og sögðu manni að farþeginn hægra megin væri ekki nógu þungur fyrir ABS með tilliti til EPS vegna þess að ESC væri óvirkt í handbremsu með PTI.

Þess vegna finnst mér Hyundai Getz góður bíll. Ekki svo að skilja að hann sé góður bíll í sama skilningi og að BMW M5 er góður bíll. Getz er svo lítill að þegar tveir fullvaxta karlmenn sitja í framsætunum á ökumaðurinn í erfiðleikum með að nota gírstöngina. Innviðið er augljóslega ódýrt, ekki illa byggt eða lélegt, bara ódýrt. Svolítið eins og gott plastparket. Virkar, en maður vildi heldur hafa alvöru. Engar stórkostlegar breytingar í hönnun á innviðum bílsins hafa átt sér stað. Miðstöðin, útvarpið og mælaborðið eru öll með einfaldasta móti og það eina sem stendur upp úr er klæðningin á dyrunum. Mér fannst eitthvað flott við hana en ég held að það sé eins konar sjónhverfing sem orsakast af einfaldleika alls annars í bílnum.

En það er einmitt vegna einfaldleikans sem ég er svo hrifinn af bílnum. Það er ekkert sem þarf ekki að vera í honum. Eini munaðurinn felst í rafdrifnum rúðum (sem komu á sjónarsviðið kringum 1960 ef ég man rétt), stillanlegum stuðningi við mjóbakið og samlæsingu. Hún er meira að segja einföld, bara einn takki sem opnar og lokar bílnum.



Hyundai Getz GL minnir á einfaldari tíma þegar hægt var að gera við bíl inni í bílskúr. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ýmsar vélarstærðir eru í boði fyrir Getz en reynsluakstursbíllinn var með 1100 vél. Getz er ætlað að keppa við bíla með sambærilegar vélar. Toyota Aygo, Citroen C1, Peugeot 107, og VW Fox svo einhverjir séu nefndir. Getz er afar sambærilegur keppinautur hvað varðar lipurleika og kraft og líkt og félagar sínir er Getz skemmtilegur í snattið innanbæjar. Hann er tilvalinn skólabíll, konubíll, sendibíll eða borgarbíll.

Getz kostar ekki mikið, aðeins meira en heilaga þrenningin Aygo, C1 og 107, en öfugt við hana skín ekki í álið inni í bílnum þegar setið er við stýrið. Þegar öllu er á botninn hvolft þá er Getz afar sambærilegur, kannski skrefi framar, en keppinautarnir. Þetta er einfaldlega spurning um að prófa sig áfram og velja það sem manni fellur best. Í mínu tilviki veldi ég Getz. Ég veit ekki af hverju, ég bara hata að elska þennan bíl.

*tryggvi@frettabladid.is*



Rauði viðvörunarþríhyrningurinn fær sess höfðingja fyrir ofan Alpine græjurnar og miðstöðina.

## HYUNDAI GETZ

**Vél:** 1,1 lítra 66 hö/ XX Nm
**Þyngd:** 975 kg
**Eyðsla:** 5,5

**Plúsar:**
Nettur
Einfaldur
Ódýr

**Mínusar:**
Kraftlítill
Frekar þröngur

**Verð prufubíls:** 1.490.000 kr
**Verð frá:** 1.390.000 kr

**Aðrir sem vert er að skoða:**
Toyota Aygo
Citroen C1
Peugeot 107,



Vélin er 1,1 lítri og skilar 66 hestöflum. Lítil og sparneytin.



Rafdrifnar rúður og áklæðið fallega. Þegar ég bauð félögum mínum í bíltúr var ég hins vegar sá eini sem hreifst af áklæðinu, enda veit ég ekki af hverju ég geri það.

BIFREIÐASTILLINGIN
Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bila vegna hitavandamála?
Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni.
Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.
Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400

Gabriel höggdeyfar, AISIN kúplingssett, TRISCAN spindilkúlur, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós ofl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, bretti og nefhjól á kerrur. Bílamottur.
GS varahlutir

Smágrafa
Lyftari
Gripkló
Snjómokstur
Snjóblásari
Götusópari
Trjákurlari
Sláttuvél
Dráttartæki
Heyvinnutæki
Úðari o.m.fl.
MULTIONE fjölnota tæki
Afar fjölhæf og sterk smátæki sem henta verktökum og smærri sveitarfélögum m.a. til snjómoksturs jarðvinnu o.m.fl.
STURLAUGUR & CO
Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími. 551 4680
www.sturlaugur.is

allt tilboð
Alla föstudaga

YKKAR BÓNUS Í BÍLAVARAHLUTUM
EIGUM VARAHLUTI Í FLESTAR GERÐIR EVRÓPU & ASÍUBÍLA
AB VARAHLUTIR
BÍLDSHÖFÐA 18 – SÍMI: 567 6020
WWW.ABVARAHLUTIR.IS
AB - ALLTAF BETRI
BODDÝHLUTIR – GRINDUR – LJÓS – SPEGLAR – VATNSKASSAR OG FLEIRA

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6216
VIÐSKIPTAVINURINN Í FYRSTA SÆTI
Glitnir Fjármögnun býður fjölbreytta kosti við fjármögnun bíla og atvinnutækja.
Eigð'ann
Eignastu bílinn með hjálp Glitnis
• Bílalán
• Bílasamningur
Leigð'ann
Greiddu aðeins fyrir afnot af bílnum
• Einkaleiga
• Rekstrarleiga
Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á www.glitnirfjarmognun.is
GLITNIR FJÁRMÖGNUN

# Innköllun á Peugeot 307

***Bernhard mun á næstu dögum kalla inn Peugeot 307 bíla til viðgerða vegna galla í ESP-stöðuleikakerfinu.***

Gallinn felst í viðkvæmni ESP-kerfisins gegn rakamyndun en það á til að slá út. Bilunin á ekki að hafa aðrar afleiðingar í för með sér en að kerfið hættir að virka.

Gallans hefur orðið vart í 2002 til 2005 árgerðum en einungis þeim bílum sem tilheyra tiltekinni runu verksmiðjunúmera.

Þetta er ekki fyrsta tæknivandamálið sem komið hefur upp í 307. Fyrr á árinu voru bílar innkallaðir vegna eldhættu en í nokkrum tilvikum í Danmörku og Svíþjóð kviknaði í kyrrstæðum og mannlausum bílum án ástæðu.

Tekið skal fram að samkvæmt þeim upplýsingum sem fengust hjá Bernhard hefur ekki kviknað í neinum Peugeot 307 og vegna þess að allir Peugeot bílar eru ryðvarðir hérlendis sé ESP-kerfið í mun minni hættu en ella.

Eigendur bílanna sem um ræðir munu á næstu dögum fá bréf frá Bernhard þar sem þeim verður kynnt vandamálið og þeim boðið að koma með bílana í viðgerð.

*-tg*



Gallar geta verið í ESP-stöðugleikakerfi Peugeot 307.

# Breskir leigubílar frá Kína

***Breskir leigubílar verða framleiddir í Sjanghæ í Kína***

Í fyrsta sinn í sextíu ára sögu hins breska leigubíls verður hann framleiddur í öðru landi en sínu heimalandi. Á blaðamannafundi í Sjanghæ á dögunum var tilkynnt um að tíu þúsund eintök af breska leigubílnum verði framleidd í Kína. Er þetta samstarfsverkefni Mangese Bronze Holdings sem hefur haft umsjón með framleiðslu leigubílanna og Geely Automobile Holdings í Kína.



Módel af breska leigubílnum sem verður framleiddur að hluta í Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP
















Flatasti bíll veraldar, Flat Out Fiat, var kynntur á blaðamannafundi í Essen.

# Forskot á sæluna

***Forsýning var haldin á nokkrum bílum í tilefni af bílasýningunni sem haldin verður í Essen 1. til 10. desember.***

Bílasýningin í Essen verður gríðarstór en um 570 sýnendur koma frá alls 26 löndum til að kynna það nýjasta í bílaiðnaðinum. Þá verða afhent verðlaunin Topauoto 2007 sem þýskumælandi bílablaðamenn veita í kringum sýninguna Winter Grand-Prix.

Á blaðamannafundi sem haldinn var í Essen nýlega til kynningar á bílasýningunni mátti líta nokkra bíla sem verða á sýningunni. Þetta voru meðal annars kappakstursbíll frá Audi og flatasti bíll veraldar, Flat Out Fiat 126.



Þessi fyrirsæta virðist vera talsvert ánægð með Flat Out Fiat 126, þótt flatur sé.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Áhugasamur áhorfandi skoðar nánar þennan forláta kappakstursbíl frá Audi sem kynntur var nýlega á blaðamannafundi í tilefni af komandi bílasýningu í Essen í byrjun desember.

# PIAA umboðið selt

***Hekla hf, umboðsaðili PIAA á Íslandi til margra ára, seldi á dögunum PIAA umboðið til Arctic Trucks.***

Að sögn Sverris Viðars Haukssonar, framkvæmdastjóra Heklu, hafði staðið til í töluverðan tíma að selja PIAA umboðið. „Starfsemi Heklu hefur vaxið mikið hvað innflutning og þjónustu á bifreiðum varðar. Sala og þjónusta á PIAA vörum krefst mikillar sérhæfingar og var því ákveðið að kanna áhuga Arctic Trucks á að yfirtaka þessa starfsemi. Við trúum því að núverandi og væntanlegir viðskiptavinir PIAA muni í framtíðinni fá góða og sérhæfða þjónustu hjá sölu- og tæknimönnum Arctic Trucks.“

PIAA vörumerkið er framleitt af Ichico, einum stærsta ljósaframleiðanda í Japan. Helstu vörur þess eru hágeislaperur og rúðuþurrkur úr silíkonblönduðu rúðugúmmíi, en það þolir mun meira álag en hefðbundið gúmmí.




PIAA vörur fást nú hjá Arctic Trucks.




**Páskarnir** eru kannski ekki handan hornsins en á tímamælikvarða ferðaskrifstofanna þá er ekki seinna vænna en að huga að páskaferðinni fyrir næsta ár.





Flugfarþegar skulu kynna sér nýjar reglur um handfarangur áður en lagt er af stað út á Keflavíkurflugvöll. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐ

# Nýjar reglur um handfarangur

***Með vefrænni innritun og prentun innritunarspjalda heima við má spara tíma þegar komið er út á flugvöll.***

Nýjar reglur um handfarangur voru teknar upp fyrr í vikunni í löndum Evrópusambandsins og EFTA. Flugfarþegar mega taka með sér umbúðir sem innihalda því sem nemur einum desilítra af vökva að hámarki í handfarangri í millilandaflugi.

Umbúðirnar skulu vera í glærum poka með plastrennilás sem rúmar ekki meira en einn lítra og er hverjum farþega heimilt að hafa með sér einn slíkan poka í handfarangri. Öryggisvörðum skal afhentur pokinn við öryggishlið til sérstakrar skimunar. Þá er skylt að afklæðast frökkum, jökkum og öðrum yfirhöfnum og afhenda öryggisvörðum til skimunar ásamt handfarangri. Fartölvur og önnur stærri rafeindatæki er skylt að fjarlægja úr handfarangri til sömu meðferðar.

British Airways vill hvetja farþega sína að innrita sig gegnum netið og prenta innritunarspjaldið sitt áður en komið er til Keflavíkur. Ísland er eini markaður British Airways þar sem sala farseðla fer eingöngu fram á netinu en þrátt fyrir það eru aðeins um tíu prósent farþegar sem innrita sig í flugið á netinu áður en haldið er út á flugvöll. Þeir sem innrita sig í flugið á netinu og eru eingöngu með handfarangur þurfa ekki að koma við á innritunarborðunum í Keflavík heldur geta farið beint að öryggishliðinu á annarri hæð flugstöðvarinnar. *- jóa*

# Óperusýning í Köben

***Express ferðir bjóða upp á skemmtilega tónlistarveislu um miðjan janúar.***

Tólfta til fimmtánda janúar næstkomandi ætla Expressferðir í samvinnu við Borgarleikhúsið að fara með tónlistarunnendur á óperusýningu í Nýju Óperunni í Kaupmannahöfn.

Farið verður á sýningu á einni af hinum frægu og bestu óperum Richards Wagners um svanatemjarann Löhengrin og ástkonu hans Elsu, sem hin heimsfræga sópransöngkona Inga Nielsen syngur. Leikstjórn og uppsetning er í höndum hins þýska Peter Konwitschny. Þetta er uppsetning sem enginn óperuunnandi má missa af.

Gist er á Hótel Imperial Copenhagen sem er fjögurra stjörnu hótel í hjarta borgarinnar. Í boði er að fara á tónleika á föstudagskvöldið. Frumsýningin á óperu Wagners verður svo á sunnudeginum. Fyrir sýningu gefst farþegum kostur á að skoða sjálft óperuhúsið undir leiðsögn.

Þetta er sannkölluð menningarveisla sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. *- jóa*



Nýja Óperuhúsið í Kaupmannahöfn veitir bæði gleði fyrir tónelskandi eyru sem og augu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Sleðamenn fjölmenna í dag á sleðamessu í Kópavogi til að ræða um sleðamál og sýna og skoða tæki og tól.

# Sleðamessa í dag

Í DAG VERÐUR HALDIN SLEÐAMESSA Í HÚSNÆÐI HJÁLPARSVEITAR SKÁTA Í KÓPAVOGI.

Svokölluð sleðamessa verður haldin í dag í húsnæði Hjálparsveitar skáta í Kópavogi að Bryggjuvör 2. Sleðasveitir nokkurra björgunarsveita á höfuðborgarsvæðinu standa fyrir uppákomunni og vonast er til að meðlimir sleðaflokka víðs vegar um landið ásamt öllum þeim sem áhuga hafa á snjósleðamennsku taki þátt. Dagskráin er fjölbreytt þar sem meðal annars verður kynning á sexhjólum frá björgunarsveitinni Suðurnes, farið verður yfir mat á snjóflóðahættu og aðstæðum fyrir sleðamenn og sýndar myndir frá sleðaútkalli frá síðustu páskum. Einnig verða almennar umræður um sleðamál og stefnu í þeim málaflokki, tæki sýnd og skoðuð svo fátt eitt sé nefnt. *- jóa*

Ævintýraferð á ári Hundsins, 2006
til Kína með
KÍNAKLÚBBI UNNAR

**Jóla- og nýársferð: 21. desember - 2. janúar**

Farið verður til **BEIJING**, **XIAN**, **SHANGHAI**, **SUZHOU** og á **KÍNAMÚRINN**.

Allt það merkilegasta á þessum stöðum verður skoðað.

**Heildarverð á mann kr. 250 þús. Allt innifalið:** þ.e. skoðunarferðir, gisting í tvíbýli á lúxushótelum (einb. + 40 þ.), fullt fæði, skattar/gjöld, staðarleiðsögumenn og fararstjórn Unnar. Þetta verður 24. hópferðin sem hún skipuleggur og leiðir um Kína.

**Kínakvöld:**



Hópar og einstaklingar geta pantað „Kína-kvöld", á Njálsgötunni, eða úti í bæ, með myndasýningu, tedrykkju og mat, sýningu á Tai-Chi og kínverskum listmunum.

**Kínaklúbbur Unnar, Njálsgötu 33, 101 R**
**símar: 551 2596 og 868 2726**
**símbréf: 551 2596**
**Vefsíða: www.simnet.is/kinaklubbur**
**Netfang: kinaklubbur@simnet.is**




Nú fer hver að verða síðastur að tryggja sér sæti í ferð til Kúbu um jólin. Breyttu út af vananum og upplifðu hátíðirnar í sólinni og Karíbahafsstemmningu. Bjóðum síðustu sætin á frábærum kjörum.

**Bókaðu núna!**

**Kúba**
**Frá 79.990 kr.**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Arenas Doradas í viku með morgunverði, 16. des. Aukavika kr. 20.000. Aukagjald fyrir allt innifalið kr. 1.390 á dag.

**Ferð 23. des. kr. 84.990.**







16. des. Örfá sæti laus
23. des. Örfá sæti laus

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

allt tíska
Alla fimmtudaga

**Úfnar augabrúnir** eru nú meira ráðandi en sléttar, felldar og vel greiddar augabrúnir. Ekki plokka augabrúnirnar í mjóa línu heldur leyfið þeim einfaldlega að vaxa.






# Ný sending
dúkar og sett

VERIÐ

Glæsibæ, s. 552 0978
www.damask.is





# Litrík og lífleg stígvél á grámyglulegum dögum

*Gott er að eiga góð stígvél í vætunni á haustin og ekki er verra að þau lífgi aðeins upp á tilveruna.*

Það er af sem áður var þegar einu stígvélin sem fengust í verslunum voru svört Nokia stígvél. Nú tala flestir í Nokia í stað þess að ganga í þeim og stígvél eru orðin tískuvara sem fást í öllum regnbogans litum með ýmiss konar myndum á. Stígvélin gera samt ennþá sitt gagn og eru frábær fótabúnaður á votum haustdögum. Það er svo bara bónus ef þau eru það lífleg að þau geti komið manni í gott skap á sama tíma og þau halda fótunum þurrum.

- eö





# 20% afsláttur af gluggatjaldahreinsun í nóvember

EFNALAUGIN BJÖRG

Álfabakka 12 Mjódd. s. 5572400
Háaleitisbraut 58-60. s. 5531380
www.bjorg.is

# Jakkafatadagar

Vönduð jakkaföt á frábæru verði



Jakkaföt
frá kr. 12.990

Skyrtur
frá kr. 3.990

Bindi
frá kr. 2.990

MAO Frakkar
áður kr. 18.990
nú kr. 14.990

Spariskór
frá kr. 2.990

Nýtt kortatímabil

gallerí sautján

Kringlunni s.512 1750 - Laugavegi s.512 1717 - www.ntc.is

# Myndlistarsölusýning um helgina..



Gallery Kína Ármúla 42 • s. 895 8966 • Opið alla daga frá kl. 10-18

LÚXUS GJAFIR OG SÖFNUNARVÖRUR

# Áttu jólaföt?

***Það væri ömurlegur dauðdagi að lenda í klóm jólakattarins.***

Jólahlaðborð, litlu jólin, jólaböll barnanna, jólaglögg og margs konar jólaskemmtanir færast nær eftir því sem sólin lækkar á lofti. Það er því ekki seinna vænna en að verða sér úti um fínan alklæðnað til að fara í þessar veislur. Enda stendur okkur öllum enn ógn af jólakettinum sem kallar ekki allt ömmu sína þegar hann kemur auga á fólk í gömlum sparifötum. Og hvern langar til að lenda í slíkum voða? Er ekki kominn tími á að kíkja í búðir?

*mhg@frettabladid.is*



Þessum kjól hefði þokkadísin Carmen hans Georges Bizet eflaust kosið að klæðast um jólin. Skórnir eru heldur ekki af verri endanum, enda sérlega kvenlegir og kynþokkafullir. Fæst í Karen Millen, Kringlunni.

Eldheitur jólakjóll... svo heitur að jólakötturinn myndi eflaust bráðna. Veski og skart í stíl. Skórnir fást í Aldo en allt hitt í Monsoon og Accesorice.

Unaðslegri kjól en þennan er varla hægt að hugsa sér. Þungt og teygjanlegt Jersey-silkið fellur fallega niður fótleggina á meðan innbyggt korselettið gefur þeirri sem klæðist þessum kjól sérlega fallegar línur. Hálsfestin er hönnuð af Woulters & Hedrix og fæst á sama stað. Trilogia, Laugavegi 7.

„Second hand" jól. Hrikalega sætt „blingbling" frá Disney, þröngur kjóll með pífukraga, sætir skór með slaufu og geðveikt veski. Rokk og rósir, Laugavegi 32.

Svolítið gamaldags og sætur kjóll frá Zöru, sexí loðfeldur og sjúklega töff lakkskór með opinni tá og góðum pinnahæl.

VETUR
06|07




MC PLANET ✦ AUSTURHRAUNI 3 ✦ 210 GARÐABÆ
✦ SÍMI 533 3805 ✦ 10-18 MÁN-FÖS ✦ 11-14 LAU

Vönduð herrajakkaföt



Paul Smith - Matinique - Tiger of Sweden - Bruunz Bazaar

Kultur
menn

Kringlunni s.512 1799





# Strákar geta líka verið sætir

***Það eru ekki bara konur sem þurfa að hugsa vel um sig. Karlmenn geta líka annast húðina sína án þess að virka „metró“.***

...fyrir utan það þá þarf enginn að vita hvað karlmaður geymir í skápnum inni á baði hjá sér og í stað þess að drattast um með komplexa yfir því hvað húðin er slæm, þá er alveg eins gott að gera bara eitthvað í því. Í æ ríkari mæli hafa snyrtivöruframleiðendur sett á markaðinn vörur sem eru eingöngu ætlaðar karlmönnum. Við framleiðsluna er tillit tekið til þess að húð karlmanna er grófari en húð kvenna og verður oft fyrir meira áreiti, t.a.m við rakstur. Við hönnun umbúða er einnig tekið tillit til þess að það eru strákar sem eru að fara að nota þær, og þess vegna höfðar útlit þeirra oftast til strákanna, sem og lyktin.




Flottar pakkningar. Góð gjafahugmynd.



Shiseido men: Hreinsaðu húðina, rakaðu þig og berðu svo á þig krem. Fæstum karlmönnum finnst reyndar gaman að raka sig, en það gæti orðið skemmtilegra ef tilfinningin eftir á myndi ávallt láta þér líða eins og nýslegnum túskildingi.

## Fullkomin ímynd

DEMI ANDLIT HELENU RUBINSTEIN

Hollywood-stjarnan Demi Moore undirritaði nýlega samning við snyrtivöruframleiðandann Helenu Rubinstein um að vera andlit merkisins árið 2007. Demi þykir mjög heppileg í þetta hlutverk þar sem hún þykir undirstrika glæsileikann sem einkennir þetta merki. Demi Moore, sem er nú á fimmtugsaldri, er ekki dæmigerð fyrir sinn aldurshóp en hún hefur aldrei þótt líta jafn vel út og núna. Hún hefur löngum þótt djörf og áræðin, og hikar ekki við að fara ótroðnar slóðir. Sem dæmi um það má nefna þegar hún sat allsnakin og barnshafandi fyrir á forsíðu Vanity Fair og samband hennar við unnustann, Ashton Kutcher, sem er heilum fimmtán árum yngri en Demi.



Demi Moore er 43 ára í dag og hefur aldrei þótt glæsilegri.


100 ÍSLENSK JÓLALÖG
ER KOMIN Í SKÍFUNA







VINSÆL JÓL 1
VINSÆL JÓL 2
GÖMLU GÓÐU JÓLIN
BARNAJÓL
HÁTÍÐLEG JÓL
5 DISKAR MEÐ ÖLLUM
UPPÁHALDS ÍSLENSKU
JÓLALÖGUNUM ÞÍNUM
Á ÓTRÚLEGU VERÐI!
ÓMISSANDI Í JÓLAUNDIRBÚNINGINN!

5xCD
2.999kr.

TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

30 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR



Við lögum
húðslit!



GREEN PEEL
NÁTTÚRLEG JURTAMEÐFERÐ
Ótrúlegur árangur!
Styrkir slappa húð
og lagar húðslit
Sama gamla verðið aðeins kr. 22.000,-
Hringdu núna! S. 577 7007
Kínastofan
NUDD OG SNYRTING



Sock Shop
breytir um nafn og
verður Cobra

Hlýjar
sokkabuxur
fyrir veturinn

cobra
Sokkabúðin Kringlunni
erum á 1. hæð við blómatorgið

# TOPPBÍLAR


NISSAN TERRANO II SE/SGX. Árgerð 1999, ekinn 189 þ.km. Dísel knúinn. 5 gírar. Verð 1250.000. Rnr.240266


MMC PAJERO BENSÍN V-6/LANGUR. Árgerð 1996, ekinn 169 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 790.000. Rnr.995210


MMC GALANT GLSI V6/SEDAN. Árgerð 2001, ekinn 75 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 1750.000. Rnr.115533


M.BENZ M ML350. Árgerð 2004, ekinn 44 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 4190.000. Rnr.115343


M.BENZ E E240. Árgerð 2000, ekinn 93 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 2700.000. Rnr.210271


M.BENZ 124-LÍNAN. Árgerð 1992, ekinn 169 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 1990.000. Rnr.182691


LEXUS GS300 FABRIC. Árgerð 1999, ekinn 85 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 2200.000. Rnr.115418


LEXUS GS300 EXE, 18", SÓLLÚGA. Árgerð 2006, ekinn 8 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 5800.000. Rnr.115817


KIA SPORTAGE GRAND WAGON. Árgerð 2002, ekinn 84 þ.km. Bensín knúinn. 5 gírar. Verð 890.000. Rnr.995475


KIA GRAND SPORTAGE. Árgerð 1999, ekinn 96 þ.km. Bensín knúinn. 5 gírar. Verð 950.000. Rnr.180385


JEEP WRANGLER SPORT. Árgerð 1997, ekinn 116 þ.mílur. Bensín knúinn. 5 gírar. Verð 1590.000. Rnr.210134


JEEP GRAND CHEROKEE LIMITED 4X2. Árgerð 2003, ekinn 40 þ.mílur. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 2990.000. Rnr.123865


JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO 4X4. Árgerð 2006, ekinn 4 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 4300.000. Rnr.182594


ISUZU TROOPER NÝJA LAGIÐ ABS. Árgerð 2001, ekinn 87 þ.km. Dísel knúinn. Sjálfskiptur. Verð 1990.000. Rnr.181999


ISUZU TROOPER. Árgerð 1999, ekinn 181 þ.km. Dísel knúinn. 6 gírar. Verð 1080.000. Rnr.995580


ISUZU TROOPER. Árgerð 1999, ekinn 132 þ.km. Dísel knúinn. 6 gírar. Verð 1390.000. Rnr.995417


HYUNDAI SONATA. Árgerð 1999, ekinn 107 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 650.000. Rnr.995618


HYUNDAI GETZ. Árgerð 2005, ekinn 13 þ.km. Bensín knúinn. 5 gírar. Verð 1450.000. Rnr.250007


HYUNDAI COUPE. Árgerð 2003, ekinn 1 þ.km. Bensín knúinn. 5 gírar. Verð 1690.000. Rnr.114843


HYUNDAI COUPE. Árgerð 2003, ekinn 30 þ.km. Bensín knúinn. 5 gírar. Verð 1590.000. Rnr.114842


HONDA CIVIC 2.0 TYPE „R". Árgerð 2002, ekinn 87 þ.km. Bensín knúinn. 6 gírar. Verð 1990.000. Rnr.210253


FORD MUSTANG COBRA SVT. Árgerð 2003, ekinn 32 þ.mílur. Bensín knúinn. 6 gírar. Verð 4990.000. Rnr.230096


FORD FOCUS. Árgerð 1999, ekinn 91 þ.km. Bensín knúinn. 5 gírar. Verð 700.000. Rnr.995415


FORD FIESTA TREND. Árgerð 2005, ekinn 8 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 1590.000. Rnr.182512


FORD F250 CREW CAB 4X4. Árgerð 2004, ekinn 62 þ.mílur. Dísel knúinn. Sjálfskiptur. Verð 3890.000. Rnr.115940


FORD EXPLORER EXECUTIVE. Árgerð 1996, ekinn 130 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 690.000. Rnr.123031


FORD E350 SUPER CLUB WAGON. Árgerð 1999, ekinn 95 þ.mílur. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.240238


FIAT PALIO WEEKEND. Árgerð 1999, ekinn 169 þ.km. Bensín knúinn. 5 gírar. Verð 520.000. Rnr.995617


DODGE STRATUS SE. Árgerð 2004, ekinn 22 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 1690.000. Rnr.220222


DODGE STRATUS ES. Árgerð 2004, ekinn 3 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 1990.000. Rnr.220225


DODGE GRAND CARAVAN SPORT. Árgerð 2002, ekinn 138 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 1890.000. Rnr.182546


DODGE CARAVAN BASE. Árgerð 1996, ekinn 156 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 440.000. Rnr.123352


DODGE 2500 CLUB CAB. Árgerð 1995, ekinn 75 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 1390.000. Rnr.240236


CITROEN XSARA PICASSO 1.8 16V. Árgerð 2001, ekinn 80 þ.km. Bensín knúinn. 5 gírar. Verð 990.000. Rnr.995389


BMW 5 540IA. Árgerð 1997, ekinn 148 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 1690.000. Rnr.240179


BMW 3. Árgerð 2002, ekinn 171 þ.km. Dísel knúinn. Sjálfskiptur. Verð 2190.000. Rnr.240146

TM
BÍLALÁN

TOPPBÍLAR
bílasala

**Kletthálsi 2 – 110 Reykjavík Sími 587 2000**
**Opið virka daga 10-18 • Laugardaga 12-16 •Sunnudaga lokað**





## PÚÐAR ERU MIKIL HEIMSILSPRÝÐI

*Mjúkir og þægilegir*

SJÁ BLS. 12



## MEIRIHÁTTAR MARCEL

*Flott hollensk hönnun* SJÁ BLS. 14

[ SÉRBLAÐ UM HÚS OG HEIMILI – LAUGARDAGUR 11. NÓVEMBER 2006 ]

# Heimilið



## EFNISYFIRLIT


**VEFSTÓLLINN ER TÖLVA FORTÍÐARINNAR**
*Friðbjörg Kristmundsdóttir vefur til heimilisins* BLS. 2

**ÆVINTÝRAHEIMUR ENGLA OG FÓLKS VIÐ ESJURÆTUR**
*Jólamarkaður Hjördísar* BLS. 4

**ÖÐRUVÍSI VEGGIR**
*Flott veggskraut* BLS. 10

**HÁTÆKNIVÆDD HEIMILI**
*Raddstýrð stjórntæki* BLS. 10





**LÍFLEGAR VATNSKÖNNUR**
*Hressa upp á mánudagsýsuna* BLS. 12

**ERÓTÍK OG ÞRÍVÍDD Í VEGGFÓÐRI**
*Smart í svefnherbergið* BLS. 13

**HÖNNUN**
*Meirháttar Marcel* BLS. 14



Frábær tilboð á Borðstofuhúsgögnum



25% afsláttur

PALANGA

**PALANGA** borðstofuborð B:100 L:210 cm, hvít eik, kr. **89.980** áður kr. ~~119.980~~ stækkunarplata kr. **12.980** áður kr. ~~17.980~~

BORÐSTOFUBORÐ 3.386 á mán. / 36 mánuði* staðgreitt kr. **89.980**




**BORÐSTOFUBLAÐIÐ**
kom heim til þín á fimmtudaginn, ef þú misstir af því kíktu þá á frábær tilboð á netinu, www.husgagnahollin.is

HÚSGAGNAHÖLLIN



„Það er skemmtilegt að vefa," segir Friðbjörg og skutlar skyttunni í gegnum skilin. FRÉTTABLAÐIÐ VILHELM

# Vefstóllinn er tölva fortíðarinnar

Úr húsi einu á Álftanesi heyrist vefur sleginn. Þar situr húsfreyjan Friðbjörg Kristmundsdóttir við göfuga iðju sína.

Friðbjörg hefur komið sér upp vefstofu úti í bílskúr og nú er þar að verða til dýrindis ullarefni sem á að fara í þjóðbúningasvuntur. Úr afganginum ætlar hún að sauma púða. „Þetta er mitt hobbý," segir hún brosandi og gerir hlé á slættinum. Samt er hún að keppa við klukkuna því svuntuefnið þarf að klárast fyrir kvöldið svo það komist til Ísafjarðar morguninn eftir.

„Það vantaði einhvern sem tæki að sér að vefa í svuntur," segir hún og útskýrir að vefnaði megi skipta í listvefnað og hagnýtan. Hún kveðst vera í hagnýtu deildinni og hafa meðal annars ofið dúka og mottur til heimilisnota. En hvar kynntist hún vefnaði eða hvaðan er áhuginn sprottinn? „Ég fluttist til Svíþjóðar á tíunda áratugnum og þar lærði ég handverkið. Hafði reyndar horft á stólana hjá Heimilisiðnaðarfélaginu en kom því aldrei í verk að læra hér. Svo gafst mér tækifæri til þess þarna úti. Ég bjó í Borås og skólinn var í Fristad sem er þar rétt hjá. Svæðið allt er þekkt fyrir þráðlist."

Sköft, skammel, skeið, haföld, skyttur og skil eru tækniorð í heimi vefarans því vefstóll er heilmikið árafæri og það er gaman að sjá hvernig hann virkar. Láréttir þræðir liggja gegnum haföldin og skeiðina og skiljast í sundur þegar Friðbjörg stígur á skammelið niður við gólf. Gegnum skilin rennir hún svo skyttum með lituðu einbandi í gegn. Það kallar hún ívaf. Þótt vefurinn sé 1,5 m á breidd þá skutlar hún skyttunum alla leið í einni sveiflu. Til þess þarf bæði kraft og lagni.

Friðbjörg segir mörg handtök við að setja upp vef. „Ég fæ systurnar og börnin til að hjálpa mér," segir hún og bætir við. „Tveir geta ráðið við þetta en það er enn betra þegar fleiri fást til verka." Hún segir talsverða útreikninga þurfa að eiga sér stað áður en hafist er handa. „Strákarnir mínir kalla vefstólinn tölvu fortíðarinnar því uppsetningin krefjist svo mikillar hugsunar. Þeir fást við forritun svo þeir þekkja þetta," segir hún brosandi.

Spurð hvort þetta áhugamál hennar þyki ekki sérstakt svarar hún. „Meðan ég var með vefstólinn inni í íbúðinni vakti hann mikla athygli og margir þurftu að klappa honum. Karlmenn voru sérstaklega hrifnir af því þeim fannst stóllinn svo flókið fyrirbæri."

Nú berst talið að stöðu vefiðnar í landinu sem hljótt er um. Friðbjörg segir þó vefnaðarnámskeið hjá Heimilisiðnaðarfélaginu fullsetið um þessar mundir. „Það er mikill áhugi á handavinnu og hönnun núna hjá yngra fólki og vinsældir vefnaðar að aukast. Enda ætti það að vera undirstöðugrein í hönnunarnámi að vita hvernig tau verður til."

Nú dugar ekki að tefja Friðbjörgu lengur. Hún þarf að halda áfram með svuntuefnið svo Ísfirðingar geti farið að sauma úr því og þess má geta að svuntuefni eftir hana fást í þjónustudeild Heimilisiðnaðarfélagsins.

*gun@frettabladid.is*



Fínlegur dúkur sem margir litir koma saman í.



Dúkarnir hennar Friðbjargar eru ofnir með mörgum aðferðum. „Það verður að hafa einhverja tilbreytingu," segir hún.



Dökkgrænn og hvítur og fer vel á borði.



Það er ekkert slor að eiga hlýlega gólfmottu ofna með eigin hendi.



Sparidúkur húsfreyjunnar, 1,5 x 3 m að stærð.



Heimaunninn púði frá grunni.


Jólatilboðin
í fullum gangi
AÐEINS FRÁ TEMPUR®
ÓSVIKIÐ
TEMPUR® EFNI
TEMPUR
Heilsunnar vegna
NÝTT RÚM
FRÁBÆR
HUGMYND
Tempur inniskór
Temprakon hitajöfnunarsængin
Tempur heilsukoddar
Jólagjafir sem láta
þér og þínum líða betur
Betra BAK
Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16
www.design.is © 2006



Hvít jól og jólakúlur sem minna á sælgæti.



Ævintýraheimur í hálftíma akstursfjarlægð frá borginni.

Fréttablaðið/Valli



Jólatré skreytt hvítum rósum.

# Ævintýraheimur Engla og fólks við Esjurætur

Jólamarkaðurinn á Kjalarnesinu er fagnaðarefni fyrir fagurkera og aðra unnendur ljósa og lita.

Á Kjalarnesinu stendur nú yfir dásamlegur jólamarkaður í sérstöku húsi sem kallast Englar og Fólk. Húsið liggur við bæinn Vallá og minnir um margt á orm sem hringar sig á bak við húsið. Þegar inn í Engla og fólk er komið tekur við ævintýraheimur sem dregur fram upphrópunina „vá“ af vörum þeirra sem yfir þröskuldinn stíga, en þarna er um að ræða algera hátíð fyrir alla fagurkera og þá sem gjarna vilja kalla sig jólaálfa. Ekki nóg með að húsið sem slíkt sé alveg einstakt og óviðjafnanlega fallegt á að líta, heldur er úrvalið á markaðnum eitthvað sem gefur jólunum nýja vídd.

Hjördís Gissurardóttir er vel þekktur fagurkeri og eigandi Engla og fólks, en allt árið um kring hefur hún hugann við jólin þegar hún ferðast um Evrópu og velur það sem vera skal á markaðnum. „Ég legg mikla áherslu á það að hafa úrvalið gott og ríkulega fjölbreytni af vörum í stað þess að kaupa mikið magn af hverjum hlut fyrir sig. Þetta þarf að vera svolítið sérstakt,“ segir Hjördís en vörurnar á markaðnum koma m.a. frá Frakklandi, Ítalíu, Sviss og Belgíu. Áður hefur Hjördís haft jólahlaðborð og ýmsar uppákomur í Englum og fólki, en undanfarin

*Framhald á síðu 6*



Hjördís Gissurardóttir, eigandi Engla og fólks.



Jólatré fyrir litlu börnin. Hvernig væri að gefa skraut á tréð í skóinn? Svo geta börnin safnað dótinu þar til jólatréð verður skreytt og þá verður nú gaman að fá að hengja gersemarnar á tréð.



Fiðrildið á myndinni er framleitt í Þýskalandi af fyrirtæki sem sérhæfir sig í gamaldags jólavörum.



Fallegt leirtau og glös frá Belgíu.



Hvítir fuglar frá Belgíu.



Krúttlegur snjókarl, rauð epli, köflótt jólahreindýr og „könglalampi“.



Íkorni í kúpli, ættaður frá Sviss.



Barnungir dýrlingar frá Ítalíu.

*Framhald af síðu 4*

þrjú ár hefur allt snúist um jólamarkaðinn sem verður fallegri með hverju árinu sem líður. Og þar er margt skemmtilegt að finna. Jólakúlurnar eru t.d. ekki bara kúlur heldur bangsar, fiðrildi, sæhestar og sirkusstelpur svo ekki sé minnst á borðbúnaðinn, lampana, myndirnar, púðana og allt hitt sem eykur á yndið í lífinu. Verðbilið á því sem finna má á markaðnum er mjög breitt, allt frá 250 krónum upp í fimmtíu þúsund krónur og óhætt er að fullyrða að verðlagningin sé samkeppnishæf miðað við það sem gerist í verslunum í borginni.

Markaðurinn er opinn frá 18-22, mánudaga til fimmtudaga. Ef fólk kýs að koma utan hefðbundins opnunartíma þarf að bóka fyrirfram og þá eru minnst teknir tíu manna hópar. Nánari upplýsingar fást í síma 8995199.



Salurinn á efri hæðinni í Englum og fólki.

## NÆSTU DAGA BJÓÐUM VIÐ GLÆSILEG

# OPNUNARTILBOÐ




kaldaljós 2006

# 10-40%

## AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM







### LÚR ER NÝ VERSLUN MEÐ ALVÖRU LAUSNIR FYRIR FÓLK SEM GERIR KRÖFUR UM GÓÐAN SVEFN OG BETRI HVÍLD

Hjá okkur færðu eingöngu gæðavörur frá viðurkenndum framleiðendum víðsvegar að úr heiminum - **við höfum samið um ótrúlega hagstæð verð sem koma sér vel fyrir viðskiptavini okkar.**

Við erum stolt að því að kynna hágæða dýnur frá ameríska framleiðandanum **Comfortaire** og ítalska framleiðandanum **Manifattura Falomo**. Bæði þessi fyrirtæki vinna eftir háum gæðastöðlum og hafa fram að færa spennandi tækninýjungar sem **tryggja þér góðan svefn og betri hvíld.**

Hjá okkur færðu einnig vönduð rúm, heilsukodda, hvíldarsófa, hvíldarstóla, hágæða nuddstóla, svefnsófa (með heilsudýnu), svefnherbergishúsgögn og aðra fylgihluti sem tengjast svefn og hvíld.

brn FALOMO Comfortaire

LÚR BETRI HVÍLD

**ATH. VIÐ HÖFUM EINNIG OPIÐ Á SUNNUDÖGUM**

HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
## RÝMINGARSALA

RÝMINGARSALA!!
V/ flutnings.
40% afsláttur af öllum vörum. Opið alla helgina til kl. 20:00
Fiskó Hlíðarsmára 12 S. 564 3364

## ATVINNA

FORRITARAR OG HÖNNUÐIR ATH.
Verum er nýtt og framsækið markaðssetningarfyrirtæki sem leitar að forriturum og grafískum hönnuðum í verktakavinnu.
verum
Sendið ferilsskrár á fridrik@verum.is

## Ýmislegt

FLÍSAR 1000m2 frá 990 kr. til sölu í Kolaportinu (gleraugnabásnum), ódýrari en málning á gólfið.

## Gisting

Hús á Menorca, íbúð í Barcelona, Costa Brava og Valla dolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

## Fyrir veiðimenn

### Gæsaköllunartæki

Óska eftir til kaups gæsaköllunartæki. Uppl. í s. 897 1001.

## Ýmislegt

**Breiðfirðingafélagið**
**Breiðfirðingafélagið**

**Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14, sunnudaginn 12. nóvember klukkan 14. Annar dagur í þriggja daga keppni.**

HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### 2 hús til leigu á vesturströnd Flórída!

Ýtarlegar upplýsingar á heimasíðu okkar www.husaflorida.com

### Room for rent.

All included! Info 824 4530.

Ný íbúð til leigu, 50 fm. Frá og með 10. des. Svæði 113. Uppl. í s. 868 9666.

2ja herb íbúð í 105 leigist frá (1.) 10. des-minnst í 2 mán. Húsb. getur fylgt. S: 89 89 636;fffg@internet.is

3ja h. fín, nýstands. íbúð á Fossv.sv., ca 80fm, sér inng., allt sér. Reglusemitoppumgengni. Bankaábyrgð. 90 þ. + 8 þ. r/h. S. 616 2725 / lo_ba7@yahoo.com

Til leigu fín 3herb. íbúð á sv. 105, Stangarholt. Leigist með húsgögnum í ca 4 mán. Leiga 120 þús. á mán. með hita+rafm. og hússj. Laus strax. Uppl. í s. 891 8610.

Ódýr herbergi til leigu á sv. 107. Uppl. í s. 864 4182 & fffjordur@simnet.is

50 fm 2ja herb. íbúð á Snorrabr. m/án húsg. Leiga 79 þ. m. hita. Laus strax. S. 696 3913.

Til leigu 2 herb. íbúð við Laugav. Sérinng. Vinsaml. sendið uppl. á kristrun@ismennt.is

Íbúð í 101. Nýstandsett 45fm. einstaklingsíbúð m/sér inngangi, ísskáp & þvottavél. Leiga 75 þ. m/ r&h. S. 822 4113.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 2herb. eða studio íbúð frá og með 1. des. á höfuðborgasv. Reyklaus og skilvísar greiðslur. Greiðslugeta allt að 60 þús. Uppl. í s. 445 4831 & 847 9568.

Óska eftir húsnæði á verðbilinu 60-85 þús./mán., helst í 101. Skilvísum greiðslum heitið. S. 824 8873 Gestur.

Óska eftir 2-3 herb. íbúð til leigu miðsv. í Rvk. Gr.geta 60-70 þús. S. 846 3635.

Rúmlega fertugur karlmaður utan af landi, reyklaus og reglusamur, vantar einstaklings eða litla íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 862 2705.

## Húsnæði til sölu

8 hesta hús til sölu í Mosfellsbæ. Kaffistofa. Upplýsingar í 892 9007 Ingólfur

## Fasteignir

AÐEINS 1,5% SÖLULAUN ALLRA FASTEIGNA ! Sendu skráningu á draumaeign@gmail.com

## Sumarbústaðir

Tek að mér almenna lagna og jarðvinnu, rotþrær, heimtaugar og fl., ný og öflug grafa. Einnig trjákurlun. Er á stór Grímsnessvæðinu. Vanur maður góð þjónusta 891 7355.

## Atvinnuhúsnæði

250 fm iðnaðarhúsnæði til leigu á Funahöfða. Stór innkeyrsluhurð og hátt til lofts. Uppl. í s. 699 5880.

Gott iðnaðarhúsnæði til leigu, Dalvegi 16c, Kóp. 70 fm. Uppl. í s. 699 4185.

Vantar lítið iðnaðarhúsnæði undir trésmíði. Uppl. í s. 587 0054 & 554 4228.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

ATVINNA

## Atvinna í boði

### American Style

**Laus störf í sal og á grilli á American Style á Bíldshöfða. Frábært lið að vinna. Hæfniskröfur: 18 ára eða eldri, félagslyndi, dugnaður, snyrtimennska og að geta mætt á réttum tíma. Viltu vinna nokkrar kvöld- og helgarvaktir á mánuði? Þá er þetta rétta starfið fyrir þig. Umsóknir á www.americanstyle.is**
**Umsóknir á www.americanstyle.is**

### ÖRLAGALÍNAN

**Óskar eftir hæfileikaríkum miðlum og lesurum á línuna. Draumráðendur eru sérstaklega boðnir velkomnir til starfa á línunni.**
**Vinsamlega sendið umsókn á bjork@nt.is eða hringið í síma 863 8055.**

### Frístundaheimili

**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.**
**Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

### Kökuhornið í Bæjarlind.

**Óska eftir að ráða starfsmann, fast starf í verslun okkar. Tvískiptar vaktir.**
**Uppl. í síma 897 0702, Sirrý & 861 4545 Guðni.**

### Vantar þig vinnu?

Okkur vantar hresst fólk í eldhús og sal. fullt starf eða hlutastarf, Umsóknir liggja frammi í Skipholti 19. Upplýsingar gefur Haukur í s. 660 1143 eða 692 4310 Výtas.

### Kvöld & helgar

**Aktu Takt leitar eftir fjörugu og hressu fólki í kvöld og helgarvinnu. Tilvalið fyrir skólafólk sem og aðra sem vilja vinna á skemmtilegum vinnustað. Góð laun í boði.**
**Ef þú hefur áhuga hikaðu þá ekki við að senda inn umsókn á www.aktutaktu.is**

### Jolli Hafnarfirði

**Jolli óskar eftir fólki í fullt starf. Góð laun í boði.**
**Upplýsingar gefur Líney í síma 565 4990 frá 8-16.**
**Umsóknareyðublöð fast á staðnum.**

### Leikskólinn Klambrar

**Okkur vantar aðstoðarmanneskju í eldhús frá 1.des. Lífsgleði skilyrði og þroski ekki fyrirstaða.**
**Upplýsingar gefur leikskólastjóri í 511 1125.**

### Veitingahúsið Lækjarbrekka

**Lækjarbrekka veitingahús óskar eftir þjóni til starfa í fulla vaktavinnu. Einnig getum við bætt við okkur þjónanemum og vönu aðstoðarfólki í veitingasal. Upplýsingar fást á staðnum milli kl 14 17 alla daga eða í síma 551 4430. Tökum einnig á móti umsóknum í gegnum tölvupóstinn info@laekjarbrekka.is .**
**Lækjarbrekka Alltaf Sígild Alltaf Ljúf**

### Afgreiðslufólk - Yfirmenn.

**Óskast til starfa. Hentar fólki á öllum aldri. Góð laun í boði fyrir gott fólk.**
**Uppl í s. 864 1585 eða á www.kornid.is**

### Mosfellsbakarí Háaleitisbraut

**Vorum að opna nýtt og glæsilegt bakarí á Háaleitisbraut 58-60. Okkur vantar ábyrgt og skemtilegt fólk til að starfa með okkur alla virka daga frá kl. 13 - 18.30 og 1 dag aðra hvora helgi. Æskilegur aldur 25 ára og eldri.**
**Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 553 5280 & 660 2153**

### Steinsteypusögun og kjarnaborun

**Duglegir starfsmenn óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. Fjölbreytt starf - Góð laun í boði.**
**Upplýsingar í s. 893 3236**

### Vinnið heiman að!!

Væri ekki vel þegið að fá aukatekjur? Hringið í Ástu 891 8902.

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

### Hvar í veröldinnni sem er!!

Nýtt, spennandi, skemmtilegt og fjölbreytt tækifæri. Kíktu á www.peningar.com

### Starfsfólk óskast

Duglegan starfskraft vantar á dagvakt í söluturn og grill í Hafnarfirði. Ekki yngri en 20 ára. Einnig hlutastarf á kvöldin og um helgar. Uppl. í s. 896 4040.

Óskum eftir vönum vélamanni á beltagröfu. Uppl. í s. 840 4090.

Starfsmann vantar í leikskólann Sólbakka Stakkahlíð 19 Hafið samband við Arndísi í síma 693 9822 eða 552 2725.

Heimilisaðstoð. Eldri hjón búsett í Hafnarfirði óska eftir aðstoð hálfan daginn. Þrif o.fl. Upplýsingar í síma 856 7404.

Leiðbeinanda vantar í vinnu í leikskólann Gullborg við Rekagranda. Upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 562 2455 & 693 9820.

Bæjarins beztu Smáralind eru að leita eftir starfskrafti á besta aldri. Um er að ræða hlutastarf með sveigjanlegum vinnutíma. Góð laun í boði. Upplýsingar gefur Guðrún í síma 894-4515 á milli 15-18

### Vort daglegt brauð Hafnarfirði

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn. Uppl. í s. 891 8258 & 565 8070, Þóra.

### Ert þú sjálfstæður og öflugur sölumaður?

Tímaritaútgáfan Birtíngur auglýsir eftir duglegu og kraftmiklu fólki í kvöldsölu. Frábærir tekjumöguleikar, vinnutími frá kl 18-22, 2-4 kvöld í viku. Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Huld, starfsmannastjóra í síma 515 5500 eða í tölvupósti ingahuld@birtingur.is

Starfskraftur óskast á sveitaheimili, erum í uþb. 2,5 klst. fjarlægð frá Reykjavík. Uppl. í síma 456 7617.

Óskum eftir að ráða vana dráttarbílstjóra og vélamenn. Uppl. í s. 863 0085.

### Sendiferðir og tölvuvinna

15-17 ára einstaklingur óskast 1-2 í viku hjá fyrirt. í miðbænum www.visitorsguide.is, Uppl. sendist á netid@netid.is

Yfirvélstjóra vantar á tæplega 200 tonna netabát sem rær frá Suðurnesjum, góð laun í boði fyrir réttan aðila. Einnig vantar matsvein. Fiskverkun í Keflavík vantar vanan handflatningsmann. Uppl. í s. 892 5522 eða 853 2999.

Nýtt veftímarit óskar eftir freelance pennum og sölumanni auglýsinga. Hafið samband á ritstjori@alltannad.is eða í s. 659 9659.

Veitingahús. Starfskraftur óskast í 80% vinnu. 13 dagv. frá kl. 12-19, 7 morgunv. frá 7-14. 10 dagar frí á mánuði. Uppl. í s. 843 9950.

### Kvöld- og helgarþjónusta

Óskum eftir að ráða starfsmann í þjónustu við aldraða hjá Félagsþjónustu Seltjarnarnesbæjar. Starfið er 40% starf og unnið er 2 - 3 kvöld í viku (16.30 - 20.15) og aðra hverja helgi. Hentar vel með námi. Um er að ræða tímabundið starf fram yfir áramót. Gefandi og fjölbreytt starf. Kynnið ykkur kaup og kjör. Nánari upplýsingar hjá Þóru eða Snorra í síma 595 9130 eða 897 2079.

## Atvinna óskast

Kona óskar eftir að taka að sér heimilisþrif gegn því að fá herbergi. S. 694 9565.

31 árs karlmann vantar vel launaða vinnu, kvöld og helgar. Reynsla af akstri ( meirapróf )sölu og rekstri. Góð meðmæli. hk1@hive.is

## Fundir

Aðalfundur Alþjóðlegra Ungmennaskipta verður haldinn í sal Rúgbrauðsgerðarinnar í Borgartúni 6, laugardaginn 18. nóvember klukkan 14:00. Allir velkomnir. Stjórnin

## Ýmislegt

### Engar skuldir - Hærri tekjur

Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál

Exotic, Erótísk svört nuddstelpa. Uppl. í s. 659 9420.









### Símaspjall 908 2020

Ertu nátthrafn? Ertu einmanna? Ertu til í spjall? Er alltaf við, hvenær sem þig langar.







Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Nýjar símadömur! Nú hafa 3 nýjar símadömur bæst við í góða hópinn á Rauða Torginu. Hvaða dama verður vinkona þín í kvöld? Símar 908 6000 (símatorg, kr. 299,90 mín) og 535 9999 (Visa, Mastercard, ódýrara kr. 199,90 mín).

Frábær ný hljóðritun: „Leikur í baðkari", ung kona í mjög „innilegri" upptöku. Sögur Rauða Torgsins, s. 905 2002 (símatorg, kr. 99,90 mín) og 535 9930 (Visa, Mastercard, ódýrara, kr. 19,90 mín), upptökunr. 8773.

## TILKYNNINGAR

### Poszukujemy pracowników!

W zakres pracy wchodzi zarządzanie finansami oraz usługi ubezpieczeniowe dla osób z Europy Wschodniej osiedlonych na Islandii.

Proponujemy pracę w jednej z najlepszych firm w kraju w dziedzinie handlu i doradztwa.

Naszym celem jest zapewnienie , aby osobom pochodzenia obcego zagwarantowano taką samą obsługę jak Islandczykom.

*Ciekawa i wydajna praca w dobrym zespole.
*Ciekawa praca z dobrą perspektywą na przyszłość.
*Dobre zarobki w przyjaznym otoczeniu.

**Kwalifikacje / Wymogi:**

Osoba ubiegająca się musi mieć czyste zaświadczenie o niekaralności.

Wnioski (english or íslensku) prosimy wysyłać na adres á **wnioski@wnioski.is**

### Innritun fyrir vorönn 2007 stendur yfir

**Umsóknarfrestur** um nám í Fjölbrautaskóla Vesturlands á vorönn 2007 er til **15. nóvember** n.k.

Á vorönn er hægt að hefja nám á eftirtöldum námsbrautum:

**Almenn námsbraut**
**Bóknámsbrautir til stúdentsprófs**
**Húsasmíði**
**Viðskiptabraut (bæði í dagskóla og í fjarnámi)**
**Viðbótarnám til stúdentsprófs**

Örfá pláss á **heimavist** eru laus til umsóknar á vorönn.

**Umsóknareyðublöð** má fá í skólanum (send ef óskað er). Einnig er hægt er að prenta þau út af heimasíðu skólans **www.fva.is**.

**Upplýsingar** um nám í Fjölbrautaskóla Vesturlands eru veittar í síma 433-2500. Á heimasíðu skólans eru einnig allar nauðsynlegar upplýsingar. Slóðin er: **www.fva.is**

Skólameistari

### Myndlistarmenn Rithöfundar

Menningarmálanefnd Hveragerðisbæjar auglýsir eftir umsóknum um dvöl í húsinu Varmahlíð í Hveragerði. Íbúðarhúsið er búið öllum húsgögnum og tækjum og Hveragerðisbær mun greiða kostnað vegna rafmagns og hita. Gestalistamenn fá endurgjaldslaus afnot af húsinu. Engin vinnustofa fylgir húsnæðinu.

Óskað er eftir því að í skriflegum umsóknum, sem senda á til menningarmálanefndar Hveragerðisbæjar, Sunnumörk 2, 810 Hveragerði, komi fram æskilegt dvalartímabil og að hverju listamaðurinn hyggst vinna meðan á dvölinni stendur.

Úthlutun dvalartímabila mun fara fram í desember og mun vera úthlutað frá janúar 2007.

Allar frekari upplýsingar svo og umsóknareyðublöð fást á skrifstofum Sambands íslenskra myndlistarmanna, Hafnarstræti 16, 101 Reykjavík, sími 551 1346 og Rithöfundasambands Íslands, Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8, 104 Reykjavík, sími 568 3190. Einnig er hægt að leita upplýsinga hjá skrifstofustjóra Hveragerðisbæjar í síma 483 4000.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu Hveragerðisbæjar www.hveragerdi.is
Umsóknarfrestur er til 8. desember n.k.

**Menningarmálanefnd Hveragerðisbæjar**

# ÁS FASTEIGNASALA Nýbyggingahelgi

## Dagskrá laugardagsins 11. nóv.

## Opið hús að Fjarðargötu 17, kl. 13-17

## sölumenn til viðtals og sýna eignir

## Dagskrá sunnudagsins 12. nóv.

**Kl. 13-14**

Hátíðarsalur Hauka á Ásvöllum
Kynning á eignum,
kostnaður við kaup,
greiðslubyrði o.s.frv.

**Kl. 16-17**

Opið hús hjá
**Fasteignasölunni ÁS**
Fjarðargötu 17,
þar sem fólki gefst kostur á að
ræða frekar við sölumenn.

**Kl. 14-16 – Opin hús í eftirtöldum nýbyggingum:**

- Akurvellir 1, fjölbýli
- Berjavellir 1, fjölbýli
- Berjavellir 3, fjölbýli
- Drekavellir 18, fjölbýli
- Drekavellir 26, fjölbýli
- Drekavellir 6, fjórbýli
- Einivellir 7, fjölbýli
- Engjavellir 1, sex íbúðir
- Eskivellir 3, fjölbýli
- Eskivellir 7, fjölbýli
- Eskivellir 9, fjölbýli
- Fífuvellir 8, einbýli
- Fjóluvellir 10 – 14, raðhús
- Fjóluvellir 2 og 4, raðhús
- Fléttuvellir 17, einbýli
- Fléttuvellir 45, einbýli
- Kirkjuvellir 3, fjölbýli
- Kirkjuvellir 5, fjölbýli

**Ás fasteignasala - Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali - Fjarðargötu 17 - Sími 520 2600 - www.as.is**

# FATAMARKAÐUR RAUÐA KROSSINS 11. NÓVEMBER





Kópavogsdeild Rauða krossins heldur fatamarkað **laugardaginn 11. nóvember kl. 11–16** í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð.
Seld verða notuð föt á konur, karla, ungmenni og börn. **Verð: 300 kr./500 kr.**

Allur ágóði rennur í útskriftarsjóð fyrir munaðarlausa unglinga í Mósambík sem Rauði kross Íslands hefur stutt við bakið á og veitt námsaðstoð. Nemendur í MK annast markaðinn sem er lokaverkefni þeirra í áfanga um sjálfboðið Rauða kross starf. Kaffi á könnunni.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöðin Hamraborg 11
Sími 554 6626 / kopavogur@redcross.is
www.redcross.is/kopavogur



## Arnarás 12

Garðabær
Opið hús Laugard kl 16-16.30

**Verð: 38,5**
Stærð: 123
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2001
Brunabótamat: 22.785.000
Bílskúr: bílskýli

REMAX BORG kynnir sérlega fallega eign á frábærum útsýnisstað í Garðabæ. Rúmgóð flísalögð forstofa með góðum skápum. Stórt flísalagt þvottahús er inni í íbúðinni. Dökkt merbó parket er nánast á allri íbúðinni. Stofan er mjög rúmgóð með frábæru útsýni til Bessastaða og Esjunnar. Útgengt er úr stofu á stórar suðursvalir. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf og með góðri innréttingu. Eldhúsið er sérlega glæsilegt með vönduðum tækjum , háfi og borðkrók. uppl í s . 6934085

RE/MAX BORG



Þórunn Þórðardóttir
lögg. fasteigna
fyrirtækja & skipasali



Hannes S.
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is



Gylfi Gylfason
Sölufulltrúi
**693 4085**
gylfi@remax.is



## Ásbúð 43

Garðabær
Opið hús Laugard kl 15-15.30

**Verð: 45,9**
Stærð: 220,6
Fjöldi herbergja: 6-7
Byggingarár: 1979
Brunabótamat: 28.100.000
Bílskúr: tvöfaldur

RE/MAX BORG kynnir fallegt raðhús á tveimur hæðum í grónu hverfi í Garðabæ. Komið er inn í rúmgóða forstofu með góðum fataskáp, í forstofunni er gestasnyrting með gufubaði þar innaf,gott svefnherbergi, ágætt sjónvarpsherbergi.Á efri hæðinni er stórt hjónaherbergi með góðum skápum.Tvö góð barnaherbergi en möguleiki er á því þriðja.Flísalagt baðherbergi með bæði baðkari og sturtu. Rúmgóð björt stofa með góðum gluggum í norður.Fallegur suðurgarður. uppl í s. 6934085

RE/MAX BORG



Þórunn Þórðardóttir
lögg. fasteigna
fyrirtækja & skipasali



Hannes S.
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is



Gylfi Gylfason
Sölufulltrúi
**693 4085**
gylfi@remax.is

**HRAUNHAMAR**
**FASTEIGNASALA**

Fasteignasala snýst ekki bara um fasteignir...
...heldur líka um fólk

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is

# Nýbyggingadagur

## Komdu við hjá okkur og kynntu þér málið!

**Verðum með opið í dag milli 13 og 17 á skrifstofu okkar Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði**
**Kaffi á könnunni og meðlæti – Sölumenn fara með fólk að sýna eignir**




**Fulltrúi frá SPRON verður á staðnum**

DMK 90% íbúðalán
– fyrir þá sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð!

Kynntu þér *DMK 90% íbúðalán*
og aðra þjónustuþætti *DMK* á spron.is

spron

**Drekavellir 26 – 3ja og 4ra herb.**



**Berjavellir 3 – 4ra herb.**



**Kirkjuvellir 3 – 3ja og 4ra herb.**



**Drekavellir 6 – 4ra og 5 herb.**



**Eskivellir 1 – 4ra herb.**



**Engjavellir 1 – 4ra og 5 herb.**



**Akurvellir 4 – 5 herb.**



**Kirkjuvellir 7 – 2ja, 3ja og 4ra herb.**



**Eskivellir 9, a&b – 4ra herb.**



**Drekavellir 18 – 4ra herb.**



**Fléttuvellir 47 – einbýli**



**Kirkjuvellir 9 – 2ja og 3ja herb.**



**Eskivellir 7 – 3ja og 4ra herb.**



**Kirkjuvellir 5 – 3ja og 4ra herb.**



**Akurvellir 2 – 3ja og 5 herb.**



Ágústa Hauksdóttir, Freyja Sigurðardóttir & Magnús Emilsson, löggiltir fasteignasalar - Sími 520 7500 - Fax 520 7501 - www.hraunhamar.is

# Draumahús 530 1800




## — SÖLUSÝNING —

### Á MORGUN SUNNUDAG KL. 15:00 - 16:00

### Akurhvarf 1 - 203 Kóp



**31.800.000 - 32.900.000 ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN**

Eigum eftir 5 glæsilegar 125,8 - 128,7 fm 4ra herbergja íbúðir í lyftuhúsi við Akurhvarf í Kópavogi. Íbúðirnar eru fullfrágengnar án gólfefna með vönduðum innréttingum og flísalögðu baðherbergi. Þvottahús innan íbúðar. Stæði í bílageymslu fylgir. Glæsilegt útsýni!

**Tilboð:** Þeir sem festa kaup á eign í dag eða á morgun fá íbúðina fullbúna með gólfefnum.

Sölumaður Draumahúsa
tekur á móti gestum

---





## — SÖLUSÝNING —

### Í DAG LAUGARDAG KL. 15:00 - 17:00

### Drekavellir 6 - 221 Hfj

STÓRGLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Í NÝJU 4RA ÍBÚÐA HÚSI Á VÖLLUNUM.
SÉRINNGANGUR Í ALLAR ÍBÚÐIR OG 34 FM BÍLSKÚR MEÐ EFRI HÆÐ.



**28.500.000 - 37.500.000**

Hér er um að ræða einstaklega vandaðar 121,3 - 189,3 fm. íbúðir sem mikið hefur verðið lagt í. Glæsilegar og vandaðar innréttingar frá Brúnás, eldhústæki frá AEG, fataskápar og sólbekkir einnig frá Brúnás. Innfeld halogen lýsing frá Lumex. Allar flísar frá Flísabúðinni. Á baðherbergjum er m.a. hornbaðkar með nuddi og sturtuklefi og hitalögn undir flísum. Innihurðir frá Víkurás. Hiti í stéttum og tröppum á efri hæð auk þess sem skyggni er yfir útihurðum. Stórar hornsvalir á efri hæð og hornverandir á neðri hæð. Á neðri hæð er 121 fm 4ra herbergja íbúð fullbúin með gólfefnum. Á efri hæð er 155 fm íbúð og henni fylgir 34 fm innbyggður bílskúr. Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar.

Bóas sölumaður Draumahúsa
tekur á móti gestum s. 699-6165

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801 • www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

## VISSIR ÞÚ...

... að jó-jóið á rætur sínar að rekja til Filippseyja þar sem það var notað við veiðar?

... að Kleenex-bréfaþurrkur voru upprunalega framleiddar sem síur í gasgrímur?

... að klósett í Ástralíu sturta niður rangsælis?

... klukkan í klukkuturninum aftan á nýja hundraðdollaraseðlinum sýnir 4:10?

... að legókubbar eru steyptir með nákvæmni upp á fimm þúsundasta úr millimetra?

... að leikfangaframleiðendur halda því fram að í hvert skipti sem skilnaðartíðni í Bandaríkjunum eykst, þá aukist leikfangasala að sama skapi?

... að leikfangagormar eru seldir í öllum heimsálfum nema á Suðurskautslandinu?

... að Leikfangagormurinn var fundinn upp af flugvirkja?

... að meðal kvenmannstaska vegur eitt til tvö kíló?

... að meðaljóninn skoðar átta mismunandi húsnæði áður en hann kaupir?

... að mest selda Barbie-dúkka allra tíma er „Totally Hair Barbie"?

... að „Murphy's Oil Soap" er sú sáputegund sem oftast er notuð til að þvo fíla?

... að Ramses smokkar eru nefndir eftir Ramses II faraó en hann eignaðist yfir 160 börn?

... að ruggustóll í eigu Johns F. Kennedy var seldur á uppboði fyrir 442.000 dollara?

... að samkvæmt markaðskönnunum opna 68 prósent fólks ruslpóstinn sem berst inn um bréfalúguna?

... að kona innbyrðir að meðaltali 2,7 kíló af varalit um ævina?

... að Arnold Schwarzenegger keypti fyrsta Hummer jeppann framleiddan fyrir almennan markað árið 1992?

... að á nafnspjaldi Al Capone stóð að hann seldi notuð húsgögn?

... að áður en Abraham Lincoln vann kosningarnar 1860 hafði hann tapað átta kosningum um ýmis embætti?

... að áður en Tom Cruise skipti um nafn hét hann Thomas Mapother?

... að barnastjarnan Shirley Temple hafði þénað milljón dollara áður en hún náði tíu ára aldri?

... að Bill Clinton er eini örvhenti forsetinn sem hefur setið tvö kjörtímabil?

... að Bill Cosby var fyrsti blökkumaðurinn til að hljóta Emmy-verðlaun fyrir besta leik í aðalhlutverki?

... að Burt Reynolds lék ruðning með háskólaliðinu Florida State University?




FEÐRARÁÐSTEFNA 2006

# Feður í samfélagi nútímans

Í tilefni af fyrsta feðradeginum á Íslandi, heldur Félag ábyrgra feðra ráðstefnu um stöðu feðra og barna á Íslandi. Ráðstefnan verður haldin á Hótel Nordica, sunnudaginn 12. nóvember, húsið opnar kl. 13:45.

Dagskrá:
14:00 Magnús Stefánsson,
*Félagsmálaráðherra flytur inngang.*
14:15 Gísli Gíslason,
Formaður Félags ábyrgra feðra, *Staða feðra og barna á Íslandi.*
14:30 Dr. Sigrún Júlíusdóttir,
Prófessor í félagsráðgjöf. *Hagir foreldra - hamingja barna.*
15:00 Kaffihlé
15:15 Tom Beardshaw.
Frá Fathersdirect í Englandi, *Politics of fatherhood; challenges and opportunities.*
15:45 Umræður.

Frú Vigdís Finnbogadóttir verður heiðursgestur ráðstefnunnar.
Pálmi Sigurðsson, framkvæmdarstjóri verður fundarstjóri.

Ráðstefnan er haldin af Félagi ábyrgra feðra í samvinnu við Félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisstofu. Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur ókeypis.

Félag ábyrgra feðra www.abyrgirfedur.is | Félagsmálaráðuneytið www.felagsmalaraduneyti.is | Jafnréttisstofa www.jafnretti.is | GLITNIR Glitnir www.glitnir.is

30%




Baðsloppar
20% afsláttur
Handklæði
30% afsláttur
Rúmteppasett
20-40% afsláttur
Sængurfatnaður
20% afsláttur
20-30% afsláttur af rúmum
Nýtt kortatímabil
Útsala
20-40% afsláttur
rúmco
Langholtsvegi 111, 104 Rvk. Sími 568 7900
Opið virka daga 11-18, laugardaga 11-14

VÍSINDAVEFUR
HÁSKÓLA ÍSLANDS

## HVAÐ VELDUR GRÓÐURHÚSAÁHRIFUM?

Fræðimenn eru nokkurn veginn sammála um að það sem veldur hækkun á hitastigi jarðar sé aukinn styrkur svokallaðra gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum. Sú lofttegund sem leikur hér lykilhlutverk er koltvíoxíð. Meðal annarra gróðurhúsalofttegunda eru vatnsgufa, metan, tvíníturoxíð, óson og ýmis halógen-kolefnissambönd sem framleidd eru í iðnaði.

### Geislar sólar

Til þess að átta sig á verkan þessara efna og hvers vegna þau eru kennd við gróðurhús er mikilvægt að skoða hvernig geislar sólar hegða sér á jörðinni.

Þegar sólargeislar falla á lofthjúp jarðar endurkastast 26 prósent þeirra strax aftur út í geiminn vegna frákasts frá skýjum og ýmsum ögnum í lofthjúpnum. Skýin og agnir í andrúmsloftinu gleypa svo í sig um nítján prósent þeirra geisla sem berast frá sólu en afgangurinn, 55 prósent, nær að yfirborði jarðar. Af þeim geislum er 4 prósentum varpað strax aftur út í geim. 51 prósent hefur síðan margvísleg áhrif og veldur meðal annars bráðnun jökla, uppgufun vatns og hitun yfirborðsins. Síðast en ekki síst nýtast þessir geislar til ljóstillífunar plantna.

### Endurkast gróðurhúsalofttegunda

Geislar sólar sem ná yfirborði jarðar eru ljós og önnur rafsegulgeislun með stuttri bylgjulengd. Orka þeirra vermir jörðina og sendir þá jörðin frá sér sem varmageislun með talsvert meiri bylgjulengd en upphaflega ljósið. Aðeins brot af síðarnefndu geislunum berst þó út fyrir lofthjúpinn; meirihluti þeirra er fangaður af sameindum í andrúmsloftinu sem við nefnum í daglegu tali gróðurhúsalofttegundir. Geislunin frá yfirborði jarðar hitar sameindir þessara efna í lofthjúpnum og þær endurkasta hitageislum í allar áttir. Allt að níutíu prósent þessara geisla berast aftur til jarðar, hita hana og kastast svo aftur út í loftið. Þannig gengur þetta fyrir sig aftur og aftur. Því má segja að lofttegundirnar virki eins og gróðurhús þar sem þær halda varmanum innan lofthjúpsins svipað og loft og gler í gróðurhúsi heldur varmanum inni þó að húsið sé ef til vill ekki hitað upp sérstaklega.

### Gróðurhúsalofttegundir góðar í hófi

Aukning gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti hækkar hita lofthjúpsins þar sem fleiri agnir eru til þess að gleypa í sig geislana og endurkasta þeim. Þetta getur haft slæmar afleiðingar fyrir lífríki jarðar. Þó má ekki gleyma því að gróðurhúsaáhrif eru náttúrulegt fyrirbæri í lofthjúpi jarðar og ef þeirra nyti ekki við væri allt að 33° C kaldara á jörðinni. Meðalhiti jarðar væri þá allt að -18° C en ekki +15° C eins og nú er. Því leika gróðurhúsalofttegundir lykilhlutverk í því hversu lífvænlegt er á jörðinni.

*Jón Már Halldórsson, líffræðingur*

## BAR EINHVER TITILINN NAPÓLEON II?

Þessi spurning kviknar líklega af þeirri staðreynd að tveir keisarar sem báðir tóku sér nafnið Napóleon ríktu í Frakklandi á 19. öld. Sá fyrri var Napóleon Bónaparte eða Napóleon I, en sá síðari tók sér titilinn Napóleon III. Það liggur því nokkuð beint við að velta fyrir sér hver var Napóleon II.

### Sonur Napóleons I

Eiginlega er hægt að svara spurningunni um tilvist Napóleons II bæði játandi og neitandi. Í huga Napóleons I byggðist keisaraveldið á því að hann gæti eignast karlkyns erfingja. Kona Napóleons, Jósefína, gat ekki eignast börn og því skildi hann við hana og giftist Maríu Lovísu, dóttur Austurríkiskeisara, árið 1810. Ári seinna ól hún sveinbarn, Napóleon Frans Jósef Karl Bónaparte. Napóleon yngri hlaut heiðurstitilinn ‚konungur Rómar', líkt og erfingi bresku krúnunnar ber titilinn ‚prinsinn af Wales'.

### Napóleon I sendur í útlegð

Árið 1814 hafði Napóleon I farið halloka í styrjöldum sínum og neyddist til þess að segja af sér keisaradómi. Hann gerði það með því skilyrði að við völdum tæki sonur hans, þá þriggja ára, en ekkert mark var tekið á þessari ósk. Napóleon I var sendur í útlegð til eyjunnar Elbu og sonurinn varð eftir hjá Maríu Lovísu, móður sinni.

### Barnungur valdhafi í tvær vikur

Ári seinna reyndi Napóleon I aftur að ná völdum en varð að lúta í gras í orrustunni við Waterloo. Eftir hana sagði Napóleon af sér keisaradómi á ný og bað aftur um að sonur sinn tæki við völdum. Í þetta sinn samþykkti franska þingið beiðni



**NAPÓLEON YNGRI (1811-1832),** konungur Rómar, hertoginn af Reichstadt.

Napóleons, og því ríkti fjögurra ára drengur í um það bil tvær vikur yfir Frakklandi að nafninu til áður en bandamenn komu til Parísar og settu snáðann af. Þar með lauk endanlega valdatíð þeirra feðga en Napóleon I eyddi síðustu árum ævi sinnar í útlegð á St. Helenu í Suður-Atlantshafi þar sem lést árið 1821.

### Örlög Napóleons II

Eftir Napóleonsstyrjaldirnar fékk Napóleon yngri titilinn ‚hertoginn af Reichstadt' en var í raun hálfgerður fangi í Austurríki. Hann dó úr berklum árið 1832, einungis 21 árs. Eins og með föður hans hafa heyrst raddir um að honum hafi verið byrlað eitur en líklega er engin leið að komast að hinu sanna í málinu.

Engir nema hörðustu stuðningsmenn Bónaparte-ættarinnar kalla Napóleon Frans Jósef Karl Bónaparte nafninu Napóleon II. Samt sem áður ákvað frændi þeirra feðga, Loðvík Napóleon, árið 1852 að taka upp nafnið Napóleon III í virðingarskyni við stutta valdatíð frænda síns.

*Stefán Gunnar Sveinsson, sagnfræðingur*

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförnu eru: Snýst tunglið um möndul sinn eða ekki, hvað gerir hóstarkirtillinn, er hægt að endurforrita heilann í miðaldra körlum, hvað dreymir þá sem fæðast blindir, hvernig má skilgreina hugtakið þýði og hvað greinir það frá úrtaki, ná auglýsingar frekar til fólks ef frægt fólk leikur í þeim, og hversu lengi eru áldósir og plastflöskur að brotna niður í náttúrunni og hvaða skaðlegu efni geta losnað? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.





e-kortið er gott fyrir veskið

Með því að nota e-kortið færðu alltaf endurgreiðslu í beinhörðum peningum af öllum þínum viðskiptum innanlands




Þú sækir um á www.ekort.is

Þú sparar í hvert skipti sem þú notar e-kortið

- Þú færð endurgreiðslu hvar sem þú verslar innanlands.
- Þú færð endurgreiðslu af öllum boðgreiðslum eins og orkureikningum, leikskólagjöldum, fasteignagjöldum, sjónvarpsáskriftinni og öllu hinu sem fylgir því að reka heimili.
- Þú færð 0,65–25% viðbótarendurgreiðslu og ýmis sértilboð hjá yfir 200 fyrirtækjum.
- Með því að nota e-kortið getur þú áunnið þér tugi þúsunda króna sem þú notar í það sem þér hentar.

SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@ekort.is / www.ekort.is

e kort

# Bjartsýnir farandverkamenn

Pólskur karlmaður milli þrítugs og fertugs kemur til Íslands í leit að tímabundinni vinnu í byggingariðnaði en skilur fjölskylduna eftir í Póllandi. *Guðrún Helga Sigurðardóttir* dregur upp mynd af því hvernig hinn dæmigerði útlendingur lítur út.

Um mánaðamótin júní-júlí voru íbúar landsins rúmlega 300 þúsund og voru horfur á því að fólksfjölgunin yrði nálægt þremur prósentum á árinu. Það er meiri fjölgun á einu ári en hefur verið í áratugi. Í septemberbyrjun var ljóst að um og yfir sjö þúsund útlendingar hefðu komið til landsins fyrstu níu mánuði ársins. Útlendingar eru nú taldir vera um sextán þúsund talsins, þar af er talið að um átta þúsund og fimm hundruð hafi komið á þessu ári. Útlendingar eru taldir vera nú um 5,4 prósent mannfjöldans á landinu.

Í dag eru það fyrst og fremst karlar sem koma hingað til lands og flestir fara þeir til starfa í framkvæmdum og byggingariðnaði.

Segja má að hinn dæmigerði útlendingur sé pólskur karlmaður á fertugsaldri, líklega 37 ára eða tæplega það, kvæntur með konu og eitt til tvö börn í Póllandi. Hann kemur hingað peninganna vegna, til að geta búið fjölskyldunni betra líf.

### Með 290 þúsund á mánuði

Pólverjinn hefur ráðið sig í beint ráðningarsamband hjá verktakafyrirtæki hér í gegnum vinnumiðlun í Póllandi eða í gegnum kunningsskap hér á landi og í Póllandi. Hann starfar í byggingariðnaði fyrir austan, eða á höfuðborgarsvæðinu, og er annaðhvort á iðnaðarmanna- eða verkamannalaunum. Það fer þó algjörlega eftir fyrirtækjum. Ef Pólverjinn er iðnlærður er hann að öllum líkindum trésmiður. Margir eru líka bílstjórar.

Hinn dæmigerði útlendingur er líklega félagsmaður í Samiðn eða Eflingu ef hann starfar á höfuðborgarsvæðinu eða Afli starfsgreinafélagi fyrir austan.

Hinn dæmigerði pólski iðnaðarmaður á höfuðborgarsvæðinu hefur líklega um 290 þúsund krónur upp úr krafsinu á mánuði. Byggingaverkamaðurinn hefur 125.850 krónur í grunnkaup, er þá í sjötta launaflokki á Eflingartaxtanum með eins árs starfsreynslu. Ef hann er með þriggja ára starfsreynslu fær hann 129.201 krónu í dagvinnulaun á mánuði.

Sé hinn dæmigerði útlendingur iðnaðarmaður með viðurkennt sveinspróf þá hefur hann 184.575 krónur í dagvinnulaun á mánuði samkvæmt samningum Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins. Þá er miðað við eitt ár í starfsreynslu. Hafi hann þriggja ára starfsreynslu er hann með 189.662 krónur.

Rétt er að taka fram að hinn dæmigerði útlendingur vinnur myrkranna á milli, tíu til ellefu tíma á dag, fimm daga vikunnar og átta tíma á laugardögum. Hann fær yfirvinnu borgaða samkvæmt því. Hann er óhemjuduglegur og mikill bjartsýnismaður, telur sig geta gert allt hvað sem allri menntun og réttindum líður.

### Tveir saman í herbergi

Útlendingur, sem starfar fyrir austan, býr þar í vinnubúðunum og hefur eitt herbergi út af fyrir sig. Starfi hann á höfuðborgarsvæðinu er erfiðara að segja til um húsnæðið þar sem engar opinberar tölur eru um það. Af samtölum við menn í verktakageiranum að dæma búa nokkrir saman í íbúð, oft tveir saman í herbergi og útvegar vinnuveitandinn oftast húsnæðið. Ef Pólverjinn leigir sjálfur þá deilir hann húsnæðinu með öðrum og borgar kannski um og yfir 30 þúsund í leigu á mánuði.

Hinn dæmigerði útlendingur er tímabundið við störf hér á landi og allar líkur eru taldar á því að hann hverfi aftur til heimalandsins eða fari til annars lands þegar störfum hans er lokið hér á landi. Einhverjir velta því þó fyrir sér að setjast hér að og festa rætur og sýna opinberar tölur þá tilhneigingu í auknum mæli, til dæmis tölur um börn með erlent ríkisfang í leikskólum og grunnskólum.

### Konur hlutfallslega færri

Í opinberum gögnum kemur fram að karlmenn eru í miklum meirihluta þeirra útlendinga sem koma hingað til lands, eða tvöfalt fleiri en konurnar, og er það breyting frá því sem áður var þegar konur voru í meirihluta. Langflestir þeirra koma frá nýju ríkjunum átta í Evrópusambandinu en einnig koma margir frá ríkjum utan Evrópu. Pólverjar eru langflestir á Íslandi eins og staðan er í dag, Litháar eru einnig margir og svo eru Kínverjar stór hópur, sérstaklega þó fyrir austan.

Langflestir karlanna fara til starfa í byggingariðnaði og eru langstærstu einstöku vinnuveitendurnir fyrir austan, Impregilo og Bechtel, og stóru verktakafyrirtækin á höfuðborgarsvæðinu, til dæmis Ístak og ÍAV.

Tölur hjá Hagstofunni sýna að konur voru hér áður fyrr í meirihluta þeirra sem komu til landsins og fóru gjarnan í fiskvinnslu út um landið. Þessi þróun er gjörbreytt. Nú eru það karlarnir sem koma fyrst og fremst hingað til starfa og þeir búa flestallir og starfa á höfuðborgarsvæðinu og fyrir austan.

Fiskverkakona í Eflingu er 31 árs og fær sömu laun og Eflingarmaðurinn, rúmlega 125 þúsund krónur á mánuði fyrir fulla vinnu. Hún fær um og yfir 120 krónur í bónus á tímann.

## • 13.778 ÚTLENDINGAR Á ÍSLANDI 2005
## • 9.580 HAFA KOMIÐ TIL LANDSINS 2006

### Flestir koma frá þessum löndum

| | 2006 | 2005 | | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Pólland** | 4.096 | 2.958 | **Bandaríkin** | 320 | 271 |
| **Kína** | 645 | 717 | **Taíland** | 259 | 271 |
| **Litháen** | 548 | 495 | **Lettland** | 251 | - |
| **Portúgal** | 435 | 351 | **Júgóslavía** | 222 | 331 |
| **Þýskaland** | 408 | 462 | **Rússland** | - | 204 |
| **Filippseyjar** | 394 | 437 | | | |

Miðað við veitt atvinnuleyfi eftir upprunalandi janúar 2005 til 23. október 2006.
Heimild: Útlendingastofnun




**KRYSTIAN ER HINN DÆMIGERÐI ÚTLENDINGUR Á ÍSLANDI** Krystian Marek Wojcik er 31 árs frá Szczecin í Póllandi. Hann er menntaður sem smiður og hefur ellefu ára starfsreynslu frá Póllandi. Hann á fjölskyldu heima og hefur áhuga á því að vinna hér út næsta ár, fara þá til Póllands og ákveða með fjölskyldu sinni hvort þau vilji hugsanlega flytjast öll hingað til lands og setjast hér að.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Vinur fann vinnuna á netinu

Krystian Marek Wojcik er 31 árs smiður frá Szczecin í Póllandi. Hann hefur starfað sem smiður og verkstjóri á byggingarsvæði í Póllandi frá tvítugu og hefur nú starfað hjá Ístak frá því í janúar. Krystian er gott dæmi um hinn dæmigerða Pólverja sem hefur komið til starfa á Íslandi síðustu misserin.

Krystian starfaði á vegum Ístaks við byggingu Ikea í Garðabæ fyrr á árinu og vinnur nú við byggingaframkvæmdir þar í grenndinni. Hann hefur fimm ára menntun sem smiður úr tækniskóla í heimaborg sinni, Szczecin, og hefur starfað á byggingasvæðum þar og í borginni Stovgovd Szczecinski. Hann segist hafa komið til Íslands út af peningunum, hann fái miklu betri laun hér.

„Vinur minn hringdi í mig og sagðist hafa fundið vinnu á Íslandi á Netinu. Hann spurði hvort ég vildi koma með til Íslands ef við fengjum vinnuna og ég ákvað að slá til,“ segir Krystian.

Krystian vinnur tíu tíma á dag nú í skammdeginu og átta tíma á laugardögum. Hann er ánægður með launin, fær ókeypis húsnæði og að hluta til ókeypis fæði. Hann býr í stóru húsi í Hafnarfirði á vegum Ístaks þar sem þeir búa saman átján samstarfsmenn.

Krystian á fjölskyldu heima í Póllandi, eiginkonu sem starfar í Ráðhúsinu í Szczecin og tvo stráka, sextán ára og tveggja og hálfs árs. Hann fer heim á sex mánaða fresti og dvelst hjá fjölskyldunni í hálfan mánuð.

Hann hefur áhuga á að vinna hér út næsta ár og klára verkefni Ístaks í Garðabænum, fara þá heim til Póllands og ákveða með fjölskyldunni hvort þau vilji flytja hingað öll og setjast hér að. ■

### REGLUR UM VEITINGU DVALARLEYFA

Erlendur ríkisborgari sem ætlar að dvelja á Íslandi lengur en þrjá mánuði þarf dvalarleyfi. Útlendingur sem kemur frá landi innan EES-svæðisins og er í atvinnuleit má dvelja hér í sex mánuði án dvalarleyfis.

Þeir einu sem þurfa ekki dvalarleyfi eru norrænir ríkisborgarar. Atvinnuleyfi fylgir dvalarleyfi þannig að útlendingar snúa sér fyrst til Útlendingastofnunar og svo til Vinnumálastofnunar. Útlendingar verða að sýna tilgang dvalar sinnar, til dæmis með vottorði frá skóla eða staðfestingu frá atvinnurekanda. Útlendingur sem býr utan EES-svæðisins þarf að sækja um dvalarleyfi erlendis og sækja áritun áður en hann kemur til landsins og gengur frá dvalarleyfinu.

Afgreiðslugjald dvalarleyfa og búsetuleyfa er á bilinu 4.000-8.000 krónur fyrir fullorðna. Börn borga helmingi minna, Fólk af EES-svæðinu borgar minna.

# PHILIPS ClearLCD

## VERÐLAUNATÆKNI
### INNOVATION AWARD




ClearLCD beitir hinni byltingarkenndu Aptura™ baklýsingartækni sem skilar háskerpu í myndum með mikilli hreyfingu, stóraukinni dýpt í svörtum tónum og gerir myndina sýnilegri frá miklu víðara sjónarhorni.

**Philips 32PF9531**
32" LCD HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 myndtækni, Clear LCD og Digital Natural Motion, HD Ready, 7.200:1 skerpu, Dynamic Contrast og Active Control, 2x30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, 2 coax (1 inn, 1 út) og USB tengi CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi, fjarstýringu, borðstandi og veggfestingu.

**TILBOÐ**
**229.995**
FULLT VERÐ **329.995**

PIXEL PLUS 2

HD ready

## PHILIPS UPPTÖKUTÆKI MEÐ HÖRÐUM DISK

### AFRITUN BEINT Á DVD AF HARÐA DISKNUM MEÐ EINUM TAKKA

### DVD VIDEO MEÐ 80GB DISK

**Philips DVDR3440H**
Fjölkerfa DVD SPILARI með UPPTÖKU og innbyggðum 80GB HÖRÐUM DISK, allt að 250 tíma upptöku á harða diskinn, allt að 6 tíma upptöku á DVD (DVD+R/RW og DVD-R/RW), FlexTime / hlé á útsendingu, Dolby Digital og DTS, i-Link (DV, Firewire, IEEE1394), 2 Scart, SVHS og RCA AV inn/út, Optical og Coaxial tengi og fjarstýringu.




Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX 3.x/4.x/5.x/6.0 - Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

**TILBOÐ**
**39.995**
FULLT VERÐ **49.995**

### DVD VIDEO MEÐ 160GB DISK

**Philips DVDR3450H**
Fjölkerfa DVD SPILARI með UPPTÖKU og innbyggðum 160GB HÖRÐUM DISK, allt að 250 tíma upptöku á harða diskinn, allt að 6 tíma upptöku á DVD (DVD+R/RW og DVD-R/RW), FlexTime / hlé á útsendingu, Dolby Digital og DTS, i-Link (DV, Firewire, IEEE1394), 2 Scart, SVHS og RCA AV inn/út, Optical og Coaxial tengi og fjarstýringu.




Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX 3.x/4.x/5.x/6.0 - Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

**TILBOÐ**
**44.995**
FULLT VERÐ **54.995**

### DVD VIDEO MEÐ 250GB DISK

**Philips DVDR3460H**
Fjölkerfa DVD SPILARI með UPPTÖKU og innbyggðum 250GB HÖRÐUM DISK, allt að 250 tíma upptöku á harða diskinn, allt að 6 tíma upptöku á DVD (DVD+R/RW og DVD-R/RW), FlexTime / hlé á útsendingu, Dolby Digital og DTS, i-Link (DV, Firewire, IEEE1394), 2 Scart, SVHS og RCA AV inn/út, Optical og Coaxial tengi og fjarstýringu.




Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX 3.x/4.x/5.x/6.0 - Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

**TILBOÐ**
**49.995**
FULLT VERÐ **59.995**

**PHILIPS**
**LCD** ALLAR STÆRÐIR

+R RW Dual Media

**Heimilistæki**
www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR



**SKRIFSTOFA ARNAR CLAUSEN HÆSTARÉTTARLÖGMANNS** Þarna er enga tölvu að finna og allt með kyrrum kjörum enda hefur Örn verið lengi að.



**HÚS OG TRÉ** Sýning Spessa heitir „location“. Þetta sérstæða hús varð á vegi Spessa á ferðum hans um landið.



**VIÐ KÁRAHNJÚKA** Í þessu herbergi gisti Spessi en vinnusvæðið við Kárahnjúka reyndist ljósmyndaranum yrkisefni gott.

# Spessi spólar yfir ferilinn

Einn okkar allra sérstæðasti ljósmyndari er Spessi. Svo sérstæður að tala má um „spessaðan“ stíl. Um helgina verður opnuð sýning á nýjustu verkum hans í Hafnarborg í Hafnarfirði. Í samtali við *Jakob Bjarnar Grétarsson* fer hann yfir ævintýralegan og brokkgengan feril sinn með nokkrum svipmyndum.



**SPESSI** Ferill hans hefur verið ævintýralegur en sannarlega hefur Spessi fundið sinn stíl. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Þetta er tímamótasýning. Hvað hef ég haldið margar sýningar? Ég veit það ekki. Alveg örugglega … bíddu, ein, tvær … nei, ég veit það ekki. Örugglega sex til sjö stórar einkasýningar.“

Spessi hefur verið lengi að, með hléum þó.

„Tuttugu ár? Já, eða síðan 1990. Eða, sko, ég tók myndir þegar ég var tíu ára. Fór þá út með myndavél. Bara til að taka myndir. Eins og prófessional ljósmyndarar gera. Klára filmuna. Venjulegt fólk tekur eina mynd og svo tvær eftir mánuð. Svo gerðist ekkert fyrr en ég er 24 ára. Þá bjó ég í Kaupmannahöfn og keypti mér eldgamla Canon vél. Og þar var líka Siggi vinur minn áhugaljósmyndari sem kenndi mér á vélina. Ég var mjög fljótur að skilja hvernig myndavélin virkaði. Var einhvern veginn alveg með þetta á hreinu. Og byrjaði að taka myndir. Strax komu flottar myndir. Ég var að þvælast í Kristjaníu með myndavél í allri hassvímunni. Þær voru að virka. Það var eitthvað. Einhver galdur.“

**Skrítinn blaðaljósmyndari**

Og þannig byrjaði það. Spessi bjó í Kaupmannahöfn í eitt og hálft ár.

„Já, og var mikið niðri í Kristjaníu. Var á sósíalnum. Vaknaði á daginn og fór niður í Kristjaníu. Hékk á Felleskökken.“

Líður tíminn og 9. áratugurinn rennur upp. Spessi tók myndir, ómarkvisst þó.

„Ég var eitthvað farinn að kunna að framkalla og svona. Fer ég til Hollands í skóla. Svo kemur sumarið og ég heim. Er að fara í skólann aftur næsta vetur. Þá er Gunnar Smári og þeir að taka við Pressunni. Þá vantaði ljósmyndara. Ég sæki um og fæ bara djobbið. Skemmtilegt tímabil og mikið að gerast. Ég myndaði allt blaðið. Þarna voru framsæknir menn. Jón Óskar var í umbrotinu og ég hafði mikið frelsi. Og var mjög frumstæður í aðferðum. Notaði aldrei flass. Var skrítinn blaðaljósmyndari. Var með þrífót og var lengi að taka myndir. Lúxorlampi notaður og það sem var til á staðnum. Ég var að vinna við hliðina á Einari Óla ljósmyndara fyrir Alþýðublaðið. Hann er einn sá skrautlegasti í myrkrakompunni. Með innbyggðan tæmer í stækkuninni. Stórfurðulegt hvernig hann gerði þetta. Ég lærði mikið af honum.“

> Strax komu flottar myndir. Ég var að þvælast í Kristjaníu með myndavél í allri hassvímunni. Þær voru að virka.

**Brottrekstur Smára Guðs blessun**

Spessi var í tvö ár á Pressunni. Í botnlausri vinnu.

„Strax vinn ég til verðlauna á blaðaljósmyndarasýningu fyrir portrettmynd af Hallgrími Helgasyni. Mér fór strax að ganga vel. Ljósmyndir þar voru öðruvísi en voru að birtast í öðrum blöðum. Þá. Af einhverjum ástæðum rekur Gunnar Smári mig. Ég held að hann hafi bara verið eitthvað pirraður. Og ég sem fékk verðlaun bæði árin. En þegar ég horfi til baka þakka ég Gunnari Smára fyrir að hafa sparkað mér. Þá þurfti ég að hugsa upp á nýtt. Var að vinna í lausamennsku eftir þetta, gerði plötu-cover og svona. Síðan fer ég að spá í hvað ég væri að gera. Hvað situr eftir? Eftir alla þessa vinnu. Portrett þar og portrett hér. Ekkert samhengi. Mér fannst þetta vera tilgangslaust. Ekki neitt merkilegt sem maður var að gera. Vonleysistímabil.“

**Nýjar hugmyndir**

En árið 1993 bregður Spessi sér aftur í skóla.

„Ég valdi myndlistarskóla. Ekkert að pæla í ljósmyndum bara. Og ekkert verið að spá í hvort mynd sé falleg eða ljót – allt gengur út á hugmyndina. Conceptskóli. AKI í Hollandi. Já, neinei, ég var alveg streit þegar ég fór til Hollands. Engin hassvíma þá. Í skólanum var skemmtileg umræða, pælingar um myndlist: Hvað er hún? Hvenær verður ljósmynd myndlist? … Fyrstu önnina tók ég enga mynd. Var bara að pæla, skoða myndlist og sýningar. Ég gerði eina stóra sýningu í skólanum. Lenti inni á síðasta ári í þessum skóla. Og fékk ég að taka lokapróf. Hafði verið búinn að gera svo mikið. Fékk sjálfur að velja mér kennara. Og velja hvað ég vildi gera. Athyglisvert. Öll sýningin mín var unnin í húsinu sem ég bjó í. Fór ekkert lengra með myndavélina.“

**Breyttur Spessi**

Þegar Spessi kemur heim er allt breytt. Ljósmyndir hans einnig.

„Ég er þá orðinn allt öðruvísi hugsandi maður í sambandi við ljósmyndun. Um myndlist og ljósmyndun og allt mögulegt. Síðan hef ég bara einhvern veginn myndað út frá einhverjum hugmyndum frekar en mynda bara eitthvað. Í dag mynda ég ekkert nema ég sé búinn að pæla eitthvað í því. Og hef gert mörg konsept-verk eftir það. Seríur: Hetjur. Maður. Fólk. Bensín. Tjaldstæði. Og núna: Location. Jájá, upp á enskuna. Ekkert íslenskt orð yfir þetta. Staðsetning nær því ekki alveg. Og svo er að koma út bók núna í byrjun desember sem heitir Location -- 224 blaðsíðna doðrantur. Í stóru broti. Ég gef þetta bara út sjálfur. Bókin er í hönnun núna í New York. Hjá Karlsson Wilker – spútnikstrákar í hönnun.“ ■



# Á bleiku afsláttarskýi um allt land

Í tilefni af opnun fyrstu bensínstöðvar Orkunnar á Vesturlandi og 11 ára afmælis fyrirtækisins, lækkum við lítrann um

**11 krónur um allt land í allan dag á öllum stöðvum**



Haukur og Ingvar

# Gleðilegur dagur í Grundarfirði

Einokun í sölu eldsneytis er hér með aflétt í Grundarfirði og bleika ódýra bensínið frá Orkunni farið að renna. Menn hafa nú slegið upp veislu fyrir minna enda munar um minna þegar Orkan er annars vegar. Við sláum því upp sláandi skemmtilegri veislu á laugardaginn og bjóðum öllum bæjarbúum að slást í hópinn.



## Kl. 15:00

**Áheitaganga Félagsmiðstöðvarinnar Eden** hefst við plan fjölbrautarskólans og er gengið inn að Orkustöð. Ef þú mætir með eitthvað bleikt eða í einhverju bleiku þá styrkir þú krakkana í félagsmiðstöðinni. Málið er nefnilega það, að Orkan greiðir fyrir hvern bleikan haus 500 kr. og 250 kr. fyrir óbleika göngumenn. Rennur öll upphæðin til krakkanna í félagsmiðstöðinni.

## Kl. 15:20

**Snæfellska hljómsveitin Stuðbandið** tekur á móti göngufólki og spilar fyrir gesti.

**Dælt á fyrsta bílinn.** Ragnar Haraldsson stofnandi flutningafyrirtækisins, Ragnar og Ásgeir ehf., dælir á nýjasta bílinn úr flota fyrirtækisins.

**Vöfflur, kaffi og kakó** í tjaldi handa öllum.

**Orkugreipin**, kraftakeppni í umsjón Heisa. Gestir reyna fyrir sér í þessari ofurgrein. Verðlaun í boði Orkunnar.

**Ýmis skemmtiatriði:** Tónlist og fleira skemmtilegt að hætti heimamanna.

ORKAN BENSÍN

ÞAÐ MUNAR UM MINNA

# Allt að 30% afsláttur




30%* afsláttur

TILBOÐ 9.086kr
Almennt verð 12.980,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 3.276kr
Almennt verð 4.680,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 3.283kr
Almennt verð 4.690,-



30%* afsláttur




5.900kr
Kynningarverð




30%* afsláttur

TILBOÐ 2.093kr
Almennt verð 2.990,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 3.486kr
Almennt verð 4.980,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 3.283
Almennt v 4.690,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 3.283kr
Almennt verð 4.690,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 3.276kr
Almennt verð 4.680,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 2.093k
Almennt verð 2.990,-

* Afsláttur reiknast af almennu verði.

Gildir til 12. nóvember eða á meðan birgðir endast.

# af vinsælum bókum

## Allar nýjar bækur fást í Hagkaupum, yfir 400 titlar




TILBOÐ 2.086kr Almennt verð 2.980,-

30%* afsláttur




TILBOÐ 3.136kr Almennt verð 4.480,-

30%* afsláttur




TILBOÐ 1.575kr Almennt verð 2.250,-

30%* afsláttur




TILBOÐ 3.143kr Almennt verð 4.490,-

30%* afsláttur




TILBOÐ 4.886kr Almennt verð 6.980,-

30%* afsláttur




TILBOÐ 3.136kr Almennt verð 4.480,-




TILBOÐ 3.359kr Almennt verð 4.480,-

Bubbi Morthens og Jón Atli
árita í dag laugardag:
Smáralind kl. 14
Kringlunni kl.16
árita á morgun sunnudag:
Smáralind kl. 14
Kringlunni kl.16

30%* afsláttur




TILBOÐ 2.093kr Almennt verð 2.990,-

30%* afsláttur




TILBOÐ 1.883kr Almennt verð 2.690,-

30%* afsláttur




TILBOÐ 1.883kr Almennt verð 2.690,-

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Fjölmiðlakonan **Erna Kaaber** hefur heldur betur söðlað um því nú er hún hætt í fjölmiðlum og undirbýr opnun veitingastaðar. Þar mun fiskur leika aðalhlutverkið ásamt frönskum kartöflum, auk þess sem fjöldinn allur af mismunandi sósum verður á boðstólum og áhersla verður lögð á lífrænar afurðir. Erna sagði ***Sigríði Hjálmarsdóttur*** hvernig það vildi til að hún hellti sér úr fjölmiðlun í veitingabransann.



**HÆTT Í FJÖLMIÐLUM** Erna hefur sagt skilið við fjölmiðlastarfið og vonast til að geta átt fleiri stundir með börnunum sínum þremur meðfram rekstri veitingastaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Úr fjölmiðlum í veitingarekstur

Ég tók þátt í því að ýta Blaðinu úr vör og starfaði þar sem fréttastjóri í rúmt ár. Það var ákaflega skemmtilegt verkefni enda hef ég alltaf notið þess að starfa við fjölmiðlun. Eins og gengur og gerist var þetta mikil tarnavinna, stress og mikið ábyrgðarstarf sem fór ekki vel saman við fjölskylduaðstæður minar. Ég er fráskilin þriggja barna móðir og það var oft erfitt að púsla saman þessum tveimur heimum; vinnunni og fjölskyldunni. Þó að mér hafi fundist starfið mjög skemmtilegt saknaði ég þess að geta ekki notið meiri samvista við börnin mín," segir Erna, sem líkt og margir aðrir foreldrar hefur áhyggjur af því að börnin séu orðin afgangsstærð í nútímasamfélagi. „Þegar ég var búin að sækja börnin í skóla og leikskóla fór mestur tími í að elda matinn, gefa þeim að borða og koma þeim í rúmið. Oft greip ég til aðkeyptra skyndilausna þegar kom að matargerðinni sem hvorki brögðuðust vel né voru góð uppspretta næringarefna. Eftir árið var ég viss um að það hlyti að vera hægt að framfleyta fjölskyldu með skynsamlegri hætti, að minnsta kosti þannig að ég gæti verið búin að elda þegar börnin kæmu heim, og það almennilegan og góðan mat."

Erna segir hugmyndina að Icelandic fish & chips eiga rætur sínar að rekja til Bandaríkjanna, eða jafnvel Belgíu, þó að auðvitað sé rík bresk hefð fyrir þessari matarsamsetningu, fisk og frönskum.

„Eiginlega byrjaði þessi hugmynd að gerjast þegar ég var að vinna í New York á síðasta ári og rakst þar á alveg óendanlegt úrval af mat sem var bæði einfaldur og hollur," segir Erna og nefnir dæmi: „Þar er hægt að fá jafn einfaldar afurðir og nýkreistan appelsínusafa og múffur fullar af hnetum, fræjum, höfrum og fleiru hollu en ekki endalausum sykri og hvítu hveiti. Þetta ætti augljóslega heima hérna, eftirspurnin er án efa til staðar, en af einhverjum ástæðum er úrvalið hér mest af hveiti og sykurvarningi." Ernu finnst það furðulegt að þurfa að fara á einhvern ákveðinn heilsustað til þess að fá einfalda og ferska matvöru en það sé í mörgum tilfellum ekki í boði á almennum veitingastöðum.

**Hugmyndin kviknaði í New York**

„Eitt sinn þegar ég var á gangi á Lower East Side fann ég lítinn belgískan stað sem bauð eingöngu upp á franskar kartöflur með alls konar sósum. Ég hugsaði með mér að slíkur staður ætti vafalaust upp á pallborðið hérna heima enda erum við Íslendingar, eins og aðrir Norðurlandabúar, miklar kartöfluætur. Ég er síður en svo undanskilin því mér finnst kartöflur alveg svakalega góðar," segir Erna og bætir því við að þá hafi hugmyndin að því að opna veitingastað kviknað og farið að gerjast með henni.

„Fiskur er annað sem er í miklu uppáhaldi hjá mér. Sem barn var ég ekkert yfir mig hrifin af fiski enda var varla annað í boði en soðin ýsa. Það breyttist þegar ég komst á fullorðinsár og núna get ég ekki hugsað mér betri mat en fisk og þá sérstaklega þorsk. Þegar vinur minn einn benti mér svo á að aðgengi að fiski á veitingastöðum hér heima væri ekki nógu gott varð eiginlega ekki aftur snúið. Þótt það sé hægt að fá góðan fisk á ýmsum fínni og dýrari veitingastöðum er síður hægt að skjótast inn og fá sér fisk eins og til dæmis með hamborgarana," segir Erna og bendir á að það sé hægt að fá sér pizzu og hamborgara nánast hvar sem er því slíkir staðir séu á öllum hornum. „Fiskur er, ólíkt hamborgurum og pizzum, viðkvæmt hráefni sem ekki er hægt að meðhöndla hvernig sem er og ég sá því fram á að það þyrfti hreinlega að opna stað sem sérhæfði sig í matreiðslu fiskirétta. Fiskurinn fer auðvitað langbest með kartöflum svo ég sá að þarna væri komið efni í góðan veitingastað með matseðil sem ég þyrfti ekki að skammast mín fyrir að bjóða börnunum mínum upp á."

**Tíu sósutegundir**

Það skiptir Ernu gríðarlega miklu máli að matur sé heilsusamlegur og því lagðist hún í mikla upplýsingaöflun um olíur til þess að steikja upp úr. „Upphaflega hafnaði ég þeirri hugmynd að djúpsteikja fiskinn því ég hélt að það væri skelfilega hollustustusnauð eldunaraðferð þó varla sé til sá maður sem ekki finnst steiktur matur góður. Ég komst hins vegar að því að ef matur er djúpsteiktur á réttum hita í góðri olíu er sú aðferð engu síðri eldun en margar aðrar," segir Erna en fiskurinn hennar verður því djúpsteiktur í speltdeigi, upp úr olíu sem unnin er úr hrísgrjónahýði. „Þessi olía er bæði hitaþolnari en gerist og gengur og er sérlega E-vítamínrík en þessi olía nýtur mikilla vinsælda í Kaliforníu um þessar mundir. Frönsku kartöflurnar verða hins vegar ofnbakaðar í sérinnfluttri grískri ólífuolíu og eru í raun eins og það sem Bretar kölluðu upprunalega „chips" eða flögur," segir Erna, sem ætlar að bjóða upp á tíu tegundir af köldum sósum með matnum en samt ekki kokkteilsósu. „Sósurnar eru alger nýjung á heimsvísu því þær eru unnar úr séríslensku hráefni í bland við ferskar kryddjurtir og fleiru gómsætu. Þeir sem hafa prófað þær eru á því að þarna sé á ferðinni nýr smellur í matarmenningunni."

Það sem skiptir Ernu mestu máli er að kaupa einungis gott hrá-




Safnaðu þekkingu
- sæktu þér aukinn styrk

STJÓRNUN OG FJÁRMÁL

Vinnusálfræði og samskipti á vinnustað
hefst 16. nóv.

Markþjálfun
hefst 20. nóv.

Alþjóðlegur skattaréttur I
hefst 22. nóv.

Sönn leiðtogahæfni V: Að virkja teymi og vinnuhópa
hefst 22. nóv.

Skattur á söluhagnað hlutabréfa hjá félögum
hefst 27. nóv.

Viðtalstækni fyrir stjórnendur og starfsmannastjóra
hefst 28. nóv.

Þekkingarstjórnun
hefst 28. nóv.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is


## FISKUR OG FRANSKAR
### Ástarævintýri frá tímum Dickens



Fiskur og franskar eru sannkallaður þjóðarréttur Breta sem hefur nú út kvíarnar til bæði Evrópu og Nýja heimsins. Í Bretlandi er fiskurinn oftast borinn fram að gömlum sið, vafinn í dagblað ásamt fitugum frönskum kartöflum ásamt skvettu af ediki. En svalir veitingastaðir í Bretlandi, Ástralíu og Ameríku hafa verið iðnir upp á síðkastið að framreiða þessa ljúffengu samsetningu í nútímalegum búningi, enda alls ekku um óholla fæðu að ræða ef hún er ekki djúpsteikt í dýrafitu. Kartöflur voru fyrst borðaðar af Inkum fyrir 6.000 árum síðan og ferðuðust svo til Evrópu fyrir þúsund árum síðan. Kartöflur urðu loks viðurkenndar sem gæðafæða á átjándu öld þegar Marie Antoinette skartaði kartöflublómum í hárinu - en það voru einmitt Frakkar sem fundu upp frönsku kartöfluna á svipuðum tíma. Fiskur og franskar uppgötvuðu hvort annað á tímum Charles Dickens og það er einmitt minnst á þennan herramannsmat í skáldsögunni um Óliver Twist. Elsta „Fish and Chips" búllan í London er sögð vera fiskbúð Joseph's Malin á Cleveland Street árið 1860. Nú eru um 8.500 slíkar til í Bretlandi. Fiskur og franskar er hins vegar ekki lengur bara fitugur skyndibiti heldur fer að festa sig í sessi sem einn svalasti rétturinn á nútímalegustu veitingahúsum heimsborganna.

- amb

efni og vinna allan mat daglega á veitingastaðnum. „Til að mynda kaupi ég kartöflurnar frá Móður jörð og sker þær niður, velti þeim úr olíu, steinselju og Maldon-salti og baka þær. Það er ekkert forunnið. Síðan verður töluvert úrval af kökum, brauði, múffum og fleiru sem verður algjörlega laust við hveiti og sykur og sumt jafnvel laust við egg og mjólk. Þar sem ég er mikill sælkeri finnst mér mikilvægt að fórna hvergi bragðgæðum þó að ég noti ekki þetta venjulega hráefni svo ég hef staðið í meiriháttar tilraunum í eldhúsinu til að sameina þetta tvennt, bragð og heilsu," segir Erna og hlær.

**Enginn verkfræðiunninn matur**

Aðspurð hvernig þessi mikli áhugi á heilsusamlegu fæði hafi vaknað segir Erna: „Fyrir nokkrum árum síðan var ég komin á sterkar magatöflur og ég hugsaði með mér að það gengi ekki að kornung kona væri komin á magatöflur það sem eftir væri. Ég fór því að lesa um alls konar kúra, stefnur og strauma og hugmyndir um mat og næringu og á skömmum tíma varð ég forfallin áhugamanneskja. Matur er orkugjafi líkamans og þjónar miklu stærra hlutverki en að fylla magann. Líkaminn er eins og ein stór efnafræðitilraun og á síðustu árum hafa bæst inn í þá tilraun hérna á Vesturlöndum alls kyns efni sem við höfum ekki hugmynd um hvaða áhrif hafa á líkamann til lengri tíma." Erna segist hafa prófað sig áfram með mataræði og komist að því að hún bregðist sérlega illa við pakkamat og forunnum matvælum. „Einn vinur minn, sem er verkfræðingur, sagðist ekki hissa á því. Hann segist sjálfur sneiða hjá mat sem verkfræðingar hafi komið nálægt enda hafi þeir ekki nokkurt vit á matargerð. Eftir nokkrar tilraunir með eldamennsku og mataræði gat ég lagt töflunum og hef ekki tekið þær síðan, án þess að kenna mér meins."

Icelandic fish & chips verður opnað í Tryggvagötunni fyrir jólin en eftir jól er stefnt á að opna stað í New York undir sama nafni. „Ég hef verið að smíða, hreinsa og hanna á fullu undanfarið og sjá fyrir mér hvernig staðurinn getur verið sem huggulegastur. Það má segja að Icelandic fish & chips sé lítið fjölskyldufyrirtæki því fjölskyldan mín er með mér í þessu auk vina minna í Bandaríkjunum sem hafa áhuga á að gera þetta stærra og flytja konseptið út," segir Erna og heldur áfram: „Þar í landi eru menn sífellt að átta sig betur á mikilvægi þess að borða fisk. Fiskneysla hefur dregist gríðarlega saman á síðustu áratugum og það er sérlega óheppilegt því nánast úr honum einum fáum við omega 3 fitusýrur sem gegna mikilvægu hlutverki fyrir heilann. Fiskneysla dregur úr líkum á offitu, hjartasjúkdómum og þunglyndi en allir þessir sjúkdómar herja á Vesturlandabúa. Það er því ekki seinna vænna að auka fiskneysluna. Í mínum huga er það ekki síður þjóðagslega hagkvæmt að borða fisk en að flytja hann út," segir hin orkumikla athafnakona Erna Kaaber. ■









**NANCY PELOSI** Harðsnúin fimm barna móðir frá Kaliforníu verður leiðtogi nýja meirihlutans í fulltrúadeild Bandaríkjaþings. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Fær að glíma við forsetann

Repúblikana í Bandaríkjunum hefur marga óað við tilhugsuninni um að **Nancy Pelosi** verði þingforseti, til þess þykir þeim hún allt of vinstrisinnuð. Næstu tvö árin verður hún í forsvari fyrir demókrata í glímunni við Bush forseta. ***Guðsteinn Bjarnason*** kynnti sér forsögu Pelosi, sem hefur ekki verið sérlega áberandi síðustu árin þrátt fyrir að hafa verið leiðtogi þingminnihlutans.

Næstu tvö árin verður Nancy Pelosi býsna áberandi í bandarískum stjórnmálum. Hún verður leiðtogi demókrataflokksins í neðri deild þingsins í Washington og fær því það hlutverk að semja við George W. Bush forseta um flest þau mál sem koma þarf í gegnum þingið.

Þau Bush og Pelosi hafa ekki beinlínis talað fallega hvort um annað undanfarin misseri. Bush gerði óspart grín að henni í kosningabaráttunni, sagði hana til dæmis „leynilegan aðdáanda“ skattahækkana og fullyrti að „hryðjuverkamenn sigri en Bandaríkin tapi“ ef Demókrataflokkurinn kæmist til valda á þinginu undir hennar forystu.

Hún sparaði heldur ekki stóru orðin þegar talið barst að Bush, sagði hann beinlínis hættulegan, hann væri í afneitun og hann væri „keisari í engum fötum“. Hann hefði leitt þjóðina í villu varðandi Írak og stjórn hans á efnahagsmálum væri í molum.

Bæði hafa þau þó skipt um gír eftir þingkosningarnar á þriðjudaginn þar sem demókratar unnu vænan meirihluta í fulltrúadeildinni en harla nauman meirihluta í öldungadeildinni. Þau snæddu saman kvöldverð á fimmtudaginn og sögðust ætla að sýna hvort öðru fulla virðingu í samstarfinu næstu tvö árin.

### Fór seint á þing

Pelosi er 66 ára gömul og fimm barna móðir, fædd í Maryland en flutti til Kaliforníu þegar hún giftist manni sínum, Paul Pelosi. Faðir hennar, Thomas D´Alesandro, sat einnig á þinginu í Washington og var einnig um hríð borgarstjóri í Baltimore. Sjálf sneri hún sér ung að stjórnmálum, enda alin upp í þeim heimi, en fór þó ekki í framboð fyrr en hún var orðin 46 ára, en þá var Alexandra, yngsta dóttir hennar, komin í unglingaskóla.

Hún hefur verið þingmaður í fulltrúadeild frá árinu 1987 og hefur verið leiðtogi minnihlutans í deildinni í fjögur ár. Sem slík hefur hún reyndar ekki verið sérlega áberandi síðustu misserin, en það er að breytast all snarlega.

Á flokksfundi demókrata 16. nóvember næstkomandi, þar sem kosið verður í helstu embætti flokksins, þykir öruggt að hún verði fyrir valinu bæði sem leiðtogi flokksins og forseti fulltrúadeildarinnar.



**MÆÐGURNAR** Nancy ásamt dóttur sinni, Alexöndru, sem hefur gert heimildarmynd um kosningabaráttu George W. Bush fyrir forsetakosningarnar árið 2000. NORDICPHOTOS/GETTY



**SYNGJANDI DEMÓKRATAR** Þingmenn Demókrataflokksins sungu þjóðsönginn á tröppum þinghússins í Washington. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**Í BARÁTTUNNI** Fyrir tíu árum tók Pelosi þátt í mótmælafundi í Washington til stuðnings Tíbetum. Þar var einnig tónlistarhippinn David Crosby. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

### Martröð hægrimanna

Bandarískum hægrimönnum finnst hún allt of vinstrisinnuð og þá hefur hreinlega óað við tilhugsuninni um að hún tæki við forystunni í þinginu.

Hún hefur til að mynda alla tíð stutt sjálfsákvörðunarrétt kvenna um fóstureyðingar og hún vill strangar hömlur á byssueign, en flestir repúblikanar eru þarna á þveröfugum meiði. Hún styður einnig rannsóknir á stofnfrumum og hún er fylgjandi því að læknum verði heimilað að aðstoða dauðvona fólk við að fremja sjálfsvíg. Hún hefur ekkert á móti sköttum en hefur lagt mikla áherslu á aðhald í ríkisfjármálum.

Kjördæmi hennar er San Francisco í Kaliforníu þar sem frjálslyndu blómabörnin frá hippatímanum þykja enn hafa mikil áhrif, þrátt fyrir að repúblikaninn Arnold Schwarzenegger hafi verið ríkisstjóri þar síðustu fjögur árin og verið endurkosinn til næstu fjögurra ára nú á þriðjudaginn.

Kjósendur hennar heima fyrir segja þó að jafnvel íhaldssömustu repúblikanar þurfi ekki að óttast demókrata sem sprottnir eru úr þessum jarðvegi.

„Þeir halda að við gerum ekkert annað en að faðma tré og borða múslí,“ hefur AP-fréttastofan til dæmis eftir Mary Graves, sem sjálf segist vera hófsamur demókrati.

### Til alls vís

Sjálf er Pelosi vellauðug og þykir standa nálægt miðju pólitísku litrófi Demókrataflokksins. Hún hefur stjórnað flokknum á þingi af miklum aga, þykir harðfylgin, hefur munninn fyrir neðan nefið og óttast ekkert að takast á við andstæðinga sína.

Hún hefur farið hörðum orðum um stríðið í Írak, sagt það vera stórslys og mistök frá upphafi. Á hinn bóginn studdi hún frá upphafi baráttu Bandaríkjanna gegn hryðjuverkamönnum og vill vafalaust halda þeirri baráttu áfram í einhverri mynd þótt hún leggi áherslu á að finna leið út úr ógöngunum í Írak.

## Hörð orð hafa fallið milli Pelosi og Bush

### PELOSI UM BUSH OG REPÚBLIKANA:

**12. okt.** „Hann er í afneitun“ varðandi Íraksstríðið.

**5. okt.** „Ákvarðanir sem teknar hafa verið af Bush forseta og repúblikönum á þingi hafa valdið því að markaðurinn hefur brugðist með því að umbuna sífellt fyrir auðæfi en umbuna ekki fyrir vinnuframlag.“

**29. sept.** „Hann er í afneitun út af því sem er að gerast í stríðinu gegn hryðjuverkum.“

**27. sept.** „Þetta er einangraðasta og spilltasta þing sögunnar, ekkert annað en gúmmístimpill fyrir ríkisstjórn Bush.“

**26. sept.** „Bush forseti hefur gefið almenningi ranga mynd af stríðinu í Írak og stríðinu gegn hryðjuverkum. Við réðumst ekki inn í Írak til að berjast gegn hryðjuverkum eins og forsetinn vill nú telja okkur trú um, en öryggi okkar er minna í dag vegna þess að stríðið í Írak hefur hamlað getu okkar til að ná árangri í að berjast gegn hryðjuverkum.“

**6. sept.** „Minnislaus, í afneitun, hættulegur“ varðandi fellibyllinn Katrínu.

### BUSH UM PELOSI OG DEMÓKRATA:

**30. okt.** Varðandi Írak er „afstaða þeirra á endanum þessi: Hryðjuverkamennirnir sigra og Bandaríkin tapa.“

**28. okt.** „Þegar talið berst að því að hlera hryðjuverkamenn, hverju svara þá demókratar: Bara segja nei. Þegar talið berst að því að handsama hryðjuverkamenn, hverju svara þá demókratar: Bara segja nei. Þegar talið berst að því að yfirheyra hryðjuverkamenn, hverju svara þá demókratar: Bara segja nei. Þegar talið berst að því að halda réttarhöld yfir hryðjuverkamönnum, hverju svara þá demókratar: Bara segja nei.“

**19. okt.** „Forseti fulltrúadeildarinnar, sá embættismaður sem yrði þriðji varamaður fyrir forsetaembættið, yrði þingkona sem greiddi atkvæði gegn því að endurnýja föðurlandslögin, gegn því að stofna heimavarnaráðuneytið, gegn því að koma Saddam Hussein frá völdum, gegn því að halda áfram eftirliti með hryðjuverkamönnum og gegn því að yfirheyra hryðjuverkamenn með aðferðum CIA. Þingforsetinn yrði þingkona sem hefur sagt að Bandaríkin yrðu ekkert öruggari þótt Osama bin Laden næðist.“

**10. okt.** „Hún sagði: Við elskum skattalækkanir. Þegar afrekaskrá hennar er skoðuð, þá hlýtur hún að vera leynilegur aðdáandi. Aftur og aftur hafði hún tækifæri til að sýna ást sína á skattalækkunum og hún greiddi atkvæði á móti. Ef þetta er sú hugmynd sem demókratar hafa um ástina, þá vildi ég ekki sjá hvernig hatrið lítur út.“



**FJANDVINIR TAKAST Í HENDUR** Bush og Pelosi hafa bæði lofað því, nú í kjölfar kosninganna, að starfa saman af gagnkvæmri virðingu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Íslenskir tónlistardagar

Afnemum virðisaukaskatt af öllu skemmtiefni, þ.e. tónlist, DVD og tölvuleikjum. Tónlistarmenn flytja lög og árita geisladiska sína.

**TAX FREE SKEMMTIEFNI**



**100 íslensk jólalög** - Ýmsir flytjendur




**Lay Low** - Please don´t hate me




**Regína Ósks áritar í dag:**
Skeifu kl. 14:00
Spöng kl. 16:00




**Bubbi áritar og spilar í dag:**
Smáralind kl. 14:00
Kringlunni kl. 16:00



**Megas** - Pældu í því sem pælandi er í




**Bríet Sunna áritar í dag:**
Skeifu kl. 14:00
Spöng kl. 16:00




**Friðrik Ómar áritar í dag:**
Skeifu kl. 14:00
Spöng kl. 16:00




**Stefán og Eyfi árita í dag:**
Kringlunni kl. 14:00
Smáralind kl. 16:00 árita og spila

## ALLAR DVD MYNDIR án VSK




**AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT**

## ALLIR TÖLVULEIKIR án VSK




**AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT**

Gildir til 30. nóvember eða á meðan birgðir endast.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður fullan virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla




**ALLIR Í GALLA** Berglind er hér með dætrum sínum tveimur, Höllu Berglindi og Huldu Bryndísi, en lengst til vinstri er Andrea Thoroddsen, vinkona Höllu, sem hjólar oft með mæðgunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hið fullkomna fjölskyldusport

Á Hellisheiðinni, móts við Litlu kaffistofuna, opnaði Vélhjólaíþróttaklúbburinn stórt svæði fyrir mótorkrossíþróttina í Bolaöldu. Torfæruhjólum hefur fjölgað mikið undanfarin ár og er mótorkross í mörgum tilfellum fjölskylduíþrótt. Þar getur hver og einn valið sér braut og hraða við sitt hæfi. *Sigríður Hjálmarsdóttir* fór í Bolaöldu og hitti þar mótorkrossfólk á ýmsum aldri.

Berglind Jóna Þráinsdóttir er flugfreyja hjá Icelandair og viðurkennir að það þyki nokkuð sérstakt að hún sé á kafi í mótorkrossi. „Áhuginn var alltaf fyrir hendi, bæði hjá mér og manninum mínum. Síðan fórum við að spá meira í þetta og kynna okkur þennan heim á Netinu og víðar,“ segir Berglind en þau hjónin ákváðu með dags fyrirvara að skella sér á námskeið og taka mótorhjólapróf. „Í framhaldi af því keyptum við eitt hjól og byrjuðum aðeins. Fljótlega keyptum við síðan annað hjól sem ég og eldri dóttir mín, Halla Berglind, samnýtum í dag.“ Berglind stefnir hins vegar að því að kaupa sér nýtt hjól fyrir vorið og láta Höllu Berglindi eftir hitt hjólið.

Berglind segir að þrátt fyrir að margir reki upp stór augu þegar þeir komist að því að flugfreyja sé í mótorkrossi þá séu margar stelpur komnar í þetta. „Þetta þykir mjög spes en það hafa allir skilning á mér,“ segir Berglind og hlær. „Ég er búin að hjóla mjög mikið í sumar en við höfum mikið farið seinni part dags og verið fram á kvöld. Við hjónin höfum líka farið í nokkra hálendistúra og hjólum þá um landið með virðingu og löglega eins og örugglega 99 prósent af þeim sem stunda þetta gera.“

**Oft dottið en aldrei meitt sig**

„Þetta er alveg frábært fjölskyldusport alveg eins og skíðaíþróttin, sem við stundum mjög mikið líka. Við skíðum á mismunandi hraða í brekkunum og hittumst svo bara í skálanum. Það er sama með mótorkrossið, við skiptum liði og förum öll á okkar hraða,“ segir Berglind og viðurkennir að af og til verði hún hrædd í brautinni þótt yfirleitt reyni hún að hjóla eftir getu. „Það kemur ákveðin harka í mig þegar ég fer af stað og þá sleppi ég mér stundum og fer kannski aðeins umfram getu,“ bætir hún við og brosir. „Hlífðarbúnaðurinn er samt svo frábær að þótt ég hafi margoft dottið á hjólinu þá hef ég aldrei meitt mig. En auðvitað er samt alveg hægt að slasa sig.“

Berglind segist oft fara ein með hjólið sitt upp í Bolaöldu þegar hún á frí í fluginu. „Mér finnst rosalega gott að fara á morgnana meðan stelpurnar mínar eru í skólanum því þá er ég komin heim upp úr hádegi og er þá heima þegar þær koma heim. Annars finnst mér að það þurfi að athuga með að leyfa börnum sem eru yngri en tólf ára að aka svona tæki. Það ætti að reyna að samræma þetta þeim reglugerðum sem eru í nágrannalöndunum,“ segir Berglind og bendir á að krakkarnir geti þetta alveg jafn vel og að vera á hestbaki eða á fullu á reiðhjóli. „Ég er viss um að margir hefðu gott af að fá útrás í þessu frekar en mörgu öðru.“

**Sjötugur á fyrsta krossaranum**

Erik Ásbjörn Carlsen er 71 árs gamall og keypti sér fyrsta mótorkross hjólið sitt fyrir tæpum tveimur árum. Það liggur beint við að spyrja hann hvernig það sé að byrja í þessari íþrótt á hans aldri. „Það er bara alveg dásamlegt,“ segir Erik og brosir breitt. „Í gamla daga átti ég tvívegis Harley Davidson hjól, Hondu og fleiri hjól en síðan liðu 35 ár áður en ég byrjaði á þessu.“ Erik keppti í rallíi og sandspyrnu fram til 1984 en hann hefur alla tíð verið mikið fyrir vélar.

„Það var einn kunningi minn sem plataði mig út í þetta. Hann lánaði mér hjól og leyfði mér að prófa og þá varð ekki aftur snúið. Ég fæ rosalega mikið út úr þessu og þetta heldur mér í formi,“ segir Erik sem hefur hjólað heilmikið síðan. „Ég hjólaði í samtals fjóra klukkutíma síðustu tvo daga og léttist um tvö kíló, þannig að þetta er heilmikil líkamsrækt.“

Spurður hvað fólki hafi almennt fundist um að sjötugur maður keypti sér mótorkross hjól, segir Erik: „Margir í fjölskyldunni sögðu mér að ég væri bara eitthvað ruglaður. Gamall karl að fara í þetta. Sumum finnst þetta bara besta mál,“ segir hann.

„Ég hef voðalega gaman af því stundum þegar ég er að hjóla og lendi inni í hópi af einhverjum strákum. Síðan þegar ég tek af mér hjálminn og gleraugun þá reka þeir upp stór augu þegar þeir sjá að þarna er kominn gamall karl,“ segir Erik og skellir upp úr. „Flestir þeirra segja samt að svona ætli þeir að verða þegar þeir verði gamlir,“ bætir hann við.

**Keppti í fyrra**

Erik segist ekki hafa lent í mjög slæmum byltum en stundum hafi hann marist illa við að detta. „Ég var alltaf að detta fyrst enda er þetta allt annað en að aka Harley Davidson. Síðan eldist þetta af manni og núna dett ég ekki mikið enda var ég orðinn mjög þreyttur á því,“ segir hann og hlær. „Ég vona að ég eigi nokkur ár eftir á hjólinu og miðað við hvað ég er í góðu formi í dag þá ætti það alveg að vera raunhæft enda er ég í ræktinni líka, syndi og hleyp.“

Á síðasta ári keppti Erik í mótorkrossi á Landsmóti Snigla á Kirkju-



**SÆL OG RJÓÐ** Ólafur og börnin hans, Jóhannes Árni og Sigrún Hrönn, eru alsæl í mótorkrossbrautinni í Bolaöldu.




**LÆTUR EKKERT STÖÐVA SIG** Erik er kominn yfir sjötugt og er búinn að eiga mótorkrosshjól í tæp tvö ár. Hann reiknar með að eiga nokkur góð ár eftir í þessu sporti enda í fantaformi.

bæjarklaustri og stóð sig með miklum glæsibrag þrátt fyrir að vera nýlega byrjaður í íþróttinni. Með þátttöku sinni varð hann elsti maður sem keppt hefur í akstursíþrótt á Íslandi og miðað við áhugann og formið eru miklar líkur á því að hann sjáist í keppni næsta sumar.

**Byrjaði á síðasta ári**

Ólafur H. Guðgeirsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Sælgætisgerðarinnar Freyju ehf. stundar mótorkrossíþróttina af kappi ásamt börnunum sínum og fer í Bolaöldu hvenær sem færi gefst. „Ég var alltaf á hjóli þegar ég var unglingur og lék mér oft á Sólheimasandi, sem er upplagður leikvöllur fyrir mótorkrosshjól. Mig hefur alltaf langað til að gera þetta síðan en var á kafi í jeppasportinu um tíma en mig langar til að gera svo margt eins og að vera í golfi, veiði og fleiru en það er ekki hægt að gera allt í einu. Ég hef hins vegar aldrei fattað hvernig menn taka sér tíma frá fjölskyldunni til að gera þetta allt saman og hef þess vegna alltaf reynt að gera bara eitt í einu. Það stóð alltaf til að fara út í mótorkrossinn þegar sonur minn væri orðinn nógu stór. Hann fór síðan að pressa á mig þegar hann var orðinn tíu ára en mér fannst það vera fullungt. Þá fór ég að líta í kringum mig og sá að börn voru farin að hjóla allt niður í fimm eða sex ára gömul en þá eru þau á mjög litlum hjólum á svona lokuðum svæðum eins og í Bolaöldu. Á síðasta ári fór ég síðan að líta í kringum mig eftir hjólum og ég keypti hjólið mitt af félaga mínum og síðan keyptum við annað fyrir Jóa. Síðan fórum við að hjóla alveg á fullu eftir það og höfum ekki stoppað síðan.“

**Ómetanlegar stundir**

Krakkarnir mega ekki keppa fyrr en þeir eru orðnir tólf ára og Jói er nýbúinn að ná þeim aldri þannig að hann stefnir að því að keppa á næsta ári. „Sigrún, dóttir mín, er að byrja í mótorkrossinum líka en við erum að leita að hjóli handa henni fyrir vorið,“ segir Ólafur, sem lítur sjálfur á íþróttina sem hreina líkamsrækt og útivist. „Það helsta sem ég fæ út úr þessu er samt félagsskapurinn við börnin mín. Við Jói erum búnir að vera á kafi í þessu og Sigrún er farin að sýna þessu áhuga líka þannig að út úr þessu fáum við samvistir sem við værum ekki að fá öðruvísi. Ég fylgdist með honum í fótbolta í mörg ár en þá var ég náttúrulega bara á hliðarlínunni.“

Ólafur segir konuna sína hæstánægða með þetta framtak feðganna enda sjái hún á þeim heilmikinn mun. „Annars vegar vegna þess að ég er kominn í almennilegt form og hins vegar vegna þess að Jói er mjög góður í mótorkrossinum. Það er svo mikilvægt fyrir krakka að vita að þeir séu góðir í einhverju,“ segir Ólafur og bætir við: „Samverustundirnar með börnunum eru náttúrulega ómetanlegar og þess vegna finnst mér frábært að Sigrún sé að koma inn í þetta líka.“ ■







**FJALLIÐ FÓR AÐ SPÚA** Um það leyti sem Huginn kom í þorpið Pucón í Chile fór eldfjallið ofan við þorpið að gjósa og ævintýramaðurinn fór að sjálfsögðu eins nálægt og óhætt var.

# Apasúpa í Amazon

**Huginn Þór Grétarsson** hefur eytt undanförnum þremur árum í ferðalög um heiminn. Hann hefur þvælst um mánuðum saman í einu á eigin vegum með takmarkað ráðstöfunarfé og eina skólatösku undir það helsta. Hann sagði *Sigríði Hjálmarsdóttur* frá helstu ævintýrum ferðanna.

Huginn segir ferðaáhugann hafa kviknað þegar hann fór í Interrail-ferðalag ásamt félaga sínum um Austur-Evrópu. „Ferðin stóð í þrjá mánuði og reyndist miklu meira ævintýri en við höfðum gert okkur í hugarlund,“ segir Huginn en þeir félagar lentu í ýmsum hrakningum á ferðalaginu. „Við höfðum skammtað okkur ákveðna upphæð í ráðstöfunarfé og lifðum því mjög sparlega í ferðinni. Gengum mikið og keyptum ódýran mat í matvöruverslunum en oft var eldunaraðstaða á gistiheimilunum.“ Huginn segir ákveðna menningu fólgna í slíkum ferðum og ákveðið stolt í því að fara ekki fyrir peningaupphæðina sem maður skammtar sér fyrir fram og að lifa á sem minnstu.

„Eitt af því fyrsta sem við lentum í á ferðalaginu var þegar við vorum í lest á leið frá Tékklandi til Póllands. Vagninn sem við vorum í var allur gasaður með svefngasi og ræningjar tóku til við að tína verðmæti af fólkinu sem svaf út um allan vagninn. Þeir enduðu í klefanum okkar en Guðmundur Þór, félagi minn, vaknaði þegar þeir voru að skera í töskurnar okkar,“ segir Huginn en þeir félagarnir sluppu við að vera rændir þar sem þeir vöknuðu í miðju ráninu með sundurskornar töskur. „Á næstu brautarstöð stoppaði vagninn og lögreglan ætlaði að ná ræningjunum en beið á vitlausum brautarpalli og allir þustu út úr vagninum þannig að ég held að ræningjarnir hafi nú ekki náðst,“ segir hann og rifjar upp hversu slappir og þungir í höfðinu þeir hafi verið eftir svefngasið. „Við vorum eiginlega bara hundveikir.“

### Vatnslausir í miðri eyðimörk

„Við vorum allan tímann á ferðalagi þessa þrjá mánuði sem við vorum úti. Við stoppuðum kannski í einn til tvo daga á hverjum stað og notuðum næturlestir mikið til að komast hratt á milli staða. Maður var á fullu allan daginn og svaf síðan á nóttunni í lestum eða rútum. Svona fórum við suður eftir allri Evrópu, til Grikklands, Ítalíu og fleiri landa,“ segir Huginn en hann fór tvisvar einn um Evrópu eftir þetta ferðalag og var í þrjá mánuði í senn. „Ég hitti alls konar fólk úr öllum heimshlutum á ferðalögunum enda er alveg ótrúlega stór straumur af fólki sem rennur á milli landa á þennan hátt og þetta er orðinn mjög stór túrismi.“

Á ferðalögum sínum hefur Huginn eins lítið meðferðis og hann getur og setur í litla skólatösku það allra helsta sem hann þarf á að halda. „Í töskunni er ég jafnan með undirföt, sjúkrakassa, nokkra boli og auka sokka. Síðan kaupir maður annað sem á þarf að halda eins ódýrt og maður getur og hendir svo bara gamla dótinu.“

Aðspurður hvernig hann fór að því að fjármagna öll ferðalögin segir Huginn: „Áður en ég fór að ferðast var ég verðbréfamiðlari og safnaði peningum en ég er viðskiptafræðingur. Fyrstu tvær ferðirnar voru farnar yfir sumartímann en síðan langaði mig til að taka lengri tíma í þetta þannig að ég hætti bara að vinna og fór að skoða heiminn.“

Huginn og Guðmundur Þór unnu saman á fjallahóteli í Sviss í einn mánuð en stungu síðan af þaðan og til Arabalandanna. „Okkur hafði alltaf langað til að fara þangað en við ferðuðumst um Egyptaland, Sýrland, Jórdaníu, Tyrkland og fleiri lönd. Það var alveg ofsalega mikil reynsla að ferðast þarna um en við fórum meðal annars fótgangandi yfir eyðimörkina,“ segir Huginn en þeir félagarnir höfðu yfirgefið skipulagða ferð á miðri leið yfir eyðimörkina þegar þeir áttuðu sig á því að þeir voru vatnslausir. „Guðmundur var með tvo lítra af Sprite með sér og ég fékk að súpa á því hjá honum á meðan það dugði. Við gengum í langan tíma eftir vegslóða en þar var engin umferð fyrr en maður kom þar á stórum trukki og stoppaði fyrir okkur. Gestrisnin og almennilegheitin meðal araba er alveg rosalega mikil, sérstaklega í Sýrlandi og Jórdaníu.“

### Fengu herfylgd í Egyptalandi

Í einni borg í Egyptalandi tók lögreglan á móti Hugin og Guðmundi og heimtaði að fylgja þeim rakleitt að næstu rútu- eða lestarstöð. „Þarna mátti enginn túristi vera enda koma þaðan hryðjuverkamenn sem hafa meðal annars staðið fyrir hryðjuverkaárás og fellt tugi manns við Dal konunganna. Við harðneituðum að fara af því að við vildum endilega fá að skoða borgina,“ segir Huginn og heldur áfram: „Við reyndum fyrst að stinga lögregluna af en það hafðist ekki. Við heimtuðum að fara á veitingahús að snæða og sátum þá einir inni á Kentucky Fried Chicken með lögreglubíl og herbíl fyrir utan að vakta okkur. Eftir matinn sættust hermennirnir á að við fengjum að ganga um borgina, en þeir fylgdu okkur fast eftir á bílnum.“ Huginn segir hermennina þó fljótlega hafa gefist upp á að fylgja þeim eftir og létu þá setjast hvorn í sinn bílinn. „Um tíma sá ég ekki lengur bílinn sem Guðmundur félagi minn var í og stóð alls ekki á sama en hermennirnir keyrðu með okkur allan daginn. Við sátum við Níl og drukkum te með hermenn og uppsettar vaktstöðvar beggja vegna gangstéttarinnar. Gamall karl vildi ganga leiðar sinna, en var hrint af veginum og sagt að ganga ekki nálægt túristunum. Það fór svo á endanum að við sættumst á að fara með næturlest suður í land.“

### Súpa með apahendi

Huginn segist hafa gælt við að skrifa bók um ferðir sína en inn á milli ferðalaganna skrifaði hann skáldsögu sem er nánast tilbúin. „Mig langaði svo til að gera eitthvað skapandi og er kominn með drög að kómískri bók sem ég þarf að klára. Síðan fór ég til Suður-Ameríku og var þá búinn að skoða ýmsar íslenskar ferðabækur og sá að ævintýrin mín voru alls ekki minni en skrifað er um í ferðabókunum og sá að ferðalögin mín væru alveg orðin efni í bók og þá var Suður-Ameríka alls ekki sísti staðurinn því hún er uppfull af fáránleika fyrir Íslendinga. Alla ferðina þar punktaði ég hjá mér það sem ég lenti í og þar eru samtölin orðrétt og eins og þau áttu sér stað.“

Á ferð sinni um Suður-Ameríku hitti Huginn Norðmann og Hollending og fóru þeir saman inn í Amazon-frumskóginn. „Þar er allt voðalega rólegt og yfirvegað enda sitja menn þarna bara dasaðir af hitanum.“

Huginn segist oft hafa borðað mjög furðulega fæðu í frumskóginum. „Einn daginn komu menn með apa inn í þorpið sem við héldum til í. Það var höggvin af honum hendin og sett í súpu. Svo átum við súpuna með apafingrunum fljótandi í. Þetta var nú ekki gott, rautt og viðbjóðslegt og maginn var orðinn heldur slakur,“ segir Huginn sem fékk magakveisu undir morguninn og dreif sig á kamarinn. „Ég fór síðan til baka til að halda áfram að sofa en tók þá eftir því að menn voru farnir að slást við baneitraðan snák inni á kamrinum. Mennirnir höfðu betur og sögðu mér síðan að ég hefði verið alveg ótrúlega heppinn að vera ekki bitinn. Ef það hefði gerst væri ég annað hvort dauður eða einum útlimnum fátækari.“

### Veiddi krókódíla og píranafiska

„Í Amazon fórum við í þjóðgarð og veiddum þar krókódíla, sem ég held að sé nú reyndar ekki leyfilegt. Við byrjuðum á því að veiða einn sem var metri að lengd en hann slapp og þá sáum við einn þriggja til fjögurra metra langan,“ segir Huginn og tekur það fram að þetta hafi verið í myrkri og það eina sem sást af krókódílunum hafi verið rauð augun. „Svo rekur mann bara um í litlum kanó og passar sig á því að vera með hendurnar innanborðs. Þeir innfæddu eru hins vegar alveg sallarólegir yfir þessu. Fyrir þeim er alveg eðlilegt að það verði einhver afföll af fólki reglulega,“ bætir Huginn við. „Síðan veiddum við einn krókódíl. Hann var bara of stór fyrir spjótið sem við vorum með svo það brotnaði og krókódíllinn kom þá æðandi að mér þar sem ég sat fremstur. Norðmaðurinn, sem sat fyrir aftan mig, hoppaði hæð sína af hræðslu og annar heimamannanna líka en þeir voru tveir með okkur. Ósjálfrátt stökk ég fyrst ofan í bátinn sem veltist til hliðanna og þá var krókódíllinn kominn með ginið alveg



## Kom víða við

Ferðir Hugins lágu víða um heim en hann ferðaðist meðal annars um Arabalöndin. Þar lenti hann og Guðmundur Þór, félagi hans, í því að vera aleinir og vatnslausir í miðri eyðimörk.

Ævintýri Hugins í Suður-Ameríku voru mörg hver alveg með ólíkindum en hann borðaði meðal annars súpu sem soðin var úr apahendi og fingurnir flutu í skálinni. Þá flaut hann niður Amazon fljótið á fljótabáti sem oft er kallaður Örkin hans Nóa þar sem ægir saman fólki, dýrum, matvælum og öðrum farmi.

Í Perú fór Huginn á Inkaslóðir en rústirnar í Machu Picchu voru áður hástéttarborg Inka og er staðurinn nú afar vinsæll meðal ferðamanna.





upp að mér. Í einhverju skelfingarástandi stökk ég ofan á bakið á krókódílnum og hélt honum niðri þannig.“ Huginn segir að þrátt fyrir að þessi krókódíll hafi ekki verið neitt risastór þá hafi það ekki verið freistandi að fá tennurnar í sig. „Um borð með okkur var einn snarbilaður heimamaður sem hló og hló að þessu. Hann stundaði það að stinga smáfugla á hol með spjóti og hlæja síðan eins og geðsjúklingur. Hann reddaði þessu síðan og tjóðraði niður krókódílinn, sem var svo drepinn og etinn.“

Auk þess að veiða krókódíla veiddi Huginn píranafiska í Amazon. „Mér fannst þeir nú bragðast eins og ýsa en það var alveg ótrúlegt að sjá þá koma um borð. Tennurnar í þeim eru alveg eins og rakvélarblöð og skoltarnir skella saman á fullu eins og hakkavél þegar þeim er skutlað um borð. Á ákveðnum stöðum í Amazon eru menn ekkert að dýfa sér út í enda varð manni stundum hverft við þegar eitthvað straukst við mann í vatninu.“

**Ótrúlegur menningarmunur**

Huginn segir ótrúlegan mun á fólkinu á öllum þeim stöðum hann hefur komið til; Aröbum, Evrópubúum, Suður- og Norður-Ameríkubúum. „Maður hefur séð neikvæða fréttaumfjöllun um öll Arabalöndin en þar voru allir boðnir og búnir að aðstoða. Ef maður var að húkka far þá stoppaði alltaf fyrsti bíll og fólk bauð manni jafnvel nestið sitt. Það var alveg rosaleg hjálpsemi þar,“ segir Huginn og bætir því við að einu sinni hafi maður reynt að angra hann úti á götu. „Þá kom annar maður aðvífandi, sparkaði til hans og sagði honum að fara. Það er einhver samfélagsleg ábyrgð í gangi þarna. Maður er eiginlega miklu óöruggari innan um alla dópistana og rónana á lestarstöðvum í Evrópu. Í Suður-Ameríku er aftur á móti svo mikil fátækt að neyðin rekur fólk til að ræna en í Norður-Ameríku er síðan mest af furðufuglum,“ segir Huginn, sem ferðaðist á puttanum um alla Norður-Ameríku í nokkra mánuði.

Spurður hvort þessi ferðalög hafi ekki verið kostnaðarsöm segir Huginn: „Þetta kostar voða lítið ef maður ferðast á þennan hátt. Þú getur til dæmis lifað á 200 krónum á dag í Bólivíu þar sem innifalin er gisting, matur og ferðalög. Ég var búinn að leggja heilmikið fyrir áður en ég fór af stað enda er þetta ekkert tekið á yfirdrætti.“

Huginn segir ferðalögin sem hann hafi farið í vera mjög erfið. „Þú ferð í túristaferð til að slappa af en þarna þarftu að vera á tánum allan tímann. Það var til dæmis fimm sinnum reynt að ræna mig í ferðinni um Suður-Ameríku,“ segir Huginn, en hann segist ekki hafa tölu á því hvað hann hafi farið til margra landa á undanförnum árum. „Asía og Ástralía eru einu heimsálfurnar sem ég á eftir og það er á teikniborðinu núna að fara í ársferð og taka þá alla Asíu í einni ferð,“ segir ævintýramaðurinn Huginn Þór Grétarsson.

sigridurh@frettabladid.is





Ef þér líkar Chateau d´Ax Como sófinn - skoðaðu þá:



heima
síðumúla 30 - 108 reykjavík - sími 568 4242





**ALGJÖRIR PRINSAR** Grétar hefur átt Prins í tæp sjö ár en Prins er afskaplega þægilegur og tryggur heimilishundur. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

**Grétar Örvarsson:**

## Á enga óvini

Gæludýrið hans Grétars heitir Prins og verður sjö ára á næstu dögum. „Prins er beaglehundur og er mjög vinsæll heimilishundur í Ameríku en teiknimyndapersónan Snoopy er einmitt af þessu kyni," segir Grétar og bætir því við að Prins sé mjög skapgóður og þægilegur heimilishundur. „Hann geltir nánast aldrei. Einu skiptin sem hann geltir er þegar hann sér bráð, til dæmis ef hann sér kanínu í Öskjuhlíðinni. Síðan geltir hann ef við segjum honum að hann eigi að fara í bað," segir Grétar kíminn. „Þá leggst hann á bakið á gólfið og við þurfum nánast að draga hann í sturtuna. Annars er hann ofsalega ljúfur og á enga óvini. Það er alveg sama hverja hann hittir, hann dillir alltaf rófunni."

Grétar segir beagle-hunda hins vegar vera þekkta fyrir strokueðli og þau hafi ekki farið varhluta af því þegar Prins var lítill. „Hann tók stundum á rás niður götuna og það er bara heppni að hann hefur ekki lent undir bíl. Svo kom hann til baka ofsalega ánægður með sig. Annars eru einu skiptin sem hann er laus þegar við erum í sumarbústaðnum. Þar hleypur hann um allt," segir Grétar um prinsinn sinn.

# Einfalt ástarsamband

Fjölmargir Íslendingar hafa einhvers konar gæludýr á heimilum sínum og eru þá hundar og kettir líklega einna vinsælustu gæludýrin. *Fréttablaðið* hafði upp á nokkrum þekktum einstaklingum sem eiga gæludýr.



**SÆTAR SAMAN** Heiða og Gríma eru miklar vinkonur og finnst Heiðu afar þægilegt að vera með svo lítinn hund því hægt er að fara með Grímu nánast hvert sem er. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Aðalheiður Ólafsdóttir:**

## Með Grímu í stúdíói

Heiða söngkona á loðinn chihuahua hund sem heitir Gríma. „Ég gaf mér hana í jólagjöf fyrir jólin í fyrra þannig að ég er búin að eiga hana í tæpt ár," segir Heiða um Grímu, sem er nýorðin eins árs og er hvers manns hugljúfi. „Það er voða þægilegt að hún er svona lítil því ég get tekið hana með mér hvert sem ég fer, enda fer hún með mér í stúdíó og allt." Heiða segir fólk ekkert hrætt við svona litla hunda þó að stóru hundarnir séu oftast ljúfari. „En hún er alveg rosalega góð og mannblendin. Við erum rosalega miklir félagar og það er ofsalega gott að eiga hana og kúra hjá henni. Henni finnst æðislega gaman ef einhver nennir að liggja uppi í sófa með henni," segir Heiða.

**Ómar R. Valdimarsson:**

## Fara saman á fjöll

Upplýsingafulltrúi Impregilo og eiginkona hans, Margrét Ýr Ingimarsdóttir, eiga hund og tík af tegundinni ungversk vizsla. „Þetta er veiðihundakyn sem er að marka sín fyrstu spor á Íslandi en það eru til um tuttugu svona hundar á landinu í dag," segir Ómar, sem fékk sér hundinn Húgó þegar hann var í mastersnámi í Bretlandi. „Ég keypti hann eiginlega af tilviljun og var sagt að hann myndi henta mér mjög vel, sem hann hefur svo sannarlega gert."

Ómar er nýbúinn að fá sér tíkina Heru, sem er af sömu tegund til þess að tryggja að stofninn haldi sér almennilega. „Hún er náttúrulega óskyld þeim hundum sem eru hér fyrir og ég stefni að því að láta hana gjóta að minnsta kosti tvisvar," segir hann og bætir því við að þetta séu veiðihundar. „Ég er að berjast við að koma veiðideillu í hundana og fer með þá á fjöll alltaf þegar ég á lausar stundir að veiða rjúpu og gæs." Ómar segir hundana vera mikla félaga þrátt fyrir að tíkin hafi aðeins verið hjá honum í mánuð. „Þau sofa saman á púða og geta leikið sér saman alveg tímunum saman og slegist um leikföngin."



**HÚGÓ OG HERA** Margrét Ýr Ingimarsdóttir situr með Heru í fanginu en hún er búin að vera hjá þeim hjónum í mánuð. Ómar og Húgó hafa fylgst að í nokkur ár og eru miklir félagar. Ómar stefnir að því að láta Heru gjóta að minnsta kosti tvisvar til að viðhalda vizslu-kyninu hér á landi. Hundarnir tveir eru miklir félagar og leika sér saman öllum stundum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



NONNI OG MANNI Jónas Kristinsson og Aron leika sér við froskana. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

## Jónas Kristinsson:

# Skoppa um allt

Formaður KR-sport, er með litlu vatnafroskana Nonna og Manna á heimili sínu. „Þetta froskaævintýri fór þannig af stað að í bekknum hjá syni mínum, Aroni, fór af stað umræða um það hvort hægt væri að hafa dýr í kennslustofunni,“ segir Jónas og bætir því við að sonur hans hafi tekið frumkvæði að því fyrir hönd bekkjarins. „Hann labbaði út í næstu dýrabúð, keypti tvo froska og mætti með þá í búrinu í skólann daginn eftir. Það varð til þess að þeir voru í skólastofunni fram yfir jól á síðasta ári. Síðan hafa þeir verið heima hjá okkur og una hag sínum ágætlega í litlu búri fullu af vatni, með gróðri og huggulegheitum.“

Jónas segir froskana einungis þrífast í vatni en geti þó verið í stuttan tíma á þurru landi og þá hoppi þeir um allt. „Þeir lifa alveg í vatninu en koma upp á yfirborðið annað slagið til að ná sér í súrefni,“ segir Jónas.



## Magnús Ver Magnússon:

# Högni í læðulit

Magnús á mjög sérstakan persneskan kött sem heitir Kambur. „Það sem er sérstakt við Kamb er að hann er í svokölluðum læðulit,“ segir Magnús en kötturinn er þrílitur. „Almennt eru það einungis persneskar læður sem eru þrílitar en högnar eru í mesta lagi tvílitir. Ég veit bara um einn annan persneskan högna sem er þrílitur og hann er í Danmörku þannig að Kambur er alveg einstakur.“ Magnús segir Kamb vera voðalega ljúfan og þægilegan sem gæludýr og ekki fari mikið fyrir honum. „Það er ekki til grimmd í þessum köttum.“

Magnús og fjölskylda hans hafa átt Kamb síðan hann var nokkurra mánaða en hann er núna orðinn átta ára. „Við vorum dálítið með hann á sýningum til að byrja með en nennum ekki að standa í því lengur. Það er dálítið mál að vera með svona kött því þeir þarfnast mikillar umhirðu og það þarf að greiða þeim reglulega,“ segir Magnús Ver.



EINSTAKUR PERSI Magnús Ver á persneska högnann Kamb sem er mjög sérstakur því hann er þrílitur. Kambur var sýningarköttur fyrstu árin enda afskaplega fallegur köttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR





Engar hömlur á verslun í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Að gefnu tilefni skal það tekið fram og ítrekað að þrátt fyrir nýjar öryggisreglur geta farþegar eftir sem áður **keypt allan vökva, krem og aðrar snyrtivörur** á frísvæði Flugstöðvarinnar hvort heldur sem þeir eru að fara af landi brott eða koma til Íslands.

Allar upplýsingar um verslun í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og nýjar öryggisreglur er að finna á heimasíðu Flugstöðvarinnar **www.airport.is**

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR HF.

ferð til fjár! Flugstöð Leifs Eiríkssonar




## STUÐ MILLI STRÍÐA Tréð og maðurinn

**JÓHANNA SVEINSDÓTTIR** LEYSIR ENN EINA LÍFSGÁTUNA



Um aldir hefur fólk sem lítið hefur að haft að gera velt því fyrir sér hvort hljóð heyrist í fallandi tré í skógi þegar enginn er nálægt.

Aðrir hafa velt því fyrir sér hvort karlmaður sem stendur einn í sama skógi hafi samt rangt fyrir sér þó enginn sé nálægt. Báðar þessar vangaveltur eru afar skemmtilegar og hafa mikið heimspekilegt gildi, er mér sagt. Og þar sem ég er í sífelldri leit við að leysa gátur lífsins hafa þessar vangaveltur um tréð og manninn í skóginum verið mér einstaklega hugleiknar.

Ég er á þeirri skoðun að margt geti gerst þegar enginn heyrir eða sér til. Ég á það til dæmis til að syngja hástöfum þegar enginn heyrir til. Og þar sem enginn heyrir til þá auðvitað held ég því fram að ég syngi eins og engill á morfíni, þó svo ég viti vel að þessir yfirnáttúrulega uppdópuðu sönghæfileikar mínir séu vissulega umdeildir. Svo þegar enginn sér til þá á ég það til að dansa. Er kannski ekki með trans-dans sporin á hreinu en ég tek stundum kvikkstepp eða enskan vals úr stofunni og inn í eldhús. Og ef ég er í virkilega góðu skapi þá skoppa ég um eins og Frank Sinatra.

Þannig að væri ég tré þá myndi að sjálfsögðu heyrast í mér hljóð tæki ég upp á því að falla til jarðar í annarlegum tilgangi. Og væri enginn nálægt til að sjá mig falla myndi ég láta heyra sérstaklega hátt í mér. Enda erum við sjaldan meira við sjálf en þegar enginn heyrir eða sér til.

En hvað líður karlinum í skóginum þá ætti hann bara að njóta kyrrðarstundarinnar því einhver mun fljótlega koma til að segja honum að hann hafi vissulega rangt fyrir sér.

Þá er þessi gáta leyst. Góða helgi.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







www.peugeot.is

EURO NCAP ★★★★★

**Komdu og sjáðu hvernig Peugeot 207 endurspeglar næstu kynslóð smábíls.**
Kraftmikill og líflegur endurspeglar 207 nýjan staðal í akstri og hönnun. Búinn næstu kynslóð í tækni og fimm stjörnu öryggisbúnaði dekrar hann við ökumann og farþega. Sestu við stýrið og leyfðu þér aftur að verða ástfangin(n) af akstri.

**VELKOMIN(N) Í PEUGEOT 207 – AKSTUR FYRIR LÍFIÐ**

207

PEUGEOT

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100

**Söluaðilar:**
**Bernhard**, Reykjanesbæ, Njarðarbraut 15, sími 421 7800
**Bílver**, Akranesi, Akursbraut 11c, sími 431 1985
**Höldur**, Akureyri, Þórsstíg 2, sími 461 6020
**Bragginn**, Vestmannaeyjum, Flötum 20, sími 481 1535

H:N markaðssamskipti / SÍA

**!** **Kl. 11.00**
*Opið hús hjá Listaháskóla Íslands. Nemendur og starfsfólk skólans kynna starfsemi í fjórum deildum og þremur húsum, á Sölvhólsgötu, Laugarnesvegi og í Skipholti. Allir áhugasamir eru hjartanlega velkomnir en dagskráin stendur til kl. 16.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Yrsa fer á netið*

Bókaútgáfan Veröld sem gefur út næstu glæpasögu Yrsu Sigurðardóttur hefur gripið til þess ráðs til að auka spenning meðal lesenda að setja fyrsta kaflann í væntanlegri sögu hennar, Sér grefur gröf.., á netið. Bókin er væntanleg í verslanir þann 18. nóvember næstkomandi. Slóðin er www.verold.is. Með þessu bragði er líklegt að aukist enn slagur útgefenda um lesendur glæpasagna en þegar eru nokkrir falslausir krimmahöfundar komnir með afurðir sína í verslanir og ólíkindatól í skáldahópi eru að sækja í sama far. Í fréttatilkynningu Veraldar er efni sögunnar rakið svo langt: „Óhugnanlegt morð er framið á nýju heilsuhóteli á Snæfellsnesi. Reimleikar í svartaþoku og hörmulegir atburðir grafnir úr fortíðinni. Og Þóra Guðmundsdóttir lögmaður, sem lesendur þekkja úr Þriðja tákninu, glímir við þá spurningu hvort og þá hvernig þetta tengist morði á ungri konu sumarið 2006.“ Virðist spennandi...



**YRSA SIGURÐARDÓTTIR RITHÖFUNDUR** Fyrsti kaflinn fer á netið eftir viku.



### > Ekki missa af...

kvikmyndaveislu í **Háskólabíói**. **Sinfóníuhljómsveit Íslands** leikur undir meistaraverkum **Charlies Chaplin**, The Kid og Idle Class. Tónleikarnir hefjast kl. 15 en um sprotann heldur **Frank Strobel**.

# Matthíasarhelgin mikla

**Á fæðingardegi þjóðskáldsins Matthíasar Jochumssonar í dag verður þingað um ævi hans og störf í Þjóðarbókhlöðunni en á morgun verður haldið annað málþing fyrir norðan og kvöldvaka í Akureyrarkirkju.**

Úlfar Bragason kemur að skipulagningu málþingsins í dag fyrir hönd Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem stendur að henni ásamt Landsbókasafni Íslands og JPV útgáfu. Hann segir að í tilefni af útgáfu ævisögunnar sé vert að staldra aðeins við og skoða þennan merka mann og höfundarferil hans í víðu samhengi.

„Matthías var prestur og trúmaður mikill en hann var líka eitt afkastamesta sálmaskáld þjóðarinnar. Gunnlaugur A. Jónsson prófessor mun fjalla um sálmakveðskap hans og séra Gunnar Kristjánsson um trúmanninn Matthías sem kirkjunnar menn voru nú ekki alltaf ánægðir með.“ Auk þess mun Sveinn Yngvi Egilsson dósent fjalla um ljóðlist hans almennt.

Úlfar bendir á að Matthías hafi verið ötull talsmaður frelsisins og þar með talið kvenfrelsis. „Helga kress mun fjalla um samband hans við skáldkonur og hvernig hann yrkir um konur. Matthías var líka okkar helsti þýðandi á 19. öld og þýddi skáldjöfra á borð við Ibsen og Shakespeare en Kristján Árnason bókmenntafræðingur mun flytja erindi um þýðingar hans.“



**MATTHÍASARVAKA Í AKUREYRARKIRKJU** Listafólk efnir til fjölbreyttrar kvölddagskrár norðan heiða í tilefni af afmæli Matthíasar Jochumssonar og útgáfu ævisögu hans.

Ævisagnaritarinn Þórunn Erla Valdimarsdóttir mun síðan greina frá glímu sinni við höfundinn og manneskjuna Matthías Jochumsson og leikkonurnar Guðrún Ásmundsdóttir og Halldóra Malin Pétursdóttir munu lífga við kappana Skugga-Svein og Ketil skræk úr samnefndu leikriti Matthíasar.

Dagskráin á Akureyri á morgun ber yfirskriftina „Ó, faðir gjör mig ljúflingslag“ en þar flytja Helga og Þórunn erindi ásamt Jóni Hjaltasyni um blaðamanninn og útgefandann Matthías. Um kvöldið verður síðan fjölbreytt dagskrá í tali og tónum þar sem flutt verða lög og sálmar, lesnar sögur Matthíasar og leikin brot úr leikverkum hans en meðal þátttakenda á kvöldvökunni eru Megas, Hilmar Örn Agnarsson, Guðrún Ásmundsdóttir og Stúlknakór Akureyrarkirkju.

Málþingið hefst í Þjóðarbókhlöðunni kl. 11 í dag og stendur til kl. 16. Nánari upplýsingar um dagskrána á Akureyri má finna á heimasíðunni www.akureyri.is.

**- khh**




# Ný kvennasápa Fríðu

Hvað er þetta eiginlega? Sápa? Konur tala saman og ekki, tómar augngotur, pískur, hálfkveðnar vísur, ein að tala ofan í aðra. Lesandi veit ekki oft hver er að tala, hver er þessi „ég“? Aðkomustúlka sem flyst inn á miðaldra konu, Júlíu, hún sjálf eða systir hennar Lena sem kemur óvænt heim frá Ameríku og setur staðið samfélag í fjölskyldu þar sem allt er þaggað niður á hvolf?

Ný skáldsaga Fríðu Á. Sigurðardóttur er alla vega vendilega fókuseruð á konur: mæður, systur, frænkur, ömmur og formæður. Karlmenn koma þar við sögu en eru einsleitar og oftast neikvæðar flatar myndir. Væri kyni snúið við í sögu sem þessari og karlar gerðir að meginviðfangsefni en konur stæðu fölar og fáskiptnar í bakgrunni heyrðist hljóð úr horni:hvílík karlremba! Þessi einsleitni á sjónarhorni er galli á sögunni. Annar er gamla klisjan um konuna sem fór út, settist að og lagði sig eftir frægð og frama, kemur óvænt heim og spillir öllu en fær makleg málagjöld; undarlega neikvæð og tíðförul mynd í skáldsögunni íslensku og leikritum raunar líka.

Sögustíll Fríðu er skemmtilega unninn, brotakennd setningaskipan, athöfn falin í sagnorði, kubbóttur stíll en hraður og beinir lesenda á mörg mið í senn. Stíllinn skapar óreiðutilfinningu, í rýminu eru raddirnar bæði í heyranda hljóði og hugsanir. Vitund lesandans er þeytt til og frá: hver er að tala? Hver er að hugsa?

Sagan er römmuð inn af aðkomustúlkunni sem segir frá komu sinni í hús Júlíu en innan þess ramma er frásögn af formóður systranna, smælingja í sveitasamfélagi nítjándu aldar. það er veikasti hluti verksins, verður óþarflega melódramatískur og gamaldags í hugsun. Þá er ýmislegt í hrapallegum örlögum fjölskyldunnar – á tímabili var ég að láta mér detta í hug að gera ættartré til að átta mig á öllu þessu fólki – æði ofsalegt, dauðdagar, slys, misnotkun á víni og lyfjum, meðvirkni og kúgun. Allt þetta er þarna – í hálfkveðnum og óskýrum vísum.




**BÆKUR**
**Í húsi Júlíu**
Fríða Á. Sigurðardóttir
JPV útgáfa
★★★

Athyglisverður frásagnarstíll bætir upp klisjukennda efnisþætti. Kvennasaga sem vekur spurningar um ábyrgð og sök.

Þannig tekst móderniskur frásagnarháttur og spennandi á við gamaldags og klisjukennd viðhorf höfundar sem stýrir söguefninu. Verkið heppnast vel að einu leyti en er að öðru leyti á brauðfótum. Þar sem það ætlar sér að skoða kvennamegin, afl kvenna, samúð þeirra og umhyggju, ábyrgð má segja, verða mótsagnirnar hrópandi. Karlfyrirlitningin sem leynist í alvitrum sögumanni, óþol gagnvart konum sem brjótast út, rómanaklisjurnar sem byggðar eru inn í frásögnina, jafnvel síðbúið pólitískt sjónarhorn. Og að ekki sé talað um persónu Júlíu sem á að vera einhver kjarni í þessu öllu saman.

Ný skáldsaga Fríðu veldur vonbrigðum en ætti samt að vera nauðsynlegur hlekkur þeim sem hafa fylgst með og dáð framgang hennar síðustu áratugi.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

# Kórmessa eftir Liszt

Á morgun verða lokatónleikar á Tónlistardögum Dómkirkjukórsins. Þau bregða sér upp hæðina úr Kvosinni og halda síðustu tónleika hátíðarinnar sem nú er haldin í 25 sinn í næstu sókn. Hallgrímskirkja er enda betur fallin fyrir stórviðburð sem þennana: Missa choralis¿ eftir Franz Liszt. Til að takast á við þetta verk hefur kórinn bætt við sig söngfólki og eru í þetta skipti 80 söngvarar sem syngja tónverkið og þá þarf gott pláss, bæði fyrir flytjendur og gesti.

Messan er eitt af síðustu tónverkum tónskáldsins, samin í Vatíkaninu í Róm í síðrómatískum stíl. Fimm einsöngvarar taka þátt í flutningnum, þau Marta Guðrún Halldórsdóttir, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Gunnar Guðbjörnsson, Bergþór Pálsson og Davíð Ólfasson. Lenka Mátéová leikur orgel og stjórnandi er Marteinn H. Friksson. Á tónleikunum mun Dómkórinn einnig syngja mótettur eftir Palestrina og Bruckner. Tónleikarnir hefjast kl. 17 á sunnudag og er miðasala við innganginn.



**LOKATÓNLEIKAR Í DÓMKIRKJUNNI** Franz Liszt um líkt leyti og hann samdi messuna.

# LAGERSALAN

## Skór og föt



**Hin heimsfræga lagersala heldur áfram að Vínlandsleið 2–4, Grafarholti** (húsið við hliðina á Toppskónum).
**Gríðarlegt úrval af fatnaði og skóm.**

## Tilboð um helgina

**Kaupir 2 skópör - færð 3. frítt**

**Kaupir 2 flíkur – færð 3. fría.**

(greiðir fyrir dýrari)

**Ecco • Blend**
**Leðurstígvél**
**Barnaskór • Sandalar**
**Strigaskór**
**Tískuföt • Herraföt**
**Gallabuxur**

**Opnunartími:**
**Föstudag kl. 11-18**
**Laugardag frá 11–17**
**Sunnudag frá 13-17**

Vínlandsleið 2–4 • Grafarholti
sími 660 1759



# Portus hrósað í Feneyjum

**Íslenski sýningarskálinn á Feneyja-tvíæringnum um byggingarlist og borgarskipulag hlaut á miðvikudag sérstaka viðurkenningu dómnefndar þegar Gullna ljónið var afhent við hátíðlega athöfn.**



**BYGGINGARLIST ÍSLENSKI SÝNINGARSKÁLINN Í FENEYJUM.** Íslenski hraunsteininnn og ljósaveggur Ólafs Elíassonar sem hann hannaði sérstaklega fyrir skálann og varpar síbreytilegri íslenskri sumarbirtu um skálann. MYND/PORTUS GROUP

Athöfnin fór fram í Teatro Malibran leikhúsinu í Feneyjum en í dómnefnd voru Richard Sennett, Amyn Aga Khan, Anthony Gormley og Zaha Hadid. Verðlaunum til sýningarskála var skipt í þrjá flokka, sýningarskála borga, sýningarskála þjóða og sýningarskála ákveðinna þróunarverkefna í borgarskipulagi. Að þessu sinni hlaut Bogotá í Kolumbíu Gullna ljónið fyrir sýningarskála borga, danski sýningarskálinn hlaut Gullna ljónið fyrir sýningarskála þjóða og Javier Sanchez/Higuera+Sanches fyrir þróunarverkefnið „Brazil 44“ í Mexíkóborg fyrir sýningarskála ákveðinna þróunarverkefna. Að auki hlutu þrír sýningarskálar sérstakar viðurkenningar, þar á meðal íslenski sýningarskálinn.

Íslenski sýningarskálinn hlaut viðurkenningu fyrir „framúrskarandi framsetningu og samspil listamanns og arkitektastofu, Ólafs Elíassonar og Teiknistofu Hennings Larsen“. Hinir voru japanski sýningarskálinn og sýningarskáli Makedóníu.

Ísland tók í fyrsta sinn þátt í Feneyja-tvíæringnum um byggingarlist og borgarskipulag í ár. Opnaði Dorrit Moussaieff forsetafrú íslenska skálann fyrir hönd menntamálaráðherra og borgarstjórans í Reykjavík og verður hann opinn til loka næstu viku þegar tvíæringnum lýkur. Á Feneyjatvíæringnum í ár eru 145 sýningarskálar, þar af 48 sýningarskálar þjóða. Geta íslensku þátttakendurnir því verið sáttir við sinn hlut. Í sýningarskálanum er tónlistar- og ráðstefnuhúsið við Austurhöfn í Reykjavík kynnt ásamt tilheyrandi skipulagi og uppbyggingu í miðborginni, sem er í samræmi við yfirskrift tvíæringsins í ár, „Borgir, byggingalist og samfélag“. Hönnun hússins, sem unnin er af arkitektastofunni Hennings Larsen Tegnestue í samstarfi við Batteríið og listamanninun Ólaf Elíasson, er í brennidepli – en einnig er lögð áhersla á að kynna Reykjavík sem menningar- og ráðstefnuborg og Ísland sem vænlegan kost þeirra sem skipuleggja ráðstefnur og ferðir.

Feneyjatvíæringurinn er einhver mikilvægasti vettvangurinn í heimi til kynningar á byggingalist en hann sækja að jafnaði meira en 100.000 manns hverju sinni, arkitektar, arkitektanemar, listamenn, blaðamenn og áhugamenn um hið byggða umhverfi.

Kynning á tónlistar- og ráðstefnuhúsinu erlendis hófst sl. vor með samvinnuverkefni Höfuðborgarstofu og Ferðamálastofu og þátttaka Íslands í Feneyja-tvíæringnum felur í sér afar mikilvægt tækifæri til að vekja alþjóðlega athygli á þessu metnaðarfulla verkefni. Það var eignarhaldsfélagið Portus hf., sem ríkið og Reykjavíkurborg hafa gert samning við um að byggja og reka tónlistar- og ráðstefnuhúsið, sem annaðist undirbúninginn í samráði við Austurhöfn TR, menntamálaráðuneytið og Reykjavíkurborg og skiptist kostnaðurinn við verkefnið á milli þeirra. Sýningarstjóri var Þórhallur Vilhjálmsson markaðsstjóri Eignarhaldsfélagsins Portus. -pbb

# Minningartónleikar

Minningartónleikar um Einar Kristján Einarsson gítarleikara verða haldnir í Neskirkju á morgun. Einar hefði þá orðið fimmtugur en hann lést á vormánuðum árið 2002 eftir erfið veikindi.

Einar Kristján lék á ótal einleikstónleikum hérlendis sem erlendis auk þess að leika með Caput-hópnum. Hann kom fram sem einleikari með kammersveit Akureyrar, KammersveitReykjavíkur og Sinfóníuhljómsveit Íslands og gaf út sólódisk árið 1998 sem tilnefndur var til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Þá var hann einnig hljómsveitarstjóri hinna vinsælu Rússíbana og hljóðritaði með þeim fjórar plötur.



**EINAR K. EINARSSON GÍTARLEIKARI**

Í tilefni afmælisins gefa aðstandendur Einars Kristjáns út geisladiskinn Finisterre með hljóðfæraleik hans sem hljóðritaður var skömmu áður en hann greindist með sjúkdóminn sem dró hann síðar til dauða. Á diskinum leikur hann verk eftir Heitor Villa-Lobos, Hafliða Hallgrímsson og Yuquijiro Yocoh.

Sjö gítarleikarar leika á tónleikunum sem hefjast kl. 15 á morgun en þeir Arnaldur Arnarson, Guðmundur Pétursson, Hannes Guðrúnarson, Jón Guðmunsson, Kristinn Árnason, Páll Eyjólfsson og Símon Ívarsson voru vinir Einars Kristjáns og tengdust honum sem samstarfsmenn, samkennarar eða nemendur. -khh





**Sun. 12. nóv. kl.20** -nokkur sæti laus.
**Fös. 17. nóv. kl.20** -nokkur sæti laus.
**Sun. 19. nóv. kl.20**
**Fim. 23. nóv. kl.20** -Næstsíðasta sýning!
"Stórkostleg sýning í stórbrotnu umhverfi"
Birgir Páll Hjartarson framkvæmdastjóri.
*ATH. hlaðborð fyrir hópa í veislusal hússins*
*Nánari upplýsingar á: einleikhusid.is.*
*Sýnt í Reiðhöll Gusts, Álalind 3, Kópavogi*

***Laugardaginn 11.11 klukkan 11.00 opnar glæsileg verslun,***
*Suðurlandsbraut 52.*
*(Bláu húsunum við Fákafen)*



*Glæsilegir samkvæmiskjólar, dragtir og fylgihlutir.*

Emilía

*Opið mán-fös 11-18 og lau 11-16*
*sími: 588 9925*
*Hjartanlega velkomin.*

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Miðasala í síma 551 1200
og á **www.leikhusid.is**

**Þjóðleikhúsið fyrir alla!**




**Fjölskyldusýning byggð á bókum Guðrúnar Helgadóttur**
Sýning í dag, uppselt og sunnudag, örfá sæti laus.







**Brúðusýning fyrir fullorðna**
Sýning sunnudag, örfá sæti laus.




**Patrekur 1,5**
**Stórskemmtilegt verk um ást og fordóma!**
Sýning í kvöld, uppselt.

Á Leikhúsloftinu í nóvember:
**Skoppa og Skrítla og Leitin að jólunum.**




**Gríman - sýning ársins 2006!**
Sýning fimmtudaginn 16. nóv.
Sýningum lýkur fyrir jól!



> **Mælum með**

... Töskum í stærri kantinum. Við konur þekkjum kostina við að vera með stóra tösku en falleg taska er einnig hinn besti fylgihlutur og þennan veturinn eru stórar töskur málið.

**útlit**

utlit@frettabladid.is

## SMEKKURINN STEINUNN BERGS LÍFFRÆÐINEMI Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

# *Veikust fyrir kjólum og girnilegum hettupeysum*



**Spáir þú mikið í tískuna?** Já, já. Bara hæfilega mikið held ég.

**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Reyni alltaf að vera í einstaklega þægilegum fötum.

**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?** Vivienne Westwood, Ann Demuelemeester og Wood wood.

**Flottustu litirnir?** Nota mest svart en rauður er uppáhalds liturinn minn og nota hann við hvert tækifæri sem gefst.

**Hverju ertu veikust fyrir?** Skarti og kjólum. Kjólar eru oft mjög þægilegir, alla vega þeir sem ég vel mér. Svo er auðveldlega hægt að klæða bæði fínt og ófínt.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Svarta lakkhælaskó.

**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Hvað strákar eru farnir að klæða sig í þröngt, kominn tími til að þeir sýni línur eins og við stelpurnar.

**Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir veturinn?** Langar í hlýja, stóra og fallega slá. Ómissandi við nánast öll tækifæri.

**Uppáhaldsverslun?** Er rosalega skotin í Trilogiu, Liborius og Kron Kron, en versla annars mikið í Spúútnik, Gyllta kettinum og Zöru.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Mjög misjafnt eftir árstíðarskapi.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Stórrar og girnilegrar hettupeysu.

**Uppáhaldsflík?** Kjóll sem ég keypti í Spúútnik fyrir löngu síðan. Hann er svo mikill postulínskjóll að það er varla hægt að nota hann, en gleður svo sannarlega augað.

**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Eitthvert þar sem ekki er of kalt, hver nennir að máta með gæsahúð?

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Gaddaskór. Hélt ég væri ýkt svöl að vera ekki í Buffaló eins og allir hinir, en hefði betur átt að fylgja bara straumnum og vera í þeim.



## MÓÐUR VIKUNNAR

### Álfrún fer yfir málin

# *Sokkar í aðalhlutverki*

Ég brá landi undir fót um helgina og fór til Noregs sem er eina landið sem ég hafði ekki komið til í Skandinavíu. Nú var hins vegar komin tími á að skoða þetta land af alvöru og eyddi ég flestum dögunum í höfuðborginni skoðandi mannlífið og jú auðvitað tískuna. Það er ekkert skemmtilegra en að vera í stórborg, sitja á kaffihúsi og virða mannlífið fyrir sér út um gluggan.

Hver einasta borg er með sinn eigin fatastíl eða alla vega einhverja eina tískubólu sem setur svip á kvenkyns íbúa borgarinnar. Til dæmis í Kaupmannahöfn, fyrir ekki svo löngu síðan, voru allar dönsku stúlkurnar með Louis Vuitton tösku, hvort sem þær væru ekta eða ekki. Þegar ég bjó þar á bæ í nokkra mánuði stóð þessi tískubóla sem hæst og ég var meira að segja farin að spá alvarlega í að fjárfesta í einni slíkri, þó að mér finnist þessar töskur ekkert sérstaklega fallegar. Svona hafa tískubólur mikið vald á okkur tískuspekúlöntum, stundum verður maður bara að fylgja straumunum.

Í Osló var trendið hins vegar augljósara en á öðrum stöðum sem ég hef komið. Þarna var eitt trend sem allar stúlkur voru búnar að tileinka sér. Það var að vera með sokkana yfir buxurnar. Ekki skipti miklu máli hvernig sokkarnir voru eða hvort þeir voru yfir höfuð nógu fallegir til að flagga. Hver einasta stúlkukind var í stórum íþróttaskóm, gallabuxum og tróð skálmunum ofaní, eins og þær ættu lífið að leysa.

Þetta fannst mér mjög merkilegt og er ég ekki að ýkja þegar ég segi að önnur hver stúlka í Osló var með skálmar girtar ofan í sokkana. Ég fór að reyna að muna hvort þetta hefði kannski verið í einhverju tískuritinu eða hvort Kate Moss hefði kannski látið sjá sig svona klædda einhvern tímann enda er það uppspretta tískubólanna. En nei það er ekki svo gott, skálmar ofan í sokkum eru ekki á lista yfir tískubólur vetrarins hjá mér.

Það væri gaman að finna uppsprettu þessara sérkennilega trends sem tröllríður Noregi en það var ekki að heilla mig og mun ég ekki sama hvað dynur á sjást arka um borgina með skálmarnar á buxunum mínum. Því get ég lofað!






**HERMANNASTÍL** Tvíhneppt og grá með kjólasniði beint frá tískupöllunum.



**GUL OG FÍN** Þessi hressir svo sannarlega upp á skammdegið. Frá Topshop.

**SVART/HVÍTT** Þessi er þykk og hlý frá Vila í Smáralind.

**MUNSTRAÐ** Svört kápa með samlitu munstri frá Coast.



**„GRUNGE"** Ljósgrá kápa frá Coast sem er í anda tíunda áratugarins.

# Klæðilegar kápur

Nú er vetrarharkan farin að segja til sín af alvöru og tími til kominn að fara og fjárfesta í góðri yfirhöfn. En sama hversu mikið maður leitar þá er ávallt erfitt að finna hina fullkomnu yfirhöfn. Þær verða að vera hlýjar, þægilegar og auðvitað samkvæmt vetrartískunni. Kápur eru algjörlega í tísku núna og búðirnar fullar af kápum í hinum ýmsu stærðum og gerðum.

Þennan veturinn eru það tvær gerðir sem eru í tísku, kvenlegar kápur með belti í mittið eða hinar svokölluðu blöðrukápur sem er hálfsniðlausar í laginu. Báðar þjóna sama tilgangi en eru mjög ólíkar. Kvenlegu kápurnar eru í fínni kantinum og henta vel fyrir öll boðin sem eru í uppsiglingu á meðan blöðrukápurnar, eins og ég kýs að kalla þær, passa vel við niðurmjóar gallabuxur og til hversdagslegri afnota.

Það þurfa allar konur að eiga góða kápu þannig að ekki er seinna vænna en að tryggja sér eina góða áður en jólin fara að setja sinn svip á verslanirnar.

alfrun@frettabladid.is



**RAUÐ** Þessi er falleg með mikilli vídd frá Vila í Smáralind.



**VÍÐ** Kápa í hinu sígilda svart/hvíta munstri með víðu og þægilegu sniði frá Topshop.



**DÖKKBLÁTT** Þessi kápa er með blöðrusniði og slaufu í hálsinum frá Topshop.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# Samkvæmisljón og erfingi tískukrúnunnar

Nú er nýtt andlit komið upp á yfirborðið í tískuheiminum, í það minnsta í Bretlandi. Þetta er hin unga Camilla Al Fayed, dóttir Mohammeds Al Fayed, sem er eigandi Harrods-tískuveldisins í Bretlandi og viðskiptajöfur mikill. Camilla á því auðvelt með að nálgast það nýjasta í tískunni hverju sinni og hefur vakið athygli fyrir að klæðast ávallt fötum frá dýrum hönnunarmerkjum.

Camilla hefur lengst af fallið í skugga bróður síns, Dodis Al Fayed, sem lést með Díönu prinsessu í bílslysi eins og kunnugt er. En nú er Camilla að fikra sig hægt upp frægðarstigann og það er varla haldið samkvæmi í Lundúnaborg og víðar án þess að stúlkan sé mætt klædd samkvæmt nýjustu tísku. Það kemur kannski fáum á óvart að besta vinkona Camillu er hin fræga Paris Hilton en stöllurnar eiga það sameiginlegt að vera frægar fyrir að vera erfingjar auðæfa.

Stíll Camillu er mjög kvenlegur og nýtur hún þess að sýna kvenlegan vöxt sinn. -áp

**PARTÝLJÓN** Háir hælar eru aðalsmerki Camillu og fer hún sjaldan úr þeirri tegund af skóm.



**MEÐ PABBA** Camilla sést hér með föður sínum Mohammed Al Fayed en feðginin eru dugleg að fara saman á tískusýningar og sitja þá ávallt á fremsta bekk.



**GLAMÚR-SPRENGJA** Hér sést Camilla í stuttum skáskornum silfurlituðum kjól.



**HELENA RUBINSTEIN** Opnaði sína fyrstu snyrtistofu árið 1902 og fyrirtækið hefur síðan þá verið frumkvöðull á sviði snyrtivara. MYND/GETTYIMAGES

# Lifðu stórkostlega

Bandaríska leikkonan Demi Moore er nýjasta andlit snyrtivörumerkisins Helenu Rubenstein. Hún mun sýna nýjustu línu merkisins í húð- og förðunarlínu ársins 2007. Samkvæmt talsmönnum Helenu Rubenstein hentar Moore merkinu vel þar sem hún er frjálsleg kona og hegðun hennar endurspeglar heimspeki Rubenstein sem er „Lifðu glæsilega“. Helena Rubinstein vildi að frami fyrirtækisins myndi haldast í 300 ár en líf hennar snerist um fegurð allt frá því hún opnaði sína fyrstu snyrtistofu á fyrri hluta síðustu aldar.



**DEMI MOORE**

„Ég er mjög ánægð með þennan einstaka heiður og ætla mér að endurvekja glæsileikann og fágunina sem hefur fylgt þessu merki alla tíð. Ég vil hjálpa til við að láta draum Helenu Rubinstein verða að veruleika um að halda fyrirtækinu í gangi næstu 300 árin. Þetta er það sem ég legg af mörkum,“ segir Moore en hún er talin vera ein af áhrifamestu konum í Hollywood og ber aldur sinn einstaklega vel, en leikkonan er 43 ára.

Helena Rubinstein, stofnandi snyrtivörumerkisins, setti fyrirtækið á laggirnar árið 1902 og þetta er því 104. árið sem það framleiðir snyrtivörur. Hún var ein af þeim fyrstu sem kynnti konur fyrir lúxusnum sem fylgir því að eiga alvöru snyrtivörur sem fara vel með húðina. - áp






fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Menntskælingar styðja unglinga í Mósambík

„Við erum búin að vera á fullu að flokka föt síðustu þrjár vikurnar,“ segir Silja Guðbjörg Hafliðadóttir, nemandi á síðasta ári í Menntaskólanum í Kópavogi og ein af 15 krökkum sem taka þátt í valáfanga sem ber heitið Sjálfboðavinna 102 á vegum Rauða kross Íslands. Lokaverkefni áfangans er fatamarkaður þar sem allur ágóðinn rennur í sjóð fyrir munaðarlausa unglinga í Mósambík.

„Þetta hefur verið mjög skemmtilegur áfangi og ég er mjög ánægð með valið,“ segir Silja en einnig eru krakkarnir í áfanganum búnir að vera með ungum innflytjendum einu sinni í viku til að auka íslenskan orðaforða þeirra, unnið með öldruðum, langveikum börnum og Eldhugum sem er unglingastarf Kópavogsdeildar.

„Mér fannst mjög áhugavert að vera með útlensku krökkunum og maður er búin að læra mjög mikið á því. Ég ætla að halda áfram að fara til þeirra eftir að áfanganum er lokið,“ segir Silja. Þetta er í annað sinn sem boðið er upp á áfanga sem þennan í skólanum og hefur hann notið vinsælda meðal nemenda.

Fatamarkaður menntaskælinganna er í dag klukkan 11 í Sjálfboðamiðstöð Kópavogsdeildar Rauða krossins sem er til húsa í Hamraborg 11. Verð er mjög hagstætt; 300 krónur og 500 krónur. „Það geta allir komið og gert góð kaup til styrktar góðu málefni. Við erum með geysilegt úrval af fatnaði fyrir alla fjölskylduna. Einnig er mikið af töskum og skóm, svo ekki sé minnst af yfirhafnir. Það leynast ýmsir fjársóðir inni á milli,“ segir Silja og hvetur sem flesta til að mæta. - áp



**SILJA GUÐBJÖRG HAFLIÐADÓTTIR** Einn af nemendum í Sjálfboðaáfanganum og á síðasta ári í Menntaskólanum í Kópavogi.



**UNGLINGAR SAFNA** Allur ágóðinn af fatamarkaðinum rennur til styrktar munaðarlausum unglingum í Mósambík.

FELLSMÚLI 28 GAMLA WORLD CLASS HÚSIÐ
LAGERSALA
FLOTT MERKI - FÍN FÖT - FRÁBÆRT VERÐ
DEBENHAMS | TOPSHOP | oasis
DOROTHY PERKINS | TOPMAN | evans.
ALLSAINTS | KAREN MILLEN | coast
Whistles | THE SHOE STUDIO | WAREHOUSE
500 - 1.000 - 1.500
2.000 - 3.000 - 4.000 - 5.000
OPIÐ 11-19 ALLA DAGA
4.-19. NÓVEMBER



**HJÓNAKORNIN** Kid Rock veitir eiginkonu sinni Pamelu Anderson eflaust mikinn stuðning þessa dagana en hún missti fóstur fyrir stuttu.

## Pamela missti fóstur

Pamela Andersson lenti í því leiðinlega atviki fyrir stuttu að missa fóstur þegar hún var við tökur á nýjustu mynd sinni „Blond on Blonder“ í Kanada. Pamela var víst ekki langt gengin og þurfti ekki að fara upp á spítala. Talsmaður stjörnunnar hefur staðfest þessar frengir en segir að Pamela muni reyna aftur að eignast barn. Fyrirsætan lýsti því yfir að hana langaði að eignast barn með nýbökuðum eiginmanni sínum Kid Rock en Pamela á fyrir tvo syni með fyrrverandi manni sínum Tommy Lee.



**DENISE RICHARDS** Er greinilega mjög í nöp við papparassa en hún kastaði tölvunum þeirra í götuna þegar nokkrir ljósmyndarar voru að mynda hana í Kanada.

## Tölvukastari

Leikkonan Denise Richards fékk æðiskast þegar hún sá papparassa fyrir utan hótelið sitt smella af sér myndum. Richards rauk að ljósmyndurunum og kastaði tölvunum þeirra í götuna en ekki var gamanið búið því tölvurnar lentu á tveimur konum á níræðisaldri sem hlutu áverka og þurftu að leita aðhlynningar á spítala.

Richards sá að sér þegar hún sá hvað hafði komið fyrir konurnar og bauð báðum til sín þar sem hún baðst afsökunar á framferði sínu. Konurnar tóku leikkonuna í sátt og ætla sér ekki að kæra.

Atvikið átti sér stað í Kanada þar sem Richards er við tökur á nýrri kvikmyndinni Blond on Blonder. Ekki er vitað hvort ljósmyndararnir munu kæra leikkonuna en kvikmyndafyrirtækið hefur þegar borgað fyrir skaðann á tölvunum.

# Biblía tískunnar 90 ára

**Tímaritið heimsþekkta, Vogue, fagnar 90 ára afmæli sínu á þessu ári. Tímaritið er eitt best þekkta tískurit heimsins og hefur mikil áhrif á tískuheiminn.**

Vogue var stofnað í Bandaríkjunum og eru höfuðstöðvar ritsins þar. Það er þó gefið út í mun fleiri löndum í dálítið öðru vísu útgáfum. Það var ekki fyrr en fyrir tíu árum sem fleiri blöð fóru að bætast í hópinn og veita Vogue einhverja samkeppni.

### Alltaf kona á ritstjórastóli

Þótt að bandaríska og breska Vogue séu líklega mest seldu útgáfurnar í heiminum, þá eru franska og ítalska útgáfan af Vogue þau blöð sem hafa mestu áhrifin á tískuheiminn og eru ávallt einu skrefi á undan.

Vogue getur státað sig af því að konur hafa ritstýrt tímaritinu frá upphafi og allar þessar konur hafa unnið við góðan orðstír. Anna Wintour er ritstjóri bandaríska Vogue í dag og hefur gegnt því starfi frá árinu 1988. Carine Roitfeild er ritsjóri franska Vogue og eru þær báðar mjög áhrifamiklar konur í tískuheiminum. Það er mikil tenging á milli tímaritsins og fyrirsætna. Það að komast á forsíðuna á Vogue er einn stærsti heiðurinn fyrir fyrirsætur og svoleiðis hefur það verið síðan blaðið hófst.



**BJÖRK** Hefur verið minnst á nokkrum sinnum í Vogue bæði vegna góðs og slæms fatastíls að mati blaðsins.

### Aðdáandi númer 1

Við Íslendingar eigum einn mesta aðdáanda Vogue en það er hinn þekkti snyrtir Heiðar Jónsson. Heiðar segist aðeins hafa verið lítill polli í sveit þegar hann fékk sitt fyrsta eintak af bandaríska Vogue frá frænku sinni, Ragnheiði Þorgrímsdóttur flugfreyju. „Ég man að allir hinir strákanir voru mest hrifnir af bílum og tækjum frá Ameríku en ég vildi bara fá Vogue," segir Heiðar og hlær. Hann hefur alltaf getað státað sig af því að eiga stærsta Vogue-safn landsins en Heiðar byrjaði að safna blaðinu árið 1969. „Þetta var náttúrlega rosalega starfstengt enda þurfti ég að fylgjast vel með nýjustu straumum og stefnum í tískunni og snyrtivörum. Vogue er besta blaðið fyrir það." Heiðar þurfti að gefa safnið frá sér þegar hann flutti til útlanda en þá voru blöðin orðin 320 talsins. „Það var erfitt að þurfa að gefa þetta allt frá sér og ég leitaði lengi að einhverjum sem mundi hafa einhver not fyrir það en áhuginn var ekki mikill þá."

Heiðar segist muna eftir nokkrum íslenskum konum sem hafa birst í Vogue, meðal annars fyrirsæturnar og fegurðardrottningarnar Maríu Guðmundsdóttur, Guðrúnu Björnsdóttur og Telmu Ingvarsdóttur. „Þetta voru allt mjög frægar fyrirsætur og svo er ég ekki frá því að frú Vigdís Finnbogadóttir hafi einhvern tíma birst í Vogue. Hún vakti svo mikla athygli fyrir fágun og glæsileika."

Í tilefni af afmælinu gefur Vogue út sérstaka afmælisútgáfu í desembertölublaði blaðsins, þar sem allar forsíðurnar eru á forsíðunni. Þetta er blað sem enginn aðdáandi tískuritsins getur látið framhjá sér fara og ætti vera fáanlegt hér á landi innan skamms.

alfrun@frettabladid.is-



**CARINE ROITFELD** Ritstjóri franska Vogue og er mjög áhrifamikil innan tískuheimsins.



**ANNA WINTOUR** Ritstýrir bandaríska Vogue með harðri hendi.





**AFMÆLISÚTGÁFA BLAÐSINS** Svona lýtur forsíða afmælisblaðsins út. Blað sem er stútfullt af tískufréttum og góðum ráðum ásamt því að þeir stikla á stóru varðandi tískuna gengum tíðina.



**AÐDÁANDI NÚMER EITT** Heiðar Jónsson hefur verið mikill aðdáandi blaðsins síðan hann var lítill strákur og státaði einu sinni af stærsta Vogue-safni landsins.



**MARÍA GUÐMUNDSDÓTTIR** Var valin ungfrú ísland árið 1961 og gerði það svo gott sem fyrirsæta. Heiðar Jónsson snyrtir telur hana hafa komið nokkrum sinnum fram í franska Vogue.


# Prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík

**Prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík fer fram í dag, laugardaginn 11. nóvember 2006. Prófkjörið fer fram í Þróttaraheimilinu, Engjavegi 7 í Laugardal (neðan Laugardalshallar) og stendur frá kl. 10 til 18. Næg bílastæði.**



Ágúst Ólafur Ágústsson



Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir



Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir



Ellert B. Schram



Glúmur Baldvinsson



Guðrún Ögmundsdóttir



Helgi Hjörvar



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir



Jóhanna Sigurðardóttir



Kristrún Heimisdóttir



Mörður Árnason



Steinunn Valdís Óskarsdóttir



Valgerður Bjarnadóttir



Þórhildur Þorleifsdóttir



Össur Skarphéðinsson

Prófkjörið er **opið stuðningsmönnum og félögum Samfylkingarinnar** með lögheimili í Reykjavík.

Kosningavaka verður haldin á hinum spánýja stað Domo, Þingholtsstræti 5. Húsið opnar kl. 17.30 og fyrstu tölur eru væntanlegar upp úr kl. 18.00.

***Nánari upplýsingar í síma 4142200 og á vefnum www.samfylkingin.is***

Samfylkingin










# Vill tvo milljarða

Kevin Federline hefur farið fram á að söngkonan Britney Spears greiði sér rúma tvo milljarða króna vegna skilnaðar þeirra hjóna. Einnig vill hann fá fullt forræði yfir sonum þeirra tveimur. Þetta kemur fram í skilnaðarskjölunum sem hann hefur lagt fram.

Samkvæmt hjúskaparsáttmála sem Federline skrifaði undir þegar hann kvæntist Britney átti hann að fá í sinn hlut tæpar 260 milljónir króna ef þau myndu skilja. Það virðist samt ekki duga honum og krefst hann hærri summu í vasann. „Hann vill berjast af fullum krafti við Britney vegna þess að hann óttast að hún fari í burtu með börnin,“ sagði vinur K-Fed, eins og hann er kallaður. Fer rapparinn einnig fram á að Britney borgi allan lagakostnað hans og meðlag hans til fyrrum kærustu sinnar.

K-Fed á jafnframt helminginn í eign þeirra hjóna í Santa Barbara í Kaliforníu sem er metin á um 900 milljónir króna. Hefur Britney þegar sett hana á sölu. Samkvæmt hjúskaparsáttmálanum hefur K-Fed samt ekki rétt á krónu af þeim milljónum sem Britney fær fyrir tónlist sína. Fær Britney að auki að taka til baka Ferrari-mótorhjólið sem hún gaf manni sínum en það er metið á tíu milljónir króna.

Þess má geta að fyrrverandi kærasta K-Fed og barnsmóðir, Shar Jackson, hefur komið honum til varnar þrátt fyrir að hann hafi yfirgefið hana er hún var ófrísk af öðru barni þeirra. „Hann er yndislegur náungi. Hann hefur gert nokkur mistök en munurinn á honum og öðrum er sá að allur heimurinn bendir ekki á aðra þegar þeir gera mistök.“



**FEDERLINE** Kevin Federline vill fá tvo milljarða króna við skilnaðinn.









| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MÝRIN | kl. 3-5 - 7 - 9 - 10:15 | B.i. 12 | THE QUEEN | kl. 5:50 | B.i. 12 |
| FLY BOYS | kl. 3 - 6 - 9 | B.i.12 | BÖRN | kl. 3 - 8 | B.i.12 |
| THE DEPARTED | kl. 9 | B.i. 16 | THE GUARDIAN | kl. 10:30 | B.i. 12 |
| THE LAST KISS | kl. 3 - 5:30 - 8 | B.i.12 | | | |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FLY BOYS | kl. 5 - 8 - 10:50 | B.i. 12 | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 1:45 - 4 - 6 | Leyfð |
| FLY BOYS VIP | kl. 2 - 8 - 10:50 | | BARNYARD M/- Ensku tal | kl. 6 | Leyfð |
| ADRIFT | kl. 5:45 - 8 - 10:10 | B.i.12 | JACKASS NUMBER TWO | kl. 4 - 8 | B.i. 12 |
| THE DEPARTED | kl. 8 - 10:10 - 10:50 | B.i. 16 | ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 1:45 - 3:50 | Leyfð |
| THE DEPARTED VIP | kl. 5 | | BÍLAR M/- Ísl tal | kl. 2 | Leyfð |
| THE LAST KISS | kl. 3:30 - 5:45 - 8 - 10:30 | B.i.12 | OVER THE HEDGE M/- Ísl tal | kl. 1:45 | Leyfð |
| | | | MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal | kl. 1:45 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| ADRIFT | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 | |
| BORAT | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | B.i. 12 | |
| THE DEPARTED | kl. 8 - 10:45 | B.i. 16 | DIGITAL |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 2 - 4 | Leyfð | |
| MATERIAL GIRLS | kl. 2 - 4 - 6 | Leyfð | |
| THE THIEF LORD | kl. 2 | Leyfð | |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SKÓGARSTRÍÐ M/- Ísl tal | kl. 2 - 4 - 6 | Leyfð |
| BORAT | kl. 8 - 10 | B.i. 12 |
| BÖRN | kl. 8 | B.i. 12 |
| THE DEPARTED | kl. 10 | B.i. 16 |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 | Leyfð |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 2 - 4 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| FLY BOYS | kl. 8 - 10:30 | B.i.12 |
| BARNYARD M/- Ísl tal | kl. 2 - 4 - 6 | Leyfð |
| MATERIAL GIRLS | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| BÖRN | kl. 8 | B.i.12 |
| THE DEPARTED | kl 10 | B.i.16 |
| THE THIEF LORD | kl. 2 | Leyfð |

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is




**BASSHUNTER** Sænski tónlistarmaðurinn heldur þrenna tónleika á Íslandi á næstunni.

# Basshunter til Íslands

Tónlistarmaðurinn og plötusnúðurinn Basshunter heldur tvenna tónleika dagana 14. og 15. nóvember á Broadway fyrir grunn- og framhaldsskólanema á vegum Flass 104,5. Einnig heldur hann tónleika fyrir fólk yfir tvítugsaldri á Nasa 15. október frá klukkan 22.00.

Basshunter heitir réttu nafni Jonas Altberg og er fæddur í Svíþjóð. Hann hefur að undanförnu gert góða hluti í Evrópu með lögunum Boten Anna og Vi sitter i ventrilo och spelar Dota.



**DANÍEL ÁGÚST** Söngvarinn Daníel Ágúst Haraldsson stígur á stokk í dag ásamt hljómsveit. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Tónleikaröð í Liborius

Ný tónleikaröð hefst í dag í versluninni Liborius við Mýrargötu, sem er í eigu Jóns Sæmundar. Hefur hann getið sér gott orð undanfarin ár fyrir Dead-vörumerki sitt.

Staðið hefur til frá upphafi að halda tónleika í búðinni og var byggt þar svið ætlað til tónleikahalds og annarra uppákoma. Fyrstur til að stíga á stokk í búðinni er Daníel Ágúst með fullskipaða rokkhljómsveit. Tónleikarnir hefjast klukkan 18.00 og er aðgangseyrir enginn.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikkona **Cameron Diaz** er búin að vera mjög óheppin með nefið á sér. Diaz hefur nefbrotnað fjórum sinnum í gegnum tíðina en hún hefur verið of þrjósk til að láta rétta nefið á sér við með lýtaaðgerðum. Nú er hins vegar komið að því að fara í lýtaaðgerð því nefið á henni er orðið það slæmt að hún getur varla andað með því. „Ég verð að leggjast undir hnífinn þó að mér líki það ekki mikið og sé mikið á móti lýtaaðgerðum," segir Diaz en öll nefbrotin hafa komið við brimbrettaiðkun.



Leikarinn **Val Kilmer** segist velja spjallþáttadrottninguna Opruh Winfrey fram yfir hina ofurmjóu Nicole Richie. Kilmer var spurður að þessu í viðtali og var hann ekki lengi að hugsa sig. „Ég vil konur með rass og læri, fyrirgefðu Nicole," svaraði leikarinn, sem virðist vera í ástarleit þessa dagana því nýlega lýsti hann yfir ást sinni á leikkonunni Cate Blanchett.




**> Helgi ekki enn byrjaður að æfa**

Helgi Sigurðsson hefur ekki enn mætt á æfingar hjá Fram en undirbúningstímabil liðsins hófst í síðustu viku. Helgi vill fá sig lausan frá félaginu en hvorki stjórn né þjálfari liðsins hafa orðið við þeirri bón. Það er eindreginn vilji að láta Helga efna samning sinn sem gildir í eitt ár til viðbótar. Ekki náðist í Helga í gær sem er enn ófáanlegur til að tjá sig opinberlega um málið.



**sport**

sport@frettabladid.is

EMIL HALLFREÐSSON: ER Í FRÍI HÉR Á LANDI ÞESSI DAGANA EN HANN HEFUR EKKI FENGIÐ FRÍ Í SEXTÁN MÁNUÐI

# *Ætla að reyna að heilla þá hjá Tottenham*

Emil Hallfreðsson er þessa dagana í tveggja vikna fríi hér á landi en tímabilinu í Svíþjóð er nýlokið, þar sem Emil stóð sig vel með liði Malmö. Emil var hjá Malmö í láni frá enska liðinu Tottenham en hann hefur ekki fengið frí frá knattspyrnu í sextán mánuði.

„Maður er bara í snjókomunni hér á Íslandi. Það er alltaf gaman að koma heim en það mætti vera betra veður,“ sagði Emil í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Eftir fríið fer ég bara aftur til Tottenham og byrja bara að æfa þar. Maður verður bara að sjá hvernig það gengur. Síðan verður bara að koma í ljós eftir áramót hvernig staðan verður og hvort eitthvað annað komi upp. Ég er samt frekar rólegur yfir þessu og ætla bara að kýla á þetta,“ sagði Emil, sem ætlar að reyna að vinna sér sæti í aðalliði Tottenham.

„Yfirmaður íþróttamála hjá Tottenham hafði samband við mig um daginn og ég átti mjög jákvætt samtal við hann, þannig að þetta er bara undir mér sjálfum komið, hvort ég get eitthvað eða ekki og hvort maður fær tækifærið.“ Í gær bárust fréttir af því að Tottenham væri búið að festa kaup á brasilískum vinstri kantmanni að nafni Leonardo en það eru ekki margir vinstri kantmenn á mála hjá félaginu.



„Það eru ekki margir vinstri kantmenn en við erum samt með mjög gott lið. Við byrjuðum reyndar ömurlega og það hefði alveg mátt halda þannig áfram,“ sagði Emil og hló. „Það eru alltaf að koma nýir leikmenn og þeir koma og fara. Ég er ekkert að stressa mig of mikið. Samningur minn rennur út eftir tímabilið,“ sagði Emil og bætti við að það væri enginn heimsendir þó hann fengi ekki að spila.

„Ég ætla samt að gera allt sem ég get og fara til Tottenham með mikinn metnað og mun reyna að heilla þá,“ sagði Emil, sem kvaðst vera í mjög góðu formi.



**BIRGIR LEIFUR** Lék vel í gær á fyrsta hring sínum á úrtökumótinu.

Íslenskir atvinnukylfingar:

## Birgir Leifur fer vel af stað

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson fer vel af stað á lokastigi úrtökumótsins fyrir Evrópumótaröðina í golfi. Birgir Leifur hóf keppni í gær en mótið, sem fram fer á Spáni, hefur riðlast eftir úrhellis rigningu fyrr í vikunni.

Birgir Leifur lék hringinn í gær á 69 höggum; þremur höggum undir pari vallarins. Birgir Leifur er í 5.-7. sæti af 156 keppendum. Þetta er í tíunda skiptið sem Birgir Leifur reynir að komast á Evrópumótaröðina en hann hefur tvisvar verið einu höggi frá því að ná markmiðinu.

Ragnheiður Sigurðardóttir átti hins vegar slæman dag í gær þegar hún lék þriðja hring sinn á úrtökumóti fyrir Evrópumótaröð kvenna á 82 höggum; tíu höggum yfir pari. Þetta þýðir að Ragnheiður er úr leik á mótinu en hún fór ágætlega af stað og lék fyrsta hringinn á 73 höggum; einu höggi yfir pari. Annan hringinn lék hún á 78 höggum, sex höggum yfir pari, og lauk svo keppni með fyrrgreindum árangri á þriðja hring.

- dsd

# Margir leikmenn enn án samnings

**Þó að „stærstu bitarnir“ séu horfnir af leikmannamarkaðnum eru enn margir leikmenn annað hvort án samnings eða að klára sína samninga. Viðbrögð félaganna hafa verið mismunandi en dæmi eru um að félög hafi látið leikmenn sitja á hakanum svo vikum skiptir og skilið þá eftir í mikilli óvissu.**

**FÓTBOLTI** Enn eiga margir knattspyrnumenn eftir að ganga frá sínum málum fyrir næsta keppnistímabil en undirbúningstímabilið er nú hafið hjá allflestum liðum. Undanfarnar vikur og mánuði hafa íslensku félögin slegist um „stærstu bitana“ og flestir þeirra gengið til liðs við KR, FH eða Val. Það þýðir að fjöldamörg önnur lið í úrvalsdeildinni hafa ekki náð að styrkja hópinn sinn eins og þau hefðu ef til vill kosið.

Samningar margra leikmanna eru að renna út og eru viðbrögð félaganna við að endurnýja þá samninga mismunandi. Í sumum tilfellum er ef til vill ekki áhugi á að halda viðkomandi leikmanni en það hefur einnig dregist á langinn að semja við leikmenn þar sem áhugi er fyrir hendi að halda leikmanninum í félaginu.

Stefán Örn Arnarsson upplifir nú mikla óvissu varðandi sína stöðu hjá Keflavík. Samkvæmt heimasíðu KSÍ er hann samningslaus en hann skrifaði undir þriggja ára samning við Keflavík síðastliðinn vetur. Rúnar V. Arnarsson segir að um mistök hafi verið að ræða.

„Samningurinn við Stefán liggur ofan í skúffu hjá framkvæmdastjóranum og var aldrei skilað inn til KSÍ. Um einföld mistök er að ræða. Við viljum halda honum og reiknum með því að hann verði áfram í Keflavík,“ sagði Rúnar V. Arnarsson, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur.

„Ég er ekki á þeim buxunum að ég vilji fara,“ sagði Stefán við Fréttablaðið. „Það þarf að ræða ákveðna hluti í samningum eins og hann gerir ráð fyrir en það hefur ekkert verið haft samband við mig. Ég er í þeirri stöðu að ég veit ekki hvað ég á að gera. Ég hef mætt á eina æfingu en svo dregið mig til hlés.“

Rúnar sagðist vonast til að ganga frá þessu máli í næstu viku.

Fimm leikmenn eiga enn eftir að ganga frá sínum samningsmálum við Fylki. Þeir eru Sævar Þór Gíslason, Arnar Þór Úlfarsson, Jón Björgvin Hermannsson, Jóhann Ólafur Sigurðsson og Christian Christiansen. Sá síðastnefndi sagði reyndar í gær að viðræður væru nú í gangi við Fylki. En einn þessara leikmanna sagði í samtali við Fréttablaðið að þessi vinnubrögð Fylkismanna kæmu þeim mjög á óvart.

Ljóst er að Víðir Leifsson og Chris Vorenkamp fara frá Fram. Víði stóð til boða að ræða um nýjan samning en hann hafnaði því og ætlar að spila annars staðar á næsta tímabili. Vorenkamp æfir nú með HK og er að leita sér að nýju félagi.

Þá stendur Bjarna Rúnari Einarssyni til boða nýr samningur hjá ÍBV en hann hefur ekki enn gert upp við sig hvort hann muni taka honum. Svipaða sögu er að segja af Víkingnum Davíð Þór Rúnarssyni en hann er í viðræðum við Víkinga eins og er.

„Þær hafa gengið hægt, einfaldlega þar sem það hefur verið mikið að gera hjá mér. Það er eitt annað félag í myndinni hjá mér en annars hef ég neitað öðrum félögum,“ sagði Davíð.

Þá er Atli Viðar Björnsson að skoða samningstilboð frá FH en hefur einnig rætt við önnur lið.




**Í LAUSU LOFTI** Stefán Örn Arnarsson, leikmaður Keflavíkur, í leik gegn Val. Hér er hann í baráttu við Skotann Barry Smith hjá Val. Guðmundur lék fjórtán leiki fyrir Keflavík og skoraði flest mörk liðsins í deildinni, sex talsins, eins og Guðmundur Steinarsson. VÍKURFRÉTTIR/ÞORGILS

Óðinn Árnason mun svo fara frá Grindavík og hefur átt í viðræðum við Fram og Breiðablik. Heimildir herma að hann sé nærri því að ganga til liðs við Fram.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is




AVEDA

Lærðu það allra nýjasta í hártískunni

Jo Mckay, sérfræðingur í háralitun, og Alex Dinter, sérfræðingur í klippingum koma frá London og Berlín til þess að sýna og kenna það allra nýjasta í háralitun og klippingu. Þau skapa hártískuna fyrir Aveda í Evrópu. Þér gefst tækifæri að fá nýjasta stílinn beint frá þeim sem skapa hann.

Staður: LIBORIUS & Prússland, Mýrargötu, 101 Reykjavík
Stund: Sunnudagurinn 12. nóvember, frá kl. 15.00 til 17.00
Verð aðeins 3000 kr. Miðar eru seldir í Aveda búðinni Kringlunni og við inngang meðan húsrúm leyfir.

Það er trú okkar að það sé alltaf hægt að bæta sig þegar kemur að því að nema nýja tækni og nýjar aðferðir. Svo lengi lærir sem lifir.


Leikmannamál:

## Hjörtur Hjartar til liðs við Þrótt

**FÓTBOLTI Þróttarar hafa fengið góðan liðsstyrk fyrir næsta sumar í fótboltanum því Skagamaðurinn Hjörtur Hjartarson er genginn í raðir liðsins frá ÍA. Hjörtur er 32 ára gamall og gerði þriggja ára samning við Þrótt en ÍA hafði einnig boðið Hirti nýjan tveggja ára samning.**

**Hjörtur lék alls sjö leiki með ÍA í sumar og skoraði í þeim tvö mörk. Hjörtur hefur lengstum spilað með ÍA en auk þess hefur hann spilað með Völsungi og Skallagrími á sínum ferli. Hjörtur hefur ávallt verið mikill markaskorari og varð m.a. markakóngur efstu deildar árið 2001 þegar hann skoraði 15 mörk fyrir ÍA.**

**Hjörtur er annar leikmaðurinn sem Þróttur fær til sín eftir að Gunnar Oddsson tók við þjálfun liðsins en í síðasta mánuði skrifaði sóknarmaðurinn Adolf Sveinsson undir þriggja ára samning við félagið.**

- dsd

# HELGARTILBOÐ



NÝTT

~~3.299~~ **2.999**

100 íslensk jólalög




NÝTT

~~2.199~~ **1.999**

Stebbi og Eyfi
Nokkrar notalegar ábreiður



NÝTT

~~2.199~~ **1.999**

Damien Rice
9




NÝTT

~~1.999~~ **1.799**

Óskalögin 10



~~2.199~~ **1.999**

Magga Stína
Syngur Megas




~~2.199~~ **1.999**

Lay Low
Please don´t hate me



~~2.199~~ **1.999**

Megas Tribute
Pældu í því sem pælandi er í



~~2.199~~ **1.999**

Bríet Sunna
Bara ef þú kemur með




2CD

~~2.499~~ **2.299**

Bubbi
06.06.06




NÝTT

~~2.199~~ **1.999**

Borat
Tónlist úr myndinni




NÝTT

~~2.199~~ **1.999**

Jamiroquai
High times: singles 1993-2006




~~2.199~~ **1.999**

Robbie Williams
Rudebox

30 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR




**ALAN SMITH** Gæti verið á förum til Cardiff að láni. NORDIC PHOTOS/GETTY

Manchester United:

## Cardiff vill fá Smith að láni

**FÓTBOLTI Manchester United hefur samþykkt tilboð frá enska fyrstu deildarliðinu Cardiff í sóknarmanninn Alan Smith. Dennis Wise, stjóri Leeds, hefur einnig áhuga á að fá Smith aftur til síns gamla félags.**

**Það kemur töluvert á óvart að Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, hafi samþykkt tilboðið þar sem liðið er ekki með marga sóknarmenn á sínum snærum. Ole Gunnar Solskjær verður frá næstu tvær vikur vegna meiðsla og Giuseppe Rossi er á láni hjá Newcastle fram í janúar.**

**„Við erum ekki lengur í deildarbikarnum og ég held að stuttur lánssamningur væri tilvalinn svo að Smith fái að spila einhverja leiki. Málið er í hans höndum og hann hefur rætt við einhverja hjá Cardiff," sagði Ferguson um málið.** - dsd

Fjölmargir erlendir spilarar taka þátt í alþjóðlegu badmintonmóti hér á landi:

# Mestar vonir bundnar við Rögnu

**BADMINTON** Badmintonsamband Íslands boðaði í gær til veglegs blaðamannafundar vegna alþjóðlegs badmintonmóts sem fer fram í TBR-húsinu um helgina og ber heitið Iceland Express International. 48 erlendir leikmenn frá 13 löndum eru mættir hingað til lands í tengslum við mótið en auk þeirra taka 18 íslenskir leikmenn þátt í mótinu. Mótið hófst í gær og því lýkur á morgun með úrslitaleikjum mótsins.

Helsta von okkar Íslendinga á mótinu er tvímælalaust Íslandsmeistarinn Ragna Ingólfsdóttir, en hún hefur verið dugleg að spila á erlendri grundu að undanförnu og staðið sig vel. Ragna er í 95. sæti á heimslistanum en í síðasta mánuði vann hún mót í Tékklandi og náði öðru sæti á móti í Ungverjalandi.

Ragna hóf leik í gær gegn Stephane Romen frá Ítalíu og vann sannfærandi sigur í tveimur lotum. Ragna lék við Stine Forup í 16 manna úrslitum í gær en leiknum var ekki lokið þegar blaðið fór í prentun.

Í einliðaleik kvenna eru sex stúlkur sem taka þátt á mótinu á topp hundrað og þar er Ragna talin með. Efst af þessum stúlkum er skoska stúlkan Susan Hughes, sem er í 24. sæti á heimslistanum og verður því að teljast sigurstranglegust í einliðaleiknum. Ragna mun einnig keppa í tvíliðaleik með Tinnu Helgadóttur.

Í einliðaleik karla er Klaus Raffeiner talinn sigurstranglegastur en hann er í 63. sæti á heimslistanum. Þrefaldi Íslandsmeistarinn Helgi Jóhannesson telst líklegastur til afreka af íslensku strákunum en auk þess að keppa í einliðaleik tekur Helgi þátt í tvíliðaleik með félaga sínum Magnúsi Inga Helgasyni. Helgi vann sinn fyrsta leik í gær í einliðaleik í þremur lotum og mætti Morten Kronborg frá Danmörku í gærkvöldi en því miður var þeim leik ekki heldur lokið þegar blaðið fór í prentun.

Mörg sterk pör taka þátt í tvenndarleik á mótinu en af þeim pörum sem taka þátt eru þrjú pör á topp 50 í heiminum og fimm pör á topp hundrað. Íslandsmeistararnir og systkinin Magnús Ingi Helgason og Tinna Helgadóttir eru eitt af þeim íslensku pörum sem keppa í tvenndarleik og þau unnu sinn leik í gær og komust því áfram.

Það er því ljóst að um sterkt mót er að ræða en úrslitaleikirnir fara fram á morgun á milli klukkan 10 og 14 í TBR-húsinu. - dsd



**TINNA OG MAGNÚS INGI** Unnu sinn leik í gær gegn Daniel Thomsen og Hönnu Maríu Guðbjartsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**VLADIMIR DJURIC** Skoraði tíu mörk fyrir Fylki í Sviss áður en hann fékk að líta rauða spjaldið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fylkir tapaði í Sviss:

## Eigum að vinna þetta lið

**HANDBOLTI** Fylkir lék í gær sinn fyrsta Evrópuleik í sögu félagsins er liðið mætti St. Otmar í St. Gallen í Sviss. Leikurinn taldist vera heimaleikur Fylkis en síðari leikur liðanna verður á morgun. Fylkir tapaði leiknum með einu marki, 30-29, eftir að hafa verið fjórum mörkum undir í hálfleik, 18-14.

Sigurður Sveinsson þjálfari sagði í samtali við Fréttablaðið að liðið hefði verið í vandræðum með varnarleikinn í fyrri hálfleik en lagað hann að miklu leyti í þeim síðari. Helst var það leikstjórnandi St. Otmar sem reyndist Árbæingum erfiðastur.

Vladimir Djuric var markahæstur Fylkismanna með tíu mörk en Eymar Krüger skoraði sex. Hlynur Morthens varði nítján bolta í markinu. Djuric fékk svo að líta rauða spjaldið í síðari hálfleik og reyndist það Fylkismönnum dýrkeypt á lokasprettinum.

„Það er ekki spurning að með eðlilegum varnarleik eigum við að vinna þetta lið," sagði Sigurður. - esá





Mitsubishi Colt er frábær bíll sem hefur sópað að sér verðlaunum, enda kostirnir augljósir; glæsileg hönnun, mikið innra rými með mikla möguleika, nýjar öflugar vélar, 6 hraða „Allshift" sjálfskipting og margt fleira.

Komdu og prófaðu hann

Verð: 1.590.000 kr.

Staðalbúnaður MASC stöðugleikastýring · ABS hemlalæsivörn · EBD hemlajöfnunarkerfi · MATC spyrnustýring · Aksturstölva · Hiti í framsætum · Fjarstýrðar samlæsingar · Rafdrifnar rúðuvindur

MITSUBISHI MOTORS

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000 www.hekla.is, hekla@hekla.is



BT
NÝTT KORTA TÍMABIL
Canon EOS 400D
"Tvær linsur, 1GB minniskort og leðurtaska fylgja"
aðeins í BT!
Frábær vél fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna sem vilja topp myndgæði
18-55mm EF og 55-200mm EF linsur fylgja. Linsur fyrir allar aðstæður.
Canon
Canon EOS 400D
10 megapixlar
CMOS myndflaga APS stærð
Lokuhraði 1/4000 sek til bulb
ISO 100-1600
Notar Compact flash minniskort
Þyngd 556g
KAUPAUKAR!
1 GB fylgir
taska og 1 GB minniskubbur fylgir
Nýtt í 400D:
Meiri upplausn
Ný rykvörn á myndflögu
9 punkta autofókus
Stærri skjár 2,5"
Hraðari vinnsla
Vélin slekkur á skjánum þegar hún er borin við auga
Betra notendaviðmót
Fleiri upplýsingar í leitara
12.999
*Vaxtalaust 12 mán.
155.988
Staðgreitt
Stóri flakkarinn
LACIE
250GB
Stóri flakkarinn
300728EK
LaCie 250GB
USB 2.0 7200 8MB
Design by F.A. Porsche
14.999
Taktu afrit af myndunum
Litli flakkarinn
Aðeins 180gr
LACIE
301178EK
LaCie 120GB harður diskur
Aðeins 180 gr.
Litill og nettur!
14.999
Taktu afrit af myndunum
FSC Amilo PI
Aðeins 20 stk
5.768**
FUJITSU COMPUTERS SIEMENS
S26391-K159-V900
FSC AMILO PI 1536
Intel Centrino Duo T2300E
15.4" WXGA Crystal View
ATI Mobility Radeon x1400 128MB
- up to 512MB Hypermemory
1024MB DDR533 Vinnsluminni
100GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel
Kortalesari 4 - 1
IEEE 1394 - DV Ready
7.1 Hljóð í gegnum SPDIF
NVGS27B
PANASONIC MINIDV
TÖKUVÉL
35.999 FYLGIR
Core Duo
-Enn meiri hraði
160GB harður diskur
-Fyrir gögnin
ATI X1400
-Fyrir leikina
1GB minni
-Fyrir vinnsluna
Þráðlaust net
-Að sjálfsögðu
Kortalesari
-Til þæginda
5.768
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.
12.999
Vaxtalaust 12 mán.
155.988
Staðgreitt

**> Jack Lemmon**

Hinn 8. febrúar fæddist þessi frábæri leikari Jack Lemmon. Lemmon var þekktur fyrir leik sinn í frábærum gamanmyndum eins og „The Apartment", The Odd Couple" og „Some Like It Hot" með Marilyn Monroe en sú mynd er á dagskrá Sjónvarpsins í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JAKOB BJARNAR SEGIR FRÁ ÞVÍ SEM VEL ER GERT

# *Siggi stormur stendur sína pligt*

Alltof sjaldan er því hrósað sem vel er gert. Fólk notar hvert tækifæri til að gagnrýna aðra, fetta fingur út í hvernig þessu og hinu er háttað, hnýta í mann og annan – hælbítsháttturinn er landlægur á Íslandi. Reynt verður að bæta úr skák hér og nú hvað þetta varðar. Og af því að hér er um fjölmiðlapistil að ræða er sjónum beint að því sem ber fyrir augu og eyru í fjölmiðlum.

Á skjánum er margt afbragðsfólkið, sem vinnur að almannahag, leggur sig allt fram í starfi og er þannig öðrum til fyrirmyndar. Nánast án undantekninga. Ekki er þó á neinn hallað þegar sagt er að þar fari Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfréttamaður – Siggi stormur - fremstur meðal jafningja. Þegar veður eins og þau sem hafa gengið yfir að undanförnu eru annars vegar kemur best í ljós hvílík þjóðþrifaverk veðurfréttamenn vinna. Og einmitt þá er Siggi stormur í essinu sínu. Reyndar er vert að vekja á því athygli að styrkur Sigga storms felst ekki síst í því að fanga athygli sjónvarpsáhorfenda þegar lognið er og ládauður sjór. En þegar veður eru válynd hvíla vonglöð en áhyggjufull augu landsmanna á veðurfréttamönnum. Já, jafnt í vöku sem draumi eins furðulega og það hljómar.

Þegar hvellurinn gekk yfir aðfaranótt föstudags leist mér sannast sagna ekki á blikuna. Sagt var að stormurinn næði hámarki klukkan sex en strax klukkan tuttugu og þrjú var allt orðið kolvitlaust uppi á Holti í Hafnarfirði. Allar hespur á gluggum voru hertar og ég bjó mig undir ónæðissama nótt. En sofnaði eins og ungabarn og svaf vært alla þá nótt. Eins og Svejk á geðveikrahælinu. Þegar ég vaknaði að morgni og kveikti á Ísland í bítið, þar sem Heimir Karlsson og Sirrý fara á kostum og leika við hvurn sinn fingur svo unun er á að horfa, komst ég að því hvers vegna ég hafði sofið svo vel. Siggi stormur hafði staðið vaktina alla þá nótt. Til að fylgjast með veðrinu. Og undirmeðvitundin líklega áttað sig á því að Siggi stormur hefði gripið í taumana ef stormurinn færi úr böndum. Og farið út að bjarga ef því hefði verið að skipta. Þetta heitir að leggja sig fram í starfi.



## EKKI MISSA AF



▶ **10.55 Pinocchio (Gosi)**
SJÓNVARPIÐ



▶ **14.50 Everton-Aston Villa**
SKJÁR SPORT



▶ **20.30 Pimp My Ride** MTV



▶ **21.00 So You** Think You....
**SIRKUS**



▶ **22.10 Hunt For Red October**
**STÖÐ 2 BÍÓ**

## SJÓNVARPIÐ

**8.00 Morgunstundin okkar**
**8.01 Alda og Bára (26:26)** (Ebb and Flo)
**8.06 Bú! (13:26)**
**8.17 Lubbi læknir (36:52)** (Dr. Dog)
**8.29 Snillingarnir (9:28)**
**8.55 Sigga ligga lá (35:52)**
**9.05 Teiknisögur (5:6)**
**9.15 Trillurnar (5:26)**
**9.39 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar (19:26)** (Foster's Home for Imaginary Friends)
**10.02 Spæjarar (43:52) 10.25 Stundin okkar (6:30)** Endursýndur þáttur frá sunnudegi.
▶**10.55 Gosi** (Pinocchio)
**12.45 Kastljós**
**13.15 Framtíðin er furðuleg (3:3)** (Die Zukunft ist wild)Þýsk heimildarmyndaröð þar sem spáð er í hvernig verður umhorfs á jörðinni í fjarlægri framtíð.
**14.10 Íslandsmótið í handbolta** Bein útsending frá leik Vals og Fram í DHL-deild kvenna.
**15.50 Handboltakvöld**
**16.05 Íslandsmótið í handbolta** Bein útsending
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Hope og Faith (69:73)** (Hope & Faith III)
**18.25 Fjölskylda mín (9:13)**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40 Jón Ólafs**
**20.20 Spaugstofan**
**20.45 Framtíðarmaðurinn** Sam
**22.55 Morðleikur** Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**0.55 Heitt í kolunum**
**2.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Lína langsokkur á ferð og flugi**
**8.00 First Daughter 10.00 Hope Floats**
**12.00 National Treasure**
**14.10 Lína langsokkur á ferð og flugi**
**16.00 First Daughter**
**18.00 Hope Floats**
**20.00 National Treasure**
▶**22.10 The Hunt For Red October**
**0.20 The Final Cut**
**2.00 Pretty When You Cry**
**3.50 The Hunt For Red October (e)**

## STÖÐ 2

**7.00 Addi Panda**
**7.05 Kærleiksbirnirnir (44:60)**
**7.15 Pocoyo**
**7.20 Ruff's Patch**
**7.30 Gordon the Garden Gnome**
**7.40 Animaniacs**
**8.00 Grallararnir**
**8.20 Justice League Unlimited**
**8.45 Kalli kanína og félagar**
**9.05 Litlu Tommi og Jenni**
**9.25 Tracey McBean**
**9.40 S Club 7**
**10.05 Búbbarnir (12:21)**
**10.25 Teenage Mutant Ninja Turtles**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.55 Bold and the Beautiful**
**14.40 Curb Your Enthusiasm**
**15.15 Derren Brown: Hugarbrellur (3:6)**
**15.50 Eldsnöggt með Jóa Fel (3:10)**
**16.20 Sjálfstætt fólk**
**17.00 60 mínútur (60 Minutes)**
**17.45 Martha**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Íþróttir og veður**
**19.05 Lottó**
**19.10 The New Adventures of Old Christine - NÝTT** Nýr gamanþáttur sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum. Með aðalhlutverkið fer Julia Louise-Dreyfus, sem sló svo rækilega í gegn í hlutverki Elaine Benes í Seinfeld. Fáar leikkonur hafa hlotið eins mörg verðlaun og Louis-Dreyfus fékk fyrir leik sinn í Seinfeld og hún er strax farin að vinna til verðlauna fyrir túlkun sína á Christine í þessum nýju þáttum en hún fékk Emmy-verðlaunin sem besta gamanleikkonan 2006. Í þessum hressilegu gamanþáttum er hún Christine, sem er nýfráskilin frá óþolandi sjálfumglöðum eiginmanni sínum og barnsföður. Það er ekki tekið út með sældini að ætla sér að verða fyrirmyndarkona í nútímasamfélagi, þegar maður er útivinnandi, einstæð móðir.
**19.35 Fóstbræður (1:8) (e)**
**20.00 Fóstbræður (2:8) (e)**
**20.30 Beauty Shop**
**22.15 Coach Carter**
**0.30 How to Lose a Guy in 10 Days**
**2.20 Comic Book Villian** Stranglega bönnuð börnum.
**3.50 Framed (Svikinn).** Bönnuð börnum.
**5.20 The New Adventures of Old Christine**
**6.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SKJÁREINN

**10.55 2006 World Pool Masters (e)**
**14.15 Celebrity Overhaul (e)**
**15.00 The Biggest Loser (e)**
**15.50 Sons & Daughters (e)**
**16.15 Surface (e)**
**17.10 Casino (e)**
**18.00 Dateline (e)**
**19.00 Game tíví (e)** Sverrir
**19.30 The Office (e)**
**20.00 All About the Andersons - lokaþáttur**
**20.30 Sons & Daughters** Gamanþáttaröð sem fengið hefur mjög góða dóma. Hér er sjónum beint að hjónabandinu, barnauppeldi og samskiptum innan stórfjölskyldunnar. Fersk og frumleg sýn á fjölskyldulífið í allri sinni dýrð. Í þáttunum er bæði stuðst við handrit og leikararnir fá frjálsar hendur til að spinna að vild. Útkoman raunsætt og nútímalegt fjölskyldugrín.
**21.00 Casino**
**21.50 Battlestar Galactica** Framtíðarþáttaröð sem á dyggan hóp aðdáenda. Í þáttunum er fylgst með klassískri baráttu góðs og ills eftir að hinir illskeyttu Cylons réðust á jarðarbúa og tortímdu milljörðum manna. Aðeins örfá geimskip komust undan og eru síðasta von jarðarbúa. Cylons elta þau uppi en áhöfn Galactica-orrustugeimskipsins gefst ekki upp fyrr en í fulla hnefana.
**22.40 Frítt í bíó - Memento** Bandarísk bíómynd frá árinu 2000. Maður sem þjáist af minnisleysi notast við minnismiða og húðflúr til að reyna að komast að því hver myrti eiginkonu hans. Frábær mynd sem fær þrjár stjörnur hjá Roger Ebert. Aðalhlutverkin leika Guy Pearce, Carrie-Anne Moss, Joe Pantoliano og Jorja Fox. Leikstjóri er Christopher Nolan.
**0.00 Brotherhood (e)**
**0.45 Masters of Horror (e) 1.35 Law & Order: Criminal Intent (e)** Bandarísk sakamálasería.
**2.20 Da Vinci's Inquest - Ný þáttaröð (e)** Vönduð sakamálaþáttaröð.
**3.05 Tvöfaldur Jay Leno (e)**
**4.35 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SIRKUS TV

**17.15 Wildfire (e)**
**18.00 Seinfeld (e)** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**18.30 Fréttir**
**19.00 Seinfeld (e)**
**19.30 Sirkus Rvk (e)**
**20.00 South Park (e)** Þeir eru komnir aftur á skjáinn. 8.serían um Cartman, Kenny, Kyle, Stan og lífið í South Park en þar er alltaf eitthvað furðulegt í gangi. Ótrúlega vinsælir teiknimyndaþættir eftir þá Trey Parker og Matt Stone sem skrifuðu þættina eftir stuttmynd sem þeir gerðu.
**20.30 Tekinn (e)**
▶**21.00 So You Think You Can Dance 2 (e)**
**21.55 So You Think You Can Dance 2**
**23.00 Chappelle/s Show (e)**
**23.25 Vanished (e) (Vanished)**
**0.10 X-Files (e)** (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun! Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið. Mulder og Scully rannsaka dularfull mál sem einfaldlega eru ekki af þessum heimi.
**0.55 24 (19:24) (e) Bönnuð börnum.**
**1.40 24 (20:24) (e) Bönnuð börnum.**
**2.25 Entertainment Tonight (e)** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og tekið einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur í bransanum má fræðast um í þessum frægu þáttum.
**2.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SKJÁR SPORT

**11.11 2006 Laugardagur**
**11.45 Upphitun (e)**
**12.15 Man. City - Newcastle (beint)**
**14.40 Á vellinum með Snorra Má**
▶**14.50 Everton - Aston Villa (beint)** S2 Chelsea - WatfordS3 Middlesbrough - West HamS4 Portsmouth - FulhamS5 Sheffield United - Bolton
**16.50 Á vellinum með Snorra Má**
**17.05 Blackburn - Man. Utd. (beint)**
**19.20 AC Milan - Roma (beint)**
**21.30 Chelsea - Watford (e)**
**23.30 Wigan - Charlton (e)**
**1.30 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30
### BEAUTY SHOP (HÁRSNYRTISTOFAN



Fjörug gamanmynd með stórleikkonum í hverju hlutverki. Queen Latifah leikur Ginu Norris, hárgreiðslukonuna sem fyrst kom til sögunnar í Barbershop-myndunum vinsælu. Hún hefur nú ákveðið að opna sína eigin hársnyrtistofu og þar er erillinn lítið minni en á gömlu rakarastofunni. Viðskiptavinir og starfsmenn eru enda uppteknari af einkalífinu og nýjasta slúðrinu en hárgreiðslunni og hin ótrúlegustu vandamál eru rædd ofan í kjölinn og leyst í hársnyrtistólnum. Gina er líka annað og meira en hárgreiðslukona. Hún kann líka að hlusta, gefa góð ráð og veita sáluhjálp, um leið og hún reitir af sér brandarana, sem ósjaldan beina broddinum að hinu kyninu. Auk Queen Latifuh fara með stór hlutverk í myndinni þær Andie MacDowell (Four Weddings and a Funeral), Alicia Silverstone (Clueless), Mena Suvari (American Pie) og Alfre Woodard (How To Make an American Quilt) Leikstjóri: Billie Woodruff.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ PÓLITÍKIN Á STÖÐ 2 KL. 12.15.

Nýr umræðuþáttur hefst í dag á Stöð 2 klukkan 12.15 og heitir hann Pólitíkin. Þátturinn er í umsjá Svavars Halldórssonar fréttamanns og mál málanna í þáttunum verða komandi alþingiskosningar. Þrír stjórnmálamenn munu venja komur sínar í þáttinn; Össur Skarphéðinsson, Guðfinna Bjarnadóttir og Björn Ingi Hrafnsson. Verður hann á dagskrá alla laugardaga. Þetta er einstaklega vandaður umræðuþáttur um mál sem snerta alla Íslendinga.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn
**7.00** Fréttir
**7.05** Laugardagur til lukku
**8.00** Fréttir
**8.05** Músík að morgni dags
**9.00** Fréttir
**9.03** Út um græna grundu
**10.00** Fréttir
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Krossgötur
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Til allra átta
**14.40** Stórt í smáu
**15.25** Borgin í hugskoti mannsins
**16.00** Fréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Fimm fjórðu
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.26** Leikhúsrottan
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.15** Sögur af sjó og landi
**21.05** Pipar og salt
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Flakk
**23.10** Danslög
**0.00** Fréttir

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**10.15 Veitt með vinum**
**10:45 Ensku mörkin** Farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félaganna í þessari deild eru með íslenska leikmenn á sínum snærum og því kærkomið að fá tækifæri til þess að fylgjast með tilþrifum þeirra í hverri einustu umferð.
**11.15 Spænsku mörkin** Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrifin og umdeildu atvikin.
**12.00 NBA** (New Jersey - Miami) Útsending frá leik New Jersey og Miami í NBA boltanum.
**15.00 X-Games 2006 - þáttur 1**
**15.55 Ameríski fótboltinn (NFL Gameday**
**16.25 US PGA í nærmynd**
**16.50 Meistaradeild Evrópu í handbol** (Fram - Sandefjord) Bein útsending frá síðasta leik Framara í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu. Framarar verða að vinna leikinn með meira en tíu marka mun til þess að tryggja sér þriðja sæti riðilsins og komast áfram í keppninni. Liðið tapaði með tíu marka mun fyrir Sandefjord í fyrri leik liðanna en innbyrðis viðureignar gilda á milli liðanna vinni Fram leikinn.
**18.25 Spænski boltinn - upphitun** (La Liga Report)Upphitun fyrir alla leikina í spænska boltanum sem fram fara um helgina. Hvaða lið mætast, hvernig hafa síðustu viðureignir þeirra farið, viðtöl við leikmenn, þjálfara og áhorfendur.
**18.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá spænska boltanum.
**20.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik í spænska boltanum.
**22.50 Golf - Merryl Lynch Shootout** (Golf - Merryl Lynch Shootout) Útsending frá þriðja degi Merryl Lynch-mótsins á Flórída. Mótshaldarinn Greg Norman býður upp á skemmtilegt fyrirkomulag þar sem tveir og tveir leika saman.
**1.30 Hnefaleikar (Vitali Klitschko - Kirk Johnson)**
**2.00 Box - Wladimir Klitschko vs. Calvin Brocs** (Box - Wladimir Klitschko vs. Calv) Bardagi þeirra Wladimirs Klitschkos og Calvins Brocs endursýndur.

### DR 1

**11.10** Cyklus **11.40** Den talende muse **13.25** Domingo dirigerer - Europakoncert fra Wien **14.30** Hjerteflimmer **15.00** Boogie Listen **16.00** OBS **16.10** Hammerslag **16.40** Før søndagen **16.50** Held og Lotto **17.00** Bullerfnis **17.30** TV Avisen med vejret **18.00** SportNyt **18.30** Mr. Bean **19.00** Matador **20.15** Kriminalkommissær Barnaby **21.50** The War **23.50** Brother

### NRK 1

**11.30** V-cup alpint: Slalåm 1. omgang, kvinner **12.00** Skiskyting: 7,5 km sprint, kvinner **13.00** V-cup skøyter: 500 m, kvinner **13.25** Skiskyting: 10 km, menn **14.30** V-cup alpint: Slalåm 2. omgang, kvinner **14.50** V-cup skøyter: 1500 m kvinner, 1000 og 5000 m menn **16.15** Sport i dag **16.30** V-cup skøyter: 5000 m, menn **17.00** Jubalong **17.30** Amigo **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Melonas **19.20** Kjempesjansen **20.35** Med hjartet på rette staden **21.20** Løvebakken **21.45** Fakta på lørdag: Bollywood - fra divan til diva **22.15** Kveldsnytt **22.30** Møtet med Forrester

### SVT 1

**11.40** Söderlund & Bie **12.10** Packat & klart **12.40** Dokument inifrån: Blåst på karriären **13.40** Först & sist **14.30** Uppdrag Granskning **15.30** Mäklarna **16.00** Doobidoo **17.00** Emil i Lönneberga **17.25** Disneydags **18.00** Världarnas bok **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** På spåret **20.00** Brottskod: Försvunnen **20.45** Håll tyst, världen! **21.15** Bingo Royale **22.00** Rapport **22.05** The Party **23.55** Spelplats Kuba med Calle Real **0.50** Sändning från SVT24


www.bryndisharalds.is

# Bryndís Haralds

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISMANNA Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI

4.-5. sæti



Um leið og ég þakka fyrir góðan stuðning og heiðarlega prófkjörsbaráttu þá hvet ég sjálfstæðismenn í Suðvesturkjördæmi til að taka þátt í prófkjörinu í dag.

Með sjálfstæðiskveðju,

Bryndís Haralds

*Bryndís Haralds*

Tilbúin
- með þér inn í framtíðina

Kosningakaffi verður á prófkjörsdag á kosningaskrifstofu Bryndísar að Bæjarlind 14, Kópavogi. Sími 554 1508.

**HRÓSIÐ ...**



*...fær Íslenski dansflokkurinn fyrir að kynna hina fögru list dansins fyrir ungu kynslóðinni, en á fjölskyldusýningum flokksins fá börn frítt inn.*

# Russell Crowe styður Árna Johnsen

„Já, já, við skylmingaþrælarnir stöndum saman,“ segir Árni Johnsen frambjóðandi.



**ÁRNI JOHNSEN** Segir af og frá að myndin af Crowe sé til komin vegna skorts á stuðningsmönnum.

Prófkjörsbaráttan fer heldur betur harðnandi en þannig má sjá heilsíðuauglýsingu í Mogganum í gær frá Árna sem sækist eftir einu af efstu sætum á lista Sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi. Margir ráku upp stór augu þegar þeir börðu auglýsinguna augum. Í kringum frambjóðandann er raðað myndum af hinum og þessum stuðningsmönnum og verður ekki betur séð en einn þeirra sé kvikmyndaleikarinn Russell Crowe í hlutverki Maximus í kvikmyndinni Gladiator.

„Ég hélt fyrst að þetta væri sjómaður úr Grindavík. En svo sá ég að þetta er kollegi minn Crowe,“ segir Árni.

Upp úr dúrnum kemur að af einskærum stráksskap hafði Ríkharður Ibsen, sem setti upp auglýsinguna fyrir Árna, laumað Crowe þar inn meðal mynda af íslenskum stuðningsmönnum. Raunverulegum.

„Nei, nei, nei, nei, þetta er ekki þannig að skortur sé á stuðningsmönnum. Öðru nær. Þetta er húmor og menn skemmta sér konunglega yfir þessu,“ segir Árni Johnsen.

„Við vildum slá skjaldborg um kallinn með Maximus,“ segir Ríkharður sem gerði þetta að Árna forspurðum. „Við erum bara að slá á létta strengi. Hafa húmorinn með í för.“ Ríkharður segir Árna hafa tekið þessu framtaki vel og Fréttablaðið getur staðfest það – frambjóðandinn hefur gaman af: „Það vantar bara mynd af þeim stelpum, Pamelu og Brittney Spiers,“ segir Árni og hlær. -jbg



**SKYLMINGAÞRÆLARNIR STANDA SAMAN** Árni hélt fyrst að þetta væri sjómaður úr Grindavík en komst svo að því að þarna var kollegi hans Crowe.



**RUSSELL CROWE** Hefur ekki hugmynd um að hann er meðal stuðningsmanna hins harðsnúna Eyjamanns sem nú sækist eftir því að leiða lista Sjálfstæðismanna.



**LÁRÉTT** **2** helvíti **6** tveir eins **8** niður **9** sníkjudýr **11** ónefndur **12** algjörlega **14** patti **16** hvað **17** þrekvirki **18** kærleikur **20** tveir eins **21** bás.

**LÓÐRÉTT** **1** blóðsuga **3** klaka **4** tímaeining **5** starf **7** bungast **10** síðan **13** loga **15** sjá eftir **16** rámur **19** golf áhald.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** víti, **6** gg, **8** suð, **9** lús, **11** nn, **12** alveg, **14** pollí, **16** ha, **17** dáð, **18** ást, **20** rr, **21** stía.
**LÓÐRÉTT:** **1** igla, **3** ís, **4** tunglár, **5** iðn, **7** gúlpast, **10** svo, **13** eld, **15** iðra, **16** hás, **19** tí.






**ERFIÐAST AÐ HREKKJA SIGURÐ KÁRA** Lilja segir að Sigurður Kári hafi verið sá sem erfiðast hafi verið að hrekkja enda hafi hann gríðarlegt jafnaðargeð og erfitt að espa hann upp. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## LILJA BJÖRK: KÆRASTA AUDDA HJÁLPAR HONUM Í TEKINN

# Erfitt að vera vond við fólk

„Við skemmtum okkur alltaf vel saman þannig að þetta var bara nýtt umhverfi. Við erum að minnsta kosti saman ennþá,“ segir Lilja Björk Guðmundsdóttir, kærasta Auðuns Blöndal til fjögurra ára en hún hefur séð um nokkra hrekki fyrir hann í þáttunum Tekinn á Sirkus.

Þættirnir hafa notið mikilla vinsælda undanfarnar vikur en Auddi getur að sjálfsögðu ekki hrekkt fólkið sjálfur þar sem hann er of þekktur. Þess í stað fékk hann fólkið í kringum sig til að sjá um hrekkina en var sjálfur á bakvið tjöldin og talaði í eyru hrekkjalómanna.

„Þetta er í fyrsta sinn sem ég er í sjónvarpsþáttum en hef leikið í einhverjum auglýsingum og svoleiðis,“ segir Lilja, sem er á þriðja ári í lögfræði við Háskólann í Reykjavík. „Ég ætlaði reyndar alltaf í Leiklistarskólann og var eiginlega komin með annan fótinn þangað inn en endaði síðan í lögfræðinni í staðinn.“

Lilju segir það henta sér mjög vel að vera ekki með handrit heldur fá að spinna á staðnum. „Hugmyndaflugið fer bara að rúlla og það kemur alltaf eitthvað upp úr manni.“

Lilju fannst erfiðast að vera svona rosalega vond og „nastí“ við fólkið sem hún hrekkti. „Það var til dæmis mjög erfitt að horfa í augun á Höllu [Vilhjálmsdóttur], þar sem hún stóð titrandi fyrir framan mig. Mig langaði mest til að knúsa hana í staðinn fyrir að halda áfram að þjarma að henni,“ segir Lilja og hlær við. „Ég hugsaði þetta dálítið þannig að ég væri bara einhver annar karakter því ég myndi aldrei vera svona ógeðsleg. Ég varð bara að setja mig í þannig stellingar að ég væri einhver leiðindatrunta í búðinni,“ bætir hún við.

„Erfiðast fannst mér að hrekkja Sigurð Kára af því hann hélt ró sinni svo ótrúlega vel en sá þáttur verður sýndur næstkomandi mánudagskvöld. Viðbrögðin frá þeim sem maður hrekkir hvetja mig svo áfram og þess vegna var miklu auðveldara að hrekkja Höllu því viðbrögðin hennar voru strax svo sterk,“ segir Lilja og bætir því við að Sigurður Kári hafi örugglega mesta jafnaðargeð sem hún hafi nokkurn tíma kynnst. „Auddi sagði mér alltaf að ganga lengra og lengra og vera meira nastí þannig að ég var algjör tík við Sigurð,“ segir Lilja eldhress og hlær. sigridurh@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Svavar Halldórsson** byrjar með nýjan hádegisþátt á Stöð 2 í dag sem ber hið skemmtilega og lýsandi heiti Pólitík en þar mun fréttamaðurinn ræða allt það sem kemur fyrir í stjórnmálaumræðunni ásamt góðum gestum. Þátturinn komst nýlega í fréttirnar fyrir aðrar sakir því **Egill Helgason,** stjórnandi Silfurs Egils, er víst ekki par ánægður með þessa ráðstöfun stjórnenda Stöðvar 2 enda hætt við því að umfjöllun í þáttunum eigi eftir að skarast.



Það má segja að **Ragnheiður Elín** sé bókstaflega komin á flug í kosningabaráttunni um fjórða sætið á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi. 15 fermetra auglýsingasegl með risastórri mynd af Ragnheiði Elínu fauk í óveðrinu aðfaranótt föstudags og ættu Kópavogsbúar og nærsveitarmenn því ekki að láta sér bregða þó mærin svífi hjá. Á vef Ragnheiðar Elínar er auglýst eftir seglinu og er fólk þar beðið um að hafa samband ef það verður vart við Ragnheiði á fljúgandi yfirreið.



**Össur Skarphéðinsson** fer fögrum orðum um flokksbróður sinn **Guðmund Steingrímsson** og segir hann hafa einstakan hæfileika á bloggsíðu sinni. Össur fór í heimsókn á kosningaskrifstofu og hlustaði með andakt á stutta tölu fjölmiðlamannsins. „[Hann] var bæði snjall og fyndinn. Hann hefur það umfram mig að geta verið hvort tveggja í senn,“ skrifar Össur. „Sumir stjórnmálamenn geta ekki einu sinni talað og hugsað í einu. Um það eru átakanleg dæmi úr samtímasögu stjórnmálanna,“ bætir þingmaðurinn við og hafa gárungarnir velt því fyrir sér við hvern Össur eigi. -fgg/sh






# Uppselt á Magna og félaga

Uppselt er á Rock Star-tónleikana sem haldnir verða í Laugardalshöll 30. nóvember en þetta staðfesti Magni Ásgeirsson, söngvari Á móti sól. Á tónleikunum mun hljómsveitin spila ásamt þeim Dilönu, Toby, Storm og hinni nafntoguðu húshljómsveit. „Mér skilst að sjaldan eða aldrei hafa ásóknin verið jafn mikil á miði.is,“ sagði söngvarinn kampakátur enda standa þeir félagar í hljómsveitinni fyrir herlegheitunum sjálfir með dyggum stuðningi stórfyrirtækja. „Ég anda léttar því það hefði verið frekar leiðinlegt ef ekki hefði verið seldur einn miði og allt á mínu nafni,“ segir Magni og hlær.

Þrátt fyrir spár margra um að Rock Star-æðið væri einhver bóla sem myndi springa hefur annað heldur betur komið á daginn. Dilana og Magni héldu ferna tónleika á Broadway og seldist upp á á þá alla. Stemningin fyrir þessum tónleikum virðist því engu síðri. Tónleikarnir eru líka afmælisveisla fyrir Magna og segist söngvarinn fá að ráða ýmsu af þeim sökum. „Ég ætla mér að spila eitt lag með öllum sem koma fram og ræð í hvaða röð atriðin eru,“ segir Magni og hlær, augljóslega feginn að fá loksins að koma með einhverjar hugmyndir.



**MAGNI ÁSGEIRSSON** Nýtur mikilla vinsælda í Kanada og spilar þar í næstu viku.



*„Ég tel mikilvægt að svo duglegur, framsýnn og reyndur talsmaður okkar haldi á ný inn á þing."*

*Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar*

# Stöndum saman styðjum Kristján Pálsson í 2. sætið

**Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi, kjörstaðir:**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjanesbær** | Stapi | 09:00 - 20:00 |
| **Grindavík** | Víkurbraut 46 | 09:00 - 20:00 |
| **Garður** | Samkomuhúsinu | 09:00 - 20:00 |
| **Sandgerði** | Samkomuhúsinu | 09:00 - 20:00 |
| **Selfoss** | Sjálfstæðishúsið Austurvegi 38 | 09:00 - 20:00 |
| **Eyrarbakki** | Samkomuhúsið Stað | 09:00 - 20:00 |
| **Stokkseyri** | Barnaskólinn | 09:00 - 20:00 |
| **Þorlákshöfn** | Ráðhúsinu | 09:00 - 20:00 |
| **Hveragerði** | Sjálfstæðishúsinu | 09:00 - 20:00 |
| **Árnes** | Félagsheimilið | 09:00 - 20:00 |
| **Flúðir** | Félagsheimilið | 09:00 - 20:00 |
| **Bláskógabyggð** | Aratunga | 09:00 - 20:00 |
| **Hella** | Hellubíó | 09:00 - 20:00 |
| **Hvolsvöllur** | Björkin | 09:00 - 20:00 |
| **Vestmannaeyjar** | Ásgarður | 09:00 - 20:00 |
| **Vík** | Grunnskólinn | 09:00 - 20:00 |
| **Kirkjubæjarklaustur** | Kirkjuhvoll | 09:00 - 20:00 |
| **Höfn** | Pakkhús | 09:00 - 20:00 |
| **Nes** | Mánagarður | 14:00 - 18:00 |
| **Öræfi** | Hofgarður | 10:00 - 11:00 |
| **Suðursveit** | Hrollaugsstaðir | 12:00 - 13:00 |
| **Mýrar** | Holt á Mýrum | 14:00 - 15:00 |
| **Lón** | Fundarhúsið Lóni | 16:00 - 17:00 |

**Kristján Pálsson í 2. sætið**

www.kristjanpalsson.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS




**BAKÞANKAR**


GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR


## *Íslendinga heim*

Þegar ég gösladist út í bíl með dóttur mína í gærmorgun í beljandi fárviðri til þess að keyra hana í leikskólann gat ég ekki annað en brosað að umræðu síðustu daga um innflytjendamál. Mér fannst eitthvað verulega skondið við það í ljósi veðurfarsins að þessi þjóð sem skrattast hér við heimskautsbaug í 40 metrum á sekúndu ætli að fara að gera mál úr því að fólk af erlendu bergi brotið hafi virkilega áhuga á því að vera hérna líka.

**UMRÆÐA** um innflytjendamál er mjög nauðsynleg. Nýtt fólk vill koma hingað. Á vissan hátt er það lúxusvandamál. Ég held við eigum að einbeita okkur að því að leysa viðfangsefnin sem því fylgja með brosi á vör. Fólk flyst hingað á grunni milliríkjasáttmála sem við höfum samþykkt. Að öðru leyti er flæðið ekki óheft. Við eigum að bjóða upp á alla þá mögulegu aðstoð sem fólkið þarf á að halda til að aðlagast þjóðfélaginu. Í því höfum við alls ekki staðið okkur sem skyldi og full ástæða til að spýta í lófana.

**ÞAÐ** er líka hollt að minna sig á það að Íslendingar hafa alltaf verið of fáir. Þetta vita allir sem reynt hafa. Þjóðin er meira að segja svo fámenn að engin rokkstjarna nema Bubbi hefur getað lifað af innlendri plötusölu. Markaðurinn er svo lítill. Við höfum því þurft að búa við það ömurlega ástand að eina stéttin sem hefur haft efni á stjörnustælum eru bankamenn. Þess má reyndar geta að þeir sækja auð sinn til útlanda á grunni hinna sömu milliríkjasáttmála og leyfa útlendingum að vera hér.

**ATVINNULEYSI** er lítið sem ekkert. Vandamálið er á hinn veginn. Það ríkir offramboð af vinnu. Frjálslyndir segja að eldri en fimmtugir, án atvinnu, og öryrkjar (athyglisvert að spyrða þessum hópum saman) geti unnið störf innflytjenda. Ég held það sé mjög mikil þörf fyrir allt það góða fólk á vinnumarkaði og má gjarnan grípa til sérstakra aðgerða til þess að fá það meira þangað. Ég efast hins vegar um að þetta útspil leysi þörfina. Ég held að til þess að byggja tónlistarhúsið sé til dæmis ekki gott að vera bakveikur eða með viðvarandi hálsríg. Þeir iðnaðarmenn sem við þurfum í það verkefni munu mikið til koma frá öðrum löndum.

**ÞAÐ** virðist oft gleymast að við Íslendingar höfum frelsi til að flytja til útlanda, vinna þar og stunda viðskipti. Það gerum við í massavís. Við stelum jafnvel störfum af sænskum læknum, gæti einhver sagt. Ekstrablaðið er í fýlu. Íslendingar í útlöndum eru um 30 þúsund. Aðfluttir útlendingar hér á landi eru líka um 30 þúsund. Þetta virðist því vera nokkuð slétt-ur díll. Ef ætlunin er að setja auknar hömlur á flæði vinnuafls hingað, er von maður spyrji hvort ekki þurfi þá fljótlega í ljósi þenslunnar að kalla Íslendingana heim.

**OG** þá erum við komin með nýtt og ferskt slagorð fyrir þjóðernissinnaðan Frjálslyndan flokk, byggt á gömlu: Íslendingana heim! Undir eins! Ísland fyrir Íslendinga.


